

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1968 - 1980

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi
Básun
Básaskersbryggju
900 Vestmannaeyjum

Bók 5
Véirit

Fundargerðabók

22. desember 1968 - 3. nóvember 1980



159. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 22. desember 1968 og hófst kl. 14:15 í matstofunni
Drífanda.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.

Í sambandi við gjörðir síðasta fundar í "Togaramálinu" kvaddi Gísli Jónasson sér hljóðs og kvaðst því mótmæltur að F.F.S.Í. færi út í togaraútgerð. Þetta væri mál sem ríkisstjórninni bæri að leysa.

F.F.S.Í. væri nær að hugsa fyrst um okkar mál og þá fyrst og fremst lífeyrissjóðinn, launamál og fleira og kvaðst mótfallinn að sambandið eða félögin stæðu að slíku meðan þessi mál og fleira kæmst ekki í höfn og kvaðst vona að Verðandi bæri gæfu til að koma hvergi nærri þessu máli.

Formaður svaraði og hvað sennilegt að F.F.S.Í. afbiði vanmat og fálæti það, sem Alþingi sýndi þessu máli og væri vonlaust með framgang þess ef ríkisvaldið ætti að hafa forgöngu vegna pólitískra deilna. Hinsvegar yrði að fást ábyrgð ríkisins fyrir kaupunum, en það væri allt óvíst enn.

Formaður kvaðst Gísla, sammála um að F.F.S.Í. hefði átt að beita sér betur fyrir launakjörum sjómanna.

Þá upplýsti formaður að Verðandi hefði verið fyrsta félagið sem gerði ákveðnar tillögur í lífeyrissjóðsmálinu.

Formaður bar fundargerð undir samþykkt fundarins.

Samþykkt einróma.

2. Ritari las fundargerðir Fulltrúaráðs.

Samþykkt einróma.

3. Formaður bar upp inntökubeiðnir fyrir:

Bergþór Guðjónsson
og Guðfinn Þorgeirsson

Samþykktir einróma.

4. Formaður sagði frá fundarferð sinni til Reykjavíkur í sambandi við "Togaramálið".

Henry Hálfdánsson, aðalmaður við að leita tilboða, reyfaði málið og hvað áætlað að skip, sem væri 2700 tonn gæti fullunnið fisk ásamt niðursuðu á hrognum og lifur. Kostnaðarverð circa 176 milljónir, áhöfn 80 manns.

Áætluð vinnulaun 33 milljónir, og innifalið sumarleyfi og ferðakostnaður, hvar sem skipið væri statt.

Þá var upplýst að fá lönd taka ríkisábyrgð alvarlega og til dæmis lánuðu Þjóðverjar ekki út á hana.

Guðmundur Jörundsson gaf ýmsar upplýsingar í sambandi við rekstur svona skips og upplýsti meðal annars að verðmismunur olíu hér og í Þýskalandi væri 43 %.

Vernharð Bjarnason gaf einnig ýmsar upplýsingar þar á meðal, að verð á kolaflokum væri 58 kr. kílóíð á sama tíma og við ryðjum kolanum í sjóinn. Taldi hann slíkan togara mótvægi á frystihúsin, sem skemmdu fisk.

Nefnd var falið að vinna að vilyrði fyrir ríkisábyrgð og endanlegu kauptilboði.

Þá var ákveðið að vinna að því að 1000,00 kr. bréf hefðu atkvæðisrétt.

Formaður sagði að sjómannafélögin hér hefðu áhuga á málinu og hefðu spurt hvort þau ættu kost á að vera með, enn um það væri allt óvíst.

Gísli Jónasson kvaðst því mótmæltur að sjómannafélögin sem slík, tækju á sínar herðar mál sem ríkisvaldinu bæri að standa að. Endurtók einnig ýmislegt úr fyrri ræðu. (sjá lið 1.)

Þá sagði Gísli að mótmæla ætti meira, en gert væri, er á okkur væri ráðist. Eðlilegt að seilst væri aftur og aftur í vasa okkar þegar aldrei væri mótmælt.

Kristján Óskarsson og Hjörtur Hermannsson voru meðmæltir mótmælum og mótmæla ætti í hvert sinn því misrétti sem alltaf er að okkur beint.

Hilmar Rósmundsson var sammála Gísla Jónassyni um að F.F.S.Í. hefði í mörg horn að líta en að fara í útgerð.

Eitt væri að byggja, annað að reka og það þriðja, og ekki síst, að standa ábyrgur. Jafnvel þó ekki nema 1000 krónur, þá fylgdi ábyrgð, ef illa gengi, sem hann væri ekki reiðubúinn að taka að sér.

Formaður sagði þann misskilning, að F.F.S.Í. ætlaði að reka útgerð heldur aðeins að hafa forgöngu um, að stofnað yrði hlutafélag og útiloka að menn taki á sig aðrar skuldbindingar, en að tapa hlutafénu.

Aðspurður sagði formaður, að F.F.S.Í. lofaði engu hlutafé sem slíkt.

- Að öll skipstjórafélög sunnanlands, á Akranesi og Ísafirði væri með í málinu.

- Og að Verðandi hefði skrifað undir hlutafjárframlag, sé vissum skilyrðum fullnægt, svo sem að ríkisábyrgð sé fyrir hendi. Pósitífur útgerðarekstur og fleira

5. Ritari las uppkast af reglum um meðferð fisks um borð í veiðiskipum, sem félaginu hafði borist umsagnar, frá Ferskfisksstjóra.

Fundarmenn höfðu margt við plagg þetta að athuga og voru, sumir ræðumenn, sem töldu að það liti út eins og það væri samið eftir mann eða menn, sem ekkert vissu eða vit hefðu á þessum hlutum og vildu mótmæla plagginu í heild.

Þá fannst sumum að það væri eins og samið af kaupendum, enda ekkert um meðferð á fiski eftir að í land kæmi.

Ræðumenn, sem voru, Guðjón Pálsson, Gísli Jónasson, Sigfús Guðmundsson og Hafsteinn Stefánsson, gagnrýndu ýmsa liði og í umræðum þessum kom fram uppástunga frá Gísla Jónassyni og fékk stuðning annarra ræðumanna.

Gísli kom með þá uppástungu að athugað yrði að Verðandi, útvegsbændur, Jötunn og vélstjórar réðu og launuðu mann til að fygjast með matinu í landi, fyrir sína hönd.

Formaður las síðan plaggið lið fyrir lið og voru athugasemdir fundarmanna nótaðar við hvern lið.

Nefnd kosin til að ganga frá málinu.

Tilnefndir voru:

	Gísli Jónasson	
Guðjón Pálsson		Hjörtur Hermansson
		Samþykktir einróma.

Athugun með ráðningu manns var vísað til stjórna.

Var síðan gert kaffihlé.

6. Formaður skýrði frá því að nú væru lausir samningar, en lítið gert enn, F.F.S.Í. biði eftir fiskverðinu.

Hinn 19. desember síðastliðinn var samþykkt af Alþingi, að tekin verði 17 % af afla og því yrði ekki breytt. Hér væri verið að filja upp á gamla leiknum, að koma sjómönnum og útgerðarmönnum saman, og væri illt til að vita, en á Alþingi taldi Sverrir Júlíusson, sjómenn mega vel við una. Þeir hefðu þénað vel undanfarið, en ef sama fiskverð hefði átt að vera, hefði þurft að fella gengið um 94 - 124 %.

Hjörtur Hermannsson taldi að gengisfellingin hefði ekki verið gerð til bjargar sjávarútveginum og hefði ekki þurft til bjargar öðrum, ef til vill Seðlabankastjóra, vegna lána í stóriðju.

Hilmar Rósmundsson hvatti til að félagið stæði fast á því, að sjómenn hefðu sama fyrir sinn afla og útgerðarmaðurinn, fiskverð yrði hækkað jafnt fyrir báða og eitt látið yfir alla ganga, en

stöðvarnar mundu eiga að greiða 17 % til útgerðarmanna og fengju að auki 10 % frá sem sjómenn fengju ekki hlut úr.

Gísli Jónasson sagði frá mótmælum á hlutaskiptabreytingunum, sem send voru frá 57 skipum er voru að veiðum á Norðursjó (2 skip skárust úr leik). Áminnti, að nú yrði knúð fast á með lífeyrissjóðinn.

Formaður sagði að, að því verði unnið eins og mögulegt er.

Þá sagði formaður að F.F.S.Í. hefði mótmælt strax öllum atriðum uppkastsins.

Þá ræddi formaður hvort ekki væri rétt að fundurinn beindi því til fulltrúa F.F.S.Í. í Verðlagsráði, að fiskverð gildi aðeins til mailoka, en ekki út árið.

Í þessum umræðum tóku einnig þátt Friðrik Ásmundsson, Hafsteinn Stefánsson og Guðjón Pálsson og komu víða við.

Friðrik sammála Hilmar og Gísli og vonaði að Verðandi gæti orðið "samnefnari fyrir, að sjómenn og útgerðarmenn fái hækkað fiskverð."

Hafsteinn taldi of fáa sem ynnu arðbær störf, en tækju vænan bita af kökunni og vitnaði í Færeyinga, máli sínu til stuðnings.

Guðjón hélt ríkið greiða stóran hluta fyrir togarasjómenn í sambandi við þeirra lífeyrissjóð og ræddi hvort við gætum ekki farið fram á sömu fyrirgreiðslu ríkisins og togarasjómenn fengu á sínum tíma.

Ritari las tillögu frá sjómanni, sem senda skal Sjávarútvegsráðherra og setja í dagblöð.

"Fjölmennur fundur í S.s. Verðandi, Vestmannaeyjum, sem haldinn var sunnudaginn 22. desember 1968, mótmælir eindregið þeim lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 19. desember aðastliðinn, og fela í sér stórkostlegar kjaraskerðingar sjómanna og teljum þau alröng og alls óviðunandi.

Fundurinn varar stórlega við slíkum vinnubrögðum og í fyllsta máta óréttlátum."

Samþykkt einróma.

Ritari las aðra tillögu stjórnarinnar sem formaður bar undir fundarmenn.

"Áskorun til fulltrúa F.F.S.Í., í Verðlagsráði, hr. Guðmundar Oddsonar.

Fjölmennur fundur í S.s. Verðandi, sem haldinn var 22. desember 1968, skorar á yður að hlutast til um, og vinna að eftir megni, að væntanlegt fiskverð gildi ekki lengur, en til 15. maí 1969."

Samþykkt einróma.

7. Jóhannes Kristinsson ræddi um leit að gúmmibátum og rek þeirra. Kvaðst hafa fylgst að nokkuru með þeim aðgerðum, sem Slysavarnafélagið viðhafði í Reykjavík, er leitin að m/s Þráinn fór fram, og taldi að þar mætti margt betur fara. Til dæmis hefði verið sagt, að leitarveður fyrir flug væri ekki austan Eyja og væri flugvél Landhelgisgæslunnar SIF að leita vestan við Eyjar, en þar væri sæmilegt leitarveður. Björn Pálsson flugmaður beið því tilbúinn á flugvelli í Reykjavík, ef leitarveður batnaði fyrir austan eyjar. Undir kvöld kom svo í ljós að SIF hafði aldrei farið vestur fyrir Eyjar, heldur alltaf verið fyrir austan.

Því hefði verið gengið út frá því, samkvæmt töflum þar um og til væru í varðskipunum, að rek gúmmibáta væru í þessu tilfelli 1 sjómíla á klst., eða 5 % af vindstyrk.

Ræddi um hvort ekki væri rétt að félagið inni að því, að fundið yrði út hver rekhraði gúmmibáta væri kringum Eyjar.

Gísli Eyjólfsson og Hilmar Rósmundsson töldu útilokað að tölur þessar stæðust og töldu hraðann meiri og fannst lýsing Jóhanns af skipulagi slæm og þyrfti athugunar við.

Guðjón Pálsson sagði frá þeim áformum sem komu úr landi, er leitin af m/s Stíganda fór fram, sem var að flotinn keyrði norður í ísbrúnina, án þess nokkur vissi hve langt það væri og án tillits til olíuforða flotans og fleira

Sigfús Guðmundsson ræddi hvort kosta þyrfti mikið að prófa rekið sjálfir til dæmis í samráði við Björgunarfélagið.

Friðrik Ásmundsson lagði til að þessu yrði beint til Björgunarfélags Vestmannaeyja og við veitum þeim aðstoð.

Þetta fékk góðar undirtektir og ritari taldi athugandi hvort þetta gæti ekki einnig fengið lið nemenda Stýrimannaskólans og þá jafnframt orðið þeim björgunaræfing.

Formaður lofaði að stjórnin skyldi athuga málið og bað menn bregðast vel við ef til þeirra yrði leitað.

Formaður sagði það tilmæli Björgunarfélagsins að sjómenn mættu á fundum þess og bað menn minnst þess og mæta sem flesta á næsta fund Björgunarfélags Vestmannaeyja, því þeir ættu allir rétt á því og þar væru rædd mál, er alla sjómenn varðaði.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:50.

31 félagi mættu.

Hilmar Rósmundsson
fundarstjóri

Gísli Eyjólfsson
ritari

160. Fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
laugardaginn 11. janúar 1969 og hófst kl. 15:30 í matstofunni
Drífanda.

Áður en fundur hófst, hlustuðu menn á samtal Ingólfs Stefánssonar framkvæmdarstjóra F.F.S.Í. og Hjartar Hermannssonar um samninga sem nú standa yfir, sem tekið hafði verið á segulband.

Hjörtur upplýsti á eftir, að útlit væri ekki gott og virtist langt í land að endar næðust saman.

1. Formaður setti fundinn og þakkaði Hirti upplýsingarnar og hans þátt í málinu, en formaður var á sjó er samtalið fór fram og hljóp Hjörtur í skarðið fyrir hann.

Formaður sagði, að fyrir þessum fundi lægi, að ræða um vinnustöðvun.

Formaður þurfti að skreppa frá og fól varaformanni Hilmar Rósmundssyni fundarstjórn á meðan.

2. Lesin fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt einróma.

3. Varaformaður bar upp inntökubeiðni fyrir;

Friðrik Már Sigurðsson	Vestmannabraut 13a
Eiríkur Sigurgeirsson	Boðaslóð 26
Kristinn Þórir Sigurðsson	Landagötu 18
Gunnar Árnason	Kirkjuveg 49
Gunnlaugur Ólafsson	Heimagötu 15
Óskar Már Ólafsson	Strembugötu 20
Óskar Hallgrímsson	Faxastíg 14

Samþykktir einróma.

(Sjá bls. 13)

4. Formaður tók við fundarstjórn og bað Hjört Hermannsson skýra frá gerðum ferskfisknefndar. Hjörtur sagði, að 3 menn frá hverju félagi Verðanda, Vélstjórafélaginu, Jötni og útvegsbændum komu saman og ræddu málið og kusu síðan nefnd til að ganga frá bréfi.

Hjörtur las svo uppkastið og svar nefndarinnar við hverri grein.

Formaður þakkaði nefndinni og sagði málið alltaf hafa haft Vestmannaeyjar sem tilraunadýr en þetta yrði vonandi til þess að það breyttist.

Formaður sagði að það hefði verið leikið, að reyna hér ýmisskonar mat, til dæmis flökunarmat, löngu áður aðrir hefðu heyrt um slíkt, og svo væri sagt "Þetta hefur verið reynt í Vestmannaeyjum, og líkað vel." Við hefðum verið allt of gæfir og sinnulausir í þessum málum.

Hilmar Rósmundsson þakkaði nefndinni mjög vel unnin störf.

Undin hefði verið bráður bugur að málinu og þannig að unnið að ekki yrði um bætt, enda kvaðst Hilmar vita að þetta hefði hruggað illa við matsstjóra.

Formaður upplýsti eftir fyrirspurn, að við ættum ekki von á svári eða nýju uppkasti, því matsstjóri teldi það of víðamikilið og yrði komið langt fram á vertíð er því lyki.

Fundarmönnum fannst óviðunandi, að ekki kæmu nýjar reglur og var borin upp tillaga, svohljóðandi:

"Fundur í S.s. Verðandi, 11. janúar 1969 skorar á yður (hr. Bergsteinn Á. Bergsteinsson) að senda nú þegar nýtt uppkast að matsreglum og bjóðum jafnframt alla okkar aðstoð, við samningu nýrra reglna."

Samþykkt einróma.

5. Formaður sagði, að eins og mönnum væri kunnugt lægi fiskverð ekki enn fyrir, þó svo lög ákvæðu að það skuli liggja fyrir fyrir áramót og þar með væri aðalundirstaða samninga ekki fyrir hendi.

Formaður taldi fulla þörf á, að fundurinn sendi Verðlagsráði vitar fyrir þessi vinnubrögð, sem endurtækju sig ár eftir ár.

Formaður kvaðst ekki sjá hvernig hægt væri að semja um skipti meðan ekki lægi fyrir hverju ætti að skipta og það væri því aftan að hlutunum farið, er Jónas Haraldsson, einn innsti kappinn í stjórnarbúrinu um þessi mál segði, að fiskverð kæmi ekki fyrr en samningar lægju fyrir.

Formaður kvað hafa borist ósk um heimild til vinnustöðvunar, frá heildarsamtökunum og hvatti fundarmenn til að veita hana.

Hjörtur Hermannsson sagði að í sambandi við lífeyrissjóð sem komið yrði í þessa samninga, yrði miðað við að menn fengju úr sjóðinum eftir 30 ára starf sem sjómaður.

Áformað væri að sjómaðurinn borgaði 2 % en útgerðarmaðurinn 3 % af kauptryggingu, en eftir 6 mánuði borgaði sjómaðurinn 4 % en útgerðarmaðurinn 6 %.

Þeir sem borga í lífeyrissjóð fá ekki fullan ellilífeyri.

Hilmar Rósmundsson sagði að verkfall væri stórt orð og þyrfti athugunar við áður en afráðið væri, en ef engin tilslökun fæst væri ekkert annað að gera. Ekki væri gott að skera sig úr og eins og allt væri í pottinn búið, væri hann mótmæltur verkfalli.

Hvatti til að ekki yrði farið af fundi án þess að víta harðlega Verðlagssráð og vinnubrögð þess. Nú væri kominn 11. janúar, án þess að fiskverð kæmi og í fyrra hefði það dregist til 15. janúar.

Ármann Eyjólfsson taldi aðgerðir Alþingis fyrir jól samsvara því að til dæmis launakjörum opinberra starfsmanna hefði verið snúið við og þeir sem væru í hæsta flokki fengju laun úr lægsta og þá aðrir flokkar eftir því, svo stórfelld væri kjararénun sjómanna. Kaup sjómanna eina kaupid í landinu, sem fylgdi heimsmarkaðsverði og hreinn útúrslúningur er verið væri að miða kaup háseta við laun verkamanna í landi, því þetta væri í raun fagvinna.

Skaut því að lokum að skipstjórum, að muna eftir 1. bekkingum Stýrimannaskólans ef þá vantaði menn í apríl.

Hafsteinn Stefánsson kvaðst geta verið sammála Ármanni að sjómenn hefðu haft kaup eftir heimsmarkaðsverði ef hægt væri að sýna sér að Norðmenn, Færeyingar og fleira hefðu ekki haft meira fyrir sinn afla, en taldi að þar mundi hafa vantað á.

Friðrik Ásmundsson hvatti til að fundurinn skoraði á F.F.S.Í. að semja ekki, fyrr en fiskverð lægi fyrir og lagði fram tillögu, þar um.

" Fundur í S.s. Verðandi, haldinn 11. janúar 1969, skorar á menn þá sem vinna að samningsgjörð af hálfu F.F.S.Í., að taka engan þátt í samningum fyrr en fiskverð fyrir vetrarvertíðina 1969 liggur fyrir."

Samþykkt einróma.

Formaður las upp inntökubeiðni fyrir;

Bergvin Oddsson	Illugagötu 10
Garðar Sigurðsson	Hrauntúni 3
Ólafur Eggertsson	Víðisvöllum
Kjartan Ólafsson	Hásteinsveg 49

Samþykktir einróma.

Tekið kaffihlé.

Formaður bar upp tillögu.

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi laugardaginn 11. janúar 1969, felur stjórn og Fulltrúaráði að boða vinnustöðvun félagsins, þegar stjórn félagsins finnst aðstæður krefjast þess."

Kosin var samninganefnd, sem vera skal til taks ef á þarf að halda.
Tilnefndir voru;

Hjörtur Hermannsson
Hafsteinn Stefánsson Guðjón Pétursson
Samþykktir einróma.

Formaður bar upp eftirfarandi, sem senda skal Sjávarútvegsmálaráðherra, F.F.S.Í., Sjómannasambandi Íslands, blöðum og útvarpi.

"Fjölmennur fundur, haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, laugardaginn 11. janúar 1969, lýsir undrun sinni á þeim vinnubrögðum, sem enn eiga sér stað í Verðlagsráði sjávarútvegsins og yfirnefnd.

Fundarmenn sjá ekki að um neinn samræðugrundvöll sé að ræða, á milli sjómanna og útgerðarmanna á meðan ekkert fiskverð liggur fyrir.

Fundurinn vítir harðlega þá alla, sem sæti eiga í Verðlagsráði og yfirnefnd fyrir þann seinagang sem alltaf á sér stað í þessu máli og mótmælir einnig harðlega að nokkurum mönnum skuli haldast upp að brjóta hvað eftir annað þau landslög sem í gildi eru um Verðlagsráð sjávarútvegsins, án viðurlaga."

Samþykkt einróma.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 17:30 51 félagi sat fundinn.

Eftir fund sýndi Ármann Eyjólfsson kvikmynd um brunavarnir um borð í skipi og Chaplin á eftir til bragðbætis.

Gísli Eyjólfsson

Ritari

Sigurður Gunnarsson

Fundur í fulltrúaráði S.s. Verðandi
var haldinn í Vinnslustöðvarhúsinu
við Strandveg sunnudaginn 12. janúar 1969.

Mættir eru, auk stjórnar:

Hilmar Rósmundsson, Eyjólfur Gíslason, Jón Guðmundsson, Elías Sveinsson og Magnús Grímsson.

Auk þeirra voru boðaðir: Bjarnhéðinn Elíasson, Sigurgeir Ólafsson og Grétar Þorgilsson, en mættu ekki.

Rædd var boðun vinnustöðvunar, samkvæmt ákvörðun fundar 11. janúar 1969.

Samþykkt var í einu hljóði:

"Að fela F.F.S.Í. umboð til vinnustöðvunar við L.Í.Ú., með löglegum fyrirvara."

Fundargerð lesin.

Samþykkt einróma.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson

ritari

Sigurður Gunnarsson

Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi

hófst kl. 15:30 sunnudaginn 19. janúar 1969 í matstofunni Drífanda.

1. Formaður Sigurður Gunnarsson setti fundinn og minntist þriggja látinna félaga. Þeirra Sigurðar Oddssonar, Grétars Skaftasonar og Helga Kristinssonar. Fundarmenn risu úr sætum sínum í virðingarskyni við hina látnu.

2. Formaður sagði frá undirbúningi 30 ára afmæli félagsins, en því var frestað. Las skeyti sem félaginu barst frá Árna Þórarinssyni, heiðursfélaga Verðanda.

3. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

Ritari las fundargerð síðasta fulltrúaráðsfundar.

4. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir:
Árna Óla Ólafsson Vallagötu 6.
Samþykktur einróma.

5. Gjaldkeri las reikninga félagsins fyrir árinu 1968.
Niðurstöðutölur félagssjóðs eru:
- | | | | |
|--------|------------|----------|------------|
| Tekjur | 165.601,30 | | |
| Gjöld | 134.406,60 | | |
| Mism. | 31.194,70 | Eign kr. | 125.328,43 |
- Samþykkt einróma.

Niðurstöðutölur styrktarsjóðs:

Eign	268.123,54
Gjöld, úthl.	34.000,00

Samþykkt einróma.

Niðurstöður hússjóðs eru:

Tekjur	Eign	55.020,17
Gjöld	Skuld	47.373,21

Mism. Samþykkt einróma.

Skemmtanasjóður: kr. 13.995,49

Nokkrar umræður urðu um viðgerð á húsinu sem formaður kvað enga bið þola. Skýrði frá hugmyndum Ingólfs Stefánssonar um sjómannastofu og fleira, en félagið ekki það fjársterkt að það gæti ráðist í slíkt, enda væri bærinn með sjómannastofu á þrjónunum. Einar Guðmundsson sagði að í fyrravor hefði átt að byrja á lagfæringum, en ekki orðið úr sökum svika múrara sem lofaði að vinna. Hilmar Rósmundsson og Kristinn Pálsson tóku einnig til máls um húseignina. Í lok máls síns sagði Kristinn að hann teldi reikningana í mjög góðu lagi og þakkaði þeim, sem hlut ættu að máli.

6. Formaður bað Guðjón Pétursson skýra frá reikningum sjúkrasjóðs.

Guðjón sagði að í bankabók no. 20322 væru kr. 110.179,00, þar af vextir 1.714,00. Reikningar væru upp á 255.482,00 en af því mætti afskrifa alveg kr. 19.494,00 sem tapað af sínum dómi. Rukkun gengi hægt, en væri lokið með velvilja.

Formaður þakkaði nefnd sjúkrasjóðs vel unnin störf og rakti gang málsins.

Guðjón Pálsson skýrði frá störfum nefndarinnar og verkaskiptingu. Guðjón er formaður, Guðjón Pétursson gjaldkeri og Björn Guðmundsson útvegsbóndi, ritari. Guðjón sagði getuleysi útvegsmanna um að kenna, að ekki væri meira greitt. Rukkun mikið starf og hefði mjög mikið lent á nafna hans Péturssyni, og þakkaði honum mikið starf í nefndinni.

7. Formaður Sigurður Gunnarsson bað menn tilnefna menn í formannssæti og baðst eindregið undan endurkjöri og tók ekki við áskorunum fundarmanna um að vera í kjöri. Hilmar Rósmundsson varaformaður baðst einnig eindregið undan kjöri.

Tilnefndir voru: Hjörtur Hermannsson
Guðjón Pálsson

Atkvæði voru jöfn, 15. atkvæði hvor.
1 seðill ógildur (Sigurður Gunnarsson)

Varpað var hlutkasti og kom upp hlutur Guðjóns, og er hann því formaður, en Hjörtur varaformaður.

Ritarar: endurkosnir með lófaklappi.
Gísli Eyjólfsson
Eyjólfur Gíslason vararitari

Gjaldkerar: endurkosnir með lófaklappi.
Einar Guðmundsson gjaldkeri
Hannes Haraldsson varagjaldkeri

Endurskoðendur
Stefán S. Stefánsson
Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu)

Til vara: Haukur Jóhannsson
Allir endurkosnir.

Sjómannadagsráð:
Úr ráðinu gengu samkvæmt reglum, þeir Steingrímur Sigurðsson, Gísli Einarsson og Óskar Matthíasson og úr vararáði Grétar Skaftason.

Sjómannadagsráð skipa nú:
Erling Pétursson (formaður)
Stefán Friðriksson, Óskar Þórarinnsson
Þórður Rafn Sigurðsson, Guðmundur Guðfinnsson
Til vara: Jóhannes Kristinsson
Hallgrímur Garðarsson
Árni Óli Ólafsson

Björgunaræfinganefnd: endurkosin
Kristinn Sigurðsson
Einar Sveinn Jóhannesson, Kristinn Pálsson

Fánaberar:

Ágúst Bergsson og Einar Ólafsson

Skemmtinefnd:

Nokkurir meðlimir skemmtinefndar hefðu boðist undan endurkosningu, en vegna sérstakra ástæðna (þ.e. frestun árhátíðar) þótti nauðsynlegt, að sömu menn skipuðu hana áfram og var skemmtinefnd því öll endurkosin eitt ár enn.

Helgi Bergvinsson (formaður)

Hannes Haraldsson, Sigurður Elíasson

Einar Guðmundsson, Sigbór Sigurðsson

Til vara: Sigfús Guðmundsson, Angantýr Elíasson

Fulltrúaráð:

Úr því gengu: Eyjólfur Gíslason, Bjarnhéðinn Elíasson, Sigurgeir Ólafsson, Grétar Þorgilsson og Bjarni Sighvatsson.

Kosnir voru:

Jón Guðmundsson, Magnús Grímsson

Óskar Þórarinsson, Sigurður Gunnarsson

Hilmar Rósmundsson, Arngrímur Sigurðsson

Til vara:

Guðjón Ólafsson, Elías Sveinsson

Sigfús Guðmundsson, Þorsteinn Gíslason

Friðrik Ásmundsson, Einar Ólafsson

Húsnefnd: endurkosin

Jón Guðmundsson (formaður)

Einar Guðmundsson (gjaldkeri)

Friðrik Ásmundsson (ritari)

Til vara: Angantýr Elíasson og Guðni Grímsson

Styrkveitinganefnd: endurkosin

Sigfús Guðmundsson

Kristinn Pálsson, Ólafur Sigurðsson

Sjúkrasjóðsnefnd:

Nefndin endurkosin, að öðruleyti en því, að fráfarandi formaður félagsins Sigurður Gunnarsson tekur sæti Guðjóns Pálssonar, núverandi formaður

Í stjórn sjúkrasjóðs:

Guðjón Pétursson

Sigurður Gunnarsson

Til vara: Gísli Einarsson

Endurskoðandi: Ágúst Bergsson

Gæslunefnd: endurkosin

Óskar Ólafsson (formaður)

Bogi Finnbogason, Hilmar Rósmundsson

Emil Andersen, Sigfús Guðmundsson

Sveinn Valdimarsson, Sigurgeir Ólafsson

Friðrik Ásmundsson, Örn Friðgeirsson

Veifarfaranefnd:

Sigurður Gunnarsson (formaður)

Hörður Jónsson, Kristinn Pálsson

Samþykkt einróma.

Þar með lauk stjórnar- og nefndarkosningum

8. Sigurður Gunnarsson formaður ræddi um helstu mál, sem starfað var að í félaginu síðastliðið ár. Nefnd er starfandi í landhelgismálinu, sjúkrasjóðsnefnd starfandi.

Fiskmat var tekið fyrir. Kosin var atvinnuleysisnefnd í félaginu og veit atvinnuleysisjóður af henni.

Um samninga taldi formaður vonlaust, nema lífeyrissjóður komi í samninga.

Minntist á skuttogaramálið og stiklaði á því helsta í því máli.

Þakkaði að lokum stjórn og félagsmönnum gott samstarf og vel sóttu fundi.

Árnaði félaginu góðs gengis og það nýkjörinn formann Guðjón Pálsson taka við fundarstjórn.

9. Ritari hafði fengið frí frá sínum skyldustörfum til að mæta á þessum fundi, en varð nú að kveðja sína féлага og halda á hafið. Tók því vararitari við.

10. Hinn nýkjörni formaður Guðjón Pálsson gekk til sætis síns og þakkaði fundarmönnum það traust, er þeir hefðu sýnt sér.

11. Eyjólfur Gíslason tók til máls, færði hann fráfarandi formaðni Sigurður Gunnarssyni og varaformanni Hilmar Rósmundssyni, þakkir fyrir vel unnin stjórnarstörf. Hjá þeim hefði ávallt ríkt hinn sanni félagsandi og áhugi, fyrir bættum hag sjómanna.

Eyjólfur taldi, að þetta síðasta starfsár, myndi vera eitt hið allra framkvæmdamesta í sögu félagsins og ætti framtíðin eftir að sanna að svo væri, þar sem stofnaður hefði verið sjúkrasjóður og væntanlegur lífeyrissjóður og fleiri hagsmunamál er væru nú í athugun og uppsiglingu. Sagðist hann vona, að þeir innu þessu félagi, hér eftir eins og hingað til.

Voru þeir hylltir með hressilegu lófaklappi allra fundarmanna.

12. Hilmar Rósmundsson bauð hinn nýkjörna formann velkominn í sætið og óskaði honum heilla í starfi.

Einnig þakkaði hann Eyjólfvi góð ummæli í sinn garð.

Því næst talaði hann um væntanlegt fiskverð og vinnuaðferð Verðlagsráðs í þeim málum og taldi, að endurtaka þyrfti harðorðar aðfinnslur á þannig löguð vinnubrögð.

Um þetta mál urðu margar umræður og tóku þessir félagar til máls.

Formaður Guðjón Pálsson sagði, að ekki ætti að koma til mála að semja, fyrr en fiskverð lægi fyrir og að hann hefði hlerað, að það ætti að lækka um 2 % (prósent).

Hjörtur Hermannsson var á sama máli. Í því sambandi sagði hann frá komu sinni til Noregs síðastliðið haust. Þar hefðu Ísland og Ghana verið einu löndin, sem voru skráð með núlli á gjaldeyrisskránni.

Sigfús Guðmundsson lýsti skoðun sinni á málinu og lagði til, að þetta félag stæði sem fastast á rétti sínum.

Sigurður Gunnarsson sagði, að ekki væri full vika liðin síðan kröftug mótmæli hefðu verið send frá S.s. Verðanda, en ekki hefðu hin sjómannafélögin hér verið í því þó það hefði verið sterkara.

Sigurður sagði því næst frá viðtali, sem hann hefði átt við Guðmund Oddsson um kjarasamningana og fleira en því miður hefði ekki verið hægt að ná því á segulband, þó undirbúningur hefði verið gerður til þess.

Að endingu þakkaði Sigurður meðstjórnarmönnum sínum fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

13. Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

"Aðalfundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðanda, sunnudaginn 19/1 1969, skorar á F.F.S.Í. að beita sér fyrir því að róðrar skuli aldrei hafnir fyrir en fiskverð liggur fyrir, og mótmælir því harðlega, að fiskverð fyrir ákveðið tímabil sé ákveðið eftir á, svo sem gert hefur verið nú.

Einnig skorar fundurinn á F.F.S.Í. að taka ekki þátt í neinum kjarasamningum, fyrir en fiskverð fyrir vetrarvertíð 1969 hefur verið ákveðið og upplýst."

Tillagan var samþykkt einróma.

Kristinn Pálsson lagði til að tillagan verði send sem dreifibréf til allra sambandsfélaganna. Var það samþykkt einróma.

14. Hjörtur Hermannsson tók tryggingarmálin til umræðu. Sagðist hafa átt samtali við umboðsmenn tryggingarfélaganna hér, sem hefðu mjög mikinn áhuga á þessum málum og byðu þeir allt að 30 % lækkun iðgjalda og jafnvel meir. Las hann upp, um örorkubætur í ýmsum slysatilfellum og gerði samanburð á þeim og nú eru hjá sjómönnum.

Hilmar Rósmundsson sagði frá viðtölum og fleiru í sambandi við þessi mál og um þau yrði að fá glöggar og góðar upplýsingar.

Hjörtur Hermannsson gaf þær upplýsingar að umboðsmaður Tryggingarfélagsins H.F., væri byrjaður á að taka saman spjaldskrá Verðandafélaga í því sambandi.

Formaður, Guðjón Pálsson stakk uppá að kosin yrði 3ja manna nefnd, til að kynna sér málið betur.

Þessir hlutu kosningu: Hjörtur Hermannsson, Jóhannes Kristinsson og Einar Guðmundsson. Til vara: Hilmar Rósmundsson.

15. Formaður Guðjón Pálsson benti á, að kjósa þyrfti verkfallsnefnd.

Tilnefndir voru:

Sigurður Bergsson, Óskar Þórarinnsson og Sigurður Gunnarsson.

Voru þeir samþykktir einróma.

16. Formaður bað Guðjón Pétursson að segja frá störfum sjúkrasjóðsnefndar. Guðjón tók til máls og sagði, að innheimtan hjá útvegsmönnum hefði gengið upp og ofan, og þó jafnvel vel eftir vonum.

Sumir hefðu borgað það sem farið var fram á, aðrir haft góð orð um að borga þegar ástæður leyfðu, en fáeina væri víst hægt að afskrifa.

Í sjóðinn voru nú komnar kr. 110 þús. 179 kr.

Guðjóni og hans meðnefndarmönnum voru þökkuð vel unnin störf.

Formaður Guðjón Pálsson bað félagsmenn að styrkja sig í formannsstarfinu, með því að sækja vel fundi, því með því væri hægt að vinna félaginu gagn og gengi, annars ekki.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:10.

31 félagar sátu fundinn.

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Eyjólfur Gíslason
vararitari

Laugardaginn 1. febrúar 1969 var haldinn fundur í stjórn og trúnaðarráði S.s. Verðanda.

Efni fundarins var það að til stóð að senda fána félagsins Suður vegna skemmda, sem orðið hafa á honum og láta sauma nýjan fána eftir hinum, mjög svipaðan.

Fáninn var í tryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands og hafði umboðsmaður hér, fallist á greiðslu á þeim nýja.

En þar sem stjórnin telur að félagið þurfi að leysa nýja fánann út í byrjun, taldi hún rétt að boða "trúnaðarráðið" á þennan fund.

Samþykkt var að fela Hirti Hermannssyni að fara með fánann til Reykjavíkur, þar sem hann var á förum þangað vegna samningana og á hann að færa Ingólfi Stefánssyni hann, þar sem hann mun hafa athugað þetta mál fyrir félagið og kynnt sér verð á þessum hlutum.

Þá bað Hjörtur um veganesti á samninganefndarfundinn og var rætt um það, og fannst mönnum að meiri áherslu bæri að leggja á fiskverðið og kjör skipverja en spinna tryggingu upp úr öllu valdi, því að þá mætti óttast að útgerð drægist verulega saman.

[Einnig var lítillega rætt um ferskfiskmatið og var það einróma álit fundarmanna að meðan engar matsreglur væru fyrir hendi, gætu matsmenn ekki metið fiskinn og var samþykkt að neita öllu ferskfiskmati þar til nýjar reglur lægu fyrir.]

Fundarmenn töldu lífeyrissjóðinn eina höfuðkröfuna, sem standa bæri fast á, einnig teldu þeir að vel væri hægt að fella sig við hluta af fæðikostnaði, til dæmis 3000 kr. á mánuði.

Þá var einnig samþykkt að ef málin stæðu þannig að samningar stæðu fastir vegna ákvæða er varða síldveiðar á miðum erlendis og löndun í erlendum höfnum, þá skyldi fulltrúi okkar óska eftir að vertíðasamningarnir skyldu ræddir sérstaklega.

Fundinn sátu:

Guðjón Pálsson formaður
Hjörtur Hermannsson varaformaður
Einar Guðmundsson gjaldkeri
Sigurður Gunnarsson
Friðrik Ásmundsson
Einar Ólafsson
Steingrímur Sigurðsson
Hilmar Rósmundsson

ATH.

Fundargerðina skráði Hilmar Rósmundsson, en ég færði hana inn, eins og hann ritaði hana. Sú villa hefur slæðst inn, að ritað hefur verið trúnaðarráð í stað fulltrúaráðs og hef ég látið það standa, en merkt með "".

Gísli Eyjólfsson
ritari

Föstudaginn 1. febrúar 1969 var haldinn fundur stjórnar og
fulltrúaráðs
S.s. Verðanda
á Heiði. Hófst hann kl. 14.

Tilfni fundarins var að samninganefndarmaður S.s. Verðanda, Hjörtur Hermannsson var nýkominn heim af samninganefndarfundum í Reykjavík.

Hjörtur hóf mál sitt með því að útskýra þá liði í samningunum, sem gengið hefði verið frá, þegar hann kom á þá fundi. Las hann upp þær greinar samningsins, sem samkomulag hefði náðst um.

Fannst mönnum það vægast sagt enginn skemmtilestur, því við nánari athugun virtist vera þau göt á einstaka málsgreinum, sem brutu í bága við hin nýútgefnu lög, viðkomandi þeirri deilu, sem þau komu af stað og nú stendur yfir, yrði því auðvelt fyrir þá, sem vildu það við hafa, að smjúga þar í gegn.

Þetta vandræðaástand, sem skapast hefur, var rætt vel og lengi og urðu menn sammála um að allar hugsanlegar leiðir yrði að grandskoða og athuga ef einhverjir möguleikar væru á samkomulagi og lausn deilunar.

Guðjón Pálsson sagði frá því, að bæjarstjóri væri búinn að boða sig til viðræðna og stjórnunum sjómannafélagsins Jötuns og Vélstjórafélags Vestmannaeyja, Útvegsbændafélagsins og samninganefnd þess ásamt bæjarráði, til að ræða um það vandræðaástand sem væri orðið hér í bænum í atvinnumálum. Ætti sá fundur að hefjast strax, að þessum loknum.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15:30.

Eftirtaldir menn sátu fundinn;

Guðjón Pálsson formaður
Hjörtur Hermannsson varaformaður
Einar Guðmundsson gjaldkeri
Eyjólfur Gíslason vararitari

Elías Sveinsson, Einar Ólafsson
Friðrik Ásmundsson, Hilmar Rósmundsson
Magnús Grímsson, Sigurður Gunnarsson
og Steingrímur Sigurðsson.

Eyjólfur Gíslason
vararitari

162. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
laugardaginn 8. febrúar 1969 og hófst hann kl. 15:15 í matstofunni
Drífanda.

1. Formaður setti fundinn og gat þess, að síðasta fundargerð yrði ekki lesin upp.

Því næst las hann upp inntökubeiðni 3ja eftirtalinna manna;

Andrés Þórarinsson Skólaveg 18
Már Lárusson Hásteinsveg 60
Logi Snædal Jónsson Bakkastíg 9

Voru þeir samþykktir einróma.

2. Formaður bað Hjört Hermannsson, að segja frá því helsta, er gerst hefði á þeim samninganefndarfundum, sem hann hefði setið.

Hjörtur tók til máls, sagðist hafa setið 2 samningafundi, þann 12. og 13. í röðinni. En ekki haft árangur sem erfiði í sinni för.

Á þessum fundum hefði verið mikið þvargað, þó aðallega um lífeyrissjóðinn. Hvort hann ætti að vera opinn, eða lokaður.

Útgerðarmenn legðu kapp á, að hafa hann opinn, á þeim forsendum, að á mörgum bátum væru svo tíð mannskipti.

En allir, sem nokkuð hefðu kynnt sér þessi mál, vissu að þeir sjóðir, sem væru lokaðir yxu mikið örar. Til dæmis myndi nú togaramannalífeyrissjóðurinn nema nær 60 milljónum króna.

En ekki gæti væntanlegur sjómannalífeyrissjóður gengið inn í þann sjóð, því til þess þyrfti að breyta lögum hans.

Þá vék hann að því hversu mikið gildi það hefði fyrir bæinn okkar, ef sjóðurinn yrði ávaxtaður hér heima.

Þar næst sagði hann frá þeim helstu göllum og götum, sem myndu vera á þeim samningi, sem kominn væri og færi í bága við hin nýsettu lög.

Til dæmis, að verð á fiski, til sjómanna og útvegsmanna, skyldi vera það sama, sem ekki gæti staðist.

Eftir óskum fundarmanna las Hjörtur upp samningana í heild, eins og þeir lágu fyrir og útskýrði það helsta, sem einhverju máli skipti, eftir hver greinarskil.

Hjörtur tók því fram, eftir fyrirspurn frá Einari P. Jóhannessyni, að heimilt væri að gera hér sérsamninga um kauptryggingatímabilið.

Að endingu sagði Hjörtur, að þetta hefði unnist eftir 17 daga þóf. En eftir væri að semja um aðalkröfuna, lífeyrissjóðinn, frítt fæði og kauptrygginguna.

3. Formaður þakkaði Hirti vel unnið starf og greinargóðar upplýsingar í þessum málum.

Vék síðan nokkurum orðum að lífeyrissjóðnum, hver ókostur það væri að hafa hann opinn.

Þá sagði hann frá bæjarráðsfundi með framámönnum sjómanna- og útvegsmannafélaganna.

Þar hefðu allir verið sammála um, að leysa þyrfti deiluna sem allra fyrst, með einhverjum ráðum, því okkar byggðarlag væri algjörlega háð fiskveiðunum og allt athafnalíf í okkar bæ, stæði og félli með þeim.

4. Daníel Traustason tók næstur til máls. Deildi hann á Hjört og samningsformið, að hann hefði ekki staðið rétt og vel að þessu.

Hvort ekki hefði verið hægt að fá ljósrit af samningunum með litlum tilkostnaði, og nefndi í því sambandi 10 aura eintakið, sem síðan hefði átt að útbýta meðal fundarmanna, svo þeir fylgdust betur með málinu.

Að félagið hefði átt að hafa stöðugt menn í Reykjavík, meðan á samningum stæði, og hvort ekki hefði verið leitað eftir áliti manna hér áður en til verkfalls kom?

Formaður Guðjón Pálsson svaraði og sagði, að félagið hefði ekki efni á að kosta menn í Reykjavík um óákveðinn tíma og fór fleiri orðum um það.

Hjörtur tók þessum ásökunum með rósemi og sagði, að þessi plögg, sem hann hefði, væru til að ljósmynda.

Hilmar Rósmundsson tók til máls, þakkaði Hirti vel unnin störf og sagði, að menn fylgdust lítið með hvað gerðist í þessu félagi, sem sjaldan létu sjá sig á fundum.

Þá gat Hilmar nokkuð um ástandið sem skapast hefði hér við stöðvun bátaflotans og mjög aðkallandi væri, að samið yrði bráðlega því bágar aðstæður væru hér nú, hjá sumum fjölskyldum.

5. Því næst las Hjörtur Hermannsson uppkast af væntanlegum lögum lífeyrissjóðs, ef hann kæmist í gang og útskýrði þau, þar sem með þurfti.

Sigurður Gunnarsson tók til máls og sagði, að upphaf þessara deilu og það, sem aðallega hefði komið henni af stað, hefðu verið hin nýju lög.

Að lífeyrissjóður sjómanna væri sitt mesta áhugamál.

Ef samið yrði hér heima, sem hann vonaði, yrði að fá til þess örugga heimild frá réttum aðilum.

Sigurður þakkaði Hirti ferðina til Reykjavíkur og hans framistöðu þar.

Steingrímur Arnar sagði, að eftir sinni reynslu úr samninganefndum, væri best að komast hjá því að semja heima í héraði. En sennilega væri betri grundvöllur fyrir samningum hér nú, heldur en oft áður.

Lagði hann til, að reynt yrði, eins og hægt væri, að koma hér á sættum.

Daníel Traustason baðst afsökunar á ummælum sínum til Hjartar.

Um lífeyrissjóðinn sagði hann, að æskilegast væri, að hann yrði ávaxtaður hér heima.

Hjörtur Hermannsson gaf þær upplýsingar, að frá Torfa sáttarsemjara væri heimild, til að semja hér heima og hann væri því meðmæltur, að það yrði reynt.

Gísli Sigmarsson gerði fyrirspurn, hvað mikið væri tekið af óskiptum afla og hvernig það deildist svo?

Hilmar Rósmundsson svaraði, að það væru 27 % og sagði frá hvernig það skiptist og því væri, ef siglt væri með aflann á erlendan markað, þá væru tekin 42 % af óskiptum afla.

Garðar Sigurðsson spurði, hve mörg prósent væru tekin óbeint af sjómönnum?

Óskar Matthíasson svaraði að fyrsta flokks fiskur, sem fullnýttist og unninn fyrir ferskfiskmarkað og seldur á toppverði, gæti skilað allt að 36 % hagnaði, með núverandi gengi.

Hafsteinn Stefánsson sagði, að þetta verkfall væri ekki komið frá sjómönnum, heldur ríkisstjórninni, og þeir sem ýti á stað, eigi að draga að landi.

En reyndin væri oft sú að þær vinnudeilur, sem hefði átt að leysa í Reykjavík hafi verið vísað heim.

Lauk hann máli sínu með því, að óska að hér heima tækist að semja.

Friðrik Ásmundsson gerði fyrirspurn, hvort lífeyrissjóðurinn yrði ávaxtaður í Tryggingastofnun Ríkisins?

Hjörtur Hermannsson las úr einni grein samninganna, að hluti af lífeyrissjóð ætti að ávaxta í heimabæ.

6. Að loknu kaffhléi, gerði Kristinn Sigurðsson (Löndum) fyrirspurn. Hvort ekki hefði verið samþykkt, á síðasta fundi, að semja ekki fyrr en fiskverð hefði verið ákveðið og hvort sambandsfélögum innan F.F.S.Í. hefði ekki verið skrifað og þau beðin, að sýna samstöðu í því máli?

Formaður svaraði og sagði, aðeins 2 félög hefðu sýnt áhuga á því máli.
En um leið og samningar lægju klárir fyrir, kæmi fiskverð.

Síðan las hann upp svohljóðandi vélritaða tillögu, til samþykktar:

"Fjölmenntur fundur í S.s. Verðanda, haldinn að Bárugötu 2 Vestmannaeyjum, laugardaginn 8. febrúar 1969, samkvæmt ósk frá bæjarráði, samþykkir fyrir sitt leyti, að vegna þeirrar sérstöðu, sem byggðarlagið býr við í atvinnuháttum, verði þess freistað að leysa yfirstandandi kjaradeilu með innanhéraðssamningum við Útvegsbændafélag Vestmannaeyja."

Tillagan var samþykkt með 54 atkvæðum gegn 4.

7. Formaður sagði frá viðtali við þá Jón Héðinsson og Lúðvík Jósepsson, landhelgisnefndarmenn og í því sambandi, hversu áriðandi það væri fyrir alla togbátaskipstjóra, að halda vel settar reglur landhelginnar.

Þá tilkynnti hann einnig, að hlutdeild S.s. Verðandafélaga, að atvinnuleysissjóði, væri nú í lagi.

8. Einar B. Jóhannesson, bað skipstjóra að gæta þess vel, að slökkva siglingaljós og togveiðiljós, eftir að bátar væru lagstir við bryggju. En því miður hefði það stundum gleymst á sumum bátum. En þeim, sem þyrftu að fara inn eða út Leiðina í myrkri, gæti slíkt valdið missýningu og á leiðarljósunum og því slæmum afleiðingum, sem það gæti valdið.

Fleira var ekki tekið til umræðu.

Fundi slitið kl. 18:30.

58 félagar sátu fundinn.

Eyjólfur Gíslason
vararitari

Mánudaginn 10. febrúar 1969 var haldinn fundur í stjórn og
fulltrúaráði
S.s. Verðanda
að Heiði.

Tilfni fundarins var, að taka afstöðu um, hvernig afgreiða skyldi sátttilboð, sem komin væru frá sáttarsemjara.

Menn voru sammála um að fresta afgreiðslu á þessu máli, þar til tillagan yrði birt opinberlega.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundur slitið.

Fundinn sátu:

Guðjón Pálsson, Hjörtur Hermannsson,
Einar Guðmundsson, Eyjólfur Gíslason,
Elías Sveinsson, Hilmar Rósmundsson,
Magnús Grímsson, Friðrik Ásmundson,
Steingrímur Sigurðsson, Sigurður Gunnarsson,
Óskar Þórarinsson og Júlíus Sigurðsson

Eyjólfur Gíslason
vararitari.

163. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðanda
12. febrúar 1969.
Hófst hann kl. 21:10 í matstofu Ísfélagsins.

1. Formaður Guðjón Pálsson setti fundinn og bar upp inntökubeiðni fyrir:
Matthías Guðjónsson Brekastíg 4
Sigmar Magnússon Bröttugötu 19
Ragnar Guðnason Hásteinsveg 39

Voru þeir samþykktir einróma.

2. Vararitari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

3. Formaður tók til máls og sagði, að boðað hefði verið til þessa fundar til að ræða og greiða síðan atkvæði um miðlunartillöguna, er Sáttasemjari ríkisins hefði sent S.s. Verðanda, til úrlausnar. Hóf hann svo lestur samningana og byrjaði á vetrarvertíðarsamingunum, sem var í 26 greinum og sumar mjög langar.

Hjörtur Hermannsson gaf skýringar á samningnum, þar sem með þurfti, og fundarmenn gerðu athugasemdir við.

Næst las formaður upp síldarsamningana, sem voru 19 greinar.

Þar næst flutningasamning, sem var 16 greinar.

Að lokum las hann upp síldarvinnusamning, er var um vinnulaun ef síld væri söltuð um borð í veiðiskipum.

Allur þessi lestur, með fyrirspurnum og tilsvörum, stóð yfir í um 2 klukkustundir.

Formaður hélt svo áfram og sagði, að 17 breytingar væru á þessum samning frá þeim fyrri.

Minntist síðan á slysatryggingar og bætur.

Las uppkast að væntanlegum lögum lífeyrissjóðs, sem hægt yrði að fá sérákvæði um, svo að hægt væri að ávaxta hann hér heima, mönnum til hagsældar um lánamöguleika.

4. Ólafur Kristinsson gerði fyrirspurn, hvernig það væri, ef menn væru skráðir á báta frá öðrum veiðistöðvum, yfir einhvern tíma, hvort þeir töpuðu þá félagaréttindum við lífeyrissjóðinn hér?
Svarað var að, allir Verðandafélagar ættu aðgang að sjóðnum.

5. Miklar umræður og fyrirspurnir urðu um samningana, og tóku þessir eftirtöldu menn til máls.

Friðrik Ásmundsson gerði athugasemd við fiskaðgerð á togbátum og löndun fiskjar.

Hélt að þar hefðu orðið litlar kjarabætur.

Kristján Óskarsson (Matthíasson) talaði um laun fyrir fiskaðgerð á sjónum. Hvað þau væru skammarlega lítil.

Óskar Þórarinsson spurði hvernig væri ef menn hættu að borga í lífeyrissjóðinn, hvort menn fengu þá endurgreitt þau 6 %, sem útgerðin borgaði?

Svarið var nei, bara það, sem hann hefði borgað.

Þá gerði hann og fyrirspurn um fæðispeningana og útflutningssjóðinn.

Júlíus Sigurðsson svaraði og útskýrði hvaða tekjur sjóðurinn hefði og hverjir hefðu tilkall til að njóta þeirra.

Georg Stanley taldi líklegt, að gera mætti sérsamninga um lífeyrissjóðinn.

Um fiskverð sagði hann, að 8 % hækkunin væri víst talin frá 15. nóvember 1968, er fiskverð var hækkað.

Gísli Jónasson spurði hvort ekki mætti gera breytingartillögu með lífeyrissjóðinn í samningunum?

Svarað var, nei ekki hægt.

Óskar Þórarinsson kom með þá athugasemd, að í hinum nýgerðu samningum, hefði fiskaðgerðarkaup á sjónum verið lækkað.

Bárður Steingrímsson spurði, hve há laun stýrimanna væru um klukkutímann, við standsetningu báta?

Svarað var, það væri í samningunum.

Júlíus Sigurðsson kom með þá ábendingu, að fela samninganefndinni, að greiða atkvæði um miðlunartillöguna.

Gísli Jónasson, að láta samningsnefnd yfirfara og athuga vel, hina nýgerðu samninga, ef finna mætti á þeim áberandi galla.

Guðmundur Guðlaugsson var á sama máli.

Firðrik Ásmundsson hélt því fram, að ekki væri hægt að gera breytingar á samningunum, nema fella þá alla.

Hafsteinn Stefánsson hélt við hefðum heimild til breytinga við lífeyrissjóðinn, en ekki annað.

Að öllu þessu málþófi og fyrirspurnum loknum, bar formaður upp svohljóðandi skrifaða tillögu.

"Atkvæðagreiðsla um sáttatillögu frá sáttarsemjurum ríkisins, Torfa Hjartarssyni og Loga Einarssyni, framkominni 12/2/69, en borin undir atkvæði í S.s. Verðanda með þeim fyrirvara, að félagið hafi 3ja mánaða frest, til ákvörðunar um hvort það muni standa að stofnun sérstaks lífeyrissjóðs í Vestmannaeyjum, eða með hinum sjómannafélögunum, ganga inn í sjóði þá, er um getur í umræddri sáttartillögu."

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum, gegn einu.

6. Júlíus Sigurðsson tók til máls og taldi, að eftir þeim vinnubrögðum sem fram hefðu farið í Verðlagsráði sjávarútvegsins með fiskverð, geti Guðmundur H. Oddsson varla lengur talist þar okkar fulltrúi.

Á sama máli voru Sigurður Gunnarsson, Gísli Jónsson og Guðjón Pálsson.

Létu þeir álit sitt í ljós með stuttum ræðum.

Að loknum þeim ræðum var borin fram svohljóðandi tillaga:

7. "Fundur í S.s. Verðanda 12/2/69 samþykkir, að telja Guðmund H. Oddsson, ekki lengur fulltrúa sinn í Verðlagsráði."

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum 71.

8. Því næst fór fram atkvæðagreiðsla um miðlunartillöguna, hina nýgerðu samninga, frá Sáttarsemjara ríkisins.

Kosningin var leynileg.

Skiluðu menn atkvæðaseðlum sínum í innsiglaðan pappakassa með rauf á loki, sem þeir smeygðu seðlinum í.

9. Að lokinni kosningu sagði formaður fundi slitið. Var þá klukkan orðin 0:20 = 20 mín gengin í eitt.

71 félagi sátu fundinn.

Að fundi slitnum fóru stjórnarmenn S.s. Verðanda með atkvæðakassann á lögreglustöðina. Þar var kassinn opnaður og atkvæðin talin, undir stjórn lögreglu.

Já sögðu 16, nei 42, auðir seðlar 6, ógildir 1, alls 65.

Sex útgerðarmenn (bátaeigendur), sem sátu fundinn, tóku ekki á móti atkvæðaseðlum.

Eyjólfur Gíslason
vararitari

Föstudaginn 14. febrúar 1969 kl. 9
var haldinn fundur á Heiði í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðanda.

Formaður gat þess fyrst, að hann ásamt samninganefnd félagsins, hefðu alla síðastliðna nótt staðið á viðræðum við samninganefnd útvegsmanna að beiðni bæjarráðs.

Hefðu þar aðallega verið rædd sérákvæði, sem talið er að heppilegri séu hér í Eyjum, svo sem helgarfrí, tryggingatímabil og fleira

Þá hafði komið fram eftir næturfundinn, málamiðlunartillaga frá bæjarráði og eru aðalbreytingar í henni frá þeirri miðlunartillögu frá sáttarsemjara sem felld hafði verið, að mánaðarkaup skipstjóra og stýrimanna í Vestmannaeyjum skyldi hækka í kr. 1150, úr kr. 624.

Undir þessa miðlunartillögu höfðu báðar samninganefndirnar skrifað og lofað að bera hana undir félagsfundi og láta fara fram atkvæðagreiðslu.

Var ákveðið að boða til almenns félagsfundar í dag kl. 14 í Alþýðuhúsinu, og skyldi hann auglýsast strax og voru menn beðnir að boða alla þá féлага sem þeim hittu.

Fundinn sátu:

Guðjón Pálsson, Hjörtur Hermannsson,
Einar Guðmundsson, Magnús Grímsson,
Sigurður Gunnarsson, Einar Ólafsson,
Steingrímur Sigurðsson, Elías Sveinsson,
Hafsteinn Stefánsson, Óskar Þórarinsson,
og Hilmar Rósmundsson, er gerði frumrit að fundargerðinni, því vararitari gat ekki

mætt, en ritari fjarverandi.

Eyjólfur Gíslason
vararitari

**164. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
föstudaginn 14. febrúar 1969.
Hófst hann kl. 14:10 í Alþýðuhúsinu.**

1. Formaður Guðjón Pálsson setti fundinn.
Gat hann þess að ekki yrði lesin upp síðasta fundargerð.
Því næst skilaði hann kveðju frá Ingólfi Stefánssyni til fundarmanna.
Síðan bar formaður upp inntökubeiðni eftirtalinna manna:

Hafsteinn Sigurðsson Hásteinsveg 20
Kjartan Guðfinnsson Brekastíg 22
Þór Vilhjálmsson Hásteinsveg 62
Einar Guðlaugsson Hásteinsveg 20
Voru þeir samþykktir með lófaklappi.

Því næst sagði formaður fundarmönnum frá því, að síðastliðna nótt, hefði samninganefnd S.s. Verðanda, ásamt samninganefnd Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, bæjarráði og þeim Steingrími Arnari og Guðlaugi Stefánssyni, sem boðaðir voru af bæjarstjóra, setið á fundi, til að reyna að finna lausn á því vandræðaástandi, sem nú væri í okkar bæ, vegna áframhaldandi verkfalls stýrimanna og skipstjóra.

Þeirra fyrsta verk hefði verið, að hefja vankantana af þeim greinum, hinna nýgerðu samninga, sem valdið hefðu óánægju og mótmælum, á síðasta Verðanda-fundi. Svo að miðlunartillagan = samningarnir, frá Sáttarsemjara ríkisins, voru kolfelldir.

Las hann síðan upp það helsta sem lagfært hafði verið og nefndi þar á meðal 12. grein samningsins, um vinnulaun stýrimanna og skipstjóra, löndunar og helgarfrí og breytingar til hagsbóta á neta- og loðnuveiðum.

Úr 7. grein, ef gert er út á lúðuveiðar.

Þá sagði formaður nokkur orð um væntanlegan lífeyrissjóð og hver bjargvættur hann gæti orðið sjómönnum.

Nefndi hann í því sambandi mjög háar tölur og kom með líkingardæmi:

Ef sjóðurinn fengi að standa óhreyfður og safna vöxtum og félagaiðgjöldum, eftir núverandi viðhorfi í peningamálum og aflamagni, þá yrði sjóðurinn orðinn eftir fyrstu 5 árin 52 milljónir, eftir 10 ár 132 milljónir, eftir 15 ár 256 milljónir og eftir 20 ár 446 milljónir

Þá sagði formaður að fæðispeninga sjómanna, mætti nú reikna, allt að 4000 kr., að meðtöldum skattfríðindum.

Að svo mæltu, bað hann Steingrím Arnar, að segja frá því helsta, er náðst hefði til bóta, með þessum nýju samningum.

2. Steingrímur tók til máls. Sagðist vita að ekki hefðu náðst allar þær kjarabætur, sem sjómenn hefðu almennt óskað eftir, en víst væri það, að ekki næðust betri kjör að þessu sinni og að allverulega hefði hækkað fastakaup og fatapeningatryggingar.

Formaður þakkaði Steingrími.

Bað hann menn að athuga vel hvað áunnist hafði og það væri víst, að samninganefndin segði af sér ef þessi málamiðlunartillaga yrði felld.

Friðrik Ásmundsson þakkaði samninganefnd vel unnin störf og hún hefði áunnið mikið.

Hafsteinn Stefánsson tók til máls og sagði, að það væri ekkert nýtt, að allir væru ekki ánægðir, eftir langvarandi verkfall, en víst væri, að ekki hefði samninganefnd getað náð betri kjörum.

3. Kristinn Sigurðsson, nemandi í Stýrimannaskóla Vestmannaeyja, gerði fyrirspurn, hvort nemendur Stýrimannaskólans, sem væru félagar í Verðanda og mættir hér á fundinum, hefðu atkvæðisrétt? Svarið var já.

4. Því næst var gengið til leynilegra atkvæðagreiðslu um málamiðlunartillöguna (eftir breytingarnar, sem gerðar voru til hagsbóta).

Já sögðu 61, nei 13, auðir seðlar 6. 14 útgerðarmenn tóku ekki á móti seðlum og greiddu því ekki atkvæði.

5. Kristján Óskarsson (Matthíasson) og Óskar Þórarinnsson gerðu fyrirspurn, hvort ekki fengist leiðrétting á, að hærri borgun fengist, fyrir aðgerð á fiski um borð í bátum. Kristján kom með dæmi og sagði að í sumum tilfellum, eftir því hvað margir menn væru á einum togbát, gæti kaupíð farið niður í tæpar 5 kr. á mann, að gera að einu fisktonni.

Um þetta urðu ekki umræður.

6. Formaður tilkynnti fundarmönnum að Ármann Eyjólfsson ætlaði að sýna, hér í húsinu kl. 5, tvær stuttar kvikmyndir. Aðra af þýskum verksmiðjuskuttogara, sem sýndi vinnuaðferðir við nýtingu aflans og veiðar sem allt væri unnið, með fullkomnustu nýjustu tækni.

Hin myndin væri frá Rauðakrossinum, sem sýndi blásturaðferð við lífgunartilraunir úr dauðadái.

Einnig yrði sýndur, mikill eldsvoði á stóru skipi.

Væri öllum sjómönnum heimill aðgangur.

Formaður sagði einnig, að hið nýja varðskip Ægir, lægi nú við Nausthamarsbryggjuna og væri Verðanda-félögum frjálst að skoða skipið undir leiðsögn varðskipsmanna.

Þar með sagði hann fundi slitið kl. 15:15. Þakkaði hann mönnum hina miklu fundarsókn og áhuga þeirra í yfirstandandi deilu. 94. félagar sátu fundinn.

Hjörtur Hermannsson
varaformaður

Eyjólfur Gíslason

Fundur í fulltrúaráði
S.s. Verðandi
haldinn að Heiði 31. maí 1969.

Mættir eru: Hjörtur Hermannsson varaformaður, Gísli Eyjólfsson ritari, Einar Guðmundsson gjaldkeri, Elías Sveinsson, Magnús Grímsson, Sigurður Gunnarsson, Einar Ólafsson, Óskar Þórarinsson, Hilmar Rósmundsson, Steingrímur Sigurðsson, Friðrik Ásmundsson.

Allir úr fulltrúaráði og einnig:

Kristinn Pálsson og Sigfús Guðmundsson úr styrkveitinganefnd.

Rædd var styrkveiting til handa Júlíusi Sigurðssyni, sem verið hefur frá vinnu vegna slyss, síðastliðinn vetur.

Samþykkt var einróma:

Að félagssjóður fái að láni úr styrkveitingasjóði allt að kr. 20.000,00 (tuttugu þúsund krónur).

Skulu nú þegar sendar kr. 10.000,00 til Júlíusar og skal styrkveitinganefnd heimilt að úthluta honum seinna kr. 10.000,00, ef ástæða þykir til.

Fundargerð lesin.

Samþykkt einróma.

Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson
ritari

165. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 21. september 1969 og hófst kl. 14:15 í Hótel Hamar.

1. Hjörtur Hermannsson varaformaður setti fundinn og stýrði honum, í fjarveru formanns.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Varaformaður bar upp inntökubeiðni fyrir:
Jón Pálsson Hólagötu 28
Samþykkt einróma.
4. Varaformaður ræddi bréf, sem borist hefur frá F.F.S.Í. og er tilefni þessa fundar, en þar er þess óskað, að fulltrúar Verðandi hafi framsögu um uppbyggingu bátaflotans, á væntanlegu F.F.S.Í.-þingi í haust.
Talið var vænlegast, að kjósa nefnd, sem reifaði málið fyrir fund og síðan fengju væntanlegu fulltrúar það í veganesti
Nefndina skipa:
Friðrik Ásmundsson (formaður),
Sigurgeir Ólafsson, Óskar Þórarinnsson
Hilmar Rósmundsson
5. Varaformaður ræddi lítilsháttar um fiskmat og sagði frá ósamkomulagi um formannssætið í nefnd sem skipuð var og tveir vildu verða formenn svo sennilega yrði að skipa nefndina að nýju.
6. Varaformaður sagði þær fréttir af lífeyrissjóðsmálinu, að fimm manna nefnd starfaði í því, væri hann í nefndinni að hálfu Verðanda, einn væri frá Jötuni, einn frá Velstjórafélaginu og tveir frá Útvegsbændum. Tryggingafræðingur hefur unnið að uppbyggingu sjóðsins í sumar og er því verki ekki alveg lokið.
Aðspurður, sagði varaformaður, að öruggt væri talið að sjóðurinn fáiast heim í hérað, enda samþykkt með því fororði.
7. Rætt var hvort hægt mundi og æskilegt væri, að félagið gengist fyrir fræðslu- og skemmtikvöldum í haust.
Fékk það góðar undirtektir og var kosin skemmtinefnd:
Tilnefndir voru:
Þórður Rafn Sigurðsson (formaður),
Hjörtur Hermannsson, Örn Friðgeirsson
og Matthías Guðjónsson.
Samþykktir einróma.
8. Guðjón Pétursson sagði frá sjúkrasjóði, en Guðjón er gjaldkeri stjórnar sjóðsins, og hefur rukkað fyrir sjóðinn.
Guðjón kvað rukkun hafa gengið mjög vel og víðast mætt skilningi og væri að verða lokið að ná inn því, sem ekki var þegar í upphafi strikað út sem tapað, en það var í þeim tilfellum, sem útgerð var löngu hætt.
Sjúkrasjóður á nú höfuðstól kr. 250.000,00 á bók og milli 40 og 50 þús., lausar og er því starfhæfur. Eftir er að greiða innheimtu.
Fundarmenn þökkðu og gáfu Guðjóni lófaklapp fyrir vel unnin störf í þessu máli.

9. Varaformaður gerði fyrirspurn um réttindamenn sem vildu sigla sem skipstjórar eða stýrimenn í haust og kvað nokkrar slíkar fyrirspurnir hafa borist undanfarið.

10. Gert var hlé á fundinum og drukku fundarmenn kaffi og röbбуðu saman.

Þar sem ekki lá fleira fyrir og fundarmönnum lá ekkert á hjarta, var fundi slitið kl. 16:00.
14 félagar sátu fundinn.

Hjörtur Hermannsson
varaformaður

Gísli Eyjólfsson
ritari

166. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

laugardaginn 25. október 1969 og hófst kl 13:45 á Hótel H.B.

1. Varaformaður Hjörtur Hermannsson setti fundinn, í fjarveru formanns, sem er við skyldustörf, fyrir Austurland.
2. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Varaformaður kvað liggja fyrir fundinum að ákveða, hvort segja skyldi upp samningnum, sem gerður var með lögum í febrúar síðastliðinn.
F.F.S.Í. óskaði eftir uppsögn samningsins og væri Verðandi eitt síðasta félagið til að ræða það mál.
Til glöggvunar las varaformaður 16. gr. samningsins, um uppsagnarfrest, sem "er 2 mánuði, eða fyrir 1. nóvember ár hvert."
Varaformaður taldi ekki líkur fyrir, að farið yrði í kjaradeilur heldur væri uppsögnin fyrst og fremst til að mómæla setningu laganna og til ýmissa lagfæringa og þá aðallega fiskverðið.
Sigurður Gunnarsson taldi, að félagið hlyti að hafa ýmislegt við samninginn að athuga, enda aldrei samþykkt af félaginu, þar bæri hæst fiskverð og fiskmat og minnti á bréfaskriftir félagsins í vetur í því sambandi og kvaðst meðmæltur uppsögn.
Varaformaður las kafla úr fundargerðum stjórnar F.F.S.Í., þar sem bréf Verðanda eru rædd og svar Guðmundar H. Oddssonar.
Hafsteinn Stefánsson sagði frá helstu málum, sem rædd voru á nýafstaðinni sjómannaráðstefnu, að beiðni varaformanns
Í sambandi við kjaramál var rætt um fækkun netja, en fékk daufar undirtektir.
Mikil óánægja var með fiskimat og einhugur um nauðsyn endurskoðunar á því, og reynt yrði að ná aftur því sem samið var af sjómönnum, með setningu gerðardómsins.
Í umræðum um lífeyrissjóðinn voru Vestmannaeyingar allt að því hæddir fyrir afstöðu sína um að ætla að hafa hann heima í héraði.
Hafsteinn sagði að þeim Eyjamönnum hefðu þótt hæpin rökin, sem fram voru borin, og afhenti hann formanni afrit af úrdrætti úr fundargerð sjómannaráðstefnu S.S.Í. - haldin í Lindarbæ 11. og 12. október 1969.
"Rætt var um ályktun lífeyrissjóðsnefndar um einn sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla sjómenn.
Við umræður tók Hafsteinn Stefánsson frá Vestmannaeyjum til máls og óskaði eftir því að sérstaða fulltrúanna úr Vestmannaeyjum yrði bókuð, sú að því sætu hjá við atkvæðagreiðslu, því þar hefði verið samþykkt að láta fara fram könnun á hugmynd sem fram hefði komið um sameiginlegan lífeyrissjóð í Vestmannaeyjum."

Hafsteinn sagði þá Eyjamenn hafa gert fyrirspurn um, hve mikið fé væri ávaxtað annarstaðar en í Reykjavík af lífeyrissjóði togarasjómanna, en fengu þau svör að það mundi ekkert vera.
Sama svar var við fyrirspurn um aðra sjóði.

Hafsteinn tók undir með Sigurði Gunnarsson og um bréf Guðmundar H. Oddssonar væri það að segja, að það væru handþvottur og gerðir hans í Verðlagsráði vítaverðar og sama mætti segja um Tryggva Helgason.
Varaformaður þakkaði Hafsteini upplýsingarnar og las „úrdráttinn“.
Um lífeyrissjóðinn sagði varaformaður að sérsjóður hér yrði mun sterkari en aðild að togarasjóðnum og við værum nægilega margir.

Um fiskmat sagði hann að reglur mundu svipaðar og þær sem teknar voru til meðferðar af nefnd í félaginu í fyrra. Sagði að ósk útvegsbænda, Vélstjórafélagsins og Jötuns, að félögin hefðu samráð um endurskoðun þeirra.

Hilmar Rósmundsson sagði það skoðun sína að allir ættu að fá sama verð fyrir fisk, en hann vildi hinsvegar að hver sæi um sinn hlut. Það væri fleiri kjarabætur, en hækkuð prósentu, til dæmis væru það kjarabætur að fá fæðispeninga, greiðslu fyrir löndun, greiðslu í lífeyrissjóð og fleira, en sér finndist mál málanna í þessu, að hér væri fiskverð sem viðunandi og sanngjarnt gæti talist, en það væri sama hvert litið væri, allstaðar væri hærra verð en hér.

Fyrir örfáum dögum selur togarinn Sigurður afla sinn fyrir 5,5 milljónir en hefði fengið hér 1,5 milljón króna og kílóíð af síld fer á kr. 30. Rakti fleiri slík dæmi úr blöðum um sölur erlendis undanfarna daga, og las grein úr Morgunblaðinu eftir Ásgeir Jakobsson sem ber heitið „Komnir heim.“ og er um utanför frystihúseigenda til Ameríku, allmeiðleg, en þar er og sagt að róíð sé pólitískt að því að etja saman útvegsmönnum, sjómönnum og fiskvinnslumönnum, svo engin samstaða náist hjá þessum meginadílum sjávarútvegsins, sem rækist seint róðurinn en fleytur annarra atvinnuvega sækja fram úr og hlaða af hinum sameiginlega feng þjóðarbúsins, meðan þeir meginadilar sjávarútvegsins falla hver í sínu lagi.

Hilmar kvað tíma kominn til að setja hnefann í borðið og fá leiðréttingu á þessu.

Varaformaður kvaðst sammála Hilmar, einnig lýsti Óskar Þórarinsson og Gísli Jónasson sig samþykka Hilmar.

Gísli sagðist því fylgjandi að segja upp samningum, ýmislegt þyrfti að ræða og einkum fiskverð.

Varaformaður bar upp skriflega tillögu:

"Fundur í S.s. Verðandi 25/10/1969 samþykkir að heimila stjórn félagsins uppsögn á samning, sem ákveðinn var með lögum no. 2, 18/2/1969."

Samþykkt einróma.

4. Rætt var um bréf frá F.F.S.Í., frá 1. júlí 1969 um upptöku netja á skírdag - II. páskadags. Gísli Jónasson gerði gys að þessu og sagði að sennilega hefðu þeir gleymt hinu lága fiskverði er þetta hefðu samið, en ef það hækkaði svoleiðis að mannsæmandi væri, væri óskandi að þeir finndu sem flesta frí- og helgidaga.

Hilmar Rósmundsson vildi vísa þessu frá, sem vitleysu, óframkvæmanlegri.

Um þetta og skyld mál urðu miklar umræður og kom ýmislegt fram, svo sem erfiðleikar vegna rúmleysis á bátunum, mikið fiskitap, þessir dagar gefið á stundum allt að 100 tonn og síðast en ekki síst að bátar sem tækju upp úr fiski töpuðu **legrunum**.

Varaformaður las bréf frá Fiskifélagi Íslands um skiptingu veiðisvæði og fleira, og ósk um umsögn félagsins um upptöku netja.

Umræður manna á milli héldu áfram yfir kaffi, en að því loknu var málið falið afgreiðslu stjórnar.

5. Formannssambandsþing 20. - 23. Nóvember.

Dagskrá þess er:

Uppbygging togaraflotans, framsögu Reykjavíkurfélaganna.

Uppbygging bátaflotans, framsögu Verðandi.

Öryggismál - tilkynningarskylda, framsögu Ísafjörður.

Atvinnu- og launamál.

Síldar- og fiskileit – fiskirannsóknir.

Vita- og hafnarmál.

Félagsmál.

Varaformaður bað menn segja til, ef þeir væri með einhver mál í huga handa væntanlegum þingfulltrúum, í veganesti.

Gísli Jónasson vildi að fulltrúar félagsins styddu ekki Guðmund H. Oddsson til forsetjakjörs og sætu heldur hjá ef annars væri ekki kostur.

Varaformaður taldi að hann yrði ekki í kjöri því hann hefði margsinnis lýst yfir að hann gæfi ekki kost á sér.

Gísli Eyjólfsson taldi lítið að marka staka yfirlýsingu Guðmundar H. Oddssonar, hann hefði kúvent fyrr og jafnvel farið þvert ofan í samþykktir félags síns við forsetakjör.

Þá vék Gísli að því hver nauðsyn sér finndist á, að ljósmagn Skarðsfjöruneta væri aukið, þarna væri vond landtaka vegna útgrynnis og vindir radarþunktur og jafnvel þó bjart sé af degi, er oft vont að sjá landið vegna þess hve lágt það er. Alviðruviti væri lélegur og Skaftárós lítið skárri.

Þá er radióvitinn í Skarðsfjöru alls ónógur og sögðust sumir fundarmenn sem reynt hafa að miða hann, varla hafa náð honum þar skammt út af.

Gísli sagði til að fulltrúar beittu sér fyrir því á þingi að, ljósmagn Skarðsfjöruvita verði aukið, svo sem hægt þykir, radióvitinn styrktur og radarþunktur lagfærðir, ef hægt er.

Gísli Jónasson lýsti sig þessu samþykkan, vildi einnig biðja þingfulltrúa að vera vel á verði um umræður um Verðlagsráð og minnst gerða þess.

Hafsteinn Stefánsson sagði, að sér finndist það verðugt þingefni að hálfu félagsins, að það sendi skýra afstöðu sína um meðferð og nýtingu afla.

Landbúnaður og afurðir hans væru undir sífelldri smásjá, en í fiskiðnaði virtist duga brjóstvitið, þar væru aðeins menn sem unnið hefðu lengi, jafnvel frá barnæsku, við fiskverkun, en hálærðir menn væri þar naumast til.

Varaformaður tók í sama streng og taldi best að kjósa nefnd, sem reifaði málið. Gísli Jónasson og Sigurður Gunnarsson voru Hafsteini sammála og Sigurður taldi að einnig þyrfti fiskmat algjörRAR endurskoðunar við eða leggja það niður ella og sagði að lokum: "fiskmat, sem eftir 7 ár hefur ekki skilað frumstæðustu atriðum, en apparatið kostar stór fé í lækkuðu fiskverði, á ekki tilverurétt."

Nefnd var kosin til að semja álitgerð um meðferð og nýtingu afla.

Tilnefndir voru:

Hafsteinn Stefánsson
Sigurður Gunnarsson
Hjörtur Hermansson
samþykktir einróma.

Fulltrúar á þingi F.F.S.Í.

Friðrik Ásmundsson
Hafsteinn Stefánsson
Sigurður Gunnarsson

Til vara:

Hilmar Rósmundsson
Sigurgeir Ólafsson
Hjörtur Hermansson
Samþykktir einróma

6. Gísli Jónasson spurði hvað liði ráðningu manns til eftirlits með fiskmatinu, sem samþykkt var í félaginu, en ekkert varð af.

Varaformaður svaraði og sagði ráðningu enn fyrir hendi. Enginn fékkst til starfsins á sínum tíma en rétt mundi að athuga það mál aftur.

Kosin var nefnd til gagnrýni og gera tillögur um fiskmatsreglur.

Tilnefndir voru:

Óskar Þórarinsson
Ágúst Bergsson
Friðrik Ásmundsson

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1968 - 1980

Jóhannes Kristinsson

Samþykktir einróma.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 16:30.

23 félagar mættu.

Gísli Pétursson formaður

Gísli Eyjólfsson
ritari

Mánudaginn 17. nóvember 1969 kom stjórn og trúnaðarráð saman að Heiði.

Tilfni fundarins var væntanleg stofnun lífeyrissjóðs sem ákveðin var í síðustu kjarasamningum.

Hjörtur Hermannsson varaformaður félagsins las upp ágríp af því sem nefnd sú er á sínum tíma var kjörin til að þess að undirbúa og ganga frá sjóðstofnuninni og höfðu þeir haldið nokkra fundi. Verið í sambandi við Þóri Bergsson tryggingafræðing og farið eina ferð til Reykjavíkur til viðræðna við millipinganefnd í lífeyrissjóðsmálinu, alþingismenn og fleiri aðila.

Þá las hann upp reglugerð fyrir væntanlegan sjóð, sem fyrr nefndur tryggingafræðingur hafði útbúið.

Var síðan rætt nokkuð um þennan væntanlega sjóð og lýstu fundarmenn almennt áhuga sínum og ánægju með það sem unnist hefði.

Fundinn sátu 3 menn úr stjórn og 5 úr trúnaðarráði

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

(Frumrit af fundargerðinni gerði Hilmar Rósmundsson)

Eyjólfur Gíslason
vararitari.

Priðjudaginn 18. nóvember 1969 var haldinn fundur í fulltrúaráði og stjórn S.s. Verðandi og hófst hann að Heiði kl. 17:30.

Tilfni fundarins var að kjósa einn mann, frá S.s. Verðanda og annan til vara í stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, sem ætti að stofnast formlega 19. nóvember á almennum fundi í Samkomuhúsi Vestmannaeyja, sem boðað var til kl. 20:30 síðdegis.

Einróma kosningu hlaut Hjörtur Hermannsson og Óskar Þórarinsson varamaður hans.

Þá var og nokkuð rætt um væntanlegt F.F.S.Í.-þing, því fulltrúarnir sem það áttu að sitja voru mættir á fundinum. Friðrik Ásmundsson las upp ágríp af frumsaminni ræðu er hann myndi flytja þar. Hljóðaði hún um nýsmíði fiskskipa, verðlag þeirra og fleira. Þá var þar og sagt frá meðalaldri fiskibáta Vestmannaeyinga árið 1969 og fleira því tilheyrandi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Fundinn sátu eftirtaldir menn:

Hjörtur Hermannsson, Einar Guðmundsson, Eyjólfur Gíslason, Hans Haraldsson, Hilmar Rósmundsson, Elías Sveinsson, Friðrik Ásmundsson, Hafsteinn Stefánsson, Magnús Grímsson, Óskar Þórarinsson, Sigurður Gunnarsson og Steingrímur Sigurðsson.

Eyjólfur Gíslason
vararitari

167. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 21. desember 1969 og hófst kl. 14:15 í félagsheimilinu
við Heiðarveg.

1. Varaformaður Hjörtur Hermannsson setti fundinn, í fjarveru formanns.
Því næst las hann upp inntökubeiðni 8 eftirtalinna stýrimanna og skipstjóra.
Benóný Benónýsson Hásteinsveg 45
Jóel Þór Andersen Heiðarvegi 13
Lýður Viðar Ægisson Strandveg 42
Sævaldur Elíasson Skólavegi 24
Baldur Gíslason Strembugötu 16
Heiðar Marteinsson Vestmannabraut 61
Leifur Gunnarsson Faxastíg 26
Þorleifur Jónsson Kirkjubæjarbraut 17
2. Í fjarveru ritara, las vararitari upp fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt.
3. Varaformaður bað þá 3 félagar, er kosnir voru til að sitja 24. þing F.F.S.Í. sem fulltrúar S.s. Verðanda og allir voru mættir á fundi, að segja fréttir af þinginu.
Friðrik Ásmundsson tók til máls og byrjaði á að segja frá starfsaðferðum þingsins. Að þeir félagarnir héðan hefðu í byrjun þingsins verið kosnir í aðalnefndir þess. Svo af því mætti halda að fullt tillit væri tekið til okkar Eyjamanna.
Því næst sagði hann frá rekstrar- og efnahag F.F.S.Í. árið 1967 og las úr þeim efnahagsreikning.
Einnig las hann upp fjárhagsafkomu og efnahagsreikning fyrir sjómannablaðið Víking og sagði nokkuð frá umræðum, sem orðið hefðu á F.F.S.Í.-þinginu í sambandi við efnahagsútkomu á blaðinu og vísast til fylgiskjala í því sambandi og til skýrslu stjórnar F.F.S.Í.
Álitsgerð sú sem Friðrik hafði samið og hafði framsögu að á þinginu var samþykkt mótatkvæðalaust.
Hljóðaði hún um nýsmíði fiskiskipa, stærð þeirra, og fleira því tilheyrandi og verðlagi.

Gísli Jónasson gerði fyrirspurn, hvort hægt væri að fá upplýsingar um hve mikið fé væri nú lagt til sjókortagerða?
Svarið var neikvætt, því ekki væru þær upplýsingar til staðar.

Hilmar Rósmundsson tók því næst til máls. Sagði hann frá þingstörfum og þeim vinnuaðferðum í þeim tveimur nefndum er hann var kosinn í, menntamálanefnd og sjávarútvegsnefnd.
Hilmar sagði að við mættum vel við una, því ekki hefði verið annað hægt að heyra og sjá, en að fullt tillit hefði verið tekið til þeirra Eyjamanna á þinginu.
Var Hilmar einn þeirra sex þingmanna sem kosnir voru til að tala við forsætisráðherra, vegna fiskverðsins og um verðþvingunarlögin, sem sett voru síðastliðinn vetur og fleira.

Hjörtur Hermannsson sagðist hafa átt tal við Ingólf Stefánsson vegna væntanlegs fiskverðs í sambandi við samþykktir F.F.S.Í.-þings.

Þá tók Hafsteinn Stefánsson til máls.
Hrósaði hann sínum þingfélögum og þakkaði þeim góða samveru.

Sagði hann nokkuð frá störfum þingsins og las upp tillögu sem þeir félagar sömdu og báru fram og fleiri tillögur er sú nefnd, er hann var í, atvinnu- og launamálanefnd, komu á framfæri.

Hjörtur Hermannsson þakkaði þingfulltrúum góða för og víst væri að þeir hefðu orðið sinni stétt og félagi til sóma.

Friðrik Ásmundsson tók til máls og bætti nokkru við sína fyrri ræðu.

Fyrst tók hann fram núverandi fiskimat til umræðu og gerði því góð skil, með því að benda á vissa ágalla sem á því væri nú og meðferð á fiski eftir að hann hefði verið metinn og kominn í hús til verkunar.

Því næst minntist hann á Stýrimannaskólahúsið í Reykjavík, sem væri nú í sýnilegri niðurníðslu og á skólalóðinni hefði enn ekkert verið unnið til góða eða prýðis. En búið væri að skerða lóðina mikið, með því að úthluta af henni undir ýmsar byggingar sem ekkert tilheyrðu skólanum og fleira myndi vera eftir því, sem honum tilheyrði. En 23 ár voru nú síðan Sjómannaskólinn hefði verið byggður.

Tók hann til samanburðar Kennaraskólann sem stæði þar skammt frá, alþúinn með unninni lóð, þó hann væri yngri að árum.

En þannig væri nú búið að þeirri stofnun sem ætti að mennta sjómannastétt landsins, hennar forustumenn.

Þá var tekið stutt kaffihlé.

Kaffiveitingar önnuðust skólastúlkur og piltar af rausn og snyrtilegum myndarbrag.

4. Varaformaður Hjörtur Hermannsson tók til máls og sagði að nú stæðu yfir málaferli milli Formannasambandsins og Landssambands útvegsmanna vegna þess að útvegsmenn teldu ólöglega staðið að uppsögn samninga nú.

Þá sagði hann frá þeirri nefnd, sem hefur með fiskimatið að gera.

Eftir viðtali við Ingólf Stefánsson eru haldnir þar þéttir fundir, en lítið raunhæft, sem þar kemur fram.

Hann sagði, að svar Verðanda hefði verið í samræmi við svar Útvegsbændafélagsins.

Um lífeyrissjóðinn sagði hann, að nú myndu jafnvel Reykvíkingar farnir að öfunda okkur af að hafa farið þessa leið með lífeyrissjóðinn, að hafa hann sérstæðan og ávaxta og til afnota í okkar heimabæ. Þó þeir teldu það ómögulegt í alla staði, til að byrja með.

Hann bætti við, að sjóðurinn væri nú að hraðaukast með því að iðnstéttir bæjarins og Verkakvennafélagið Snót, hefðu óskað þar inntöku.

Þá gerði hann fyrirspurn til fundarmanna.

Hvort menn hefðu hugsað sér fulltrúa sjómanna við fiskimatið á komandi vertíð og þá að tilnefna mann í það starf.

Tilnefndur var Hafsteinn Stefánsson og fékk hann einróma meðmæli fundarmanna

En Hafsteinn var ekki viðbúinn að svara því játandi að taka að sér starfið.

Stjórninni var falið að gera betur út um það mál við Hafstein.

5. Hilmar Rósmundsson kvaddi sér hljóðs og tók til umræðu sjómannablaðið Víking.

Að fjárhagur þess væri nú mjög bágborinn og taldið hann rétt og sjálfsagt að reka hér sterkan áróður fyrir kaupendum að blaðinu. Því aðeins 200 manns keyptu blaðið hér, sem væri allt of lág tala og hana yrði að auka.

6. Gísli Jónasson þakkaði varaformanni framgang og stofnun lífeyrissjóðsins og öll hans störf þar að lútandi, sem mest hefðu hvílst á honum, en væru nú farsællega komin í höfn.

7. Ragnar Eyjólfsson, gerði fyrirspurn, hvert væri valdsvið þess manns, sem væri fulltrúi sjómanna við fiskimatið og fleiru, sem því tilheyrði og sneri að hagsmunum sjómanna?

Hjörtur svaraði að enn væri engar reglur þar til gerðar að fara eftir. En frá okkar sjónarsviði væri æskilegt að sá maður sem í það starf væri kjörinn sæki væntanlegt fiskvinnslunámskeið í Reykjavík í endaðan janúar 1970.

Hafsteinn Stefánsson tók næst til máls og talaði um fiskvinnu og fiskiðnað. Að úr þeim atvinnuvegi væri fátt um lærða menn, samanborið við aðrar atvinnugreinar og þörf væri á að bæta úr því ástandi bráðlega.

Hjörtur Hermannsson gaf þar upplýsingar, að búið væri að gefa nokkra peningaupphæð, til kennslu- og skólastofnunar í þeim fræðum.

En miklu þyrfti við að bæta svo að það geti orðið að veruleika og skólinn tekið til starfa.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:10.
20 félagar sátu fundinn.

(Varaformaður boðaði til fulltrúaráðsfundar, strax að þessum fundi loknum, á sama stað.)

Hjörtur Hermannsson
varaformaður

Eyjólfur Gíslason
vararitari

**Fundur í fulltrúaráði
S.s. Verðanda
haldinn í félagsheimilinu við Heiðarveg sunnudaginn 21. desember
1969.**

Tilfni fundarins var að ræða um hvort ekki væri hægt að hjálpa bágstöddum félagum og bæta úr brýnustu þörfum hans með einhverri peningasendingu, nú fyrir jólin.

Félagi Ragnar Runólfsson Bræðratungu sem hefur orðið fyrir lamandi veikindum hefur verið óvinnufær frá því í sumar.

Tildrög að veikindum hans, munu stafa frá meiðslum, er hann varð fyrir við að setja upp kappróðrabátana, eftir sjómannadaginn 1967. En Ragnar var þá í Sjómannadagsráði frá S.s. Verðanda.

Lá hann rúmfastur í á aðra viku strax eftir áfallið og varð aldrei jafnhraustur eftir það.

Fundarmenn urðu sammála um að mæla með, að Sjómannadagsráð veitti Ragnari kr. 10.000, tíu þúsund krónur úr sínum sjóði í nafni S.s. Verðanda og að Vélstjórafélgs Vestmannaeyja og sjómannafélagið Jötunn létu sömu upphæð. Svo að alls yrði Ragnari veittar þrjátíu þúsund krónur úr þeim sjóði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þessir menn sátu fundinn:

Hjörtur Hermannsson, Einar Guðmundsson,
Eyjólfur Gíslason, Einar Ólafsson,
Elías Sveinsson, Friðrik Ásmundsson,
Hilmar Rósmundsson, Óskar Þórarinnsson
og Steingrímur Sigurðsson.

Hjörtur Hermannsson
vara formaður

Eyjólfur Gíslason
vararitari.

**Priðjudagskvöldið 30. desember kl. 21:30 1969
var boðað til stjórnar- og fulltrúaráðsfundar að Heiði.**

Tilfni fundarins var að leita álits manna um væntanlega hækkun á fiskverði, sem mun nú áætlað 15 % (prósent). Uppí þessa hækkun verði tekin 6 % af útvegsmönnum, en 9 % skal kaupandi greiða.

Ekki urðu menn sérlega ánægðir með þá fiskverðshækkun, töldu að fiskverðið gæti og ætti að vera mikið hærra, samanborið við nágrannalönd okkar og þær fisksölur sem íslensk skip hafa gert þar á þessu ári.

Menn urðu sammála um, að ekki væri farandi út í stórátök eða verkföll í þessu sambandi, bíða heldur og sjá hvað gerðist í þessum málum.

Þá var og nokkuð rabbað um væntanlegar fiskimatsreglur, sem Guðjón Pálsson sagðist hafa séð frumrit af í Reykjavík og gert við þær ýmsar athugasemdir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fundinn sátu eftirtaldir menn:

Guðjón Pálsson, Hjörtur Hermannsson,
Eyjólfur Gíslason, Einar Ólafsson,
Hilmar Rósmundsson, Magnús Grímsson,
Sigurður Gunnarsson og Steingrímur Sigurðsson.

Guðjón Pálsson formaður

Eyjólfur Gíslason
vararitari.

Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 4. janúar 1970 og hófst kl. 14:15 í félagsheimilinu við
Heiðarveg.

1. Formaður, Guðjón Pálsson, setti fundinn og bað vararitari að lesa upp síðustu fundargerð sem var samþykkt með smá athugasemd.
Því næst las hann upp tvær stuttar fulltrúaráðsfundargerðir.

2. Formaður tók til máls og sagði að boðað hefði verið til þessa fundar til að fá samþykkt fyrir þeirri 15 % (prósent) fiskverðshækkun, sem Verðlagsráð hefði nú tilkynnt.
Las þar næst upp þær bætur, sem veita mun á væntanlegum samningum.
Fæðispeningar muni nú verða vísitölutryggðir eftir því sem ráðherra hefði lofað. Vísast til fylgibréfa því tilheyrandi.

Sigurður Gunnarsson tók til máls og fannst þessir samningar vera nokkuð losaralegir. Að ekki væru sundurliðaðar fisktegundir og verðlag þeirra, væri því erfitt að átta sig á þessum uppbótum.

Guðjón Pálsson svaraði að í Verðlagsráði gátu þeir ekki gefið skýr svör um verðlagsflokkunina.

Hilmar Rósmundsson taldi að við gætum lent á hálum ís, ef samningarnir yrðu felldir hér. Gætum jafnvel lent í sama og árið 1961 að standa einir í verkfalli.

Hilmari fannst fiskverðið of lágt, en við því myndum við ekki fá hönd við reist, þess valdandi væru söluhringarnir, svo sem Cold Water og fleiri.

Nú myndi lifrarverðið hækka allt að 50 %, svo að fiskurinn yrði fiskkaupendum lítið eða ekki dýrari en í fyrra, allt fyrir þessa 15 % hækkun.

Að þessu athuguðu ásamt fleiru, bæri því að mótmæla fiskverðinu.

Örn Friðgeirsson lýsti því yfir að hann væri í algerrri óvissu um hvernig greiða ætti atkvæði gagnvart þessum samningum og fiskverðinu.

Sigurður Gunnarsson sagði að þau plögg, sem hingað væru send, væru mjög oft, afar ófullkomin svo að varla væri hægt að átta sig á þeim og væri hann mjög óánægður með þannig löguð vinnubrögð.

Guðjón Pálsson var Sigurði sammála og tók til dæmis í því sambandi, hinar væntanlegu fiskimatsreglur og ef að bókstaflega ætti að fara eftir þeim, væri ekkert fiskhús, svo fullkomið hús að það gæti tekið á móti fiski.

Jón Pálsson Bondó bað um orðið og sagðist ekki vita um hvað ætti að greiða atkvæði gagnvart samningunum þar sem nú þegar væri búið að ákveða fiskverðið og þar engu hægt að breyta þar, til hins betra.

Mikið var svo rabbað um samningana og fiskverðið og gáfu þar margir orð í.

Að þessu rabbi loknu var lögð fram svohljóðandi skrifleg tillaga.

"Fjölmennur fundur í S.s. Verðanda, sunnudaginn 4. janúar 1970 samþykkir að taka ekki afstöðu til fiskverðs og samninga fyrr en fyllri upplýsingar liggja fyrir um raunverulegt fiskverð svo og ferskfiskmat."

Tillagan var samþykkt einróma.

3. Var þá tekið gott kaffihlé og önnuðust Skátar kaffiveitingar.

4. Að lokinni kaffidrykkju tók formaður Guðjón Pálsson til umræðu, miðlunartillögu frá Fiskifélagi Íslands, um skiptingu veiðisvæða fyrir Suður- og Suðvesturlandi.

Taldi hann að Faxaflóamiðin þyrftum við varla að hafa afskipti að, því þau læu það fjarri okkur.

En harðastir með, að fá sérúthlutuð og afmörkuð veiðisvæði væru útvegsmannafélög Suðurlands. En það eru og þeir tilheyra útgerðarplássunum Grindavík, Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn.

Las Guðjón upp bréf þessu tilheyrandi.

Þá sagði hann frá að nokkur áberandi fiskiskipsstjórar myndu sækja um leyfi til notkunar með spærlingstroll, strax og loðnuveiðum væri lokið.

Hjörtur Hermannsson tók til máls og sagði að hann hefði lýst því yfir fyrir hönd þessa félags, að því væri algjörlega mótfallið skiptingu veiðisvæða. En nú myndi ekki hægt að komast hjá því að taka einhverja ákvörðun í þessu máli.

Guðjón Pálsson taldi réttast að Fiskifélaginu yrði skrifað og okkar máli skýrð fyrir þeim.

Varð sú ákvörðun tekin og stjórninni falið að sjá um framkvæmd í málinu.

5. Formaður tók því næst til umræðu fjárhag félagsins og sagði að ef félagið ætti að starfa áfram væri óhugsandi annað en að hækka félagsgjöldin. Tók hann til samanburðar skipstjóra og stýrimannafélög, sem væru með helmingi og 2/3 hærri félagsgjöld en S.s. Verðandi.

Að ræðu hans lokinni var lögð fram svohljóðandi skrifleg tillaga frá stjórn félagsins.

Stjórnartillaga.

“Félagsgjöld hækki í 1500,00 kr, styrktarmeðlimir 400,00 kr. sem skiptist þannig, að af verði tekinn innheimtukostnaður 5 %, styrktarsjóður 20 %

Afgangur 1/3 í hússjóð. 2/3 í félagssjóð.”

Tillagan var samþykkt einróma.

6. Sigurður Gunnarsson tók þar næst til máls og sagði að á síðastliðnu vori hefði einum af okkar félögum, sem varð fyrir þungu veikindaáfalli af slysn, verði veittur 10 þúsund kr. styrkur frá félaginu, en til þess hefði orðið að lána þá upphæð hjá styrktarsjóði.

Ætlast hefði verið til að félagsmenn legðu þetta fé fram með góðum og fórnfúsum huga.

Ekki hefði ennþá orðið af, að gera þá rukkun og vantaði nú 6 þúsund krónur uppi þetta lán.

Ætlaðist hann til að fundarmenn bættu þennan halla að einhverju leiti og legðu fram eitt til tvö hundruð krónur.

Urðu margir fundarmenn móts við þeirri beiðni.

Tók gjaldkeri við því framlagi og skrifaði nöfn gefanda og upphæð.

4. Stjórninni var falið að skrifa Verðlagsráði harðorð mótmæli tilheyrandi fiskverðsins og samningana.

Fleira ekki tekið fyrir, og fundi slitið kl. 16:30.

47 félagar sátu fundinn.

Guðjón Pálsson formaður

Eyjólfur Gíslason
vararitari.

Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi
var haldinn sunnudaginn 11. janúar 1970 og hófst kl. 14:15 í
félagsheimilinu við Heiðarveg.

1. Formaður, Guðjón Pálsson, setti fundinn.
2. Ritari las fundargerð síðasta fundar. Eftir að lagfært hafði verið ritvilla, var fundargerðin borin undir atkvæði.

Samþykkt einróma.

3. Formaður minntist 4 félagsmanna sem látist hafa á síðastliðnu ári, þeirra
Ársæls Sveinssonar, Fögrubrekku
Ólafs Sigurðssonar, frá Skuld
Runólfs Jóhannssonar, skipskoðunarmanns, ritara félagsins um árabil og heiðursfélagi þess
og Auðuns Oddssonar, frá Sólheimum.

Fundarmenn risu úr sætum í virðingarskini við hina látnu.

Formaður minntist helstu mála, úr starfi félagsins á síðastliðnu ári og bar þar helst að nefna lífeyrissjóðinn, sem nú væri að mestu komið í höfn og ætti Hjörtur Hermannsson þar drýgstan þátt í af hálfu félagsins. Sjúkrasjóðsnefnd hefði einnig orðið vel ágengt. 33 nýir félagar gengu í félagið síðastliðið ár. 8 fundir voru haldnir og 9 fundir stjórnar og fulltrúaráðs.

Formaður las þakkarbréf frá Oddnýu Guðjónsdóttur fyrir veitingar úr styrktarsjóðnum.

4. Hannes Haraldsson varagjaldkeri las reikninga félagsins í fjarveru Einars Guðmundssonar gjaldkera.

Niðurstöðutölur félagssjóðs:

Tekjur: 154.015,39
Gjöld: 172.041,05
Mism.: 17.925,66
Eign: 107.402,77

Sigurður Gunnarsson gerði fyrirspurn hvort F.F.S.Í. hefði greitt þingfarakaup.

Upplýst var, að svo hefði verið gert.

Fleiri fyrirspurnir voru ekki og bar formaður reikningana undir samþykki.

Samþykktir einróma.

Varagjaldkeri las reikninga styrktarsjóðs.

1/1 1970 Eign sjóðsins nam	kr. 286.885,38
úthlutað var	kr. 33.500.-
Áheit og gjafir félagsmanna	kr. 1500.-

Umræður urðu ekki um reikningana

Samþykktir einróma.

Hússjóður

Eign: 103.649,30
Skuld: 35.373,71

Samþykkt einróma

Þá las varagjaldkeri reikninga skemmtinefndar yfir árhátíð Verðanda 1969.

Í sjóði er nú kr.

Halli í afmæli kr.

Samþykkt einróma

Mönnum fannst mikið til um okur í sambandi við afmælishald og formaður sagði að ekki sæist framúr, ef mikill halli yrði á afmælum og myndi það rætt síðar á fundinum.

Guðjón Pálsson, gjaldkeri sjúkrasjóðs, las reikninga sjóðsins, en sagði fyrst frá aðdraganda og stofnun sjóðsins, Guðjón flutti sögu sjóðsins all ýtarlega, en það dróst nokkur ár að stofna sjóðinn og komast af stað, en nú er rukkun alveg að komast í höfn og fyrsti styrkur var veittur Ragnari Runólfssyni nú fyrir jól, kr. 13.000,00. Var hann frá vinnu að mestu síðastliðið ár og mun hafa meiðst fyrir 2-3 árum, við setningu kappróðrabátanna.

Las fundargerð stjórnar sjúkrasjóðs er þessi fyrsta úthlutun fór fram.

Guðjón sagði skemmtilega frá og komst víða hnyttilega að orði og höfðu menn gaman af.

Helstu tölur reikninganna eru:

Innkomnir peningar m/vöxtum	333.184,00
Peninga eign nemur	286.296,00
Styrkveiting	13.000,00

Ekki urðu umræður um reikningana en Hilmar Rósmundsson kvaddi sér hljóðs og taldi vel snyrtilega að unnið og þakkaði mjög vel unnin störf. Formaður tók í sama streng og þakkaði þeim mönnum, sem að hafa unnið og bar reikninga sjúkrasjóðs undir atkvæði.

Samþykktir einróma.

5. Formaður sagði, að þá yrði gengið til stjórnarkjörs og bað menn tilnefna menn í formannssætið, og upplýsti er stungið var uppá sömu mönnum, að Hjörtur Hermannsson varaformaður gæfi ekki gefið kost á sér, þar sem slíkt mundi ólöglegt og samræmdist ekki, en Hjörtur hefur nýlega gerst verkstjóri í einni fiskvinnslustöðinni. Guðjón þakkaði Hirti vel unnin störf sem varaformaður síðasta ár, en formannsstörf hefðu mjög lent á honum í fjarveru sinni.

Tilnefndir í formannssæti voru:

Guðjón Pálsson
Jóhannes Kristinsson
Bogi Finnbogason, baðst undan kjöri
Þórður Rafn Sigurðsson
Friðrik Ásmundsson
Stefán Friðriksson

(Tvö nöfn voru skrifuð á hvern kjörmiða, þar sem Guðjón hafði verið kosinn formaður með lófaklappi, en ekki var búið að koma fram skýringum að Hjörtur gæti ekki tekið kjöri.)

Atkvæði féllu þannig:

Formaður: Guðjón Pálsson	28 atkv.
Varaformaður.: Friðrik Ásmundsson	15 atkv.

Jóhannes Kristinsson	fékk	2 atkv.
Þórður Rafn Sigurðsson	fékk	5 atkv.
Stefán Friðriksson	fékk	3 atkv.
Hafsteinn Stefánsson	fékk	5 atkv.

en var ekki í kjöri

Ritarar voru endurkjörnir með lófaklappi.

Ritari: Gísli Eyjólfsson
Vararitari: Eyjólfur Gíslason

Gjaldkerar, endurkjörnir með lófaklappi.

Gjaldkeri Einar Guðmundsson
Varagjaldkeri Hannes Haraldsson

Endurskoðendur, endurkosnir.

Stefán S. Stefánsson
Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu)
Til vara: Haukur Jóhannsson

Sjómannadagsráð

Formaður sagði frá fundi sjómannafélaganna hér, þar sem það var rætt, að endurskoðaðir reikningar Sjómannadagsráðs lægju fyrir aðalfundum félaganna ár hvert.

Formaður taldi, að hér mundi vera stærsti sjóðurinn, utan Reykjavíkur og nú yrði að fara að ákveða hvort hér skyldi ráðist í byggingu dvalarheimilis er byggingum lyki í Laugarásnum í Reykjavík. Styrkur til slíkrar byggingar myndi nema 80 % af byggingarkostnaði.

Formaður sagði þetta verkefni þess Sjómannadagsráðs sem nú yrði kosið, en úr því áttu að ganga samkvæmt reglunni:

Erlingur Pétursson og Stefán Friðriksson

Sjómannadagsráð skipa nú:

Óskar Þórarinnsson (formaður)
Þórður Rafn Sigurðsson, Guðmundur Guðfinnsson,
Jóhannes Kristinsson, Hallgrímur Garðarsson
Til vara: Árni Óli Ólafsson
Logi Snædal Jónsson
Andrés Þórarinnsson

Björgunaræfinganefnd

Nokkurar umræður urðu um nefndina og var ákveðið að bæta einum manni í nefndina. Hún endurkosin að öðru leiti.

Kristinn Sigurðsson
Einar Sveinn Jóhannesson, Kristinn Pálsson
og Hafsteinn Stefánsson, sem bætist við.

Fánaberar:

Ágúst Bergsson og Einar Ólafsson
Endurkosnir með lófaklappi.

Skemmtinefnd

Formaður taldi að það þyrfti að athuga hvort halda skyldi áfram að halda afmæli árlega, vegna hins mikla og vaxandi kostnaðar eða hafa til dæmis annað eða jafnvel fimmta hvert ár, árshátíð. Reikna mætti með tapi, þrátt fyrir fullt hús og þá yrði að vera á hreinu hvar ætti að taka það.

Hafsteinn Stefánsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði skemmtilegan aðalfund og skilmerkilega og vel flutta reikninga félagsins.

Hafsteinn ræddi síðan um afmælishald og sérstaklega hvort þau 11 félög, sem hann mundi eftir í fljótu bragði að héldu afmæli, gætu ekki tekið sig saman og reynt að fá lækkun til dæmis á húsaleigu og fleira þá ræddi Hafsteinn einnig um að of mikið væri gert af því að fá skemmtikrafta úr Reykjavík en gengið fram hjá félögum hér, sem væru að berjast í að halda uppi menningarstarfi.

Það heyrðist á ýmsum fundarmönnum að þeir vildu ekki hætta að hafa árshátíð.

Gísli Eyjólfsson taldi, að rétt mundi að skemmtinefndin athugaði allar aðstæður og gerði kostnaðaráætlun sem lögð yrði fyrir fund er þar að kæmi og fundur skæri þá úr hvað gera skuli. Benti á að áður fyrr hefði alltaf þurft fundarsamþykktir fyrir afmælishaldi.

Formaður bað fundarmenn og tilkynnti jafnframt að Helgi Bergvinsson, Einar Guðmundsson og Hannes Haraldsson, sem verið hefðu lengi í nefndinni, bæðust eindregið undan endurkosningu.

Skemmtinefnd:

Hjörtur Hermannsson (formaður)

Jóhannes Kristinsson, Sigurður Elíasson (endurkosinn), Friðrik Már Sigurðsson, Sigbór Sigurðsson (endurkosinn)

Til vara:

Sigfús Guðmundsson, Angantýr Elíasson
(báðir endurkosnir)

Fulltrúaráð.

Úr því gekk Jón Guðmundsson og Friðrik Ásmundsson úr vararáði en hann er nú varaformaður

Kosnir voru:

Magnús Grímsson	Óskar Þórarinsson
Sigurður Gunnarsson	Hilmar Rósmundsson
Steingrímur Sigurðsson	Einar Ólafsson

Til vara:

Guðjón Ólafsson	Elías Sveinsson
Sigfús Guðmundsson	Þorsteinn Gíslason
Bogi Finnbogason	Örn Friðgeirsson

Húsnefnd: endurkosin.

Jón Guðmundsson (formaður)
Einar Guðmundsson (gjaldkeri)
Friðrik Ásmundsson (ritari)

Til vara: Angantýr Elíasson og Guðni Grímsson

Styrkveitinganefnd.

Nefnd endurkosin og í stað Ólafs heitins Sigurðssonar, sem átti sæti í nefndinni um árabíl, var kosinn Einar Guðmundsson.

Styrkveitinganefnd skipa:

Sigfús Guðmundsson
Kristinn Pálsson, Einar Guðmundsson

Sjúkrasjóðsnefnd: endurkosin.

Í stjórn sjúkrasjóðs:

Guðjón Pétursson
Sigurður Gunnarsson

Til vara: Gísli Einarsson

Endurskoðandi: Ágúst Bergsson

Gæslunefnd.

Óskar Ólafsson, sem verið hefur formaður nefndarinnar um árabíl, gekk nú úr henni sökum sjúkleika. Bogi Finnbogason kosinn formaður og Elías Sveinsson bætist í nefndina. Endurkosin að öðru leyti.

Gæslunefnd:

Bogi Finnbogason (formaður)
Elías Sveinsson Hilmar Rósmundsson
Emil Andersen Sigfús Guðmundsson
Sveinn Valdimarsson Sigurgeir Ólafsson
Friðrik Ásmundsson Örn Friðgeirsson

Veiðifæranefnd: endurkosin.

Sigurður Gunnarsson (formaður)
Hörður Jónsson, Kristinn Pálsson

Þar með lauk stjórnar- og nefndakosningu og gert hlé á fundarstörfum meðan drukkið var kaffi og með því.

6. Formaður ræddi um að kjósa nefnd, sem kæmi því í framkvæmd að ráðinn verði maður til að hafa eftirlit með fiskmati og framkvæmd þess og samþykkt var í félaginu í fyrra.

Formaður sagði að samþykkt mundi einnig fyrir hendi í hinum félögum um ráðningu manns til þess.

Hjörtur Hermannsson ræddi þetta mál og sagði að starfið yrði að vera sæmilega launað og í fyrra hefði verið talað um að launin yrðu tekin af óskiptu.

Formaður taldi að það mundi nema 1700 - 2000 kr. á bát.

Sigurður Gunnarsson sagðist samþykkur því að ráða mann til eftirlits. Taldi Fiskimálastjóra hafa komið í veg fyrir að af ráðningu manns yrði í fyrra.

Sigurður taldi að starfssvið þessa manns yrði að vera skýrt markað og ræddi það nokkuð og sagði fundurinn yrði að gera út um það, því það mundi forsenda þess að nokkur tæki starfið að sér, að starfssvið væri skýrt afmarkað.

Hannes Haraldsson taldi stærsta atriðið hvernig prufur væru teknar og vel væri með þær farið.

Formaður taldi mikilsvert að hafa aðhald að þeim, sem með fiskinn færu og taldi heppilegast að kjósa nefnd sem ræddi við hin félögin, sendi starfssvið og fleira

Tilnefndir voru:

Sigurður Gunnarsson
Guðjón Pálsson, Einar Ólafsson
Samþykkt einróma.

7. Skipting veiðisvæða.

Formaður sagði að mikill hávaði hefði orðið um þetta mál á fundi í Reykjavík í gær.

Formaður las afrit af bréfi sem sent var Fiskifélaginu. Formaður sagði að Fiskifélagið hefði sent málið frá sér óafgreitt og kæmi það nú til kasta ráðherra.

Formaður sagði að Fiskimálastjóri og fleira sem um málið fjölluðu væri samþykkir miðlunartillögu, en Suðurnesjamenn allt að Stokkseyri væri hatrammir á móti.

8. Formaður ræddi um fiskverðshækkunina og mætti segja að fiskur hækkaði um 15 %. Lúða hækkaði þó meira, þar sem stórlúða telst nú 10 kg. í stað 20 kg. áður. Ufsi hækkaði um 14,9 %, þorskverð yrði 7,26, ýsa 8,57. Kassafiskur hækkar um 33 aura, ýsa í kössum um 50 aura og hrogn hækka verulega.

Formaður sagði að fundurinn yrði að greiða atkvæði um lögin, sem sett voru á í fyrra. Ef þau yrðu samþykkt þá yrðu þau samningur og þar með lausari hendur um uppsögn.

Sigurður Gunnarsson var óánægður með framkvæmd málsins og taldi að Ingólfur Stefánsson væri orðinn þreyttur og vildi því fá þetta samþykkt. Sér hefði til dæmis fundist algjört lágmark að sambandið hefði upplýst hvaða kröfur hefðu verið gerðar.

Formaður sagði að hann hefði haft þær fréttir milli jóla og nýárs, að engar kröfur hefðu verið gerðar og yrðu ekki gerðar, ef þeim líkaði fiskverðið.

Formaður taldi hættulegt að fella fiskverðið, við gætum orðið einir á kaldri braut.

Hinsvegar gætum við, ef þetta væri samþykkt, sent um leið uppsögn á fiskverðinu fyrir 1. maí, og taldi það sjálfsagt að félagið gerði það. Það sýndi óánægju okkar, þó samþykkt yrði, og ætti að gefa þeim nógan umhugsunartíma.

Þetta fékk góðar undirtektir, en frekari umræður um fiskverð urðu ekki og var því gengið til atkvæða um fiskverðssamninga.

Já sögðu 13

Auðir voru 8

Ógildir 1

Nei sagði 1

Þeir félagsmenn sem hlut eiga í bát tóku ekki atkvæðaseðil.

Formaður bar upp hvort senda skyldi jafnframt uppsögn.

Samþykkt einróma.

9. Formaður bar upp tillögu frá síðasta fundi um hækkuð ársgjöld.

"Félagsgjöld hækka í 1500 kr., Styrktarmeðlimir 400 kr, sem skiptist þannig að af verði tekinn innheimtukostnaður 5 %, styrktarsjóður 20 %

Afgangur; 1/3 í hússjóð, 2/3 í félagssjóð."

Samþykkt einróma.

10. Jóhannes Kristinsson minntist á mál sem hann ræddi á fundi í fyrra, um rek gúmmíbáta, (159 fundur, 7. liður) og spurðist fyrir, hvað gert hefði verið í þessu máli.

Sigurður Gunnarsson skýrði frá samtali sem hann átti við formann Björgunarfélags Vestmannaeyja, Jón Sigurðsson lóðs, skömmu eftir að þessar umræður fóru fram. Kvaðst hafa skýrt Jóni frá þeim umræðum, sem hér fóru fram og taldi að Björgunarfélagið hefði tekið málið að sér, enda Jón haft góð orð um og Sigurður kvað sér kunnugt um að seint í sumar hafði Björgunarfélaginu borist tölur um rek gúmmíbáta.

Formaður lofaði að ýta á eftir þessu máli.

11. Fleira var ekki tekið fyrir. Formaður þakkaði það traust, sem sér væri sýnt með endurkosningu og sagði fundi slitið kl. 17:15.

29 félagar sátu fundinn

Gísli Eyjólfsson

ritari.

170. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 25. mars 1970 og hófst kl. 16:15 í Akógeshúsinu.

1. Formaður Guðjón Pálsson setti fundinn og sagði að boðað hefði verið til þessa fundar í tilefni þess að Jón Jónsson fiskifræðingur væri hér staddur á fiskileitarskipinu Hafþóri, sem lá nú í höfn sökum veðurs.

Væri Jón mættur hér til að segja okkur og sýna frá fiskifræðinnarvísindum og gaf Jóni þar með orðið.

2. Jón byrjaði á að hengja upp veggtjald og koma fyrir lítilli myndasýningarvél sem Hilmar Þór Hafsteinsson Stefánssonar stjórnaði. Hófst svo sýning á klaki og þorskaseiðum á fyrsta aldurskeiði. Sagði Jón að doktor Hermann Einarsson fiskifræðingur hefði gert þær rannsóknir og líkingamyndir sem hér væru sýndar. Lögð var til grundvallar talan 0 til 10 þúsund sem teknar væru og miðuðust við hálf tíma tog og þar til gerða vörpu.

Þessar rannsóknir hefðu verið gerðar 1932 sem hér væru sýndar, en þær fyrstu sem gerðar hefðu verið á þessum sviðum hefðu verið framkvæmdar 1928.

Kortið sýndi mjög mikið klak og uppeldisstöðvar víðsvegar við landið þó almest við suðvesturströndina og Faxaflóa, norður að Snæfellsnesi í aprílmánuði.

Mest var það frá Vestmannaeyjum um Selvogsbanka og allt norður á móts við Garðskaga.

Í júnímánuði fundust þorskaseiðin austur að Eystra horni, en þó lítið magn.

Í júlímánuði var þá mjög mikið magn af þorskaseiðum innum alla Breiðubugt, og alla firði og flóa, á Vestur, Norður og Austurlandi.

Jón sagði, að þegar hið nýja hafrannsóknarskip, Bjarni Sæmundsson kæmi, yrði það þess fyrsta rannsóknarefni að kanna þessar klak og uppeldisstöðvar okkar netjafiska, ásamt skipum frá Noregi, Bretum, Rússum og Þjóðverjum.

Þá ræddi Jón um fiskamerkingar. Að þær hefðu sýnt og sannað að á fyrstu uppeldisárnum sótti fiskurinn á sínar uppeldisstöðvar, þó væri það helst áberandi við Vestmannaeyjar. En eftir að fiskurinn yrði 3 ára, bæri minna á hans átthagatryggð.

Að ókynþroska fiskur héldi sig mest í kalda sjónum norðaustur af landinu, en þar væru vaxtarskilyrði hans hægfara og væri ekki nema 60 - 70 cm. að lengd er hann yrði kynþroska 4 til 12 ára gamall og afbrigði hefðu fengist 5 til 14 ára, kynþroska við sömu stærð.

Nákvæmt samband væri á milli vaxtarskilyrða fiskar og sjávarhita. Það sýndu glögglega, rannsóknir þar er byrjað var á 1948 og haldið áfram síðan.

Rannsóknir um þorskaklakið sem byrjað var á, árið 1928 hefði verið skipt í 5 ára tímabil og hefði þá komið í ljós að hver fiskur hefði þá skilað 5,15 % hrygningu fyrsta 5 ára tímabilið, en nú síðustu árin aðeins 1,3 % (prósent).

Þá sagði Jón að árgangurinn sem bætti hér uppá fiskiríið í fyrravetur, hefði verið frá árinu 1961 og komið hingað frá austur-Grænlandi.

Að árgangurinn 1964 sem aðalfiskiríið í fyrra hefði byggst á og myndi enn svo verða um næstu 2 - 3 árin, en varla veiðast hér þó eldri en 10 ára.

Þar næst sagði hann frá ofveiði fiskjar í Barentshafi og mjög bráðlega yrðu gerðar þar ráðstafanir til friðunar og minni fiskveiða, því að úr einni milljón veiðimagni yfir árið, væri það nú komið niður í 460 þúsund tonn. Reikna mætti því með, að einhverjar af þeim þjóðum, sem stundað hefðu þar veiðar, kæmu hingað á Íslandsmið. Til dæmis Rússar og mætti þá margur biðja guð að hjálpa sér.

Talið væri að Íslendingar veiddu 60 % af allri veiði hér í norður-Atlantshafi.

Þar með lauk Jón máli sínu, en bauð fundarmönnum að leggja fram fyrirspurnir til sín og athugasemdir.

3. Formaður Guðjón Pálsson þakkaði Jóni fyrirlesturinn og lagði fram svo hljóðandi spurningu. Hvaða áhrif það myndi hafa á bolfiskveiðar ef allur loðnuveiðiflotinn færi á spærlingsveiðar að lokinni loðnuvertíð?
4. Óskar Ólafsson spurði hvort gerðar væru sjóhitamælingar við suðurströndina? Og hvort loðnugangan nú og í fyrravetur hefðu verið rannsakaðar, göngu þeirra, hrygningu og fleira?
5. Hafsteinn Stefánsson spurði: Hvort ekki væri alröng aðferð að ausa svo upp loðnunni eins og nú væri gert? Og hvort væri hægt að hjálpa þorsk- og loðnuklakinu? Að vísu væri loðnan ekki nærri eins frjósöm og þorskurinn því væri æskilegast að geta hagnýtt hana alla til manneldis en ekki á þann hátt, sem nú væri gert.
6. Þessu svaraði fiskifræðingurinn með því að segja frá klaktilraunum við norður-Noreg. En ekki hefði en fengist raunhæfur árangur af því. Englingar (Englendingar) hefðu líka gert klaktilraunir með flatfisk, en það væri á byrjunarstigi. Spurningum Guðjóns og Óskars svaraði hann, að það væri órannsakað.
7. Hilmar Rósmundsson sagðist vera á öndverðum meiði við fiskifræðingana, því það hlyti að vera ofveiði á loðnunni, sem ekki lifði nema 3 ár og ekki myndi fiskur verða stöðugur þar sem ekkert æti væri fyrir. Þá vék Hilmar nokkrum orðum að þorsknótaveiðinni 1964, og hver áhrif sú mikla veiði myndi hafa á þorskveiðarnar í ár? Og hvort loðnugangan nú og í fyrra hefðu verið vísindalega rannsakaðar?
8. Jón Jónsson fiskifræðingur taldi að loðnuveiðin yrði sennilega athuguð mjög bráðlega, en fiskifræðingar hefðu ennþá ekkert lagt til þeirra mála, en þetta yrði að rannsaka vísindalega.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18. 31 félagi sátu fundinn.

Guðjón Pálsson formaður

Eyjólfur Gíslason
vararitari.

Fundur haldinn í stjórn og trúnaðarráði sunnudaginn 29. mars 1970 að Heiði.

Tilfnið var að ræða þær breytingar sem gera þarf á hinum nýstofnaða lífeyrissjóði vegna inngöngu annarra stéttar og fagfélaga í bænum í sjóðinn.

Formaður las og skýrði nokkuð reglugerð þá, sem gerð hafði verið og var aðeins um óverulegar breytingar að ræða frá fyrri reglugerð en aðalbreytingar voru, að sjóðnum skal skipt í deildir og eru þær þrjár eins og er 1. deild sjómanna og útvegsmanna 2. deild verkalýðsfélaganna og 3. deild iðnaðarmannafélaganna. Hver deild hefur sérstaka stjórn en síðan er ein yfirstjórn yfir öllum deildum.

Fundarmenn lýstu sig samþykka reglugerðinni og sáu ekki ástæðu til þess að gagnrýna hana á neinn hátt, enda hún unnin af sérfræðingi, sem án efa veit hvernig heppilegast er að ganga frá slíkum málum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Guðjón Pálsson formaður

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
að Heiði 2. júní 1970

Mættir eru:

Guðjón Pálsson formaður,	Gísli Eyjólfsson ritari,
Sigfús Guðmundsson,	Örn Friðgeirsson,
Guðjón Ólafsson,	Hilmar Rósmundsson,
Sigurður Gunnarsson,	Óskar Þórarinsson.

Rætt var: Löndunartakmarkanir bátaflotans í sumar, þannig að ekki sé landað frá fimmtudagskvöldi til mánudagsmorguns.

Samið var eftirfarandi bréf, sem senda skal sameiginlegri skrifstofu frystihúsanna:

"Vegna beiðni yðar um athugun á löndunartakmörkunum bátaflotans á yfirstandandi sumarvertíð, kom meirihluti trúnaðarráðs S.s. Verðandi saman í dag, til þess að ræða málið. Niðurstaða varð sú að að þetta mál væri mjög erfitt viðfangs, sér í lagi með tillit til lögboðinna helgarfría skipverja. Löndun aðeins fjóra daga í viku hlýtur að valda erfiðleikum og trúlega verulegu aflatjóni og yrði algerlega útilokað fyrir stærstu bátana. Einnig bendum við á að okkur finnst þetta alleinkennileg málaleitan, á sama tíma sem verulegur afli er tekinn af aðkomubátum, sem aðeins koma hingað þegar þeim best hentar.

Meðan svona er að málum staðið erum við ekki til viðræðu um löndunartakmarkanir á samningsbundnum heimaflota."

Efni bréfsins samþykkt einróma.

Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson (ritari)

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
að Heiði 1. ágúst 1970.

Mættir eru:

Guðjón Pálsson (formaður),	Gísli Eyjólfsson (ritari),
Hannes Haraldsson (varagjaldkeri),	Sigurður Gunnarsson,
Hilmar Rósmundsson,	Magnús Grímsson,
Einar Ólafsson,	Elías Sveinsson.

1. Rætt var um ufsaverð, en verðákvæði á ufsa, yfir 90 cm., hefur verið fellt niður. Þetta er mjög mikil kjaraskerðing, þar sem helmingur stórufsaveiði landsins er héðan samkvæmt skýrslum, er formaður lagði fram.

Mikil óánægja er meðal sjómanna útaf þessu máli.

Samþykkt var að leggja málið fyrir félagsfund á eftir, þar sem athugað yrði og lagt til, að kosin yrði nefnd, sem ynni að lagfæringu þessara mála.

2. Rætt var um byggingu dvalarheimilis aldraðra sjómanna hér í Eyjum.

Formaður sagði frá óformlegum viðræðum sínum við Pétur Sigurðsson um þetta mál og góðum undirteknum hans og Magnúsar Magnússonar bæjarstjóra og boð hans, að bærinn sjái um reksturinn ef álman verður byggð við sjúkrahúsið.

Fundarmenn voru allir samþykkir þessu máli og töldu sjálfsagt að reyna að koma því sem fyrst af stað.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið að loknum lestri fundargerðar.

Gísli Eyjólfsson

**171. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
laugardaginn 1. ágúst 1970 og hófst kl. 15:30 á Hótel H.B.**

1. Lesin fundargerð síðasta fundar

Samþykkt einróma.

2. Formaður skýrði frá aðaltilefni þessa fundar, sem var ufsaverðið og kvaðst hafa vonað, að fleiri mættu á fundinn, þar sem hér væri á ferðinni mál er alla varðaði og mikil óánægja væri útaf.

Ufsaverðið taldi formaður þannig til komið, að smáufsi sem til væri, en það væri mikið, skyldi seljast fyrst.

Formaður kvað þetta hafa dregist bæði vegna starfa sinna og þó hefði þar riðið bagga munin, að hann hafði beðið eftir samstarfi við Útvegsbændafélagið og talið að félögin ættu samleið í þessu máli.

Formaður tók skýrt fram að í þeim átökum sem framundan virtust væri ekki hægt að stöðva í nafni félagsins, en allt annað væri hægt.

Hilmar Rósmundsson sagði að á sama tíma og aðrar stéttir fengju 15 % launahækkun, fengju sjómenn 5 1/2 % og svo virtist sem ráðamenn ætluðust til að þar við yrði látið sitja, enda vissu þeir sem væri, að sjómenn vantaði alla samstöðu. Þeir skeggræddu á götum og gatnamótum, en lengra náði það ekki.

Við hefðu til dæmis átt að stoppa þegar fiskverðið var birt og kvaðst því samþykkur, að róa út á þetta.

Rafn Kristjánsson taldi að loforðið um 5 1/2 % hækkun færi að mestu ef ekki öllu leyti fram hjá Vestmannaeyjum, vegna lækkunar ufsans.

Formaður taldi að þó félagið eða í nafni þess væri lítið hægt að gera, þá gætu menn húað sig saman og kosið sér nefnd sem leitaði samstöðu með hinum félögunum í bænum og gætu þá menn beitt þeim ráðum er tiltækust þættu.

3. Að loknu kaffihléi ræddi formaður um byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða sjómenn hér og upplýsti í því sambandi að 40 % af ágóða D.A.S. ætti að renna til ágóða fyrir sjómannaheimili, utan Reykjavíkur.

Formaður kvaðst hafa rætt þetta við Pétur Sigurðsson í Reykjavík og hefði hann tekið mjög vel í þetta mál. Formaður kvaðst einnig hafa rætt þetta óformlega við bæjarstjóra og menn í öllum flokkum og allir tekið mjög vel í þetta mál.

Formaður kvaðst álíta að rétt væri að kjósa 2ja manna nefnd frá félaginu, sem kannaði málið, ásamt nefndarmönnum kosnum af hinum sjómannafélögunum.

Sigurður Gunnarsson kvað mikilsvert að fá svona mál og það sýndi líf í félaginu.

Kvaðst þessu mjög hlynntur og allar aðstæður virtust góðar og sýndist ekkert annað en reyna að hrinda þessu í framkvæmd.

Fleiri ræddu ekki þetta mál, en allir fundarmenn virtust þessu mjög fylgjandi.

Byggingarnefnd D.A.S.

Guðjón Pálsson

Friðrik Ásmundsson

Samþykkt einróma.

4. Formaður kvaðst vera með kveðju frá landhelgisnefnd og bað þá sem ættu taka hana til athugunar, en hinir létu vera. Hann hafði verið beðinn að benda mönnum á, að vaxandi landhelgisbrot í sumar væru vatn milli mótstöðumanna opnunar landhelginnar, og yrðu bátar teknir hér, gerði það þeim sem vinna að opnun, málið verra og erfiðara viðfangs.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið 26 félagar mættu.

Guðjón Pálsson, formaður

Gísli Eyjólfsson, ritari.

**172. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
þriðjudaginn 6. október 1970 og hófst kl. 17:15 á Hótel H.B.**

1. Fundargerð síðasta fundar lesin.

Samþykkt einróma.

2. Formaður bar upp inntökubeiðni 10 nýrra félaga, sem luku 1. stigsprófi síðastliðinn vetur, við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

Birgir Bernótusson	Kirkjuvegi 11
Björn Alfreðsson	Kirkjuvegi 53
Bragi Fannbergsson	Bakkastíg 29
Eiríkur Þorleifsson	Kirkjubæjarbraut 17
Gísli Valur Einarsson	Hásteinsvegi 30
Guðmundur M. Guðlaugsson	Hásteinsvegi 20
Kristján Adólfsson	Vestmannabraut 76
Halldór Almarsson	Illugagötu 11
Sigmar Þór Sveinbjörnsson	Faxastíg 47
Sigurður Magnússon	Hólagötu 7

Samþykkt einróma.

3. Formaður sagði frá bréfi frá F.F.S.Í. dagsett 23/9 1970 þar sem sagt er að stjórn sambandsins hafi rætt hvort ekki væri rétt að segja upp samningum. Yfirmenn á 17 togurum hafa bréflaga óskað eftir því að samningum þeirra verði sagt upp.

Þá hefur verið ákveðið að boða til ráðstefnu allra fiskimannafélaga eða fulltrúum þeirra, 10. október, kl. 14:00, í húsi F.F.S.Í.

Formaður taldi að á þessari ráðstefnu yrði samþykkt, að enginn færi á sjó fyrr en fiskverð lægi fyrir og viðkomandi ráðamönnum komið í skilning um að nú væri mælirinn fullur. Samningum yrði sagt upp til þess að geta betur fylgt eftir hækkuðu fiskverði, en miklar eða mikilvægar breytingar lægju ekki fyrir, eins og væri. Það fundarmenn ræða þetta mál rækilega.

Fundarmenn voru tregir til ræðuhalda þrátt fyrir áeggjanir formanns.

Hilmar Rósmundsson kvaðst hissa á launþegum að ræða ekki samning. Það væri erfitt fyrir menn sem stæðu báðu megin og því mundi hann ekki ræða samninga, en fiskverð gæti hann rætt. Hilmar sagðist vilja leggja niður Verðlagsráð, því það væri orðin stofnun þar sem einn maður gæti sagt hluti, sem síðan væru lög. Hann kvaðst aldrei vilja fara á sjó fyrr en fiskverð lægi fyrir og hann vissi hvað hann hefði í kaup.

Hafsteinn Stefánsson taldi að hlutaskiptaprósentan væri það há, að hæpið væri að ná henni hærra. En það væri ýmislegt annað sem þyrfti lagfæringar til dæmis að fá fiskverð vísitölutryggt. Fæðispeningar ættu ekki að teljast tekjur og benti Hafsteinn á, að aðrar stéttir sem væru fjarri heimilum sínum hefðu frítt fæði og fjarvistarpeninga og ýmis önnur hlunnindi.

Líta ætti á sjómennsku sem fag, því það vissu allir, að enginn yrði sjómaður um leið og hann stigi um borð í skip.

Hermann Pálsson ræddi um fiskmatið og sjá yrði til þess að það gæti ekki dregið niður fiskverð.

Friðrik Ásmundsson taldi það loðið að segja upp samningum og hvort ekki væri rétt að kallaður yrði saman fundur allra sjómanna hér, þar sem rætt yrði og reynd samstaða um, að hefja ekki róðra fyrr en fiskverð liggur fyrir. Spurði hvort F.F.S.Í. hefði ekki lagt eitthvað til þessa máls.

Friðrik kvaðst sammála Hafsteini um fæðispeningana.

Formaður svaraði og sagði það lög, að fæðispeningar teldust tekjur.

Leynileg atkvæðagreiðsla fór fram um, hvort segja ætti upp samningum.

Já sögðu 27

Nei sögðu 0

Aðrir seðlar 5

3 menn neyttu ekki atkvæðis og tóku ekki miða.

Uppsögn samninga því samþykkt.

Jón Pálsson ræddi um netjafjölda og bar fram skriflega tillögu:

"Fundur haldinn í Verðandi 6/10 1970, samþykkir að fari netafjöldi fram úr þeim fjölda sem ákveðinn er með reglugerð frá Alþingi, kalli það fram hækkaða skiptaprósentu, sem síðan verði ákveðnar með samningum."

Samþykkt með 12 atkvæðum.

1 á móti.

Munnleg tillaga kom fram um að vinna að því að sjómenn fái frítt fæði.

Samþykkt einróma.

4. Formaður bað Hafstein Stefánsson skýra frá starfi við eftirlit með fiskmati síðastliðinn vetur. Hafsteinn Stefánsson sagði að starfið hefði verið illa byggt upp og árangur því kannski minni en skyldi og hefði verið friðsamlegt spjall við matsmann um það hvað honum þótti betur fara.

Starfsreglur voru samdar og aflað gagna. Starfið í því fólgið að fylgjast með hvernig málið fór fram. Hafsteinn fann að umgengni með prufum, sem var dálítið ábótavant, en var strax lagað og taldist í sæmilegu lagi eftir það.

Hafsteinn kvað niðurstöður sínar um málið og matsmenn þar, að matsmennirnir, sem væri heiðarlegustu menn, réðu ekki við þetta. Prufurnar væru teknar í hendur þeirra af starfsmönnum fyrirtækjanna, en þessu þyrfti að breyta og skapa matsmönnum aðstöðu til að prufur væru teknar á einum stað, þar sem þeir hefðu yfirsýn þar um allt matið á einum stað, sem sagt matsstöð.

Hafsteinn sagði að lokum að hann hefði sneitt hjá þvargi en reynt að koma fram málum með hæð og lagni.

Formaður þakkaði Hafsteini gott starf og ræddi um að hér þyrfti að berjast fyrir matsstöð og taldi það mundi okkur ekki erfiðara en í Reykjavík, þar sem allt mat fer fram á einum stað.

Hilmar Rósmundsson þakkaði Hafsteini gott starf, sem borið hefði góðan árangur og veitt aðhald. Lýsti sig samþykkan matsstöð.

Miklar umræður voru um ýmsar hliðar fiskmats og framkvæmd þess, þar sem sagt var meðal annars að yfirfiskimatsmaðurinn hér hefði 14 stöður og gagnrýnt var að matsmenn hefðu kr. 15 fyrir hverja smálest í stærðarmun og fleira

Þátt í umræðum tóku Ólafur Kristinsson, Hermann Pálsson, Jóhannes Kristinsson, Jón Pálsson, Friðrik Ásmundsson og Hafsteinn Stefánsson sem svaraði ýmiskonar spurningum og gaf skýringar. Einnig sagði Hafsteinn frá því að hann vildi fá nótur, af hverju fiskur er metinn niður, en það fékkst ekki.

Guðjón Pétursson taldi að stýrimenn ættu að koma oftar að matinu og fylgjast með prufunum.

Jón Pálsson taldi það oft erfitt. Benti á, að krefjast yrði að vanir flakarar flökuðu prufurnar, því óvaningar tættu oft fisk sundur.

Formaður bar upp tillögu frá stjórninni á meðan á umræðum stóð og talað var um að kynna hinum félögum efni hennar, svo félögin gætu þá öll sameinast um efni hennar.

"Fundur S.s. Verðandi 6/10 1970 gerir kröfur til stöðvareigenda, að ferskfiskmat fari fram á komandi vertíð á einum og sama stað, fyrir alla aðila."

5. Formaður ræddi um árs hátíð og vísaði til umræðna á síðasta aðalfundi, en allur kostnaður hefur hækkað um helming.

Formaður sagði, að Hjörtur Hermannsson, formaður skemmtinefndar væri búinn að koma því til leiðar, að við ráðum hljómsveit og nú væri það fundarins að segja til um hvort halda skuli árs hátíð. Bað Hjörtur segja betur frá bréfi, sem sent var hússtjórn samkomuhússins, fengið það í gegn að við getum valið hljómsveit og mun það einnig gilda um sjómanna daginn. Hjörtur kvað völ á húsinu 1. eða 2. helgi í nóvember.

Skýrði frá lauslegum athugunum með hljómsveit til dæmis tríó sem var á Þjóðhátíðinni og fleira

Formaður þakkaði Hirti og bar undir samþykki fundarmann hvort halda skildi árs hátíð
Samþykkt einróma.

Hjörtur bar þá undir fundarmenn, hvort hafa ætti smurt brauð, eða mat, sem yrði talsvert dýrara.

Fundarmenn voru sammála um að hafa mat því menn þurfa að hafa góða undirstöðu undir nóttina, eins og Hermann Pálsson benti réttilega á.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 19:30.

35 félagar sátu fundinn.

Guðjón Pálsson formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

**173. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
mánudaginn 21/12 1970 og hófst kl. 20:30 á Hótel H.B.**

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
2. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Harald Benediktsson Höfðavegi 29.
Samþykktur einróma.
3. Formaður kvað það aðalverkefni þessa fundar að kjósa samninganefnd.
Formaður sagði að eftir fréttum, sem hann hefði eftir samtöl við Reykjavík, væri boðið 20 % fiskverðshækkun, gegn því að allt væri klárt gagnvart sjómannafélögunum og ekkert stopp yrði.
Í samninganefnd voru tilnefndir 8 menn og fór kosning fram skriflega og kaus hver fundarmaður 3 menn.

Tilnefndir voru:

Friðrik Ásmundsson	fékk 9 atkvæði
Óskar Þórarinsson	fékk 27 atkvæði
Stefán Friðriksson	fékk 7 atkvæði
Kristján Óskarsson	fékk 15 atkvæði
Jón Pálsson	fékk 16 atkvæði
Þórður Rafn Sigurðsson	fékk 8 atkvæði
Kristinn Sigurðsson	fékk 11 atkvæði
Jón Valgarð Guðjónsson	fékk 16 atkvæði

Einnig fengu Hafsteinn Stefánsson 1 atkvæði og Sigurjón Óskarsson 1 atkvæði.

Samninganefnd skipa því:

Óskar Þórarinsson

Jón Pálsson og Jón Valgarð Guðjónsson

Til vara:

Kristján Óskarsson og Kristinn Sigurðsson

4. Formaður ræddi um heimild handa stjórn og fulltrúaráði til að boða verkfall.
Sagði, að til væri heimild í lögum um, en finndist betra að hafa þetta frá fundi. Verkfall skellur á 7 dögum eftir að það er boðað.
Stefán Stefánsson benti á að samþykki fundar um boðun verkfalls væri ólögleg, og minnti á, að á það hefði reynt í félaginu fyrir fáum árum.
Formaður kvað það rétt, en betra væri fyrir stjórn og fulltrúaráð að heyra andann í fundarmönnum og vita þannig vilja félagsmanna.
Sigurður Gunnarsson taldi það rétt að farið og það formann skýra fyrir fundarmönnum hvað hefði verið gert og hverjar kröfurnar væru, svo fundarmenn gætu betur áttað sig á hvað þeir vildu og hvað menn sættu sig við.

Eftir kaffihlé tók formaður til máls og saði frá er kröfur voru samdar, en formaður var staddur í Reykjavík í tæplega mánaðartíma og var þá með annan fótinn í samningagerð þessari.

1. Fast kaup hækki í kr. 1500 og allir frítt fæði.
2. Skiptaprósenta hækki sem því nemur er lög nr. 79/1928 rýra kjör yfirmanna.
3. Kauptrygging hækki um 35 % þó sé kauphækkunaraldur lægri en sem nemur 1 1/3 kauptryggingu háseta, fyrir skipstjóra og I. stýrimann, og 1 1/4 kauptryggingu háseta, fyrir II. stýrimann.

Þá eru breytt tryggingartímabil, ákvæði um vinnu stýrimanns milli veiðitímabila verði samræmd. Ný ákvæði komi til varðandi líf- og örorkutryggingu.

"Greiðsla í sjúkra- og styrktasjóð 1 % af kauptryggingu, auk þess skal greiða 0,25 % af kauptryggingu í orlofsheimilásjóð."

Breytingar varðandi uppgjör, ákvæði um gæða og stærðarmat þegar ferskum fiski er landað í innlendri höfn. Fæðispeningar verði kr. 150,00 pr. dag. Ákvæði um greiðslu á umframhlut 1/2 mánaðarlega þegar hlutur er orðinn meiri en nemur kauptryggingu allt tyggingartímabilið. Orlof sem útgerðarmaður annist, yfirmönnum að kostnaðarlausu til og frá skipi, þegar skip hefur verið þrjá mánuði eða lengur að veiðum á fjarlægum miðum.

Alls eru kröfurnar í 16 liðum.

Formaður las kröfugerðina og skýrði ýmsa liði hennar.

Hilmar Rósmundsson sagði að margt í kröfunum ætti rétt á sér, en sér virtist þetta hafa verið búið til í fljótheitum. Harmaði að ekki skyldi barist fyrir skattfríðindum, því það væru raunverulega einu kjarabæturnar og benti á að af hinum svokölluðu hátekjum sem væru þó raunverulega lágar, væri tekið 30 % í hátekjuskatt, 30 % í bæ og 40 % hefur þá maðurinn.

Hilmar kvaðst hissa á 20 % kaupverðshækkun og vildi að félagið mótmælti því.

Lágmarkskrafa væri að hafa sama fiskverð og er í Færeyjum og ekkert minna.

Hilmar sagði að sér finndist að allir ættu að hafa sömu kauptryggingu. Hún væri neyðarbrauð sem aðeins ætti að tryggja mönnum brýnustu nauðsynjar til heimila sinna, en há kauptrygging væri stórhættuleg.

Jón Pálsson lýsti sig sammála Hilmar og kvaðst álíta að krefjast bæri stórhækkaðs fiskverðs.

Virtist það fá góðar undirtektir fundarmanna, þó fleiri ræddu það ekki formlega.

Friðrik Ásmundsson gerði fyrirspurn um skattfríðindi og hvernig koma ætti þeim á framfæri.

Hilmar Rósmundsson taldi, að þar sem ríkisvaldið væri alltaf að grípa inn í kjaradeilur, væri leikur að gera kröfur um skattfríðindi og það væru bestu kjarabæturnar sem við gætum fengið. Hækkuð laun og allt það fengi hjólið til að snúast svo allt lenti í sama farinu.

Las grein úr Eyjablaðinu, sem tekin var úr Þjóðviljanum, þar sem rædd voru laun sjómanna og vinna þeirra reiknuð í tímavinnu.

Formaður bar upp hvort fundurinn vildi fela stjórn og fulltrúaráði heimild til vinnustöðvunar, ef stjórn félagsins telur ástæða til.

Verfallsverðir:

Kristján Óskarsson

Bogi Finnbogason, Hilmar Rósmundsson

Kosnir einróma.

5. Formaður bar tillögu frá Guðjóni Pálssyni og Friðrik Ásmundssyni.

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi á Hótel H.B., 21. desember 1970, samþykkir að veita tillögumönnum þessarar tillögu heimild til þess, í nafni S.s. Verðandi, að láta gera brjóstmynd af Benóný Friðrikssyni skipstjóra, í virðingarskyni.

Fundurinn samþykkti ennfremur að veita tillögumönnum heimild til fjáröflunar í þessu skyni í nafni félagsins, þannig að sjóðir félagsins verði ekki skertir í þessu sambandi.

Fundurinn samþykkti að láta stjórn félagsins, ásamt Benóný Friðrikssyni velja myndinni stað." Samþykkt einróma.

Formaður, Guðjón Pálsson, sagði að kostnaður við slíka mynd í gips mundi nema 60 þúsund krónur. Að steypa myndina mundi kosta 4 - 4500 norskar krónur, heildarkostnaður yrði cirka 110 - 115 þús kr.

Formaður kvað hugmyndina, ef af þessu yrði þ.e.a.s. ef Benóný samþykkti þetta, að gefa mönnum utan Verðanda kost á þátttöku og einnig að leita stuðnings ýmissa félaga.

Stefáni Stefánssyni fannst lélegt, ef við gætum ekki gert þetta einir.

6. Formaður ræddi um dvalarheimilið og sagði frá samtölum sínum við Pétur Sigurðsson um það mál. Pétri leist vel á að hafa það í álmu við sjúkrahúsið en af henni er til útlitsteikning og sérstaklega leist honum vel á reksturinn, sem er mjög erfiður á svona heimilum, en eins og áður hefur komið fram hefur bæjarstjóri lofað að bærinn sjái um reksturinn, ef byggt verður við sjúkrahúsið. Þá er héraðslæknirinn með í málinu og mjög liðtækur.

Þá upplýsti formaður að ef sjúkradeild er í heimilinu, greiðir Tryggingastofnun ríkisins byggingarkostnað hennar að hluta.

7. Formaður upplýsti að sú breyting væri í vændum að m/s Herjólfur yrði gerður út héðan og mundu þá allir yfirmenn hans hætta, svo farmenn hér ættu að fá starf við sitt hæfi.

8. Formaður sagði að lítið hefði verið gert í fiskmatsmálum, þó hefði verið rætt lítillaga við útvegsbændur og væru því líklegir til samstarfs.

9. Rætt var um orlofsheimilasjóð og hús það sem F.F.S.Í. á við Laugarvatn og hvort Verðandafélagar gætu fengið að nota það, sem formaður taldi líklegt, ef sótt væri um það í tíma.

10. Formaður ræddi um Sjómannastofuna og sagði frá ráðstefnu, sem haldin var um rekstur hennar, en formenn sjómannafélaganna voru boðaðir til ráðstefunnar, þar sem fjárhagsafkoman var rædd.

Fjárhagur er þröngur og á stofan engin tæki, til dæmis er sjónvarpið í einkaeign og ber forstöðumaður tæki sitt á milli. Húsgögn sagðist formaður hafa pantað fyrir stofuna í haust og fékk þau í heildsölu eða 20 % afslátt í Sindra, sem bauð lang lægst.

Rekstrarkostnaður er talinn lágmark 35 þúsund kr. á mánuði. Sjómannastofan fær 100 þúsund kr. styrk frá ríkinu, Ísfélagið gaf kr. 40.000. - allar stöðvarnar kr. 40 þúsund, Bataábyrgðarfélag 50 þúsund, Vélstjórafélagið veitti kr. 10 þúsund og fleira veittu stofunni styrk.

Formaður sagði, að menn létu vel af að sækja stofuna og síðastliðið ár sótt hana 2.000 manns.

Form lagði til:

“Að S.s. Verðandi, veiti Sjómannastofunni kr. 10.000,00.”

Samþykkt einróma.

Tillagan skal einnig leggjast fyrir aðalfund.

11. Formaður sagði að ársgjald félagsins yrði ekki hækkað.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 23:10.

36 félagar mættir.

Guðjón Pálsson

Gísli Eyjólfsson

Ritari

Fundur í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
haldinn að Heiði 22. desember 1970 kl. 18:00.

Mættir eru:

Guðjón Pálsson, Einar Guðmundsson, Gísli Eyjólfsson, Hilmar Rósmundsson, Magnús Grímsson, Steingrímur Sigurðsson, Friðrik Ásmundsson, Elías Sveinsson, Bogi Finnbogason,
Af hálfu samninganefndar mættu:
Óskar Þórarinsson og Jón Valgarð Guðjónsson.

Rætt var um samninga.

Formaður gerði grein fyrir fréttum úr Reykjavík, samkvæmt samtölum við fulltrúa F.F.S.Í., Ingólf Stefánsson. Samningaumleitanir hafa staðið samfellt í á annan sólarhring.

Samkomulag er komið og er það helsta í því að trygging skipstjóra og stýrimanns hækkar í 1 1/2 hásetatryggingu og skal aldrei vera meiri en 1 1/3 hásetatrygging. Slysatrygging við dauða er kr. 600 þúsund við örorku kr. 800 þúsund.

Samkomulag er um rækju, hörpudiskaveiðar, fæðispeninga, litla togara og fleira
Reiknað er með, að fiskverð hækki um 25 %.

Rætt var um ósk um umboð félagsins til handa Ingólfi Stefánssyni að skrifa undir samkomulagið, með fyrirvara.

Menn voru sammála um, að standa við samþykki félagsins um að fá birt fiskverð, áður en samningar væru gerðir.

Mikillar óánægju gætti í garð F.F.S.Í., fyrir að ganga á sínar samþykktir í þessu efni.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt einróma.

"Fundur í stjórn og fulltrúaráði S.s. Verðandi 22.12.1970, ásamt samningarnefnd félagsins samþykkir að veita ekki umboð til undirskriftar samninga, fyrr en fiskverð hefur verið birt.

Einnig teljum við nauðsynlegt að fyrir liggi skýlaust loforð um verulega aukin skattfríðindi, sjómönnum til handa."

Ákvörðun þessi var tilkynnt Ingólfi Stefánssyni, með símtali formanns. Einnig var Ingólfi sent staðfest símskeyti með tillögunni orðréttri.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðjón Pálsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Fundur í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
haldinn að Heiði 28/12 1970 kl. 20:30.

Mættir eru: Guðjón Pálsson, Einar Guðmundsson, Gísli Eyjólfsson, Einar Ólafsson, Magnús Grímsson, Elías Sveinsson, Jón Pálsson, Bogi Finnbogason, Steingrímur Sigurðsson, Sigurður Gunnarsson.

Rætt var:

Fiskverð, sem samkvæmt símtali Kristjáns Ragnarssonar, fulltrúa L.Í.Ú. í Verðlagsráði, við Guðjón Pálsson formann, var síðasta tilboð Verðlagsráðs, sem nú situr við samningu fiskverðs.

[Fulltrúi F.F.S.Í. Guðmundur Oddson talar ekki ??]

Það helsta er, að þorskur hækkar um 25 % til jafnaðar, ýsa hækkar um 35 %, ufsi, 90 cm og yfir hækkar um 15 %, smærri ufsi hækkar um 25 %, karfi 17,5 %, langa og keila hækka um 25 %.

Fiskverð skal gilda til 31. maí.

Ufsaverð, 90 cm og yfir, boðið til 1. febrúar

Mest var rætt um ufsaverð og voru menn ekki ánægðir, hvorki með verðhækkun né tímaákvörðun. Stöðvar hér hafa borgað herra verðið til 1. mars, ótilkvaddar, þegar tímaákvörðun hefur verið 15. febrúar

Þá töldu fundarmenn ufsa ekki lækka á markaði í Þýskalandi fyrr en 1. mars.

Þá var talið, að lifur hefði hækkað úr kr. 3 í 9 á árinu. Ufsaverðskipting í Færeyjum ku miðast við að flak sé 4 kg., sem giskað var á að væri af 72-75 cm ufsa.

Lagt var til:

Að ufsaverð miðist við 80 cm og borgist til 5. mars.

Það símað Kristjáni, með ofangreindum rökum

Fundi slitið.

Guðjón Pálsson

Gísli Eyjólfsson

Ritari

Fundur í stjórn og fulltrúaráði með formanni samninganefndar
S.s. Verðandi
haldinn að Heiði 6. janúar 1971 kl. 21:00.

Mættir eru: Guðjón Pálsson formaður, Friðrik Ásmundsson varaformaður, Gísli Eyjólfsson ritari, Einar Guðmundsson gjaldkeri.

Úr fulltrúaráði : Elías Sveinsson, Magnús Grímsson, Hilmar Rósmundsson, Steingrímur Sigurðsson, Sigurður Gunnarsson, Einar Ólafsson og Óskar Þórarinsson, sem einnig er formaður samninganefndar.

Rætt var: Tilhögun atkvæðagreiðslu um samningana, á félagsfundi annað kvöld.

Formaður sagði, að F.F.S.Í. safnaði atkvæðum félaganna saman í einn pott og væri beðið eftir okkur.

Formaður kvaðst hafa sagt Ingólfi Stefánssyni, að hann tæki enga ákvörðun um atkvæðagreiðsluna, upp á sitt eindæmi, og þess vegna værum við hér saman komnir.

Fundarmenn voru allir sammála um, að við teljum okkar atkvæði sjálfir, eins og vant væri, og vildu ekkert samsull á því.

Formaður símaði Ingólfi Stefánssyni þessa ákvörðun fundarins.

Fundi slitið.

Guðjón Pálsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari

174. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
fimmtudaginn 7. janúar 1971 og hófst kl. 20:45 á Hótel H.B.

1. Formaður Guðjón Pálsson setti fundinn og lýsti ánægju sinni með fundarsóknina sem sýndi áhuga manna á sínum málum.
2. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Þegar formaður bar fundargerðina undir samþykki fundarmanna mótmælti Daníel Traustason henni og sagði að það sem formaður talaði um m/s Herjólf í fundargerð væri vitleysa. Herjólfur væri merktur héðan, skráð á hann hér um áramót hver og því gerður út héðan o. s. frv.
Formaður svaraði og sagði að þó skipið væri merkt héðan hefði útgerð þess verið frá Reykjavík, enda legið þar um nætur, en ekki hér og mundi það breytast í vor.
Daníel vildi ekki una því og taldi að skipið hefði alltaf verið gert út héðan og það sem formaður hefði sagt væri "vitleysa".
Ritari spurði Daníel hvort hann teldi rangt ritað niður, en taldið þá að Daníel væri ekki dómbær á það, þar sem hann hefði ekki setið síðasta fund og sennilega ekki síðan hann hefði orðið að biðjast afsökunar, fyrir tæpum tveim árum.
Ritari bað fundarmenn segja til, ef þeir teldu rangt bókað.
Svo var ekki.
Formaður bar fundargerðina undir fundarmenn.
Samþykkt einróma.
3. Form bar upp inntökubeiðni fyrir Ásberg Lárentínusson.
Samþykktur einróma og formaður bauð hann velkominn aftur í félagið.
Seinna á fundinum bar formaður upp inntökubeiðni fyrir
Gústaf Sigurlásson Strandveg 63
Samþykktur einróma.
4. Formaður ræddi um fiskverð og samninga og var fiskverð tekið fyrst. Þar var helst að þorskur hækkar um 25 % til jafnaðar, betri flokkar hækka aðeins meira, en hinir lakari minna. Ýsa hækkar um 35 %, langa og keila hækka um 25 %, smærri ufsi um 23 % en stór ufsi þ.e. yfir 90 cm hækkar um 15 %.
Verðmismunur á ufsa gildir til 1. febrúar.
Fiskverð gildir til 31. maí 1971.
Formaður fór allítarlega í fiskverðið og las mönnum einnig hækkun ?? í kr. og aurum miðað við síðasta fiskverð.
Meðalfiskverðshækkun er 25 % og taldi formaður að Verðlagsráð hefði samþykkt þetta verð í einu hljóði og væri það í fyrsta skipti í sögu ráðsins. Þá sagði formaður, að talið væri, að ef fiskverðið hefði lent í yfirnefnd Verðlagsráðs hefði ekki fengist nema 10-14 % hækkun.

Um samningana sagði formaður, að þeir hefðu verið hespaðir af fyrir jól og það borið svo bráðan að, að við hefðum ekki komið manni suður.
Formaður bar saman fyrri samninga og hið nýja samkomulag, lið fyrir lið, og skýrði hin ýmsu atriði.
Formaður hvatti menn til að ræða samkomulagið ítarlega og bað menn ófeimna að spyrja, ef eitthvað lægi ekki nógu ljóst fyrir.
Formaður sagði, að hér væri um töluverða hækkun að ræða. Til dæmis fengi bátur nú 5. milljón krónur fyrir sama aflamagn og hann fékk 4 milljón fyrir síðastliðna vertíð, að óbreyttu mati.

Þetta gerði um 60 þúsund kr. á skipstjóra yfir vertíðina, eða um 15 þúsund kr. á mánuði og samsvarandi fyrir stýrimann eða 45 þúsund kr. yfir vertíðina og væri því um talsverðar kjarabætur að ræða.

Samkomulagið var síðan rætt og tóku til máls Daníel Traustason, Björgvin Magnússon, Sigurður Gunnarsson og Friðrik Ásmundsson.

Formaður svaraði allmörgum fyrirspurnum þar sem kom fram, að skattfríðindi og fatapeningar hækka. Sjómannafrádráttur hækkar um 68 % og að í sameiginlegu atkvæðatalningu félaga F.F.S.Í., annarra en Verðanda, var samkomulagið fellt með 8 atkvæðum.

Formaður skýrði frá tilraunum, sem gerðar voru hér til að fá hærra verð á ufsa. Eftir sameiginlegan fund stjórna sjómannafélaganna og Útvegsbændafélagsins, þar sem formönnum félaganna var falið að færa á fund forsvarsmanna fiskverkunarstöðva, var undinn bráður bugur að ná saman fundi með þeim og var hann haldinn strax daginn eftir gamlársgdag. Forsvarsmenn allra fiskverkunarstöðva mættu á þessum fyrsta fundi og var málaleiðan formanna tekið ákaflega vel.

Formennirnir höfðu áður en þeir fóru á fundinum setið að reikningi og fengið sér til fulltingis þá Hilmar Rósmundsson og Guðlaug Stefánsson, sem eitt sinn sat í Verðlagsráði.

Fóru formennirnir fram á að stærðartakmörk yrðu felld úr gildi á ufsa og töldu stöðvarnar geta það, sér að kostnaðarlausu, þar sem þá spöruðust vinnulaun við flokkun og vigtun ufsa. Hækkun með þessu móti er talin nema 16 - 1700 þúsund krónum, miðað við ufsaafla síðastliðna verið.

Þar sem komin var hátíð og ekki væri unnt að ná nauðsynlegum gögnum og afgreiða málið var fundi frestað en er menn komu aftur til fundar guldu fiskkaupendur, eða forsvarsmaður þeirra algjört afsvar.

Formaður harmaði hversu til tókst og sagði frá því, að á Hornafirði hefði verið borgað 6 % ofan á fiskverð 1969.

Eftir kaffihlé kvaddi Jón Bóndó Pálsson sér hljóðs og kvaðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með sjómannaforustuna.

Taldi Jón upp það sem honum fannst að samkomulaginu, svo sem meiri skattfríðindi, frítt fæði og fleira

Þá sagði Jón fiskverð allt of lágt og stærðartakmörk hefði átt að fella niður. Skoraði á fundarmenn að fella samkomulagið.

Daníel Traustason og Guðjón Pétursson ræddu einnig um samningana og fannst Guðjóni "þetta tómlegt og lítið hefði náðst af því, sem helst var farið fram á."

Formaður ræddi um skattfríðindin og sagði það rétt að þau væru síst af mikil og mættu vera meiri, en taldi að samkvæmt þeim fréttum sem hann hefði, væri vonlítið eða vonlaust að ná meiru að þessu sinni.

Leynileg atvæðagreðsla fór fram um samningsuppkastið og fór þannig:

Nei	söggðu	38 atkv.
Já	söggðu	6 atkv.
Auð		5 atkv.
Ógild		1 atkv.

Samningsuppkastið því fellt.

Formaður leitaði eftir því hvað fundarmenn vildu að félagið legði helst áherslu á við næstu samningsumleitunir og var það aukin skattfríðindi og frítt fæði.

Þá var rætt um vinnustöðvun og leiðir til að boða vinnustöðvun.

Til máls tóku Hilmar Rósmundsson, Sigurður Gunnarsson, Jón Pálsson, formaður Guðjón Pálsson, Kristján Óskarsson og Daníel Traustason, sem vildi ekki una því að fundur gæti ekki boðað verkfall, heldur yrði endanlega ákvörðun um það að vera gerða af fulltrúaráði, samkvæmt vinnulöggjöfinni.

Formaður minnti á umræðurnar á síðasta fundi og taldið hyggilegast að athuga hvað F.F.S.Í. hyggðist fyrir að haga seglum eftir því og tók þetta mál af dagskrá.

5. Formaður las upp tillögu frá Jóni Pálssyni og bað menn ræða, því hér væri um lagabreytingu að ræða. Einnig las formaður greinargerð, sem fylgdi tillögunni en þar segir tillögumaður, að hann hann telji að það sama eigi að gilda í kjaramálum og til dæmis í Jötni, Vélstjórafélaginu og almennt gildi í stéttarfélögum.

“Það brjóti í bága við félagslegan þroska að sami maður geti greitt atkvæði í S.s. Verðandi og Útvegsbændafélaginu, sé hann félagi í þeim báðum í jafn mikilvægum málum og kjaramálum.

Enginn má þó taka tillögu mína sem að ég hafi á móti atvinnurekendum í félagi okkar nema síður sé því þeir hafa bæði fyrr og nú unnið þessu félagi mikið gagn og vonast ég til þess að þeirra eigi eftir að njóta lengi í félagi þessu um ókomin ár.

Ég hef dregið þá ályktun að þeir félagsmenn sem atvinnurekstur stunda hafa í sem all flestum tilfellum skilað auðum seðlum þegar kosið hefur verið um kjaramál.

Einnig hafi ég haft tal af atvinnurekendum sem eru félagar S.s. Verðandi og hafa þeir tjáð mér að þeim finnist þeir vera litnir óhýrum augum þegar þeir koma á fund, þegar kjaramál eru til umræðu.

Ennfremur teldi ég það óæskilegt ef til mikillar deilu komi á milli S.s. Verðanda og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, að atvinnurekendur gætu ráðið úrslitum í félaginu í slíkum málum. Þess vegna er tillaga mín fram komin til þess að leysa þá undan þeirri kvöð sem ég tel á þeim hvíla í slíkum málum.”

Vestmannaeyjum 7/1 1971

Jón Bondó (sign.)

Tillaga.

"Fundur haldinn í S.s. Verðanda Vestmannaeyjum 7. janúar 1971, samþykkir eftirfarandi lagabreytingu að þeir félagsmenn sem atvinnurekstur stunda, skuli ekki hafa atvæðisrétt í félaginu, þegar um kjarasamninga, eða kjaramál almennt er að ræða. Þeir félagsmenn sem atvinnurekstur stunda skulu hafa tillögurétt og málfrelsi í slíkum málum."

Jón Bondó (sign.)

Formaður fylgdi tillögunni úr hlaði, og hvaðst eiga von á, að hún yrði litin óhýru auga og væri jafnvel vantraust á fjölmarga féлага, sem oft hafa hvað mest unnið fyrir félagið. Formaður kvað svona tillögu þó ekki nýmæli, því til dæmis hefði Helgi Bergvinsson flutt tillögu svipaðs eðlis fyrir 15-20 árum, Sigurgeir Ólafsson hefði einnig komið með svona tillögu og fleiri hefðu reynt það á þessum árum, en þetta aldrei náð fram að ganga.

Daníel Traustason talaði næstur og lýsti sig mjög fylgjandi tillögunni, og kvaðst fagna því að hún kæmi fram, jafn sjálfsögð og hún væri.

Helgi Bergvinsson taldi tillöguna sjálfsagða og kvaðst alltaf hafa verið þeirrar skoðunar að svona ætti þetta að vera, enda flutt tillögu í þessa átt.

Siguður Gunnarsson kvaðst fagna tillögunni og taldi hana sjálfsagða og best að koma þessu út úr heiminum.

Gísli Eyjólfsson lýsti sig á móti tillögunni og væri hún all óþörf þar sem það væri orðin hefð í félaginu að þeir sem ættu í útgerð greiddu ekki atkvæði í kjaramálum, enda bæru fundargerðir undanfarin 10-15 ár þess merki. Allt annað viðhorf hefði verið er samningar voru heima í héraði, og á þeim árum hefðu komið svipaðar tillögur til dæmis frá Kristni Sigurðssyni í Skjaldbreið og fleira, en ekki náð samþykki. Kvaðst ekki hafa þá reynslu af þeim mörgu sem hann hefði unnið með í félaginu, þó þeir ættu hlut í bát, að þessarar tillögu væri þörf, heldur alltaf talið það ávinning að hafa þá með.

Gísli sagði að úr því að þessi tillaga væri fram komin og setja ætti hluta félagsmanna skorður þá sýndist sér ekki síður ástæða til að selja undir annan líka, en það væri að aukameðlimir hefðu ekki atkvæðarétt í kjaramálum.

Þetta væri stór hópur í félaginu og fannst sjálfsagt að tekinn væri atkvæðaréttur af þeim um leið og hinum, en sá böggull fylgdi þó, að ekki mundi þá hægt að kjósa þessa menn í stjórn eða fulltrúaráð.

Gísli bar fram munnlega:

Viðaukatillaga

"Aukameðlimir skulu ekki hafa atkvæðisrétt í kjaramálum."

Daníel Traustason lýsti sig þessu fylgjandi.

Hilmar Rósmundsson taldi þessa tillögu eiga rétt á sér, en fannst hún óþörf.

Þá fylgdi þessum tillögum það, að ekki þýddi að kjósa hann og fleiri í fulltrúaráð, þar sem þeir sem tillögurnar tæku til, gætu ekki tekið ákvarðanir í öllum málum og taldi að nú mundi stjórn og fulltrúaráð til dæmis óstarfhæft, óbreytt, yrði þetta að lögum.

Óskar Þórarinsson, Einar Guðmundsson og Guðjón Pálsson formaður mættu allir gegn tillögunni.

Daníel Traustason snerist nú einnig hatramlega á móti tillögunum.

Friðrik Ásmundsson og Guðjón Pétursson voru báðir á móti tillögunni og ræddi Guðjón þá hefð sem skapast hefði að þeir sem ættu í útgerð tæku ekki atvæðaseðla. Þessi hefð hefði verið orðin mjög sterk.

Báðir sögðu þessir ræðumenn, að þeir hefðu ekki trú á að þeir sem ættu í útgerð ynnu móti á öðrum félagsmönnum.

Kristinn Sigurðsson (frá Löndum) lýsti sig fylgjandi tillögunum og fannst líklegt ef þeir sem undir þetta heyrðu, ef samþykkt yrði, ætluðu sér að sitja heima og hætta afskiptum af félaginu og taldi að þeir gætu vel verið áfram í stjórn og fulltrúaráði.

Tillaga þessi var mikið rædd og töluðu margir framangreindra manna tvisvar og sumir oftár.

6. Formaður sagði að aðalfundur yrði haldinn við fyrsta tækifæri og bað menn hugleiða mann í formannssætið, því hann gæfi ekki kost á sér.

7. Formaður þakkaði mönnum komuna og sagði að þetta væri áreiðanlega lang fjölmennasti fundur á landinu sem fjallað hefðu um samningsuppkastið.

Fundi slitið kl. 24:00.

78 félagar sátu fundinn, þegar flest var.

Guðjón Pálsson formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

Fundur í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
haldinn að Heiði 14. janúar 1971 kl. 20:45.

Mættir eru:

Guðjón Pálsson (formaður), Gísli Eyjólfsson (ritari), Einar Ólafsson, Sigurður Gunnarsson, Elías Sveinsson, Örn Friðgeirsson, Óskar Þórarinsson, Steingrímur Sigurðsson.

Rætt var:

Beiðni Ingólfs Stefánssonar, framkvæmdarstjóra F.F.S.Í., að Verðandi samþykki fyrir sitt leyti, að atkvæði yrðu talin öll úr sama potti við næstu atkvæðagreiðslu um samningana.

Samþykkt var:

Að senda Ingólfi Stefánssyni skeyti, þar sem, S.s. Verðandi samþykkir að sínum hluta að við væntanlega atkvæðagreiðslu verði talið sameiginlega, atkvæði félaga F.F.S.Í.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

Fundur í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi

haldinn að Heiði miðvikudaginn 10. febrúar 1971 kl. 21:00.

Mættir eru:

Guðjón Pálsson (formaður), Gísli Eyjólfsson (ritari), Hilmar Rósmundsson, Óskar Þórarinsson, Einar Ólafsson, Sigurður Gunnarsson, Magnús Grímsson, Elías Sveinsson, Bogi Finnbogason, Steingrímur Sigurðsson.

Rætt var:

Hvort gefa skyldi stjórn F.F.S.Í. umboð til verkfallsboðunar fyrir S.s. Verðandi.

Formaður upplýsti að samkvæmt sögn Ingólfs Stefánssonar, væru öll félög innan sambandsins, sem í verkfalli eiga, búin að fela F.F.S.Í. umboð sitt.

Samþykkt var, með öllum greiddum atkvæðum, að veita F.F.S.Í. umboð til verkfallsboðunar af félagsins hálfu.

Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

175. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

Þriðjudaginn 23. febrúar 1971 og hófst kl. 17:15 á Hótel H.B.

1. Formaður setti fundinn og bað Kristinn Sigurðsson vera fundarritari í fjarveru Gísla Eyjólfssonar. Las hann síðan fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt einróma.
2. Formaður las því næst bréf frá áfengisvarnarnefnd Vestmannaeyja um þann vanda sem að þeirra áliti stafað af Á.T.V.R. og bað menn að ræða það, þar sem samninganefndarmaður var ókominn á fund, (vegna anna). Menn tóku til máls af töluverðri ákefð og mjög misjafnlega sammála eins og vant mátti.
En greinilegt var að flestir eða allir voru á móti pósthúsverslun eins og áður var.
Hjörtur Hermannsson fræddi menn á því að til þess að kosið yrði í þessu máli þyrfti meðmæli helmings kjósenda og síðan leyfi Alþingis.
Samþykkt var að félagið, lýsti yfir hlutleysi í þessu máli sem félagsheild, en hver félagsmeðlimur hefði sína skoðun á málinu.
Málið tekið af dagskrá.
3. Næst ræddi formaður hvað stjórn og trúnaðarráð hafa gert frá því að samningar voru felldir. Þar kom fram að maður var sendur suður frá félaginu og samþykkt að standa með hinum félögum innan F.F.S.Í. og með því komið í veg fyrir að fá málið heim í hérað.
Jón Bondó tók næstur til máls en hann fór suður fyrir S.s. Verðandi. Hann rakti það helsta sem skeði í þeim leiðangri og kom þar fram að útvegsbændur voru ekki til viðtals um það sem farið var fram á, það er, nema úr gildi lögin frá 1968, frítt fæði og fleira. Sagði Jón að er hann fór frá Reykjavík hefði ekki átt að undirskrifa neitt nema eitthvað úr lögnum frá 1968 yrði breytt.
Hann hafði það eftir Kristjáni Ragnarssyni að ekki væri hægt að borga hlut úr þeim bónus er útgerð fær í sumum verstöðum, en þó bæri að athuga þetta nánar.
Síðan ræddi formaður hvað fengist hefði í kjarabætur og kom inn á það sem hann sagði á síðasta fundi auk þess kom hann inná hækkaða slysatryggingu sem hann kvað þó of lága, fæðisgreiðslu og fleira
Þá var rædd sú sérstaða sem við höfum með því að hafa Lífeyrissjóð Vestmannaeyja og ræddi Hjörtur Hermannsson þetta nánar.
Þar kom fram að sjóðurinn er orðin rúmar 5 miljónir og hefði gengið framúrskarandi vel að innheimta til sjóðsins.
Formaður sagði að líklegt væri, að góður markaður væri að opnast fyrir fisk í Belgíu og mikið var rætt um þau 6 % sem náðust í sambandi við siglingar.
Formaður taldi að það væri spor í rétta átt að ná einhverju af lögnum frá 1968 aftur því allir væru sammála um að útilokað væri ná því öllu á einu bretti.
Hermann Pálsson kvað það sína skoðun að F.F.S.Í. ætti að vera það sterkt að hægt væri að fara einir í verkfall hér í Eyjum.
Jón Bondó áleit að mjög erfitt yrði að ná samningum að nýju og að samkomulag sem gert var fyrir jól hafi haft mikil áhrif á þá samninga sem nú væri gengið til atkvæðagreiðslu um.
Síðan var gengið til atkvæðagreiðslu og verður kjörstaður opinn í tvo sólarhringa.
4. Formaður kom inn á að hægt væri að segja upp fiskverði en ekki mætti gera það seinna en 31. mars, ef breyting ætti að koma til greina um mánaðarmót júní – júlí, og var það samþykkt að fara fram á það við F.F.S.Í. að segja því upp fyrir þann tíma.
5. Formaður gat þess að Pétur Sigurðsson hafi verið hér í bæ fyrir skömmu og væri nýkominn mikil skriða á D.A.S. málið.

Ekki fleira tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:40.
39 félagar sátu fundinn.

Guðjón Pálsson formaður

Kristinn Sigurðsson

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
að Heiði 25. apríl 1971.

Mættir eru Guðjón Pálsson (formaður), Einar Guðmundsson, Gísli Eyjólfsson, Elías Sveinsson, Steingrímur Sigurðsson, Einar Ólafsson, Magnús Grímsson.

Einnig voru boðaðir Hilmar Rósmundsson og Friðrik Ásmundsson, en mæta ekki og Óskar Þórarinsson er veikur.

Rætt var: Bréf frá Fiskifélagi Íslands dags 15. mars 1971. Þar sem leitað er áhlits félagsins um hvort leyfðar skuli dragnótaveiðar á svæðinu Ingólfshöfði – Reykjanes eða á takmarkaðra svæði á þessu ári á tímabilinu 10. júní til 31. október.

Samþykkt var einróma, að mæla eindregið gegn því að leyfðar verði dragnótaveiðar á svæðinu Ingólfshöfði – Reykjanes, á árinu 1971.

Fundargerð lesin. Samþykkt einróma.

Fundi slitið.

Guðjón Pálsson Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

176. Aðalfundur í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
var haldinn þriðjudaginn 28. september 1971 og hófst kl. 21:00 í húsi
Kiwanis.

1. Formaður, Guðjón Pálsson setti fundinn og minntist tveggja félaga, sem látist hafa frá síðasta aðalfundi, þeirra Eiríks Jónssonar og Þorsteins Gíslasonar en þeir störfuðu vel fyrir félagið og áttu sæti í stjórn þess um eitt skeið.

Fundarmenn risu úr sætum í virðingarskyni við hina látnu.

2. Formaður bað menn velvirðingar á því, hve lengi hefði dregist að halda aðalfund, en eins og menn myndu, hefði kjaradeila staðið sem hæst, er eðlilegt hefði verið að halda aðalfund og hefði hann dregist á, að fresta fundinum unnst kjaradeilan leystist og gert það fyrir tilmæli meðstjórnarmanna sinna.

Róðrar voru svo hafnir, áður en deilan leystist, annir hans sjálfs og fleira komu svo í veg fyrir að af aðalfundi yrði fyrir.

3. Formaður minntist á dvalarheimili aldraðra og sagði lítið hafa gengið og við verið hafðir að hálfgerðum ginningarfílum, en það yrði væntanlega rætt síðar á fundinum.

4. Formaður Guðjón Pálsson kvað næst liggja fyrir að greiða atkvæði um tillögu Jóns Bondó, sem rædd var á fundi 7. janúar 1971, og yrði að afgreiðast áður en stjórnarkjör færi fram.

Formaður las svo tillögurnar og greinargerð Jóns, ásamt viðaukatillögu Gísla Eyjólfssonar.

Samkvæmt upplýsingum Einars Guðmundssonar eru nú í félaginu 92 aukameðlimir, 62 sem eiga í útgerð og 53 launþegar.

All miklar umræður urðu um tillögur þessar og talaði Þórður Rafn Sigurðsson fyrstur og taldi tillögu þessa fásinnu og lagði til að hún yrði felld.

Gísli Eyjólfsson taldi félagið óstarfhæft ef þessar tillögur næðu fram að ganga.

Hjörtur Hermannsson lýsti sig á móti tillögunni og kvaðst vona að hún yrði felld.

Guðjón Pétursson tók í sama streng, og Hilmar Rósmundsson taldi þetta óþarft en kvaðst ekki vilja ræða þetta frekar, en benda á, að samkvæmt upplýsingum gjaldkera væri tæplega 150 útgerðarmenn og aukameðlimir og hefðu engar kjarabætur náðst, ef þeir væru á móti þeim.

Kristinn Sigurðsson (frá Ströndum) sagðist hafa verið fylgjandi tillögunum er þær voru ræddar í vetur og það hefði ekki breyst.

Til frekari glöggvunar á málinu var lesinn 5. liður fundargerðar, 7. janúar 1971, þar sem greint er frá tillögunni, greinargerðinni, viðbótartillögunni og umræðum sem þá fóru fram.

Þá fór fram atkvæðagreiðsla.

Já sögðu 4

Nei sögðu 14

Auðir 2 (og 2 félagar tóku ekki seðil.)

Tillagan því felld.

5. Formaður minntist á tillögu sem hann og Friðrik Ásmundsson fluttu, um styttingu af Benóný Friðrikssyni og samþykkt var 21. desember 1970.

Formaður kvað söfnun hafa gengið vel, þó væru margir sem enn hefðu ekki verið heimsóttir, en sér finndist metnaðarmál, að félagið gerði þetta eitt. Þá kvaðst formaður hafa hlerað, að annað félag væri með svipað á döfinni.

6. Formaður bað ritara lesa síðustu fundargerð og baðst afsökunar á að hafa gleymt að láta lesa fundargerðina í fundarbyrjun, svo sem vani væri.

Fundargerðin lesin.

Samþykkt einróma.

7. Formaður bað Einar Guðmundsson gjaldkera lesa reikninga félagsins, eins og þeir voru endurskoðaðir um síðastliði áramót.

Gjaldkeri las fyrst reikninga félagssjóðs og eru niðurstöðutölur hans kr. 156.488,68.

Samþykkt einróma.

Þá las gjaldkeri reikninga styrktarsjóðsins og eru niðurstöðutölur hans kr. 330.866,05.

Samþykkt einróma.

Gjaldkeri las reikninga hússjóðs og eru niðurstöðutölur kr. 127.379,35.

Samþykkt einróma.

Reikningarnir voru allir samþykktir án umræðna eða fyrirspurna, en gjaldkeri skýrði jafnóðum lestrinum ýmis atriði þeirra.

Formaður bað Guðjón Pétursson lesa reikninga sjúkrasjóðs.

Guðjón las fyrst fundargerð þar sem ákveðið var að veita Ragnari Runólfssyni kr. 10.000,00 og Gísla Eyjólfssyni kr. 15.000,00.

Þá skýrði Guðjón frá reikningum, sem ekki hefðu náðst og ástæðum fyrir því, en þær voru helstar að útgerð hafði verið hætt og fleira þessum reikningum hefði nefndin samþykkt að sleppa.

Las fundargerð fundar, sem haldinn var fyrir jóli, er ákvað að veita Gísla Eyjólfssyni kr.

30.000,00

Guðjón las síðan reikninga sjóðsins

Tekjur námu kr. 180.071,00

Gjöld námu kr. 69.985

Eign í janúar 1971 kr. 404.911,00

Mismunur var lagður á banka.

Formaður þakkaði Guðjóni Péturssyni mjög vel unnin störf og minntist þess, að er loks var stofnaður sjúkrasjóðurinn og Guðjón kosinn í hann af hálfu Verðanda, var allt það mál í mestu ólestri og félaginu til stórskammar. Nú væri þetta allt komið í hið besta lag, sem sómi væri að og ætti Guðjón þar drýgsta þáttinn í hversu til hefði tekist.

Þórður Rafn Sigurðsson þakkaði Guðjóni og öðrum þeim sem í sjóðnum hafa starfað vel unnin störf.

Gísli Eyjólfsson þakkaði félaginu, félagsmönnum og stjórn sjóðsins, veitta aðstoð.

Hjörtur Hermannsson las reikninga fyrir árshátíðina. Niðurstöðutölur kr. 335.938,00

Hagnaður kr. 258,00 lagður í bók.

Formaður þakkaði og spurðist fyrir hvort áhugi væri fyrir að halda árshátíð. Hjörtur sagði húsið til reiðu fyrir svipað verð og í fyrra, ef það yrði ákveðið.

Samþykkt var einróma, að halda árshátíð.

8. Formaður Guðjón Pálsson bað menn tilnefna menn í formannssæti og sagðist jafnframt ekki verða í kjöri og tók ekki áskorun.

Tilnefndir voru:

Kristinn Sigurðsson fékk 9 atkv.

Óskar Þórarinnsson fékk 6 atkv.

Þórður Rafn Sigurðsson fékk 6 atkv.

1 seðill auður.

Varpað hlutkasti um hvor þeirra, Óskar eða Þórður Rafn skyldi vera varaformaður kom upp hlutur Þórðar Rafns.

Kristinn Sigurðsson er því formaður
Þórður Rafn Sigurðsson varaformaður

Ritarar endurkosnir.

Gísli Eyjólfsson ritari

Eyjólfur Gíslason vararitari

Gjaldkerar endurkosnir.

Einar Guðmundsson gjaldkeri

Hannes Haraldsson varagjaldkeri

Endurskoðendur endurkosnir

Stefán S. Stefánsson

Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu)

Til vara: Haukur Jóhannsson

Sjómannadagsráð.

Jóhannes Kristinsson ræddi um störf ráðsins og reglur.

Jóhannes sagði að sér og fleirum í Sjómannadagsráði, hefði þótt formaður Guðjón Pálsson hafa farið aftan að hlutunum í sambandi við dvalarheimilissjóðinn og formaður hefði ekki haft samband við eða boðað neinn úr ráðinu til fundar um málið. Sagði reglur hafa veri á reiki í túlkun, manna, en plaggið hefði lokst fundist, eftir mikla leit.

Formaður sagði frá tildrögum þessa máls, og fundi sem haldinn var með bæjarstjóra, héraðslækni, stjórnnum sjómannafélaganna, Pétri Sigurðssyni alþingismanni, formanni D.A.S. og Kristni Sigurðssyni frá Skjaldbreið, gjaldkera og umsjónarmanni eigna sjómannadags Vestmannaeyja. Fundurinn haldinn mest fyrir áeggjun stjórnar Verðanda og kvaðst formaður hafa haft hraðann á, því hann hafði haft spurnir af, að til stæði að taka ákvörðun um byggingu dvalarheimilis úti á landi. Hann hefði lítillaga kannað málið fyrir fundinn og allt hefði virðst liggja vel við, ef fljótt væri brugðið við, þó annað hefði svo reynst, er á reyndi og hann hefði getið í upphafi fundarins. Hann hefði lagt allt kapp á, að koma málinu af stað, en það hefði aldrei verið meining sín að fara á bak við eða einn á starfssvið Sjómannadagsráðs.

Þórður Rafn Sigurðsson ræddi um reglugerð Sjómannadagsráðs og sagði frá breytingum sem ráðið hefði gert á reglunum.

Í prentun væru reglur Sjómannadagsráðs, reglur dvalarheimilissjóðs og kappróðarlög.

Þórður taldi leið mistök formanns að enginn úr Sjómannadagsráði hefði verið boðaður á fundinn, en í ráðinu hefðu þeir Garðar Sigurðsson og Jóhannes Kristinsson starfað að dvalarheimilismálum.

Hilmar Rósmundsson spurði hvort Sjómannadagsráð væri sjálfstæð stofnun.

Þórður Rafn sagði að samkvæmt reglugerð hefur stjórn ráðsins ábyrgð og ráðstöfun á eignum sjóðsins.

Hjörtur Hermannsson lagði fram skriflega tillögu:

"Legg til að nýkjörinni stjórn ásamt kjörnum mönnum í Sjómannadagsráði verði falið að sjá til þess að reglur ráðsins verði endurskoðaðar."

Hjörtur Hermannsson (sign)
Samþykkt einróma.

Jóhannes Kristinsson mæltist til að Árni Óli Ólafsson yrði strikaður út úr Sjómannadagsráði þar sem hann hefði neitað að starfa.

Úr Sjómannadagsráði gengu, samkvæmt reglu 3 menn, þeir Óskar Þórarinsson, Þórður Rafn Sigurðsson og Guðmundur Guðfinnsson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Jóhannes Kristinsson (formaður)
Hallgrímur Garðarsson,
Logi Snædal Jónsson,
Andrés Þórarinsson,
Þór Vilhjálmsson.

Til vara: Matthías Guðjónsson
Baldur Gíslason
Gunnar Árnason

Björgunaræfinganefnd, endurkosin.

Kristinn Sigurðsson (frá Skjaldbreið)
Einar Sveinn Jóhannsson, Kristinn Pálsson
og Hafsteinn Stefánsson.

Fánaberar endurkosnir.

Ágúst Bergsson og Einar Ólafsson

Skemmtinefnd, endurkosin

Hjörtur Hermannsson (formaður)
Jóhannes Kristinsson, Sigurður Elíasson,
Friðrik Már Sigurðsson, Sigbór Sigurðsson.

Til vara:

Sigfús Guðmundsson, Angantýr Elíasson.

Fulltrúaráð var endurkosið ásamt vararáði, en í stað Þorsteins heitins Gíslasonar, var kosinn Guðjón Pálsson.

Fulltrúaráð skipa:

Magnús Grímsson, Óskar Þórarinsson
Sigurður Gunnarsson, Hilmar Rósmundsson,
Steingrímur Sigurðsson, Einar Ólafsson.

Til vara:

Guðjón Ólafsson, Elías Sveinsson,
Sigfús Guðmundsson, Bogi Finnbogason,
Örn Friðgeirsson, Guðjón Pálsson.

Húsnefnd endurkosin:

Jón Guðmundsson (formaður)
Einar Guðmundsson (gjaldkeri)
Friðrik Ásmundsson (ritari)

Til vara: Angantýr Elíasson og Guðni Grímsson.

Styrkveitinganefnd, endurkosin.

Sigfús Guðmundsson
Kristinn Pálsson, Einar Guðmundsson

Sjúkrasjóðsnefnd endurkosin

Í stjórn sjúkrasjóðs:
Guðjón Pétursson,
Sigurður Gunnarsson

Til vara: Gísli Einarsson.

Endurskoðandi: Ágúst Bergsson.

Gæslunefnd.

Formaður taldi að hafa yrði gæslunefnd klára þó engir fóru kannski á línu, en þessi nefnd væri lögskipuð.

Gæslunefnd endurkosin:

Bogi Finnbogason (formaður)
Elías Sveinsson, Hilmar Rósmundsson,
Emil Andersen, Sigfús Guðmundsson,
Sveinn Valdimarsson, Sigurgeir Ólafsson,
Friðrik Ásmundsson, Örn Friðgeirsson.

Veiðifæranefnd, endurkosin

Sigurður Gunnarsson (formaður)
Hörður Jónsson og Kristinn Pálsson

Þar með lauk stjórnar- og nefndakosningu.

9. Formaður ræddi um starf Hafsteins Stefánssonar, sem eftirlitsmanns með fiskmati, og taldi margt gott hafa komið út úr starfi hans. Hélt að nú kæmi matsstöð í vetur og taldi að það mundi verða til mikilla bóta.

Taldi rétt að fresta um sinn frekari umræðum og ákvörðunum í málinu.

10. Formaður ræddi um hústryggingarmál D.A.S. og hvort hafa ætti nefnd í félaginu, sem starfaði í samráði við Sjómannadagsráð eða hafa ráðið eitt.

Taldi betra að hafa nefnd og voru fundarmenn því samþykkir.

Kosnir voru:

Guðjón Pálsson
Friðrik Ásmundsson

Þeir voru einnig í nefnd Sjómannafélagsins í sumar, er ýtt var á þessi mál og voru þeir endurkjörnir.

11. Formaður sagði frá Sjómannastofunni og rekstri hennar. Nefnd Sjómannafélagsins tók þátt í stjórn stofunnar. Var einn frá hverju félagi. Voru það formenn félaganna og lagði Guðjón til, að svo yrði áfram.

12. Guðjón Pálsson fráfarandi formaður þakkaði samstarfsmönnum gott samstarf og árnaði félaginu og nýkjörnum formanni heilla í starfi og bað Kristinn Sigurðsson taka sæti sitt.

Hinn nýkjörni formaður Kristinn Sigurðsson gekk í formannssætið og þakkaði félagsmönnum það traust er þeir sýndu sér, þakkaði fráfarandi formanni störf hans í þágu félagsins.

13. Hjörtur Hermannsson sagði frá innheimtum í lífeyrissjóðnum.

Þær hefðu gengið vel og væru nú röskar 5 milljónir króna í sjómannadeildinni. En í dag mundi sjóðurinn vera uppá 9,5 milljónir kr., allar þrjár deildirnar. Iðgjöld í ár mundu nema nálægt 12 milljónum kr., þar af um 4 milljónir í sjómannasjóðinn.

Hjörtur taldi að á næsta ári yrði veitt lán til húsbýgginga og þau yrðu hvergi betri.

Bauðst til að svara fyrirspurnum, ef einhverjar væru.

Steingrímur Sigurðsson gerði fyrirspurn um kvittanir fyrir greiðslum í sjóðinn og tryggingum hans.

Hjörtur sagði fyrirtækin eiga að gefa kvittanir, en stjórn sjóðsins hefði nýlega samþykkt að gefa úr árskvittanir og væri það í undirbúningi.

Varðandi tryggingar sagði Hjörtur að fyrstu 25 % nema í slysatryggingu og barnalífeyrissjóð og 75 % í ellilífeyrissjóð.

1400 meðlimir sjóðsins væru tryggðir á einu bretti og iðgjöld væru minni, en trygging 100 tonna báts til dæmis

14. Guðjón Pálsson las bréf frá F.F.S.Í. um hústryggingu sambandsins, sem það hyggst reisa yfir starfsemi sína ásamt aðildarfélögum á Reykjavíkursvæðinu. Lítil áhugi var fyrir efni bréfsins.

15. Guðjón Pálsson minnti á F.F.S.Í.-þingið sem verður innan tíðar og félagsmenn þyrftu að fara að hafa þau mál í takteinum sem þar ættu fram að koma.

16. Hilmar Rósmundsson ræddi hvort ekki væri tilhlíflegt, að fundurinn léti eitthvað frá sér fara um landhelgismálið.

Fékk það góðar undirtektir og var eftirfarandi áliktun samþykkt einróma.

"Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi Vestmannaeyjum, haldinn 28. september 1971, lýsir stuðningi sínum við gerðir ríkisstjórnarinnar í landhelgismálinum og telur síst of langt gengið.

Fundurinn hvetur eindregið til, að áfram verði haldið, þar til fullum yfirráðum yfir landgrunninu er náð."

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 00:45, 22 félagar sátu fundinn.

Friðrik Ásmundsson
fundarstjóri.

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

177. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
föstudaginn 22/10 1971 og hófst hann kl. 17:30 í húsi Kiwanis við
Njarðarstíg.

1. Formaður setti fundinn, bað hann Jón Bondó að gegna ritarastörfum í fjarveru Gísla Eyjólfssonar.
Ekki var hægt að lesa síðustu fundargerð þar sem hún var ekki tilbúin, svo hún mun lesast um leið og þessi.

2. Formaður las inntökubeiðnir frá eftirtöldum mönnum
Jóhanni Halldórssyni Höfðavegi 34 Vm. f. 24. október 1943
Jóhanni Runólfssyni Hilmisgötu 7 Vm. f. 16. október 1944
Ólafi Guðjónssyni Urðarvegi 17 Vm. f. 26. júní 1956
Sveini Gunnlaugssyni Urðarvegi 50 Vm. f. 18. desember 1948
Þórarni Inga Ólafssyni Brimhólabraut 31 Vm. f. 17. október 1942
Voru þeir samþykktir með lófaklappi.

3. Því næst gat formaður þess að nú þyrfti að taka ákvörðun um uppsögn kjarasamninga, bað hann menn segja álit sitt á því hvort ekki ætti að segja upp kjarasamningum, og hverjar kröfur ættu að gjöra.

Fundarmenn voru allir sammála um að besta kjarabótin væri að fá algjör skattfríðindi fyrir sjómenn, aukna fæðisgreiðslu, hækkun á slysa- og öryrkjubótum, einnig voru fundarmenn mjög einhuga um að helgarfrí yrðu tekin inn í samningana og skyldu þau vera frá 15. maí til 31. desember og yrðu aðra hvora helgi.

Töluverðar umræður urðu um löndunarmálin og sýndist sitt hverjum í því máli.
Síðan bað formaður menn greiða atkvæði um hvort ekki ætti að gefa stjórn og trúnaðarmannaráði heimild til þess að segja upp kjarasamningum.
Var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Því næst bað formaður um uppástungu á mönnum til þess að sitja þing F.F.S.Í. sem halda ætti 1. desember

Stungið var upp á eftirtöldum mönnum sem aðalmönnum:
Hafsteini Stefánssyni, Friðriki Ásmundssyni og Hilmari Rósmundssyni
og til vara: Sigurði Gunnarssyni, Kristni Sigurðssyni Bakkastíg og Garðari Sigurðssyni og voru þeir samþykktir einróma.

Eftirfarandi tillaga kom fram.

"Fundurinn leggur til að fulltrúar félagsins hafi framsögu um takmörkum á möskvastærð þorskaneta, svo og um aðgerðir til varnar hinni gífurlegu sókn sem er orðin á miðin við Eyjar.

Ennfremur væri æskilegt að taka skattamál sjómanna til ítarlegra athugunar."

Flutningsmaður tillögu þessarar var Hjörtur Hermannsson.

Formaður bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt einróma.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:15, mættir 13 félagar.

Lesin 11/12 samþykkt einróma
Kristinn Þ. Sigurðsson

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
miðvikudaginn 27. október 1971 og hófst að Heiði kl. 21:00.

Mættir eru: Kristinn Sigurðsson formaður, Einar Guðmundsson gjaldkeri, Gísli Eyjólfsson ritari, Steingrímur Sigurðsson, Bogi Finnbogason, Friðrik Ásmundsson, Óskar Þórarinsson, Magnús Grímsson, Elías Sveinsson.

Rætt er um: Uppsögn kjarasamninga.

Samþykkt var einróma að segja upp samningum.

Formaður mun senda F.F.S.Í. umboð til uppsögn samninga í staðfestu símskeyti.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði S.s. Verðandi laugardaginn 27. nóvember 1971 og hófst kl. [?] að Heiði.

Mættir eru: Kristinn Sigurðsson formaður, Einar Guðmundsson gjaldkeri, Gísli Eyjólfsson, Steingrímur Sigurðsson, Þórður R. Sigurðsson varaformaður, Magnús Grímsson, Hilmar Rósmundsson, Bogi Finnbogason.

1. Tekið var fyrir bréf frá Jóhanni Pálssyni þar sem hann fer þess á leit að mælt sé með honum "við skipaskoðunarstjóra og eða sjávarútvegsmálaráðuneytið," en hann hyggst sækja um stöðu skipaskoðunarmanns.

Samþykkt var einróma að mæla með Jóhanni og senda bréf þess efnis í báða staði.

"Siglingarmálastofnun ríkisins
Sjávarútvegsmálaráðuneytið

Stjórn og fulltrúaráð S.s. Verðandi telur Jóhann Pálsson, fyrrverandi skipstjóra og nú umsækjanda, um starf skipaskoðunarmanns í Vestmannaeyjum, fullkomlega hæfan í starfið og leyfir sér að mæla með umsókn hans, enda álitum við mjög æskilegt, að í þessu starfi sé skipstjórnarmaður."

Formaður upplýsti að skipasmiðirnir Þórarinn Sigurðsson og Jón Þórðarson mundu einnig ætla að sækja um starfið, og hafði Jón farið þess á leit við sig munnlega að fá meðmæli félagsins og kvaðst hafa frétt að Þórarinn hefði verið að spyrja um sig á dögnum og taldi að erindið væri það sama.

Menn voru sammála um að ekki væri hægt að veita meðmæli félagsins, nema skrifleg umsókn berist, en samþykkt var að ef skrifleg umsókn berst frá þessum aðilum, er stjórninni heimilt að veita þeim meðmæli, sem hæfum, en stjórn og fulltrúaráð telur að í þessu eigi að vera skipstjórnarmaður.

2. Formaður leitaði eftir málum sem ræða skuli á þingi F.F.S.Í. nú í desember

a.) Rætt var um veðurathugunarstöðina á Loftasölum, sem væri ónóg og jafnvel villandi og komi auk þess ekki með veður á miðnætti, sem einmitt er mjög nauðsynlegt. Voru allir á einu máli um að þessu yrði að fá breytt.

b.) Rætt var um völd handa fiskifræðingum til að banna tímabundið veiðar á svæði þar sem smásíld, eða annað ungvíði veiðist. Talið að fiskifræðingar ættu að hafa slík völd.

c.) Rætt um neyðarbauju, sem skýst upp ef skip sekkur og sendir merki.

Garðar Sigurðsson og fleiri, flytja í Alþingi tillögu um, að skylda þessar baujur um borð í skip og töldu menn stuðning frá þingi F.F.S.Í. æskilegan.

3. Rætt var um tryggingu fánans og upplýsti gjaldkeri, að tryggingarfélagið þar sem innbú félagsins og að því er þáverandi formaður og gjaldkeri félagsins töldu, fáninn sérstaklega, var tryggt hjá neitaði að tryggingin næði yfir fánann, en það hafði umboðsmaður trygginganna talið er tryggt var. Umboðsmaðurinn hér vildi því borga fánann út, við skemmd.

Einnig var hér um tíma settur maður í veikindum umboðsmanns sem taldi að Brunabótarfélag Íslands, sem var tryggingarfélagið, mundi greiða fánann samkvæmt reikningi. Nú hefur félagið neitað að það sé skaðabótaskyldt og neitað að greiða reikning sem Brunabótafélaginu var sendur, en hann var að upphæð kr. 22 þúsund, en sent kr. 10.000,00 sem lokagreiðslu. Gjaldkeri leitaði álits hvort taka skyldi greiðslu þessa, eða senda þeim hana aftur.

Mönnum kom saman um að rétt væri að taka greiðsluna, því óvíst væri hvert annars fengist nokkuð, þar sem tryggingin nær ekki yfir hluti sem farið er með út, þó annað væri upphaflega haldið. Sem var byggt á misskilningi umboðsmanns.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson
Ritari

177. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

laugardaginn 11. desember í Oddfellowhúsinu og hófst hann kl.
15:10.

1. Formaður Kristinn Sigurðsson setti fundinn og gat þess að tvær síðustu fundargerðir væru óupplýsnar.

Sú fyrri væri aðalfundargerðin og því löng og best væri að bíða betri tíma til að lesa hana upp og var það einróma samþykkt.

Því næst bað hann vararitari að lesa upp síðustu fundargerð og var hún samþykkt mótatvkæðalaust.

2. Formaður tók því næst til máls og sagði að fyrsta mál fundarins væri að kjósa menn í samninganefnd, tvo aðalmenn og tvo til vara. Bað hann fundarmenn að tilnefna menn og var stungið uppá eftirtöldum mönnum: Friðrik Ásmundssyni, Óskari Þórarinssyni, Ágúst Bergssyni, Már Sigurðssyni. Voru þeir samþykktir einróma.

3. Þá minntist formaður, með stuttri ræðu, á hin fyrirhuguðu "verksmiðju"-togarakaup og að lítið myndi verða þar úr framkvæmdum og því ekki hyggilegt að láta það fé af hendi sem Verðandafélagar hefðu lofað, til hlutabréfakaupa.

Las því næst upp svohljóðandi tillögu:

“Fundur í S.s. Verðandi samþykkir, að hætta áður ákveðinni þátttöku í stofnun Úthafs H.F. og þar af leiðandi að greiða ekki áður ákveðin kaup á hlutabréfum að upphæð kr. 25.000.

Kristinn Þ. Sigurðsson.”

Tillagan var samþykkt einróma.

4. Formaður las upp bréf frá Fiskifélagi Íslands, um skiptingu veiðisvæða á komandi vetrarvertíð. Þetta mál var búið að koma til umræðu og álitsgerður í S.s. Verðanda haustið 1969, þegar félaginu var sent bréf frá Fiskifélaginu um sama efni. Þá var kosin nefnd manna til að athuga málið nánar og svara bréfinu.

Hafsteinn Stefánsson lagði til að kosin yrði nefnd manna til að athuga þetta bréf því það gæti verið mikið hagsmunamál. Fleiri létu þá ósk uppi.

Stungið var uppá eftirtöldum mönnum í nefndina, einum fyrir hvern veiðifæraflokk:

Stefán Stefánsson, fyrir nótabáta.

Gísli Valur Einarsson, fyrir togbáta

Guðmundur I. Guðmundsson fyrir netabáta

Bogi Finnbogason fyrir línubáta.

Um þetta bréf urðu umræður og að þeim loknum samþykkt að fela ritara, Gísla Eyjólfsyni að svara bréfinu á sama hátt og gert hafði verið haustið 1969.

5. Að þessu loknu tók formaður Kristinn Sigurðsson til máls og sagði frá setningu og störfum F.F.S.Í.-þingsins.

Þar hefði verið mikið rætt um taprekstur Sjómannablaðsins Víkings, og hefðu þær umræður tekið langan tíma.

Kristinn bað fundarmenn að kaupa blaðið, ef þeir hefðu ekki gert það, einnig að stuðla að sölu þess því hér væru aðeins um 200 kaupendur að Víkingnum.

Þar næst hefðu verið rædd öryggismál og Páll Guðmundsson skipstjóri haft þar framsögu.

Úr slyskýrslum sem þar komu fram, var bent á að klórnotkun í skipum til lestarhreinsunar og víðar væri stórhættuleg, til að valda eldsvoða, ef ekki væri gætt varúðar.

Þá hefðu og verið tekin þar til umræðu eftirtalin mál:

Veðurlýsingar og ljósvélar þar á meðal Dyrhólaeyjarvita..

Að komið verði upp radarsvarakerfi á suðurströndinni=Skarðsfjöru.

Að haldið verði áfram fiskirannsóknnum.

Um möskvastærð þorskaneta.

Rányrkju fiskistofna og útfærslu Landhelginnar.

Að þessari upptalningu lokinni, bað formaður Hafstein Stefánsson að bæta við þetta og gaf honum þar með orðið.

Hafsteinn hóf mál sitt með því að þakka Kristni góða samveru á þinginu, og að hann hefði orðið okkar félagi þar til sóma með þrúðmannlegri framkoma og athugulli rökfestu á málefnum.

Hafsteinn sagði að þingið hefði staðið óvenjulega lengi yfir, 5 daga, því undir lok þess hefði rignt yfir það tillögum. Las hann upp tillögur sem launamálanefnd lagði þar fram, en í þeirri nefnd var hann.

Þá sagði hann að þeir félagar hefðu fengið bæði hrós og skammir í ferðinni. Hrósið fengu þeir í kvöldverðarboði á Hrafnistu fyrir að vera frá Vestmannaeyjum því þar byggji gott fólk sem tæki sérlega vel á móti gömlu fólki, með sólskinsblíðu veðri, ásamt matar- og kaffiveitingum.

Vistfólki á Hrafnistu var boðið í kynnisför til Vestmannaeyja síðastliðið sumar.

Skammir fengu þeir fyrir að halda svo fast í lífeyrissjóðinn, að láta hann ávaxast hér heima, en ekki á höfuðborgarsvæðinu.

6. Stefán Stefánsson tók því næst til máls og vék að því hvort ekki væri hægt að lífga upp fundina með því að fleiri tækju til máls og segðu sitt álit á þeim málum sem til umræðu væru.

Hann benti á hvort ekki væri æskilegt að kjósa fundarstjóra í upphafi hvers fundar.

Formaður þakkaði Stefáni þessa ábendingu.

Um þetta mál urðu svo nokkrar umræður og rabb úr sætum, en engin ákvörðun gerð.

Fleira var ekki tekið fyrir, 18 félagar sátu fundinn.

Fundi slitið kl. 16:50.

Friðrik Ásmundsson
fundarstjóri

Eyjólfur Gíslason
vararitari

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
Þriðjudaginn 21. desember 1971 og hófst kl. 20 að Heiði.

Mættir eru: Rafn Sigurðsson varaformaður, Eyjólfur Gíslason vararitari, Ágúst Bergsson, Bogi Finnbogason, Elías Sveinsson, Friðrik Ásmundsson, Hilmar Rósmundsson, Magnús Grímsson, Már Sigurðsson, Steingrímur Sigurðsson, Sigurður Gunnarsson og Örn Friðgeirsson.

Til umræðu var bréf frá F.F.S.Í. sem bar yfirskriftina

“Sameiginlegar kröfur yfirmanna um breytingar á vertíðarsamningi”

Þetta var samningauppkast í 23 greinum. Þegar fundarmenn höfðu lesið það og íhugað fannst þeim fátt um og að flestar samningsgreinar tilheyrðu alls ekki Vestmannaeyjasjóómönnum.

Ekki var minnst einu orði á þá kröfu, sem S.s. Verðandi sagði upp samningum á. En það var að sjómenn fengju raunveruleg skattfríðindi á sínum tekjum svo um munaði.

Um samningauppkastið urðu umræður og rabb.

Að því loknu samþykktu fundarmenn einróma að fela hinni nýkosnu samninganefnd S.s. Verðanda, að tala við Ingólf Stefánsson, um samningana og álit sjómanna hér á þeim.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21:20.

Eyjólfur Gíslason
vararitari

**179. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
og hófst kl. 14:10 sunnudaginn 9. janúar 1972 í húsi Kiwanis.**

Fundarefni: Kjarasamningar og atkvæðagreiðsla, sem standa skal til kl. 19:00.

Gísli Eyjólfsson setti fundinn og bað menn tilnefna fundarstjóra, þar sem formaður er veðurteptur í Reykjavík og varaformaður á sjó.

Stungið var uppá Friðriki Ásmundssyni.
Hann samþykktur einróma.

Ritari las fundargerð aðalfundar, en samþykkt var að fresta lestri hennar á síðasta fundi.
Samþykktur einróma.

Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

Friðrik Ásmundsson skýrði samningsuppkastið og þær kröfur sem gerðar höfðu verið, en við vorum mjög á móti sumu sem var í uppkastinu í fyrstu.

Ekki voru samningarnir ræddir sérstaklega af fundarmönnum, en allmargar fyrirspurnir bárust sem fundarstjóri leysti úr.

Þar sem ekki lá fleira fyrir sleit fundarstjóri fundinn og hófst þá atkvæðagreiðsla um samningsuppkastið.

36 félagar mættu.

Kristinn Þ. Sigurðsson.

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

180. Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi

var haldinn í matstofu Hraðfrystistöðvarinnar sunnudaginn 23. janúar
1972 kl. 14:30.

1. Formaður Kristinn Sigurðsson setti fundinn og minntist látins félaga,

Jón Benónýssonar
en fundarmenn risu úr sætum sínum.

2. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Gísla Kristjánsson Kirkjuvegi 7 og
Hrafn Óskar Oddsson Fjólugötu 1
Samþykktir einróma.

3. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

4. Formaður bað gjaldkera, Einar Guðmundsson, lesa reikninga félagsins fyrir árið 1971
Tekjur voru kr. 250.148,41
Eignir voru kr. 207.324,29
Á bankabók voru 187.790,29. Á innlánsbók 19.554,00

Félagsreikningarnir samþykktir einróma, án umræðna.

Gjaldkeri las reikninga styrktarsjóðs
Úthlutað var úr sjóðnum kr. 40.000,00
Tekjur námu kr. 71.292,96
Til næsta árs kr. 362.159,01

Samþykkt einróma, án umræðna.

Einar las því næst reikninga hússjóðs en hann er gjaldkeri hússtjórnar.

5. Sjúkrasjóður: Guðjón Pétursson baðst afsökunar á, að honum hefði ekki unnist tími til að komast í banka, vegna þess hve seint hann vissi um fundinn og væru reikningarnir því ekki endurskoðaðir og bað leyfis að koma með reikningana endurskoðaða á næsta fund.

Guðjón sagði enga umsókn hafa borist um styrk og því hefði ekkert verið veitt úr sjóðnum. Sjóðurinn næmi nú um 544 þúsund króna og því orðinn starfhæfur samkvæmt reglum.
Geymt til næsta fundar.

6. Jóhannes Kristinsson las reikninga fyrir árshátíðina.
Guðjón Pálsson fyrrverandi formaður, sýndi þann rausnarskap að greiða veitingar fyrir boðsgesti félagsins.

Tekjur námu kr. 340.510,00
Gjöld námu kr. 331.737,50
Mismunur færður á bók 8.772,50
Inneign á bók kr. 16.888,24

Reikningarnir samþykktir einróma.

7. Jóhannes Kristinsson las, úr síðasta sjómannadagsblaði Vestmannaeyja, reikninga sjómannadagsráðs fyrir árið 1970.
Mikið var skeggrætt um Sjómannadagsráð, reglur þess og framkvæmd, líklega þátttöku sjómanna í róðri, hve illa væri skreytt og fleira
8. Ekkert var rætt um lífeyrissjóðinn, þar sem Hjörtur Hermannsson var ekki mættur á fundinum, né heldur D.A.S., þar sem Guðjón Pálsson var fjarverandi.
9. Þá fór fram stjórnar- og nefndakosning.
Formaður bað menn tilnefna menn í formannssætið.
Stungið upp á að endurkjósa stjórnina í heilu lagi og var það samþykkt með lófaklappi.

Formaður Kristinn Sigurðsson
Varaformaður Þórður Rafn Sigurðsson
Ritari Gísli Eyjólfsson
Vararitari Eyjólfur Gíslason
Gjaldkeri Einar Guðmundsson
Varagjaldkeri Hannes Haraldsson

Endurskoðendur, endurkosnir.
Stefán S. Stefánsson
Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu)
Til vara: Haukur Jóhannsson

Sjómannadagsráð, endurkosið.
Jóhannes Kristinsson (formaður)
Hallgrímur Garðarsson, Logi Snædal Jónsson, Andrés Þórarinsson, Þór Vilhjálmsson
Til vara: Matthías Guðjónsson
Baldur Gíslason
Gunnar Árnason

Björgunaræfinganefnd var endurkosin nema Hafsteinn Stefánsson, sem er fluttur úr bænum.
Enginn var kosinn í hans stað.

Björgunaræfingarnefnd skipa:
Kristinn Sigurðsson frá Skjaldbak
Einar Sveinn Jóhannesson, Kristinn Pálsson.

Fánarberar, endurkosnir.

Ágúst Bergsson og Einar Ólafsson.

Skemmtinefnd, tilnefndir voru:
Óskar Þórarinsson (formaður)
Bergvin Oddsson, Friðrik Friðriksson,
Sigmar Þ. Sveinbjörnsson, Stefán Friðriksson,
Til vara: Andrés Þórarinsson, Bogi Finnbogason
Samþykktir einróma

Fulltrúaráð, endurkosið.

Magnús Grímsson, Óskar Þórarinsson,
Sigurður Gunnarsson, Hilmar Rósmundsson,
Steingrímur Sigurðsson, Einar Ólafsson

Til vara:

Guðjón Ólafsson, Elías Sveinsson
Sigfús Guðmundsson, Bogi Finnbogason,
Örn Friðgeirsson, Guðjón Pálsson.

Húsnefnd, endurkosin.

Jón Guðmundsson formaður
Einar Guðmundsson gjaldkeri
Friðrik Ásmundsson ritari

Til vara: Angantýr Elíasson og Guðni Grímsson

Styrkveitinganefnd, endurkosin.

Sigfús Guðmundsson
Kristinn Pálsson, Einar Guðmundsson

Sjúkrasjóðsnefnd, endurkosin.

Í stjórn sjúkrasjóðs:
Guðjón Pétursson
Sigurður Gunnarsson
Til vara: Gísli Einarsson
Endurskoðandi: Ágúst Bergsson

Gæslunefnd, endurkosin.

Bogi Finnbogason (formaður)
Elías Sveinsson, Hilmar Rósmundsson,
Emil Andersen, Sigfús Guðmundsson
Sveinn Valdimarsson, Sigurgeir Ólafsson,
Friðrik Ásmundsson, Örn Friðgeirsson

Veiðarfæranefnd, endurkosin.

Sigurður Gunnarsson (formaður)
Hörður Jónsson og Kristinn Pálsson

Nefnd í D.A.S., endurkosin.

Guðjón Pálsson
Friðrik Ásmundsson

Þar með lauk stjórnar- og nefndakosningu.

10. Formaður ræddi hvort félagið vildi styrkja vinnustofu aldraðra sjómanna sem Kiwanis hratt af stað í kjallara nýja sjúkrahússins.

Samþykkt var að styrkja það eitthvað svipað og Sjómannastofuna.

11. Rætt var um vatnsleiðslu í bryggjunum.

Eftirfarandi tillaga var borin undir fundinn, eftir nokkurar umræður um málið.

"Aðalfundur S.s. Verðandi, 23. janúar 1972, skorar á bæjarstjórn Vestmannaeyja, að láta nú þegar lagfæra vatnsleiðslu í bryggjunum, þannig að bátar geti náð í vatn, án þess að færa sig.

Bilið milli þeirra vatnshana sem þegar eru komnir, er að okkar álitu allt of langt og mætti fjölga vatnshönum um helming eða meira."

Samþykkt einróma.

Rætt var myrkur í slippum og tengikassa fyrir þriggjafasastraum.
Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Kristinn Sigurðsson
formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
sunnudaginn 14. maí 1972 og hófst að Heiði kl. 14:00.

Mættir voru: Kristinn Sigurðsson formaður, Þórður Rafn Sigurðsson varaformaður, Einar Guðmundsson gjaldkeri, Hilmar Rósmundsson, Elías Sveinsson, Sigurður Gunnarsson, Einar Ólafsson, Bogi Finnbogason og Magnús Grímsson.

Þórður Rafn Sigurðsson settur ritari í fjarveru ritara.

Formaður setti fundinn og bað fundarmenn rísa úr sætum og votta hinni látnu kempu Benóný Friðrikssyni virðingu sína.

Síðan var rætt um að krefjast sjóprófa, vegna slyssins er Benóný Friðriksson féll í sjóinn.

Margir tóku til máls og var algjör einhugur um að koma þessi í kring.

Rætt var um að ráða þyrfti lögfræðing og einnig um að fá samþykkt ættingja hins látna.

Samþykkt var að hafa samband við Gísla Sigmarsson í sambandi við þetta, en þetta mætti aðeins heita aðstoð við ættingjana.

Rætt var um að mætast til þess af félagsins hálfu að allir bátar yrðu í landi er Benóný Friðriksson yrði jarðsettur og að félagar stæðu heiðursvörð við kirkjuna.

Rætt bréf frá æskulýðsráði um að taka unglinga með til sjós, og töldu menn sjálfsagt að reynt yrði að verða við því.

Fundi slitið kl. 15:00. (Gísli Eyjólfsson færði inn.)

Fundur í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðanda
haldinn að Heiði sunnudaginn 18. júní.

Mættir eru: Kristinn Sigurðsson formaður, Gísli Eyjólfsson, Einar Guðmundsson, Hilmar Rósmundsson, Guðjón Pálsson, Magnús Grímsson, Sigurður Gunnarsson.

Rætt um vita og radarmerki, að ósk aðalfundar Fiskifélagsdeildar Vestmannaeyja, sem mælir með því að reistur verði ljósviti á Surtsey og radarmerki á sandana við suður- og suðausturströnd landsins.

Stjórn og fulltrúaráð var samþykkt því að viti verði reistur á Surtsey, en jafnframt yrði ekki lagður niður vitinn á Geirfluglaskeri, en ljósmagn hans verði aukið.

Einnig vildu menn fá radarmerki í fjöruna austan við Ingólfshöfða, helst 3.

Þá var rætt brot helgarfríum, sem nú er framið af m/s Halkion og m/s Elíasi Steinssyni og ákveðið að beita ákvæðum samninga.

Menn töldu að allir bátar ættu að taka frí sömu helgi.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

Fundur í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
haldinn að Heiði laugardaginn 23. september 1972.

Mættir eru: Kristinn Sigurðsson formaður, Einar Guðmundsson, Gísli Eyjólfsson, Óskar Þórarinnsson, Guðjón Pálsson, Hilmar Rósmundsson, Magnús Grímsson, Elías Sveinsson, Einar Ólafsson.

1. Rætt var hvort haldin skuli árshátíð.
Samþykkt einróma.
2. Rætt bréf frá 15/9 1972 um söfnun í landhelgissjóð.
Samþykkt var að félagar tækju ekki að sér söfnun. Formaður kvaðst tilkynna það símleiðis til Ingólfs Stefánssonar.
3. Guðjón Pálsson ræddi um loðnulöndun og heyrst hefði að bátar yrði skikkaðir til að fara á ákveðnar hafnir, eftir skipum frá Reykjavík, að viðlögðum sektum.
Menn töldu þetta fyrirkomulag fásinnu.
Formaður lofaði að athuga þetta við Ingólf Stefánsson, en bréf um þetta hefur félaginu ekki borist.

Fleira ekki rætt.
Fundi slitið.

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

**181. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
fimmtudaginn 19. október 1972 og hófst kl. 20:45 í húsi Kiwanis.**

1. Formaður Kristinn Sigurðsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Guðjón Pálsson gerði þá athugasemd, að hann hefði ekki greitt miða boðsgesta á árshátíð og strikaði ritari yfir það. Fundargerðin síðan borin upp.
Samþykkt einróma.
3. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Braga Guðmundsson Vesturvegi 19.
Samþykkt einróma.
4. Formaður bað Guðjón Pétursson lesa reikninga sjúkrasjóðs, en því var frestað á síðasta aðalfundi, þar sem þeir voru ekki alveg kláraðir.
Reikningar sjúkrasjóðs:
Innheimt lögbundin gjöld 1970 ásamt eldri reikningum 124.520,00
Vextir á bók No. 20322 26.258,00
Vextir á bók No. 25526 11.607,00
Tekjur alls kr. 162.385,00

Gjöld
Greiðsla fyrir umsjón og
innheimtu reikninga 10% 12.452,00
Mism. lagður á bók 149.933,00

Efnahagsreikningar 28. janúar 1972.
Á bók No. 20322 kr. 318.013,00
Á bók No. 25526 kr. 228.282,00
Skuldlaus eign kr. 546.295,00
Reikningarnir samþykktir án umræðna.
5. Formaður las bréf um fiskverðsákvörðun Verðlagsráðs, nú í haust til áramóta.
Reiknað er með 15 % fiskverðshækkun og á að nota fé verðjöfnunarsjóðs til að standa undir hækkuninni.
Hilmar Rósmundsson taldi verðhækkun 3 %, en ekki 15 % eins og sagt er. Það væri þegar búið að skipta kökunni og nú ætti að bjarga sér úr ógöngunum með því að taka peninga úr verðjöfnunarsjóði, sem væri eign sjómanna og útvegsmanna.
Þetta væri varasjóður, ef fiskverð lækkaði á heimsmarkaði.
Til dæmis hefði loðna og lýsi verið bætt upp í fyrra, vegna verðfalls á heimsmarkaði, vegna mikillar veiði við Perú, og hefði loðna verið verðbætt um 13 aura kílóíð.
Verðfalli væri ekki til að dreifa nú og þessi ráðstöfun því ekki samkvæmt ætlun sjóðsins.
Hjörtur Hermannsson taldi þetta lagabrot og kvaðst sammála Hilmar. Sigurður Gunnarsson sagði að allir launþegar hefðu fengið kauphækkun, nema sjómenn og er hækka hefði átt við þá væri þetta eina ráðið er ráðamenn virtust eygja. Sér virtist Verðlagsráð úrellt og bæri að leggja það niður.
Haft væri eftir Lúðvík Jólssyni ráðherra að allir í Verðlagsráði hefðu samþykkt einróma að greiða fiskverðshækkun úr verðjöfnunarsjóði.
Sigurður sagði, að sjómannasamtökin hefðu ekki staðið í ístaðinu og vildi leggja til, að F.F.S.Í væri boðin aðstoð til að reikna tíma við hinar ýmsu veiðar og fiskverð reiknað eftir því.

Steingrímur Sigurðsson lýsti sig mótfallinn þessari verðlagningu og Guðjón Pálsson var þessu sammála og kvað enga stoð í lögum fyrir þessari verðlagningu á fiski og skoraði á stjórnina að senda harðorð mótmæli.

Hilmar Rósmundsson hafði komið með munnlega tillögu, sem formaður bar upp.
"Hætt verði að borga í verðjöfnunarsjóð, hann felldur niður og borgaður út."
Samþykkt einróma.

6. Hjörtur Hermannsson sagði þær fréttir, að þessa dagana væri verið að undirbúa lánaheimild úr lífeyrissjóðnum, en erfitt væri á þessu stigi að ákveða upphæð, þar sem ekki er vitað hve margir sækja og fleira sem kemur til. Vextir verða um 10 % og sennilega til 10 ára. Það væri algengt, að lánað væri úr slíkum sjóðum með hæstu fasteignavöxtum, veð skal alltaf verða yfir 50 % af brunabótamati, sumir sjóðir heimiluðu 2. veðrétt. Hjörtur taldi að lífeyrissjóðurinn væri nú um 20 milljón króna og taldi svipað í deildunum.

Aðalfundur skal haldinn í maí, en aðeins 13 mættu af um 1400 meðlimum og sama varð á framhaldsaðalfundi. Aðalfundi var því frestað þar til kvittanir hefðu verið sendar út, sem yrði alveg á næstunni og hvatti Hjörtur menn til að mæta vel.

Formaður þakkaði Hirti fréttirnar og greið svör við spurningum sem til hans voru beint.

7. Formaður skýrði frá bréfi um loðnulöndun, sem félaginu barst nýlega. Formaður kvaðst hafa hóað saman nokkrum loðnuskipstjórum til að fjalla um bréfið. Þeir voru allir algjörlega andvígir lagasetningu þeirri, sem fram kemur í bréfinu og fólu formanni að koma því á framfæri við F.F.S.Í.

Guðjón Pálsson ræddi því næst lagasetningu þessa og taldi að verið væri að bjóða hættunni heim, ef nefnd í Reykjavík ætti, að viðlögðum sektum, að skikka báta til að fara á ákveðnar hafnir.

Ákvörðunarrétturinn um mat á veðri og öðrum aðstæðum væri tekinn af skipstjóra og fleira kæmi til, til dæmis hver ábyrgðist skilvísar greiðslur aflaverðmætis.

Guðjón taldi að þetta mundi skaða Eyjarnar um milljónatugi, ef fram næði að ganga, og lagði til að félagið skrifaði bréf til sjávarútvegsnefndar Alþingis, alþingismanna Eyjanna og F.F.S.Í., og mótmælti þessu harðlega.

Samþykkt var að kjósa nefnd í málið sem meðal annars gengi á fund bæjarstjóra og kynnti honum málstað.

Tilnefndir voru:

Guðjón Pálsson (formaður)
Hörður Jónsson, Richard Sighvatsson.
Samþykktir einróma.

8. Formaður upplýsti að undanfarið hefði nefnd verið að störfum um landhelgismál og bað Hilmar Rósmundsson segja fundinum það helsta af því.

Hilmar sagði að fiskveiðilaganefnd væri væntanleg hingað um næstu helgi.

Nefndin ætlaði að ferðast eitthvað um landið og kanna skoðanir um nýtingu landhelginnar. Útvegsbændafélaginu hefði borist í hendur uppkast að reglum eða álitsgerð og leitaði til sjómannafélaganna um að þau skipuðu einnig menn í nefndina.

Frá Útvegsbændafélaginu eru: Karl Guðmundsson, Guðjón Pálsson og Hilmar Rósmundsson

Frá Verðanda: Óskar Þórarinnsson, Stefán Stefánsson og Sigfús Guðmundsson.

1. er frá Jöttni og 1 frá Velstjórafélaginu.

Reynt var að velja menn þannig að hin ýmsu veiðarfæri og bátastærðir ættu fulltrúa. Unnið hefur verið í þessu undanfarna daga og er eftir að gera það frambærilegt og verður lagt fyrir stjórnir félaganna sameiginlega áður en endanlega verður frá þessu gengið.

9. Sigurður Gunnarsson ræddi um hvort ekki væri rétt að félagið reyndi að koma sér upp orlofsheimili, og hvort ekki mætti nota til þess fé úr sjúkrasjóðnum.

Guðjón Pétursson lagðist gegn þessu og taldi að það gæti komið sér illa að slátra sjúkrasjóðnum, þar að auki væri þetta samningsatriði.

Hjörtur Hermannsson kvaðst sammála Guðjóni.

Sigurður Gunnarsson sagði að sér hefði komið í hug peningar úr sjúkrasjóði, þar sem peningar féllu alltaf í verðgildi og nú væri kominn lífeyrissjóður. Verðandi væri líklega eina vinafélagið í bænum, sem ekki hefði innskot í orlofsheimili, skaut hann því til stjórnar að athuga þessi mál.

Hélt F.F.S.Í. eiga eitthvert innskot í orlofsheimili sem vert væri að kanna.

Guðjón Pétursson kvaðst ekki sammála að leggja sjúkrasjóðinn niður, hinsvegar væri kannski rétt að endurskoða lögin fyrir næsta aðalfund.

Hilmar Rósmundsson og Gísli Eyjólfsson vildu hafa sjóðinn áfram, þó svo að fé hans rýrnaði að verðgildi. Taldi Gísli það mikið óöryggi fyrir félagana, þrátt fyrir Almannatryggingar og fleira sem seint væri í vöfum.

10. Sigurður Gunnarsson spurðist fyrir um störf dvalarheimilisnefndar og sjómannadagsráðs og hvað gerst hefði í þeim málum.

Jóhannes Kristinsson sagði að kosin hefði verið húsnefnd í Sjómannadagsráði. Búið væri að fela arkitekt að gera teikningar eftur frumteikningu og með breytingartillögum frá 2 læknum, bæjarverkfræðingi og nefndinni. Teikningar taka eitt ár. Sótt hefði verið til bæjarráðs um umsjón með daglegum rekstri og það verið samþykkt.

Jóhannes sagði að ýmislegt krefjist nánari athugun og til dæmis ætlaði nefndin að reyna að koma í veg fyrir að fólk flyttist hingað til að dvelja í heimilinu.

Sjómannadagsráð hefur tekið herbergi á leigu í Geirseyri og keypt í þau húsgögn fyrir 100 þúsund krónur.

Hjörtur Hermannsson spurði hvort leitað hefði verið eftir fé hjá D.A.S. eða Pétri Sigurðssyni. Jóhannes sagði að það hefði ekki verið gert enn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 23:30.

23 félagar sátu fundinn.

Kristinn Þ. Sigurðsson, formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Fundur haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
Þriðjudaginn 24/10 1972 og hófst að Heiði kl. 21:15

Mættir eru: Kristinn Sigurðsson formaður, Hannes Haraldsson varagjaldkeri, Hilmar Rósmundsson, Sigurður Gunnarsson, Óskar Þórarinsson, Bogi Finnbogason, Guðjón Pálsson, Magnús Grímsson, Stefán Stefánsson.

1. Tekið fyrir löndurnarmál í sambandi við loðnulöndun í vetur.
Guðjóni og Stefáni falið að gera bréf til að senda þingmönnum og F.F.S.Í.
Nokkrar umræður um málið.
2. Sigurði Gunnarssyni og Hilmari falið að semja mótmæli við síðustu ákvörðun verðlagsráðs og ráðstöfun verðjöfnunar.

Fleira ekki gert.
Fundur slitið.

Kristinn Sigurðsson ritaði fundargerð í fjarveru ritara.

Kristinn Þ. Sigurðsson
formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari, færði inn.

182. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 10. desember 1972 og hófst kl. 13:45 í húsi Oddfellow.

1. Formaður setti fundinn og væri fundarefni þessa fundar fiskverðsákvörðun og fleira
2. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður las bréf, sem sent var blöðunum um fiskverð.

Formaður las bréf um loðnulöndun, sem sent var alþingismönnum og F.F.S.Í.
4. Formaður las símskeyti frá F.F.S.Í., þar sem óskað er eftir að Verðandi sendi tvo fulltrúa til viðræðna um fiskverð 12. desember þar sem ákvörðun um fiskverð liggur nú fyrir um áramót.
Steingrímur Sigurðsson taldi sjálfsagt að senda menn og stakk upp á Hilmar Rósmundssyni til fararinnar, en Hilmar kvaðst ekki hafa tíma.
All margir tóku til máls og var mikið rætt um fiskmat, og að ekkert ætti að borga í verðjöfnunarsjóð ef hann yrði notaður eins og verið hefur.
Komast þyrfti fyrir að fiskur væri metinn stórlega niður, en unninn í betri þakkingar svo sem neytendapakkingar og dæmi nefnd þessu til staðfestingar.
Krefjast bæri hærra fiskverðs og neita breytingum á stærðamörkum.
Tvöfalda ætti verð á loðnu og álitamál væri hvenær hráefnið væri orðið það lélegt að verðfelling væri raunhæf og þyrfti að fylgjast vel með því.

Til fararinnar voru kosnir:

Óskar Þórarinsson og
Þórður Rafn Sigurðsson varaformaður

Einnig var Kristinn Sigurðsson formaður tilnefndur, en baðst undan, vegna anna.

5. Formaður bar undir fundarmenn, hvort félagið ætti að styrkja áfram vinnustofu aldraðra sjómanna, sem Kiwanis kom upp og félagið hefur styrkt með kr. 10.000.
Samþykkt var að styrkja vinnustofuna áfram kr. 10.000,00.
6. Rætt um að fá þingmennina til viðræðna um áramót.
Formaður sagði að hækkun mundi verða á árgjöldum og tóku menn því vel.
Rætt var lítillega um undanþáguveitingar og að ráðuneyti mundi hafa selt undanþágur fyrir kr. 400,00.
Lítillega var einnig minnst á skólamál sjómanna og undirbúningsmenntunar, sem krafist er.
Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
18 félagar sátu fundinn.

Kristinn Þ. Sigurðsson
formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Halda átti fund S.s. Verðandi í Kiwanishúsinu laugardaginn 16. desember kl. 14:00.

Þar sem aðeins voru mættir 10 menn, þrátt fyrir að allur flotinn væri í landi var samþykkt að slíta fundi og hver færi til síns heima og frekari fréttir af ferð þeirra Óskars og Rafns biði næsta fundar, ef nokkur mætti þá vera að að koma.

Eftir að fundi var slitið sátu menn og ræddu málin og fengum við, sem mættir voru, þó nokkuð útúr því rabbi en vonandi verða fleiri til að taka þátt svipuðum umræðum á næsta fundi.

Kristinn Þ. Sigurðsson ritar fundargerð, í fjarveru Gísla.

Kristinn Þ. Sigurðsson
formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari færði inn.

183. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

laugardaginn 6. janúar 1973 og hófst kl. 14:00 í húsi Kiwanis.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar
Samþykkt einróma.
2. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir:
Sigurbjörn Guðmundsson Faxastíg 37
Kristján B. Laxfoss Víðisvegi 76
Samþykktir einróma.

Síðar á fundinum bar formaður upp inntökubeiðni fyrir:

Atla Sigurðsson Fjólugötu 29
Óskar Kristinsson Suðurvegi 13
Samþykktir einróma.

3. Formaður Kristinn Þ. Sigurðsson flutti framsögu um fiskverð og fiskverðsákvörðun og gagnrýndi harðlega hvernig að henni hefði verið staðið. Samþykki útvegsmanna á fiskverðinu benti sannarlega ekki á að útgerð væri látið. Erfitt væri að vita hverju trúa skyldi, og ekki síst með það í huga, að hingað væru keyptir bátar og það af gamalreyndum útgerðarmönnum, sem ætla mætti að þekktu erfiðleikana.

Hilmar Rósmundsson kvaðst ekki vilja ræða hér kaupgjaldsmál, en hann vildi lýsa því yfir að hann væri algjörlega ósamþykkur þeirri samþykkt sem L.Í.Ú. gerði og hefði verið mjög óánægður strax. Hann kvaðst ekki sammála formanni, að allt væri sök útgerðarmanna, þar ættu fleiri hlut að máli til dæmis Jón Sigurðsson frá Sjómannasambandinu og fleira

Þá sagði Hilmar að nú væri ekki hægt að gera út lítinn bát. Kannski hefði verið gáfulegast að hætta, en það fylgdu því margir kostir að vera á sínum eigin útvegi, heldur en vera með báta fyrir aðra.

Sigurður Gunnarsson taldi rétt að leiða útgerðargrundvöll fram hjá þessum fundi.

Þakkaði formanni framsögu hans og óskaði eftir afriti af ræðu hans.

Minnti á, að í haust hefði hann verið með ákveðnar hugmyndir um að hressa F.F.S.Í. við. Ótti hans um að það stæði ekki nógu vel í ístaðinu, hefði komið á daginn. Spurði hvernig för fulltrúa okkar hefði verið undirbúin og hvernig trygging væri fundin út. Áður hefði verið reiknað með 48 stunda vinnuviku og trygging fundin út frá því, hvort nú væri reiknað með 40 stundum.

Óskar Þórarinsson las úr minnisblöðum sínum um förina suður.

Ingólfur Stefánsson setti fundinn, sem stóð í 5 klst. og þá komið fram á nótt. Hann röstaði með því að kosin var nefnd, sem ganga skyldi frá kröfum til að fara með niður í Alþingi.

Krafan varð 20 % fiskverðshækkun.

Þórður Rafn var í nefndinni, en ekki Óskar, en hann kvaðst hafa það eftir nefndarmönnum, að er þeir komu niður í Alþingishús, mættu þeir Ólafi Jóhannssyni forsætisráðherra. Hann hefði verið ókurteis og hreytt útúr sér "hvað er nú" er hann sá nefndarmenn og ekki talað meira við þá.

Lúðvík talaði hinsvegar við nefndina í 1/2 tíma og taldi allt verða í lagi eftir áramót, meðal annars með auknum tryggingum.

Formaður kvaðst hafa haft samband við Ingólf Stefánsson og spurt hvort ekki ætti að mótmæla fiskverðsákvörðuninni, en fengið loðin svör og ekki einu sinni víst, hvort stjórn F.F.S.Í. héldi fund eftir áramót.

Fyrirspurn kom um hvort Óskar hefði verið samþykkur 20 % hækkun, en hann kvað nei við.

Sigurður Gunnarsson kvað þetta eins og hann hefði búist við, að kröfur ekki nógu vel undirbúnar. Fiskverðsmati ekki komið á í snatri, því það þyrfti að fara í gegnum þing. Aðalgrundvöllur

útgerðar var að hafa góða menn í skipprúmi og forsenda þess væru góð laun. Sagði það illa farið, að fulltrúar sjómanna, hefðu lagt blessun sína á þessar gerðir.

Jón Pálsson kvaðst hafa haldið, að þeir sem væru í Verðlagsráði væru bundnir þagnarheiti, en þó hefði Kristján Ragnarsson sagt fundi L.Í.Ú. hvað þar væri að gerast.

Lagði til að reynt yrði að fá forsvarsmenn sjómanna, Ingólfana og Jón Sigurðsson hingað á umræðufund.

Formaður sagði að hann hefði verið svo dasaður er þessar fréttir um fiskverð bárust, að hann hefði ekkert gert í því að fá fund með þingmönnum um áramótin, eins og um hefði verið talað.

Bað menn ræða betur hvað gera skuli.

Allmargir ræddu um, að segja upp samningum og hafa þá lausa, en þeir eru uppsegjanlegir í 2 mánuði eftir gengisbreytingu.

Í þessum umræðum kom ýmislegt fram til dæmis að fiskur væri ekki metinn í Grindavík eftir 15. maí. Í haust hefði 80 % af ufsa verið keypt þar sem 1. flokkur, án tillits til aldurs og fleira

Þá fór fram leynileg atkvæðagreiðsla um hvort stjórn og fulltrúaráði skuli heimilt að segja upp samningum, ef ástæða þyki.

Já sögðu	30
Nei sögðu	0
Auðir	5

Samþykkt einróma

Formaður bar undir atkvæði hvort reynt skuli að fá forkólfa samtakanna hingað.

Samþykkt einróma.

Gísli Jónasson taldi illa undirbúið fyrir kröfur um fiskverð, sem hefði þurft að hækka um 30 %. Undirbúningur þyrfti að hefjast fyrr að hausti.

Allmargir töldu að eina leiðin nú væri krafa um hærri kauptryggingu, allt að 100 %, og mundi það krefjast hærra fiskverðs.

Upplýst var, að meðalhássetahlutur, samkvæmt útreikningum hagstofunnar, væri 560 þúsund krónur, þá væri allt reiknað svo sem tryggingar og fleira

4. Ritari las eftirfarandi tillögu, sem lögð var fram á fundinum.

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi, laugardaginn 6/1 1973 samþykkir að lýsa yfir ánægju félagsins yfir framkominni tillögu hjá bæjarstjórn Vestmannaeyja á fundi 5/1 1973, um að skora á hæstvirta ríkisstjórn og Alþingi að gangast fyrir hönnun og smíði skips á þessu ári, sem leyst gæti samgönguvandamál Eyjanna. Félagið telur eðlilegt að öll stjórn í sambandi við rekstur skipsins verði í Vestmannaeyjum.

Einnig heitir félagið á þingmenn kjördæmisins að láta hvergi staðar numið í þessu mikla hagsmunamáli Eyjanna."

Samþykkt einróma.

5. Formaður tilkynnti að aðalfundur yrði haldinn um næstu helgi og bað menn láta það berast og mæta vel.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:00. 36 félagar sátu fundinn.

Kristinn Þ. Sigurðsson
formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

184. Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi

var haldinn í húsi Kiwanis laugardaginn 13. janúar 1973 og hófst kl.
14:15.

1. Formaður Kristinn Sigurðsson setti fundinn, bauð menn velkomna og lýsti ánægju sinni yfir hve vel væri mætt.
2. Formaður minntist látinna félaga, þeir voru:
Jón Guðmundsson
Benóný Friðriksson
Alexander Helgason
Rafn Kristjánsson
og gamall félagi Ólafur Ísleifsson.
Fundarmenn risu úr sætum sínum í virðingarskyni við hina látnu.
3. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Benedikt R. Sigurðsson Kirkjuveg 39.
Samþykktur einróma.
4. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Athugasemd var gerð við, að í fundargerð stóð að samningar væru uppsegjanlegir í 1 mánuð, en á að vera í tvo mánuði eftir gengisfellingu. Ritari breytti þessu.
Þá sagði formaður að það hefði ekki hvað síst dregið úr sér að fá þingmennina á fund, að ekki varð fundarfært 16. desember síðastliðinn.
Fleiri athugasemdir voru ekki gerðar
Fundargerðin samþykkt einróma.
5. Formaður skýrði frá samtölum sínum við Ingólf Stefánsson, sem hefði sagt að stjórnarfundur F.F.S.Í. yrði líklega einhvern tíma í næstu viku. Formaður taldi ekki líklegt að önnur félög ætluðu að gera neitt í kaupgjaldsmálunum.
Þá sagði formaður að Ingólfur Stefánsson hefði virtst hafa mikinn áhuga á að koma hingað á fund, ásamt Ingólfi Ingólfssyni.
Um miðja vikuna hefði hann stungið upp á því, að þeir nafnar kæmu ásamt Kristjáni Ragnarssyni formanni L.Í.Ú. og héldu almennan fund. Formaður kvaðst hafa beðið um frest til að svara þessu, en daginn eftir hefði hann beðist undan þessu og óskað eftir að þeir nafnar kæmu til fundar við okkur einir. Undir helgina hefði það hinsvegar orðið ljóst, að ekkert yrði af þessu þar sem Ingólfur Ingólfsson væri upptekinn í samningum fyrir vélstjóra í frystihúsum og Ingólfur Stefánsson færst undan því að koma einn.
Formaður taldi einsýnt, að F.F.S.Í. eða önnur félög ætluðu ekkert að gera í málinu.
6. Formaður bað Einar Guðmundsson gjaldkera skýra frá reikningum félagsins.

Félagssjóður:

Tekjur	kr. 243.937,85
Gjöld	kr. 243.459,00
Eignir	kr. 204.560,84
í Bankabók	kr. 188.238,14
í Ávísanabók	kr. 16.322,70

Þar sem vextir eru færðir til tekna, varð raunverulega halli á árinu, um kr. 3.242,30

Reikningar samþykktir einróma, án umræðna.

Styrktarsjóður:

Tekjur	kr. 78.744,35
Úthlutað til 13 aðila	kr. 52.500,00
Eign	kr. 389.363,31

Reikningarnir samþykktir einróma, án umræðna.

Hússjóður:

Eign í peningum	kr. 130.168,03
Skuldir	kr. 6.035,00

Reikningarnir samþykktir einróma

Formaður bað Guðjón Pétursson skýra frá reikningum sjúkrasjóðs.

Guðjón sagði innheimtu hafa gengið vel og tekist hefði að mestu að ná inn gömlum reikningum. Einn styrkur var veittur á árinu, til Benedikts R. Sigurðssonar skipstjóra sem slasaðist snemma á árinu 1972, kr. 25.000,00

Sjúkrasjóður:

Tekjur	kr. 197.873,00
Gjöld	kr. 40.598,00
Eign	kr. 703.572,00

Reikningarnir samþykktir einróma.

Formaður bað Jóhannes Kristinsson segja frá fjárreiðum Sjómannadagsráðs.

Jóhannes sagði að aðalfundur ráðsins væri í maí og þær tölur sem hann hefði því fyrir starfsárið 1971-1972

1. maí 1972 voru:

Tekjur	kr. 900.640,00
Gjöld	kr. 779.294,00
Eignir	kr. 1.269.547,00

Jón Pálsson gerði fyrirspurn um hvað gerst hefði í dvalarheimilismálinu.

Jóhannes sagði talsvert verið unnið í því, nú væri verið að ræða og kanna hvernig eignarhlut skuli skipt, með tilliti til styrkja. Unnið væri í samráði við ýmsa, svo sem bæjarstjórn, bæjarverkfræðing, lækna og fleiri.

Áætlað væri að teikningar tækju 1 1/2 ár og áætlaður kostnaður allra teikninga 3 1/2 milljón samkvæmt tilboði arkitekts, sem ynni eftir taxta Verkfræðingafélags Íslands, en húsameistari ríkisins væri eitthvað lægri.

Vonast hefði verið eftir að geta byrjað á sjómannadaginn í vor, enn allt útlit fyrir að svo yrði ekki.

Jóhannes greiddi úr mörgum spurningum sem til hans var beint um fyrirhugað dvalarheimili.

Formaður bað Óskar Þórarinsson skýra frá reikningum skemmtinefndar.

Óskar baðst afsökunnar á að hann hefði ekki athugað að taka þá með á fundinn, en halli hefði verið á árhátíðinni, um 16.000,00 krónur.

Hjörtur Hermannsson sagði frá störfum lífeyrissjóðsins, og svaraði mörgum spurningum sem til hans var beint.

Rekstur sjóðsins gengur vel og í honum eru nú um 25 milljónir króna.

Gjöld í sjóðinn sennilega 14-15 milljónir.

Í nóvember síðastliðinn var lánað í fyrsta sinn úr sjóðnum, samtals 18 milljónir í 90 lánnum.

Hæsta lán er kr. 200.000 til 10 ára.

Ekki er ákveðið hvernig lánnum verður hagað í ár, en stefnt mundi að því, að lána úr sjóðnum tvisvar á ári.

16 aðilar fá makabætur kr. 103.000,00 á ári.

Hjörtur sagði að makabætur væru ekki greiddar hjá öðrum sjóðum, þó mundi til dæmis togarasjóðurinn greiða makabætur eftir alllangan tíma, en hér kæmu þær strax.

Örorkubætur væru til dæmis miðaðar við 40 % varanlega örorku en hér miðaðar við 20 %.

Þar með lauk að segja frá fjárreiðum félags og sjóða og þakkaði formaður greinargóðar upplýsingar.

7. Formaður bað menn tilnefna menn í formannssæti og er tillaga kom um að endurkjósa formennina kvaðst Kristinn alls ekki gefa kost á sér.

Tilnefndir eru:

Óskar Þórarinsson	fékk 29 atkv.
Jón Pálsson	fékk 2 atkv.
Þórður Rafn Sigurðsson	fékk 3 atkv.

Formaður er því Óskar Þórarinsson
Varaformaður Þórður Rafn Sigurðsson

Ritarar voru endurkosnir.

Gísli Eyjólfsson	ritari
Eyjólfur Gíslason	vararitari

Gjaldkerar, voru endurkosnir.

Einar Guðmundsson	gjaldkeri
Hannes Haraldsson	varagjaldkeri

Endurskoðendur endurkosnir.

Stefán S. Stefánsson
Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu)

Til vara: Haukur Jóhannsson

Sjómannadagsráð

Þar sem ráðið er með viðamikil mál í deiglu, kom fram tillaga um að endurkjósa Sjómannadagsráð, þar þessir menn væru hnútum kunnugastir, og var það gert.

Sjómannadagsráð skipa:

Jóhannes Kristinsson (formaður)
Hallgrímur Garðarsson, Logi Snædal Jónsson
Andrés Þórarinsson, Þór Vilhjálmsson
Til vara: Matthías Guðjónsson
Baldur Gíslason
Gunnar Árnason

Björgunaræfingarnefnd, endurkosin.

Kristinn Sigurðsson (frá Skjaldbreið)
Einar Sveinn Jóhannesson, Kristinn Pálsson

Fánaberar, endurkosnir.

Ágúst Bergsson og Einar Ólafsson

Skemmtinefnd

Nefndin var endurkosin að öðruleiti en því, að Kristinn Þ. Sigurðsson tók sæti Óskars Þórarinssonar.

Skemmtinefnd skipa:

Kristinn Þ. Sigurðsson (formaður)
Bergvin Oddsson, Friðrik Friðriksson
Sigmar Þ. Sveinbjörnsson, Stefán Friðriksson
Til vara:
Andrés Þórarinsson, Bogi Finnbogasson

Húsnefnd endurkosin.

Guðni Grímsson tekur sæti Jóns heitins Guðmundssonar sem var formaður nefndarinnar frá upphafi. Ákveðið var að láta einn varamann nægja.

Húsnefnd skipa:

Guðni Grímsson	formaður
Einar Guðmundsson	gjaldkeri
Friðrik Ásmundsson	ritari

Til vara: Angantýr Elíasson

Styrkveitingarnefnd, endurkosin.

Sigfús Guðmundsson
Kristinn Pálsson, Einar Guðmundsson

Sjúkrasjóðsnefnd endurkosin.

Í stjórn sjúkrasjóðs:

Guðjón Pálsson
Sigurður Gunnarsson

Til vara: Gísli Einarsson

Endurskoðandi: Ágúst Bergsson

Gæslunefnd endurkosin.

Bogi Finnbogasson (formaður)
Elías Sveinsson Hilmar Rósmundsson
Emil Andersen Sigfús Guðmundsson
Sveinn Valdimarsson Sigurgeir Ólafsson
Friðrik Ásmundsson Örn Friðgeirsson

Veiðarfæranefnd:

Nefndin var endurkosin að öðru en því, að Kristján Óskarsson var kosinn í stað Kristins Pálssonar.

Veiðarfæranefnd skipa:

Sigurður Gunnarsson (formaður)
Hörður Jónsson, Kristján Óskarsson

D.A.S.-nefndin, var felld niður.

Í stjórn lífeyrissjóðs, til 3ja ára:
Hjörtur Hermannsson, endurkosinn

S.s. Verðandi á einnig að kjósa aðalendurskoðanda þetta kjörtímabil, í stað Jónatans Aðalsteinssonar sem var síðast kosinn af sjómannafélaginu Jötni Aðalendurskoðandi lífeyrissjóðsins til 3ja ára var kosinn Guðjón Pálsson.

Fulltrúaráð:
Þar komu fram tvær skriflegar tillögur um menn í ráðið.

Tillaga I borin upp af Jóni Pálssyni og fleirum var þannig:
Aðalmenn:

Steingrímur Sigurðsson, Kristinn Sigurðsson, Sigmar Þ. Sveinbjörnsson, Sigmar Magnússon, Hilmar Rósmundsson, Sigurður Gunnarsson

Varamenn:

Einar Ólafsson, Bogi Finnbogason, Örn Friðgerisson, Már Sigurðsson, Willum Andersen, Ragnar Guðnason.

Tillaga I fékk við atkvæðagreiðslu = 4 atkv.
Tillaga II borin upp af fráfarandi stjórn fékk = 30 atkv.

Tillaga II var þannig skipuð og er kosið fulltrúaráð:

Kristinn Þ. Sigurðsson, Jón Pálsson, Hilmar Rósmundsson, Sigurður Gunnarsson, Bogi Finnbogason, Steingrímur Sigurðsson.

Til vara:

Einar Ólafsson, Örn Friðgeirsson, Már Sigurðsson, Guðjón Pálsson, Sigmar Þ. Sveinbjörnsson, Gunnlaugur Ólafsson

Þar með lauk stjórnar- og nefndakosningu.

8. Formaður þakkaði stjórnarmönnum ágætt samstarf og meðlimum fulltrúaráðs fyrir góða mætingu og samstarf. Hann kvaðst ekki dómbær á hvort félagið stæði betur eða verr en áður. Óskaði nýkjörnum formanni velfarnaðar í starfi og félaginu alls góðs, og það Óskar taka sæti sitt.

Óskar Þórarinsson þakkaði það traust, sem sér væri sýnt og þakkaði fráfarandi formanni Kristni Þ. Sigurðssyni góð störf í þágu félagsins.

Kvaðst vona að menn mættu vel á fundi og hvatti til að menn mættu með skrifaðar fyrirspurnir og hvað þeir hefðu til málanna leggja við "Ingólfana".

9. Rætt var um hækkun ársgjalds og voru fundarmenn samþykkir því, að það væri tímabært, og það upplýst að ársgjald mundi vera kr. 5000 í Öldunni.

Lagt var til:

Ársgjald fyrir starfandi félaga kr. 3000,00

Ársgjald fyrir aukameðlimi kr. 500,00

Samþykkt einróma.

10. Jón Pálsson spurði fráfarandi formann hvort nokkuð hefði gerst í þeim málum, sem samþykkt voru á síðasta fundi.

Kristinn svaraði, að ekkert hefði gerst frekar.

11. Formaður ítrekaði við félagana að undirbúa sig vel undir næsta fund, vera vel á verði og styðja ákvarðanir síðasta fundar, því allt dytti um sjálft sig ef illa væri mætt.

All miklar umræður urðu um kjaramálin og hvernig hægt væri að setja fram kröfur til að ná betri kjörum. Í umræðum kom fram, að boðið væri í menn hærra, en samningar segja til um.

12. Lesið var bréf um félagsgjöld.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:30.

Óskar Þórarinnsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari

**185. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
laugardaginn 20. janúar 1973 og hófst kl. 14:15 í húsi Kiwanis
Nausthamri.**

1. Formaður Óskar Þórarinsson setti fundinn og bauð velkomna gesti fundarins, þá Ingólf Stefánsson og Ingólf Ingólfsson.
Formaður sagði að geymt yrði að lesa síðustu fundargerð, þar sem hún væri ekki alveg tilbúin.
2. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir
Gísla Tómas Ívarsson Heiðarveg 49.
Samþykktur einróma.
3. Formaður Óskar Þórarinsson flutti framsögu um kjaramál og var harðorður.
Rekja mætti aftur til ársins 1968 hvernig nú væri komið launamálum sjómanna og sumt af því sem tekist hefði að leiðrétta í fiskverði væri komið aftur. Deildi formaður fast á L.Í.Ú. fyrir mútur sem það þægi og 9 % fiskverðshækkunina um áramót.
Farið hefði verið fyrir ráðherra með 20 % hækkun, sem nú þýddi 30 %.
Því miður væri sjómaðurinn sjálfur sekastur um hvernig komið væri og nú væri S.s. Verðandi eina félagið sem heimilað hefði stjórn og fulltrúaráði að segja upp samningum.
4. Ingólfur Ingólfsson þakkaði fyrir boðið.
Ræddi síðan fiskverð og sagði að það hefði verið mikið gagnrýnt, sérstaklega í Vestmannaeyjum, einkum ufsinn.
Reikningum vinnslufyrirtækja bæri að taka með varúð og hafði þetta oft verið gagnrýnt því í slíkum reikningum væri hægt að fela, en þó væru þeir upplýsandi, en ekki hægt að byggja inngöngu á þeim.
Þá væri fjöldi frystihúsa, væru til dæmis 7 í Reykjavík, fyrir utan aðrar stöðvar, en ein stöð gæti sem hægst annað öllu, enda væri hvergi eins lök útkoma að Austfjörðum undanskildum, þessum húsum vantaði hráefni.
Þegar finna skal fiskverð er búinn til meðalbátur (reikn. frá 200 - 500 tonn) og í útreikningum kom þetta þannig út, að báturinn kom út óhagstæðari en stöðvar og báturinn kom betur út í skipshöfn. Þetta sagði Ingólfur að mætti rekja til 1968, stofnfjár sjóðurinn.
Nú var krafist 15 % hækkunnir 1. október, og var mikið hark um skiptingu milli tegunda.
Hafrannsóknarstjóri Jón Sigurðsson lagði mikla áherslu á, að þetta reiknaðist sem hvati til haustróðra og félli út um áramót.
Þegar tekjur sjómanna væru reiknaðar væru teknir 120 sjómenn, kvæntir á aldrinum 20-50 ára og reiknað meðaltal.
Einnig væri reiknað meðaltal af iðnaðarmönnum og fleirum og væri hlutur sjómanna góður, en svona meðaltöl væru mjög varasöm og væru til dæmis tekjur togarasjómannanna langtum lægstar. Auðvelt væri að gera miklar breytingar með meðaltekjum til dæmis hve margir eru af togurum, hve margir eru úr úrvalsskiprúmum o.s. frv.

Kaupendur lögðu fram kröfu um lækkun 1. október. (þar var með einn Vestmannaeyinga).

Krafa var um lækkun á karfa, kúlu (22 %) og ufsa (28 %), sérstaklega ufsi og karfi, en varð ekki af.

Frá 1970 hafa þorskur og ýsa tvöfaldast í verði á Bandaríkjamarkaði, en ufsi staðið í stað.
Í neytendapakningum eða 5 lbs.-pakningum gæti ufsi hækkað, en það er lítið magn, sem kemst í þessar pakningar. 1/2 útflutningsgjald er fellt niður af ufsa og karfa.

Ingólfur sagði, að verð þessara tegunda yrði að hækka, en kaupendur neituðu að færa verð af öðrum tegundum, yfir á karfa og ufsa. Hægt væri að deila við kaupendur, en erlend markaðsverð væri það sem réði. Verð á söltuðum ufsa hefur ekki hækkað síðastliðið ár.

Karfi og ufsi hafa setið eftir í verðlagningu og þá væri spurning hvort raska ætti alveg verðlagstegundunum.

Ingólfur sagði að inn í fiskiverðsdæmið væru tekin 73 frystihús og um það bil jafn margar verkunarstöðvar og búin til ein, sem kæmi betur út en báturinn, en hann kæmi aftur á móti betur út en sjómaðurinn.

Þá koma einnig inn í fiskmiðsdæmi stofnfjár sjóður, útflutningssjóður og 2 1/2 % hækkun í stofnfjár sjóð átti að berja í gegn.

Stefnt væri að lækkun en ekki hækkun og taldi að hækkunin hefði ekki komið sjómönnum til góða, enda að hans mati alltaf gengið út frá skökkum forsendum..

5. Ingólfur Stefánsson talaði um lög um orlof. 7. gr. breytt og féll niður, kostaði það mikil málaferli.

8 1/3 % orlof greiðist af öllum hlut.

Las lög um slysatryggingar, þar sem greinar stangast á.

Sagði frá skattafrádrætti. Greindi frá manni á Akureyrartogara sem var afskráður meðan landað var og náði þar með ekki sjómannafrádrætti, en þetta hafði verið tíðkað þar nýðra.

Farið var fram á, að skattfríðindi gildi meðan menn eru bundnir við skip og var vel tekið.

6. Formaður þakkaði Ingólfunum greinargóðar ræður. Spurði um orlofslögin.

Ingólfur Stefánsson sagði Kristján Ragnarsson hafa smeygt í 7. gr. orðalagi, þannig að þeim var hegnt sem eru allt árið í sama skiprúmi.

Fékkst þessu breytt, eftir mikið þóf, sem þó tapaðist í fyrstu.

Ágúst Bergsson spurði hvort ekki væri óeðlilegt að ekkert annað félag en Verðandi mótmælti fiskverðinu.

Fulltrúarnir gætu áreiðanlega fengið öll félög með, ef þeir vildu.

Ingólfur Ingólfsson sagði að sér hefði ekki komið á óvart mótmæli héðan. Mótmæli Verðanda eðlileg og hann hefði varað við þeim.

Spurði hvort félagið hefði mótaðar tillögur, til dæmis á ufsa, - gert 1970.

Ingólfur svaraði mörgum spurningum, sem skotið var að honum þar kom m.a. fram, að í fyrra skiluðu 4 frystihús meira en 25 % af stofnkostnaði, nokkur voru með milli 10- og 20 %, en svo runa fyrir neðan 0. Annars virtust frystihúsaeigendur alltaf vera að ??, það væri sett á rekstrarreikning og allt væri löglegt.

Staða sjómanna í Verðlagsráði væri bág.

Í þessum umræðum var upplýst, að verið væri að meta húsin hér að nýju.

Jón Pálsson, sagði að síðastliðið sumar, hefði humar verið yfirborgaður, strax eftir verðákvörðunina. Í sumar hefði Lúðvík Jósepsson lofað hækkan fiskverðs um áramót, væri kominn tími til að sjómenn létu heyra í sér.

Guðjón Pálsson talaði um flutningasjóð og spurði hve mikið getur loðnuútflutningurinn borið, sanngjarnt.

Ingólfur Stefánsson sagði 10 þúsund tonn bera uppá rekstur verksmiðju.

F.F.S.Í. mælti með flutningasjóði. Allar verksmiðjur fullnýttar í fyrra og nú hefði flotinn aukist um 20 % og þá kæmi vandamálið, hvar ætti að koma auknum afla fyrir.

Ingólfur talaði um undanþáguvesenið og kvað þess dæmi, að litblindir menn, sem ekki kæmust í skóla, hefðu fengið réttindi hjá samgöngumálaráðherra. Bað um stuðning Verðanda bréflaga í þessu máli.

Ingólfur Ingólfsson talaði um loðnuútflutning til Japans. Þar sem hrygna er yfir 80 % fengist gífurlegt verð, all miklu lægra fyrir 60-80 % en þar fyrir neðan væri verðið lágt.

Þetta væri tillölulega nýr markaður og ekki rétt að þjarma of mikið að að þessu sinni en hægt mundi að gera sér gleggri grein fyrir honum eftir þessa vertíð.

Vont hefði verið að verðleggja loðnu í fyrra en verra nú. Verksmiðjurnar leggja fram stikktölur, en ekki reikninga.

Verksmiðjurnar hafa skilaverð við kr. 4,75 (hafa týnt sem næst 50 aurum)
1.87 kr. þarf í vinnslu, samkvæmt reikningum hagfræðinga.

Aldan neitaði minnu en 2,50, sem þýðir 2,77.

Þar gagnráðstafanir voru gerðar í haust að teknar voru 90 milljónir úr verðjöfnunarsjóði. Sagði loðnuskipstjóra hlynnta því að sjóðurinn fengi að byggja sig upp og taldi sjóðinn hafa rétt á sér.

Verksmiðjur taldi hann illa búnar og skiluðu illa hráefni o.s. frv.

Vilja helmingastaðaskipti. Bjóða þrjú tímabil. Frá byrjun – 15. febrúar kr. 1,90. 16. febrúar - 16. mars kr. 1,70, eftir það kr. 1,60.

Krafa sjómanna, frá byrjun vertíðar 1. mars kr. 2,15, eftir það kr. 2,10, 45 aurar í verðjöfnunarsjóð, í stofnfjár sjóð 21 1/2 eyrir.

Guðjón Pálsson var sem fyrr mótfallinn lögnum um flutningasjóð og taldi að nýting næstu verksmiðja hefði verið slæm. Til dæmis hefði Reykjavík enga loðnu tekið í 18 daga og tapað miklu magni hráefnis bæði upp um skorstein og niður um skolpræsi.

Guðjón sagði verðjöfnunarsjóð góðra gjalda verðan, en ætti ekki tilverurétt ef hann væri hagstjórnartæki eins og skeð hefði í haust, er peningar úr honum voru notaðir til að hækka fiskverð, okkar eigin peningar!

Ingólfur Stefánsson taldi verðjöfnunarsjóð hafa komið í góðar þarfir.

Kristinn Sigurðsson ræddi um loðnulöndun og minnti á fundinn sem hann hélt með nokkrum loðnuskipstjórum sem fólu honum sem formanni Verðanda að mótmæla loðnulögnum (sjá fund 181 kl. 7). Las Kristinn síðan mótmælalibréf það sem sent var Sjávarútvegsráðuneytinu.

Ingólfur Stefánsson kvaðst hafa komið fram mótmælum Verðanda, en öll önnur félög hefðu verið meðmælt lagafrumvarpinu.

Kristinn Sigurðsson fannst dauft af F.F.S.Í. að halda ekki fund um fiskverð, er aðeins komu 8 % í stað 20 % og skattalækkun engin.

Friðrik Ásmundsson óskaði formanni til hamingju með formannsstarfið og vék síðan að samningum og taldi að þeir hefðu aldrei verið samþykktir, ef Lúðvík Jósefsson hefði lofað hækkun síðar.

Sigurður Gunnarsson taldi kerfið meingallað. Kauphækkun í mars, sem kemur af stað slag í maí.

Hvort F.F.S.Í. hefði reiknað út hvað sjómenn ættu að fá í hækkun á kjörum eftir 40 stunda vinnuviku.

Ræddi nauðsyn þess að samtökin heyrðu frá félögnum og misjafnlega virtist litið á því til dæmis hvorki Hafnarfjörður eða Keflavíkur-félögin hefðu ígjað að mótmælum á fiskverðinu.

Ingólfur Ingólfsson tók næstur til máls og kom víða við og sagði m.a. að aflaminnkun og óheppileg samsetning væri tilfinnanlegust.

Kvaðst oft skammaður fyrir of mikla kröfuhörku, en það væri betra en vera borið hugleysi. Hvatti til að láta frá sér heyra og kvaðst óragur að reka og reyna að koma fram óskum félaganna.

Nú þurftu Ingólfarnir að yfirgefa fundinn og þakkaði formaður þeim komuna. Þeir þökkuðu félaginu boðið og töldu gagnlegt að kynnast sjónarmiðum félagsins.

7. Formaður ræddi framkomna tillögu um uppsögn samninga. Sagði Útvegsbændafélagið telja L.Í.Ú. samningsaðila.

Málið yrði að athugast vel, því við stæðum einir.

Kristinn Þ. Sigurðsson sagði að aldrei væri hægt að fá reikningana á borðið, þannig að hægt væri að glöggva sig á, því væri margt á huldu til dæmis hvað útgerðarmaður fengi fyrir fiskinn, þó

hefði einn útgerðarmaður einu sinni sagt á fundi að þeir fengju 54 % ofan á fiskverð, og sjómenn væru ekki nógu harðir.

Þá minnti Kristinn á, að ef til kæmi að félagið færi í verkfall og kjósa þyrfti samninganefnd væri ekki heimilt að neita að vinna fyrir félagið.

Formaður sagði, að fljótlega yrði kallað saman fulltrúaráð, til að fjalla um tillöguna um uppsögn samninga.

8. Formaður spurði hvað menn vildu segja um undanþáguveitingar.

Var allmikið spjallað um það og talið m.a. að kaup væri ekki nóg og taldi menn ekki nenna á loðnubáta og dæmi væri til um 7 stýrimenn sem væru hásetar á einum slíkum bát.

Lagt var til í þessum umræðum að mótmæla undanþágum.

Formaður bar því upp hvort félagið ætti að mótmæla undanþáguveitingum.

Samþykkt einróma.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:00.

37 félagar sátu fundinn.

Óskar Þórarinsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Fimmtudaginn 29. mars 1973 komu nokkrir skipstjórar af Eyjabátum sem staddir voru í Vestmannaeyjahöfn saman um borð í m/s Gullbergi VE 292.

Tilfni fundarins var í fyrsta lagi það, að nú hafði verið fullgert brjóstmynd sú er félagar í S.s. Verðandi höfðu á sínum tíma ákveðið að láta gera af Binna í Gröf, væri stytta komin til landsins og þyrfti að leysa hana út og bar gjaldkeri félagsins fram fyrirspurn um það hvort ekki væri rétt að félagssjóður lánaði það sem á vantaði, þar til hægt væri að ljúka þeirri söfnun sem byrjað hafði verið á.

Ákveðið var að fela Sigurjóni Ólafssyni myndahöggvara að ganga frá stöpli undir styttuna og að varðveita hana þar til séð yrði hver endalokin yrðu í Vestmannaeyjakaupstað.

Meirihluti stjórnar og "trúnaðarráðs" félagsins sat fundinn.

Óskar Þórarinsson (sign.)
Hörður Jónsson (sign.)
Hilmar Rósmundsson (sign.)
Einar Guðmundsson (sign.)
Elías Sveinsson (sign.)
Bogi Finnbogason (sign.)
Guðmundur Guðfinnsson (sign.)
Sigurður Gunnarsson (sign.)
Guðjón Pálsson (sign.)

Ath. Fundargerð er með hendi Hilmars Rósmundssonar.
Gísli Eyjólfsson færði inn.

Viðauki

Fundur allmargra skipstjóra á Vestmannaeyjabátum, sem haldinn var um borð í m/s Gullbergi VE 292 fimmtudaginn 29. mars 1973, skorar á stjórnvöld landsins að láta nú þegar hefja raunhæfar rannsóknir á nýju hafnarstæði við suðurströnd landsins.

Að fenginni reynslu teljum við að þær fáu hafnir (ef hafnir skyldi kalla) við suðurströndina hafi áður en eldgosíð í Vestmannaeyjum hófst, verið fullsetnar skipum og fullnýttar og því ekki á bætandi, enda er óhætt að fullyrða að bæði sjómenn og útgerðarmenn í Eyjum muni fyrir en seinna gefast upp og bátunum verða lagt, nema eitthvað raunhæft verði gert, og það strax.

Ef svo illa tekst til að Vestmannaeyjahöfn eyðileggst, þá teljum við það enga lausn á okkar stóra vandamáli, þó að eitthvað yrði hrist upp á nálægar hafnir sem fyrir eru og bátunum og fólkinu tvístrað á marga staði. Við leggjum ríka áherslu á að ný höfn verði byggð fyrir Eyjaflotann og væntum þess að þá muni Vestmannaeyingar flestir setjast þar að eins fljótt og unnt er, því að við þekkjum engan Vestmannaeying, sem ekki hefur fullan hug á því að það samfélag sem við höfum lifað í megi haldast áfram þó á öðrum stað verði og munu þá Vestmannaeyingar aftur geta lagt sinn hlut í þjóðarbúið, sem fyrr.

Við leggjum einnig áherslu á að verði hafin könnun á nýju hafnarstæði, verði sjómannasamtökin hér í Eyjum höfð að einhverju leyti með í ráðum.

Gísli Eyjólfsson færði inn.

186. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

laugardaginn 2. júní 1973 og hófst kl. 14:30 að Bárugötu 11 Reykjavík.

1. Formaður, Óskar Þórarinnsson, setti fundinn og sagði fundarefnið væri fyrirgreiðsla við báta í Vestmannaeyjum.
Ingólfur Theódórsson netjagerðarmeistari bað leyfis að sitja fundinn og bauð formaður hann velkominn.
2. Ritari las fundargerð aðalfundar.
Samþ. einróma.
3. Formaður ræddi nauðsyn fyrirgreiðslu fyrir báta í Eyjum fyrir vélar og tæki og veiðarfæri.
Ingólfur Theódórsson sagði að helst mundi standa á forustunni í viðlagasjóði, að taka að sér greiðslu aukakostnaðar, þ.e. hærra kaup og fleira
Ingólfur sagði að Ólafur bankastjóri hefði fyrir nokkuru óskað eftir því við sig og vélsmiðjuna Magna, að þeir veittu bátum þjónustu í Eyjum.
Hefðu þeir verið þess albúnir, ef Viðlagasjóður hlypi undir bagga með kostnaðarmismun og það síðasta sem gerst hefði væri að skrifað hefði verið til sjóðsins, þar sem þessum óskum væri komið fram.
Hann kvaðst því hafa óskað eftir að fá að sitja fundinn, er hann heyrði fundarefnið og gefa þær upplýsingar sem hann hefði og heyra jafnframt vitja félagsmanna í þessu máli.
Ingólfur Matthíasson taldi að skora ætti á Viðlagasjóð, bæjarstjórn og bankastjóra, með bréfi, um að komið yrði upp aðstöðu fyrir báta í Eyjum með slipp, smiðju, veiðarfæri og tæki.
Sagði að sennilega væri Magni tilbúinn að fara, ásamt netjagerðinni Ingólfur eins og fram hefði komið.
Bárður Árni Steingrímsson talaði um nauðsyn þess að sjómönnum af Vestmannaeyjabátum yrði veitt aðstaða til baða, símaþjónustu og fleira fyrir næstu vertíð.
Ingólfur Theódórsson taldi að það kæmist í gegn að bátunum yrði veitt þjónusta í Eyjum í sumar, en það yrði bráðabirgðaviðgerðir, í það minnsta hvað trollum viðkæmi.
Fundarmenn virtust allir mjög áfram um, að þessi þjónusta kæmist á.
4. Ingólfur Matthíasson talaði um aðstöðu í höfnum fyrir Vestmannaeyjabáta.
Hafði eftir Tómasi í Grindavík að fengist hefði 450 milljónir kr. til hafnarbóta þar og taldi Ingólfur, að það væri mikið út á Vestmannaeyjabáta, en Vestmannaeyingar horfðu frekar til Þorlákshafnar.
Ingólfur las síðan ályktun, sem hann bar undir fundinn og afhenti formanni.

Eftir umræður um þetta mál, bar formaður upp ályktunina.

"Fundur haldinn í Skipstjóra - og stýrimannafélaginu Verðandi Vestmannaeyjum 2/6 1973, skorar á ríkisstjórnina og hafnaryfirvöld að hefja nú þegar framkvæmdir í hafnarmálum Þorlákshafnar, til lausnar þeim brýnu vandamálum, sem við blasa bátaflotanum næstkomandi vertíð.
Jafnframt vítir fundurinn það andvaraleysi, sem ríkir í öryggis og hagsmunamálum sjómanna, að ekki skuli nú þegar vera komnar í fullan gang aðgerðir í þessu máli, þar sem Þorlákshöfn er að okkar dómi eini staðurinn, sem til greina kemur til lausnar á vandamálum okkar, fyrir næstkomandi vetrarvertíð."

Samþykkt einróma.

5. Ingólfur Matthíasson upplýsti að Útvegsbændafélagið hefði falið formanni sínum og framkvæmdastjóra að semja við Umferðamiðstöðina, að senda bíl í Þorlákshöfn, þá daga sem helgarfrí eru, en skipshafnir yrðu þá að koma sér saman um tímann.

6. Rætt var um fiskmat og voru menn heldur óánægðir með matið í Þorlákshöfn. Formaður bar upp skriflega tillögu.

"Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi Vestmannaeyjum, haldinn 2/6 1973, mótmælir þeirri lögleysu, að fiskur sem landað er í Þorlákshöfn, skuli vera gæðametinn í Reykjavík.

Þá samþykkir fundurinn að ef þessu verði ekki kippt í lag hið bráðasta, þá grípi félagsmenn til róttækra aðgerða."

Samþykkt einróma.

7. Rætt var um landhelgi og samningaumleitanir út af henni. Formaður bar upp skriflega tillögu.

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi 2/6 1973, skorar á ríkisstjórnina að semja ekki við Breta um nokkura veiðiheimild fyrir innan 50 mílur, þar sem þeir hafa að okkar dómi fyrirgert rétti sínum til samninga.

Jafnframt vill fundurinn benda yfirvöldum á að fara varlega í samningagerð við Þjóðverja, þar sem við höfum rökstuddan grun um að þeir noti ólögleg veiðarfæri við veiðar sínar, hér við land."

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:15.

15 félagar sátu fundinn.

Óskar Þórarinsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari

187. Fundur haldinn í

S.s. Verðandi

í matstofu Ársæls Sveinssonar 26/10 1973 og hófst hann kl. 21:00.

Formaður, Óskar Þórarinsson, setti fundinn, til umræðu var uppsögn samninga og árs hátíðin.

Formaður ræddi kjör á spærlingsveiðum og uppsögn samninga og væntanlegan undirbúning samninga og fyrirhuguðum viðræðum við útgerðamenn.

Umræður urðu miklar um fiskverð og mat á fiski og fannst mönnum vera hægt að leika sér óeðlilega mikið með fiskum upp á fastalandinu.

Formaður bar upp tillögu um uppsögn samninga og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ákveðið var að halda árs hátíð og voru Rafn Sigurðsson og Gunnlaugur Ólafsson kosnir til að sjá um hana.

Formaður bar upp tillögu um að fundarmenn sætu fyrir borðum á hátíðinni.
Fundinn sátu 10 félagar.

Fundi slitið kl. 22:10.

Óskar Þórarinsson
formaður

Fundaritari: Hannes Haraldsson.

Friðrik Már Sigurðsson færði inn.

Sunnudaginn 2. desember 1973 kom stjórn og fulltrúaráð félagsins saman á heimili Óskars Þórarinssonar, formanni félagsins.

1. Fyrst var tekið fyrir bréf, sem borist hafði frá nefnd sem skipuð hafði verið af stjórn F.F.S.Í. til þess að gera breytingar á innheimtu félagsgjalda. Voru fundarmenn sammála um að engin ástæða væri til að breyta þeim reglum, sem verið hafa á innheimtu félagsgjalda S.s. Verðandi og var þeim fulltrúum sem færu á næsta þing F.F.S.Í. falið að svara þessu bréfi þar, með hliðsjón af því.
2. Þá var stungið upp á mönnum til þess að sitja næsta aðalfund F.F.S.Í., sem hefst í Reykjavík 12. desember, og töldu formaður og þó aðallega gjaldkerar félagsins að þeir félagsmenn sem staddir yrðu á höfuðborgarsvæðinu væru hreint ekki of góðir til þess að sitja þingið fyrir félagið enda fylgdu því ýmiss hlunnindi og voru eftirtaldir menn kosnir:
Kristinn Sigurðsson, Rafn Sigurðsson og Hilmar Rósmundsson.
Til vara:
Gísli Eyjólfsson og Hafsteinn Stefánsson.
Fulltrúum á þinginu var falið að reyna að reka á eftir því, að sem fyrst yrði tekin upp þjónusta við bátafлотann allan sólarhringinn í gegnum Vestmannaeyjaradíó.
3. Þá var rætt um hæð þá sem félagið á, að Stóru-Heiði og upplýsti Einar Guðmundsson gjaldkeri félagsins að húsið væri ekki dæmt ónýtt, en húsið væri það illa farið að Viðlagasjóði hafi verið skrifað bréf með ósk um að hann keypti þann hluta hússins sem félagið á.

Óskar Þórarinsson,
formaður

Hilmar Rósmundsson (Sign.)
Már Sigurðsson (Sign.)
Sigurður Gunnarsson (Sign.)
Þórður Rafn Sigurðsson (Sign.)
Hannes Haraldsson (Sign.)
Kristinn Þ. Sigurðsson (Sign.)
Gunnlaugur Ólafsson (Sign.)
Einar Guðmundsson (Sign.)

**188. Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
fimmtudaginn 3/1/1974 kl. 20:30 í Akóges.**

1. Formaður setti fundinn og bauð menn velkomna og las því næst fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
2. Síðan bað formaður Rafn Sigurðsson að segja frá þingi F.F.S.Í. sem haldið var í Reykjavík í desember.
Byrjaði Rafn á því að lesa upp tillögu frá allsherjarnefnd sambandsins sem samþykkt var á þinginu.
Tillagan hljóðar þannig:
"Vegna þeirra válegu atburða sem gerðust í Vestmannaeyjum 23/1/73, er jarðeldar urðu uppi, þess valdandi að íbúar eyjanna urðu fyrir margvíslegum skaða, samþykkir 26. þing F.F.S.Í. að sambandsgjald S.s. Verðandi Vestmannaeyjum fyrir árið 1973 skuli fellt niður.
Síðan ræddi Rafn um þingið og samþykktir þess og störf og bar þar ýmislegt á góma, svo sem tillögur um skattamál, smábátaútgerð, björgunarmál og stöðugleika smábáta.
Mikið var þar rætt um sjómannaþlaðið Víking. Samþykkt var tillaga um vita og baujur á og við nýja hraunið í Vestmannaeyjum. Tillaga um sjómannastofur víðsvegar um land og bættu aðstöðu sjómanna í landi.
Tillaga um friðun síldarstofna næstu 2 árin að minnsta kosti.
Einnig samþykkt tillaga um friðun á humri og takmörkum á bátastærð, sem humarleyfi fá.
Ýmislegt fleira var gert á þinginu og reifaði Rafn þau mál ágætlega, en verður ekki rakið hér.
3. Formaður skýrði frá hinum samræmdu kröfum sjómannafélaganna í yfirstandandi samningaumræðum og eru þær helstar:
 1. Frítt fæði.
 2. Uppgjör mánaðarlega.
 3. Afnám stofnfjárjósins.
 4. Fleiri kröfur en smávægilegri.
4. Síðan ræddi formaður fiskverð og nefndi tölur máli sínu til stuðnings, hvernig staða sjómanna hefði þróast á árunum 1962 - 1973, sem hafði versnað um 14,9 % í síðustu verðlagningu.
5. Síðan urðu umræður um fiskverð og sýndist sitt hverjum.
6. Síðan átti að fara fram kosning á 1 manni til að mæta á samningafundum í Reykjavík. og var formanni veitt heimild til að fá einhvern félagu úr Verðandi, sem búsettur væri á Reykjavíkur.-svæðinu til starfsins.
17 menn sátu fundinn.
Fundu slitið kl. 23:00, fleira ekki gert.

Óskar Þórarinsson
formaður

Ritari ókunnur

Friðrik Már Sigurðsson
færði inn.

**189. Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 10. mars 1974 í Akóges og hófst kl. 20:30.**

1. Formaður setti fundinn og bar upp inntökubeiðni nýrra félaga og var hún samþykkt.
2. Þá tók til máls Jón B. Pálsson en hann kom á fundinn til að fjalla um nýgerða samninga sem unnið hefur verið að undanfarið.
Lýsti Jón fyrst kröfum þeim er F.F.S.Í. gerði í upphafi og lýsti þeim sem ekki náðust og svo hinum sem útgerðamenn vildu ræða.
Tók Jón síðan hina nýgerðu samninga fyrir, lýsti þeim mjög ítarlega bæði vertíðar, síldar- og loðnusamningum.
3. Þá tók formaður til máls og þakkaði Jóni fyrir vel unnin störf í samninganefndinni. Um samningana sagði formaður að lengd samningatímans væri of langur, en slæmt væri fyrir okkur að hafna samningunum einir.
4. Nokkrar umræður urðu um hvernig staðið væri að samningum, sérstaklega kom fram að vont væri að Sjómannasambandið og F.F.S.Í. væru sitt í hvoru horninu að semja við L.Í.Ú.
5. Formaður bar upp tillögu.
"Fundur í S.s. Verðandi samþykkir að fela stjórn félagsins að vinna að því í samráði við Útvegsbændafélag Vestmannaeyja að aftur yrði opnað svæðið inn af Vestmannaeyjum fyrir botnvörpuveiðar á vetrarvertíð."
Tillagan samþykkt einróma.

Þeir sem gengu í félagið voru:

Þorsteinn Jónsson	Vesturvegur 15b
Ólafur B. Pálsson	Brekastíg 4
Sigurður Kristinsson	Hólagötu 31

Fundinn sátu 15 félagar.

Fundi slitið kl. 23:30.

Óskar Þórarinsson
formaður

Fundarritari
Steingrímur Sigurðsson

Friðrik Már Sigurðsson færði inn.

190. Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
í Akóges 7. júní 1974 og hófst hann kl. 20:20.

1. Formaður setti fundinn og bauð menn velkomna og kynnti efni fundarins, sem var skipulagning hópsiglingar flotanns, er konungsskipið Norge kemur með Ólaf Noregskonung í opinbera heimsókn.
2. Þá tók til máls Guðjón Ármann Eyjólfsson, lýsti hann skipulagningu hópsiglingarinnar og niðurröðun bátanna.
3. Jón Í. Sigurðsson lýsti síðan áætlaðri siglingu konungsskipsins.
4. Ármann svaraði síðan fyrirspurnum fundarmanna.
5. Formaður þakkaði Ármanni fyrir alla skipulagningu siglingarinnar. Síðan skýrði hann frá væntanlegri hópferð á vegum félagsins í Landmannalaugar.
6. Fundi slitið kl. 21:15.
32 félagar sátu fundinn.

Óskar Þórarinsson
formaður

fundarritari
Steingrímur Sigurðsson

Friðrik Már Sigurðsson færði inn.

Sunnudaginn 18. ágúst 1974 komu þeir af stjórn og trúnaðarráði
S.s. Verðandi
sem til náðist saman að heimili Óskars Þórarinssonar, formanni
félagsins.

Til umræðu var hvernig snúast skyldi við tillögum Viðlagasjóðs um bætur vegna húseignar félagsins að Stóru-Heiði. Formaður kvaðst hafa rætt við Braga Björnsson framkvæmdarstjóra Viðlagasjóðs um þetta mál, en engin niðurstaða fengist af þeim viðræðum, og þyrfti því að gera einhverjar ákveðnar kröfur á hendur Viðlagasjóði, þar sem húsið væri gjörónýtt af völdum gossins.

Ástæðan fyrir hegðun Viðlagasjóðs til greiðslu bóta er fyrst og fremst talin vera sú, að einn af fulltrúum sjóðsins í Vestmannaeyjum mun hafa lýst því yfir í vottaviðurvist að þetta hús hafi verið ónýtt fyrir gos, og hafi skemmdirnar á þessu húsi ekki verið skoðaðar í fyrstu yfirferð. En þessi ummæli Arnars Sigurmundssonar fulltrúa eru hrein ósannindi, þar sem verulegt fé hafi verið lagt í endurbætur á húsinu á síðustu árum.

Ákveðið var að leita réttar félagsins í þessu máli með lögfræðilegri aðstoð ef á þyrfti að halda og var húsnefndinni falið að kynna sér málið rækilega, og halda því til streitu að hliðstæðar bætur fái út á þessa eign, sem aðrar er skemmst hafa eða eyðilagst af völdum gossins.

Þá var nokkuð rætt um það að talsvert væri farið að bera á því að samningsatriði um helgarfrí á togveiðum væri brotið, og sýndist mönnum að yrði ekkert að gert, væri sú hætta fyrir hendi að menn steinhættu að virða þetta ákvæði í samningum og haga sínum fríum að eigin geðþótta, og var formaður félagsins falið að ræða við þá skipstjóra, sem brotlegir eru og tilkynna þeim að harðara verði tekið á þessu hér eftir en hingað til.

Óskar Þórarinsson
formaður

Hilmar Rósmundsson
Einar Guðmundsson
Friðrik Ásmundsson
Bogi Finnbogason
Guðni Grímsson
Friðrik Már Sigurðsson
Jón B. Pálsson

191. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
í Akóges sunnudaginn 20/10/1974.

1. Formaður setti fundinn og las fundargerð síðasta fundar í stjórn og trúnaðarráði félagsins, bað hann formann húsnefndar að lýsa niðurstöðum fundar hans við stjórn Viðlagasjóðs, varðandi bætur fyrir húseignina Stóru-Heiði.
2. Friðrik Ásmundsson sagði að Viðlagasjóður væri búinn að samþykkja að húsið væri ónýtt af völdum eldgossins og því bótaskyld.
Friðrik taldi að félagið yrði nú að fara að líta í kringum sig til að eignast nýtt hús undir starfssemi sína, urðu um þetta nokkrar umræður og komu fram nokkrar uppástungur.
3. Fundurinn samþykkti að fela stjórn og húsnefnd að vinna að því að fá hin sjómannafélögin til samstarfs um kaup á hentugu húsi, sem félögin gætu notað fyrir starfssemi sína.
4. Formaður bar upp nýja féлага:
Steindór Árnason Boðaslóð 7
Árni Magnússon Skólavegi 25
Sigurbjörn Hilmarsson Hásteinsvegi
og voru þeir samþykktir.
5. Næst tók formaður fyrir kjaramálin og bar hann upp tillögu um að fundurinn heimilaði stjórninni að segja upp samningum.
já sögðu 11 félagar
nei sagði 1 félagi
auðir seðlar voru 3.
kosningin var leynileg.
6. Formaður bar upp tillögu:
"Fundur í S.s. Verðandi, sem haldinn var 20/10/1974 mótmælir eindregið þeim aðgerðum, sem gerðar voru sjávarútveginum til bjargar í september síðastliðnum, sem fela í sér skert kjör sjómanna.
Fundurinn varar við þeirri stefnu stjórnvalda að skerða ávallt hlut sjómanna í fiskverðinu þegar það telur þörf á aðgerðum til bjargar sjávarútvegi.
7. Formaður las bréf, sem hann hafði samið til þingmanna um auknar heimildir til veiða með botnvörpu á vertíðinni 1975 NV af Vestmannaeyjum, að öðru leyti vísast til bréfsins.
Samþykkt var að senda bréfið til þingmannanna.
8. Formaður las upp bréf frá Fiskifélagi Íslands um merkingu netaveiðarfæra.
Samþykkt var að vísa bréfinu til veiðarfæranefndar félagsins.
9. Borin var upp tillaga, um heimild fyrir skemmtinefnd að halda árshátíð og var það samþykkt, skyldi hún verða í nóvember.
10. Jóhannes Kristinsson tók til máls og hvatti félagið til að beita sér fyrir framförum á ýmsum sviðum við höfnina, urðu um þetta nokkrar umræður.

11. Formaður bar upp tillögu, vegna sérstakra ástæðna að fundurinn tilnefndi 3 menn til vara í fulltrúaráð félagsins

Tilnefndir voru:

Óskar Ólafsson

Sigurjón Óskarsson

Leifur Gunnarsson

Voru þeir samþykktir einróma.

12. Steingrímur Sigurðsson vakti athygli á að í vor átti að koma nýtt fiskverð, en sett voru bráðabirgðalög um bann við fiskverðshækkun og kvaðst hann furðu lostinn yfir að engin stéttarfélög sjómanna hefðu mótmælt þessum lögum.

Fleira ekki gert, fundinn sátu 15 félagar. Fundi slitið kl. 18:15.

Óskar Þórarinsson
formaður

Fundarritari: Steingrímur Sigurðsson

Friðrik Már Sigurðsson færði inn.

Sunnudaginn 17/11/1974 komu stjórn og trúnaðarráð ásamt húsnefnd saman á heimili Óskars Þórarinssonar.

Til umræðu var hvernig ætti að ráðstafa því bótafé sem fékkst fyrir íbúð félagsins á Stóru-Heiði. Húsnefnd félagsins vakti máls á þeim möguleika að kaupa innflutt hús af gerðinni Sun-House, miklar umræður urðu um þetta mál, og voru menn sammála um að athuga þennan möguleika. Samþykkt var að fela húsnefndinni að leita eftir tilboði í byggingu slíks húss.

Síðan var rætt um sjúkrasjóðinn og var ákveðið að fá Guðjón Pétursson á næsta aðalfund, til að skýra frá stöðu sjóðsins.

Þá var rætt um undanþáguveitingar með meðmælum félagsins.

Var ákveðið að ef félagið veitti meðmæli til undanþágu, þá tæki það gjald fyrir, þá var ákveðið að stjórn félagsins yrði sá aðili, sem gæti veitt fyrrgreind meðmæli.

Óskar Þórarinsson
formaður

Sigurður Gunnarsson sign.
Þórður R. Sigurðsson sign.
Friðrik Ásmundsson sign.
Friðrik Már Sigurðsson sign.
Steingrímur Sigurðsson sign.
Sigmar Þór Sveinbjörnsson sign.
Guðni Grímsson sign.
Einar Ólafsson sign.
Einar Guðmundsson sign.

Aðalfundur 1973-1974
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi
var haldinn 25/1/1975

1. Formaður setti fundinn og gat þess í upphafi að sjálfsagt væri að halda fundinn, þó fámennur væri og virtist þurfa konungskomu til þess að fá fundarsókn.
Þá bað hann fundarmenn að rísa úr sætum í virðingarskyni við fjóra látna féлага.
Hann sagði þetta vera aðalfund fyrir tvö síðustu ár þar sem allt félagslíf hafði legið niðri árið 1973.
2. Þá bað hann gjaldkera lesa reikninga og las hann þá fyrir bæði árin, en mjög lítil hreyfing varð á þeim árið 1973 en niðurstöðutölur þess árs voru:
á rekstrarreikningi kr. 21.373,10 og
á efnahagsreikningi kr. 204.560,84 og
Tap á ársrekstrinum 7988,87 kr.

Niðurstöðutölur reikninga árið 1974 voru:
á rekstrarreikningi kr. 434.819,20 og
á efnahagsreikningi kr. 168.461,54
Var hallarekstur á því ári kr. 42.884,39.
3. Sigurður Gunnarsson taldi að óþarfi væri að eyða stórfé frá félaginu í samningagerðir í Reykjavík, þar sem hann teldi að fastlaunaðir starfsmenn hjá F.F.S.Í. gætu annast þá hluti, en í reikningum kom fram að félagið hafði greitt yfir 100.000 kr. vegna síðustu samninga.
4. Sigmar Sveinbjörnsson taldi æskilegt að hafa mann við samningagerð, þó að kostnaðurinn væri mikill.
5. Formaður taldi að æskilegt væri að hafa mann við samningana þegar farið væri að nálgast endahnúttinn.
6. Hilmar Rósmundsson taldi að ef ætti að halda félaginu lifandi, þá yrðu félagarnir sjálfir að standa undir rekstrinum og bar fram tillögu um að öll félagsgjöld yrðu hækkuð 100 %.
Var sú tillaga borin upp og samþykkt samhljóða, þá taldi Hilmar einnig æskilegt að fylgst yrði með samningum öllum.
7. Ýmsir fleiri báru fram fyrirspurnir um reikningana og fleira
8. Gjaldkeri las þá upp reikninga styrktarsjóðs og voru niðurstöðutölur þar 1973 á rekstrarreikningi kr. 36.678,- og höfðu aðeins vextir bæst við.
Á efnahagsreikningi kr. 436.042,24
og 1974 á rekstrarreikningi kr. 142.072,15
og á efnahagsreikningi kr. 528.114,43
og er það innistæða til næsta árs.
9. Þá voru lesnir reikningar hússjóðs og var þar innistæða á bókum kr. 126.994,14.
10. Þá voru lesnir reikningar sjúkrasjóðs og gerði það Sigurður Gunnarsson í forföllum Guðjóns Péturssonar gjaldkera sjóðsins. Sigurður gat þess að Guðjón hefði staðið sig með þryði fram að gosi,

en síðan hefði hann ekki verið búsettur hér og þess vegna hefði ekkert verið innheimt fyrir árið 1974 og árinu 1973 verið sleppt.

Innistæða sjóðsins er kr. 827.151,00.

Allir reikningar félagsins voru bornir upp og samþykktir.

11. Sigurður Gunnarsson óskaði eftir því að fulltrúar félagsins í Sjómannadagsráði og Lífeyrissjóði Vestmannaeyja gerðu grein fyrir störfum þessara aðila, þetta tímabil.

12. Jóhannes Kristinsson fulltrúi í Sjómannadagsráði tók til máls og taldi aðalstörf ráðsins hafa verið að sjá um undirbúning og framkvæmd sjómannadagsins og sjómannadagsblaðsins. Hann taldi að Sjómannadagsráð væri sérstakt fyrirtæki, og hefðu þeir félagar þar ánaðnað því fé sem í dvalarheimilissjóði hefði verið, til þess að fegra og prýða umhverfi elliheimilisins Hraunbúða, en það hefði verið um 700.000,00 kr.

Aðrar peningaeignir Sjómannadagsráðs væru e.a. 400.000,00 kr. og voru þær í sjóði.

Þá gat Jóhannes þess að 15 börn hefðu dvalist í sumarbúðum Sjómannadagsráðs í Reykjavík fyrir milligöngu ráðamanna Sjómannadagsráðs hér.

13. Sigurður Gunnarsson bar fram tillögu um að fyrir næsta aðalfund yrðu allir þeir, sem eru í stjórnnum og ráðum sjóða á vegum S.s. Verðandi, áminntir um að mæta og gera grein fyrir því sem gerst hefur.

14. Rafn Sigurðsson gerði grein fyrir árshátíðum félagsins 1973-1974 og skilaði af sér nokkrum krónum í hagnaði, þ.e.a.s. 1973 kr. 12.155,00 og 1974 kr. 87,00.

13. Sigmar Þór Sveinbjörnsson bar fram tillögu um það að boðað yrði til framhaldsaðalfundar, og þar kosið í stjórn og allar nefndir félagsins, þar sem aðeins 16 félagar sátu þennan fund.
Samþykkt.

14. Þá var rætt um að sjómannafélögin þyrftu að eignast einhvern samastað og var stjórn, húsanefnd og fulltrúum félagsins í Sjómannadagsráði falið að kanna þetta mál fyrir framhaldsfundinn.

Fleira ekki gert.

Óskar Þórarinsson
formaður.

Fundarritari: Hilmar Rósmundsson

Friðrik Már Sigurðsson færði inn.

Sunnudaginn 2. febrúar 1975 var haldinn framhaldsaðalfundur S.s. Verðandi fyrir árinu 1973-1974 á Hótel Vestmannaeyjar.

1. Ritara síðasta fundar las upp fundargerð þess fundar og var hún samþykkt athugasemdalaust.
2. Formaður gat þess að fulltrúi félagsins í lífeyrissjóðnum Hjörtur Hermansson væri ekki í bænnum og gæti þar af leiðandi ekki gert grein fyrir störfum sjóðsins. Formaður bað Jóhannes Kristinsson gera nánar grein fyrir störfum Sjómannadagsráðs.
3. Jóhannes gerði nákvæma grein fyrir eignum ráðsins og las síðan upp ræðu, er hann hafði flutt er hann afhenti þær 700.000,00 kr., sem gefnar voru til þess að fegra umhverfi Hraunbúða.
4. Ingólfur Matthíasson gerði fyrirspurn um það hvort með þessari gjöf væri afskrifað fyrir fullt og allt að hér risi dvalarheimili aldra sjómanna.
5. Jóhannes sagði að útilokað væri að fá nokkurt fé frá stjórn dvalarheimilissjóðs eða Sjómannadagsráðs Reykjavíkur, því væri öllu ráðstafað á Stór-Reykjavíkursvæðinu um ófyrirsjáanlegan tíma.
Vorur menn að vonum mjög óánægðir með þessa skipan þessara mála og var samþykkt að væntanleg stjórn léti í ljós óánægju við F.F.S.Í.
6. Þá var gengið til stjórnarkjörs.

Stungið var upp á all mörgum mönnum í formannastöðu, þar sem fyrrverandi formaður gaf alls ekki kost á sér, en flestir báðu svo heitt um að vera ekki í kjöri, að aðeins var kosið um þá Jóhannes Kristinsson, Sigurð Gunnarsson og Steingrím Sigurðsson.

Atkvæði féllu þannig:

Jóhannes	0 atkv.
Sigurður	15 atkv.
Steingrímur	22 atkv.
1 seðill ógildur.	

Steingrímur Sigurðsson er því réttkjörinn formaður fyrir næsta starfsár og Sigurður Gunnarsson varaformaður.

Til ritara- og vararitarastarfa var stungið upp á Friðrik Mál Sigurðssyni og Gunnlaugi Ólafssyni
Atkvæði féllu þannig:

Már	25 atkv.
Gunnlaugur	13 atkv.

Friðrik Már Sigurðsson er því réttkjörinn ritari og Gunnlaugur Ólafsson vararitari.

Gjaldkerar voru endurkosnir með lófatakti en þeir eru:
Einar Guðmundsson og til vara Hannes Haraldsson.

Félagslegur endurskoðandi var kosinn Hilmar Rósmundsson í stað Stefáns Stefánssonar.

Úr Sjómannadagsráði áttu að ganga:

Jóhannes Kristinsson, Logi Snædal Jónsson og Hallgrímur Garðarsson.
Andrés Þórarinnsson baðst undan endurkjöri.

Áfram í Sjómannadagsráði verða:

Þór Vilhjálmsson, Matthías Guðjónsson, Gunnar Árnason.

Andrés Þórarinnsson lét tilleiðast að sitja eitt ár í viðbót. Sigurður Gunnarsson var kjörinn í aðalráð, en í vararáð Gunnlaugur Ólafsson, Kristján Óskarsson og Willum Andersen.

Baldvin Gíslason gekk úr vararáðinu þar sem hann er fluttur úr bænum.

Björgunaræfinganefnd var endurkjörin: Kristinn Sigurðsson, Einar Sveinn Jóhannesson og Kristinn Pálsson.

Fánaberar endurkjörnir og 1 bætt við: Ágúst Bergsson, Einar Ólafsson og Friðrik Már Sigurðsson.

Skemmtinefnd endurkjörin og Óskar Þórarinnsson og Rafn Sigurðsson til vara.

Nefndina skipa: Bergvin Oddson, Sigmar Þ. Sveinbjörnsson, Stefán Friðriksson, Andrés Þórarinnsson, Bogi Finnbogason

Til vara: Óskar Þórarinnsson og Rafn Sigurðsson.

Húsnefnd endurkjörin:

Guðni Grímsson formaður

Einar Guðmundsson gjaldkeri

Friðrik Ásmundsson ritari

Angantýr Elíasson varamaður.

Styrkveitinganefnd endurkosin:

Sigfús Guðmundsson

Kristinn Pálsson

Einar Guðmundsson

Sjúkrasjóðsnefnd: Kjörnir voru

Bogi Finnbogason og Gísli Einarsson í stað Guðjóns Péturssonar og Sigurðar Gunnarssonar.

Endurskoðandi: Ágúst Bergsson.

Gæslunefnd endurkjörin:

Bogi Finnbogason, formaður

Elías Sveinsson Hilmar Rósmundsson

Emil Andersen Sigfús Guðmundsson

Sveinn Valdimarsson Sigurgeir Ólafsson

Friðrik Ásmundsson Jóel Andersen

Jóel kosinn í stað Arnars Friðgeirssonar.

Veiðarfæranefnd:

Hörður Jónsson

Kristján Óskarsson

Jóhann Halldórsson í stað Sigurðs Gunnarssonar.

Endurskoðandi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.

Ágúst Bergsson í stað Guðjóns Péturssonar.

Fulltrúaráð: Úr því gengu, Steingrímur Sigurðsson, Sigurður Gunnarsson, Kristinn Sigurðsson, Jón B. Pálsson, Gunnlaugur Ólafsson og Örn Friðgeirsson.

Í stað þeirra voru kjörnir Óskar Þórarinsson, Rafn Sigurðsson, Gísli Einarsson, Stefán Friðriksson, Matthías Guðjónsson, Kristján Adólfsson, Andrés Þórarinsson og Sigurður Gunnarsson.
Rétt kjörið fulltrúaráð og vararáð:

Óskar Þórarinsson
Hilmar Rósmundsson Guðjón Pálsson
Bogi Finnbogason Matthías Guðjónsson
Einar Ólafsson Kristján Adólfsson
Sigmar Þ. Sveinbjörnsson Andrés Þórarinsson
Gísli Einarsson Sigurður Guðnason
Stefán Friðriksson
Þórður Rafn Sigurðsson.

Þar með lauk stjórnar- og nefndarkosningu.

Kaffihlé!

7. Þá tók til máls fráfarandi formaður Óskar Þórarinsson, þakkaði hann samstarf á liðnum árum og óskaði hinum nýkjörna formanni gæfu og gengis á komandi árum og kvaddi hann til formannssætis og fundarstjórnar.

8. Hinn nýkjörni formaður tók við fundarstjórn og þakkaði það traust er honum væri sýnt og þakkaði fráfarandi störf hans í þágu S.s. Verðandi.

9. Þá kom fram fyrirspurn frá Ágústi Bergssyni, um Stýrimannaskólann, starfrækslu hans og ráðningu skólastjóra.

10. Urðu fjörugar umræður um þessi mál og voru menn sammála um það, að eins og ástandið væri nú, þ.e.a.s. að menn verða að sækja menntun sína til Reykjavíkur, drægi mjög úr menntun sjómanna hér í bæ.

11. Þá var borin upp tillaga svohljóðandi:

"Fundur í S.s. Verðandi leggur til við stjórn félagsins, að skrifa bæjarráði um skólamál sjómanna og skora á þessa aðila að vinna að þessum málum af einurð og þeim verði komið í viðunandi horf fyrir næsta skólaár."

Samþykkt einróma.

12. Stjórnin bar upp tillögu um húsnæðismál félagsins, svohljóðandi:

"Fundur í S.s. Verðandi samþykkir að fela húsnæfnd og stjórn félagsins að vinna að kaupum á húseigninni Heiðarvegi 20 í samvinnu við Sjómannafélagið, Vélstjórafélagið og Sjómannadagsráð.

Samþykkt einróma.

13. Óskar Þórarinsson gerði fyrirspurn til Jóhannesar Kristinssonar um hvernig unnið væri að skipulagningu hafnarinnar og gagnrýndi það (skipulagið).

14. Jóhannes Kristinsson skýrði þau mál ítarlega, en fór jafnframt fram á stuðning S.s. Verðandi um tillögur sínar í hafnarnefnd og einnig að félagar í Verðandi fylgdust betur með því sem fram fer og

kæmu með uppástungur og tillögur um skipulag hafnarinnar, þar sem að þar væru mennirnir, sem starfa mest við höfnina.

15. Hilmar Rósmundsson tók til máls og fór fram á að skipulagsuppdrættir yrðu sýndir á félagsfundi. Síðan ræddi hann fiskverðsákvörðun og þann drátt sem orðinn væri á verðlagningu sjávarafurða.

16. Hilmar bar upp tillögu um að stjórn félagsins sendi fjölmiðlum harðorð mótmæli vegna þeirrar óeðlilegu seinkunar á fiskverðsákvörðun, sem orðið hefur.

Samþykkt einróma.

17. Óskar Þórarinsson tók til máls og ræddi samningagerð, hafði hann rætt við Ingólf Stefánsson, sem upplýsti að F.F.S.Í. vildi ekki fara í hart að svo komnu máli og höfðu þeir rætt við ráðherra um að ef til frekari skattaafsláttar kæmi, frá stjórnvöldum þá væri Formannasambandið til viðræðna um það og ekki mæla með verkfallsboðun.

18. Hilmar Rósmundsson tók til máls og lýsti fundi er hann sat í Reykjavík, og að Karl Sigurbergsson hefði sagt að útvegsmenn og sjómenn hefðu ekkert brotið og þar af leiðandi yrði ríkisstjórnin að leiðrétta þessi mál, þar sem hún hefði brotið samningana.

19. Sigurður Gunnarsson tók til máls og gerði samningamál að umræðuefni sínu, taldi hann að útgerðin þyrfti meira fjármagn, en gagnrýndi að alltaf skyldi farið í vasa sjómanna til að leysa vandamál hennar.

Síðan þakkaði hann Jóhannesi Kristinssyni störf hans í hafnarnefnd.

Þá gagnrýndi Sigurður þau vinnubrögð að aka öllu þessu grjóti í höfnina og taldi það spor í öfuga átt, því meðan allir aðrir ynnu að stækkun hafna sinna væru Vestmannaeyingar að minnka sína. Einnig var hann óánægður með að ekki væri hægt að fá rafmagn út í báta af bryggjunni.

20. Óskar Þórarinsson tók til máls og gagnrýndi Kristján Ragnarsson fyrir ummæli í fjölmiðlum um að sömu ráðstafanir þyrfti að gera til bjargar sjávarútvegi og gerðar voru 1968 og taldi þau ábyrgðarlaus og sýna lítinn skilning á málum þeirra, sem næst standa útgerðarmönnum þ.e.a.s. sjómönnum.

Fleira ekki gert.

38 félagar sátu fundinn.

Fundi slitið kl. 19:30.

Óskar Þórarinsson
formaður

Friðrik Már Sigurðsson
Ritari.

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði

S.s. Verðandi

sunnudaginn 16/3/1975 að heimili formanns Steingríms Sigurðssonar
og hófst kl. 20:00.

1. Til umræðu var bótafé það, sem fékkst út á húseign félagsins að Heiði. Boð Viðlagasjóðs var að greiða brunabótamat hússins út að frádregnum 10 %. Ákveðið var að taka þessu boði, til að útiloka viðgerð á húsinu, með fyrirvara þó.

Síðan var ákveðið að veita Einari Guðmundssyni gjaldkera heimild til að taka féð út og leggja það inn í Sparisjóð Vestmannaeyja.

2. Ákveðið var að gera tilboð í húseign dánarbús Helga Benediktssonar að Heiðarvegi ásamt Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, Sjómannadagsráði og Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja með fyrirvara um samþykki þeirra.

formaður:
Steingrímur Sigurðsson

Pórður R. Sigurðsson sign.
Gísli Einarsson sign.
Einar Guðmundsson sign.
Bogi Finnbogason sign.
Sigurður Guðnason sign.
Guðni Grímsson sign.
Stefán Friðriksson sign.
Einar Ólafsson sign.
Andrés Þórarinsson sign.
Friðrik Már Sigurðsson.

Fundur var haldin í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
sunnudaginn 14/4/1975 á heimili formanns Steingríms Sigurðssonar.

Til umræðu var beiðni frá Jóni Kjartanssyni formanni Verkalýðsfélags Vestmannaeyja að S.s. Verðandi tæki einhverja afstöðu til Selfossmálsins svonefnda.

Ákveðið var að taka ekki afstöðu til málsins, vegna ónógra upplýsinga

Form:	Þórður R. Sigurðsson sign.
Steingrímur Sigurðsson	Stefán Friðriksson sign.
	Andrés Þórarinsson
	Gísli Einarsson sign.
	Sigmar Þ. Sveinbjörnsson sign.
	Óskar Þórarinsson sign.
	Sigurður Gunnarsson sign.
	Einar Guðmundsson sign.
	Friðrik Már Sigurðsson

192. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

föstudaginn 30/5/1975 á Hótel Vestmannaeyjar og hófst kl. 16:00.

1. Formaður setti fundinn og bað ritara lesa fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.
2. Formaður las bréf, sem bæjarstjórn var sent frá S.s. Verðandi, um skólamál sjómanna og þá einkum Stýrimannaskólann í VE. Svar hafði borist og kvaðst bæjarstjórn lítið sem ekkert geta aðhafst í málinu þar sem skólinn væri orðin ríkisskóli, formaður hafði farið fram á við Friðrik Ásmundsson að hann ræddi nauðsyn þess að koma skólanum í gagnið, við menntamálaráðherra sem væntanlegur var til VE daginn eftir.
Fundarmenn kusu Guðjón Pálsson til að fara með Friðrik vegna persónulegra kynna við ráðherrann.

3. Formaður bar upp tillögu, sem veganesti handa þeim Guðjón og Friðrik svohljóðandi:

"Fundur í S.s. Verðandi 30/5/1975 fer þess á leit við yður hr. menntamálaráðherra að þér veitið heimild nú þegar til að hafist verði handa hér í VE að undirbúa að stýrimannaskóli verði starfræktur hér strax næsta skólaár. Álit fundarins er: að hér verði aldrei framar stýrimannaskóli ef ekki verður hafinn undirbúningur þess að koma honum á laggirnar strax."

Samþykkt einróma.

4. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Leó Óskarsson.

Samþykkt einróma.

5. Formaður bað menn ræða löndunarmál flotans, sem taka áttu gildi 1. júní. Miklar umræður urðu um málið og voru menn mjög óánægðir. Ákveðið var að kjósa nefnd til að ræða við forráðamenn stöðvanna. Nefndina skipa: Hilmar Rósmundsson, Jóhann Halldórsson og Friðrik M. Sigurðsson.

6. Guðjón Pálsson tók til máls og ræddi síldveiðar á komandi hausti. Var hann óánægður með að ekkert heyrðist frá S.s. Verðandi um þessi mál, svo sem frá mörgum öðrum Skipstjórufélögum. Guðjón sagði að hugmyndir lægju að því að eingöngu Norðursjávarbátar mættu veiða síld, á sama tíma og aðrir bátar lægju í höfn verkefnalausir, sem ættu fullkomin tæki til þessara veiða, Guðjón sagði ennfremur að hann hefði sótt um rækjuveiðileyfi fyrir norðan land en verið synjað á forsendu svæðaskiptingar.

7. Formaður bar upp svohljóðandi tillögu, sem senda ætti helstu fjölmiðlum:

"Fundur í S.s. Verðandi 30/5/1975 telur að fara þurfi varlega í veitingu leyfa til síldveiða á komandi hausti. En fari svo að einhverjar veiðar verði leyfðar þá telur fundurinn eðlilegast að þau skip sitji að veiðunum, sem hafa aðstöðu til þess að koma aflanum til hafnar í því ástandi, að hægt verði að fullnýta hann til mannelis."

Samþykkt einróma.

8. Á fundinum átti einnig að ræða kjaramál stéttarinnar, en ekki þótti stætt á því vegna mannfæðar á fundinum, en fundinn sátu 10 félagar þar af 4 launþegar.
Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:45.

Friðrik Már Sigurðsson
ritari

Steingrímur Sigurðsson
formaður

**193. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 15. júní 1975 í Kiwanishúsinu og hófst kl. 17:00.**

1. Formaður setti fundinn og bað menn ræða þá seinkun sem orðið hefði á fiskverðsákvörðun og hvaða aðgerðum væri hægt að beita í því sambandi.

Miklar umræður urðu um málið og voru menn sammála um að sú seinkun á fiskverði, sem alltaf ætti sér stað væri í alla staði óviðunandi.

2. Formaður bar upp svohljóðandi tillögu:

"Fjölmennur fundur í S.s. Verðandi haldinn 15/6-/1975. Samþykkir að hætta róðrum frá og með 23/6/1975 hafi nýtt fiskverð ekki verið ákveðið fyrir þann tíma. Einnig skorar fundurinn á önnur félög sjómanna og útvegsmanna að styðja þessar aðgerðir."

Samþykkt einróma

Tillagan var send til allra helstu fjölmiðla landsins, svo og í símskeyti til Ingólfs Stefánssonar sem ætlaði með hana á fund ráðherra, sem hann hafði verið boðaður á.

3. Síðan urðu umræður um löndunartíma fiskibáta í VE, sem enduðu með svohljóðandi tilkynningu:

"Fjölmennur fundur í S.s. Verðandi, haldinn 15/6/1975, samþykkir að auglýsa löndunartíma fiskibáta í VE og skal hann vera óbreyttur frá því 1974, það er að segja, frá kl. 08:00-22:00 alla daga vikunnar nema föstudaga frá 06:00-19:00 (laugardaga og sunnudaga undanskyldir).

Fundurinn taldi að þessa leið ætti að fara, þar sem vinnslustöðvarnar hafi ekki séð sér færi að hafa samvinnu við skipstjóra og útgerðamenn bátanna um löndunartímamann."

Samþykkt einróma.

- 1). Fundinn sátu um 50 félagar.
- 2). Tilkynning þessi var send til stöðvanna í pósti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Friðrik Már Sigurðsson
ritari

Steingrímur Sigurðsson
formaður

194. Fundur var haldinn í

S.s. Verðandi

laugardaginn 20/9/1975 í félagsheimilinu við Heiðarveg og hófst hann kl. 15:00.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
2. Formaður tók til máls og kvað fund þennan aðallega eiga að kjósa fulltrúa á Formannasambandsþing.
Stakk hann upp á Hilmari Rósmundssyni og Sigurði Gunnarssyni og voru þeir samþykktir samhljóða.
3. Síðan las formaður upp bréf frá Ása í Bæ, þar sem hann fer fram á fjárstuðning við fyrirhugaða ritun ævisögu Sighvatar Bjarnasonar.
Talsverðar umræður urðu um málið og voru menn mjög jákvæðir í því að styrkja Ása til verksins, en fannst ekki vera hægt að taka ákveðna afstöðu vegna þess að engar upphæðir voru nefndar og félagið ekki sterkt fjáhagslega.
4. Formaður gerði fyrirspurn til fundarmanna um það hvort halda ætti árshátíð, var það samþykkt og skemmtinefnd falið að vinna að málinu.
5. Formaður las upp bréf frá F.F.S.Í. og Bréfaskólanum þar sem félaginu var boðið að senda menn á námskeið í hópefli sem halda ætti í Munaðarnesi þann 30/10/1975.
Menn tóku mjög dræmt í það og hjaðnaði þetta niður að sjálfu sér.
6. Formaður ræddi spæringsverð og kjör manna á spæringsbátum svo og þá samninga sem gerðir eru á milli útgerðarmanna og bræðslna um að bræðslurnar borgi olíu á bátana svo og tryggingu skipshafna en útgerðarmaður hirðir allan bolfisk sem kemur í land.
Formaður kvaðst halda að þarna væru bræðslurnar að ná sér í aukakostnað til þess að sýna meira tap á rekstrinum vegna fyrirhugaðrar verðlagningu loðnu á vertíðinni 1976.
Miklar umræður urðu um málið svo og almennt um verðlagningu sjávarafurða og voru menn mjög óhressir með þau vinnubrögð.
Samþykkt var að senda Verðlagsráði eftirfarandi bréf.

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi samþykkir að skora á Verðlagsráð sjávarútvegsins að mæta á fund hjá S.s. Verðandi laugardaginn 4/10/1975 og skýra aðferðir og vinnubrögð ráðsins við verðlagningu sjávarafurða."
7. Formaður bar upp svohljóðandi tillögu um landhelgismál:
"Fundur haldinn í S.s. Verðandi, 20/9/1975 fagnar ákvörðun stjórnvalda um útfærslu landhelginnar í 200 sjómlíur en varar um leið við hverskonar samningum um veiðar útlendinga innan þessara marka."

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:40. Fundinn sátu 11 félagar.

Friðrik Már Sigurðsson
Ritari

Steingrímur Sigurðsson
formaður

Fundur var haldinn í stjórn og trúnaðarráði
S.s. Verðandi
miðvikudaginn 1/10/1975 á heimili formanns Steingríms
Sigurðssonar.

Formaður setti fundinn og kvaðst hafa talað við Guðlaug Gíslason sem tjáði honum að S.s. Verðandi þyrfti að tilnefna 2 menn í skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum.

Stungið var upp á þeim Einari Guðmundssyni og Þórði Rafni Sigurðssyni og voru þeir samþykktir einróma.

Skeyti var sent til menntamálaráðherra þar að lútandi.

Fundinn sátu:

Steingrímur Sigurðsson

Sigurður Gunnarsson

Þórður R. Sigurðsson

Matthías Guðjónsson

Kristján Adólfsson

Már Sigurðsson

Sigurður Guðnason

Óskar Þórarinsson

Sigurður Þ. Svienbjörnsson

195. Fundur var haldinn í S.s. Verðandi 5/10/1975 í Akóges og hófst kl. 13:30.

Tílefni fundarins er að Verðlagsráð sjávarútvegsins er mætt á fundinn að áskorun Verðandi frá 21/9/1975 og var öllum aðstandendum sjávarútvegs í Vestmannaeyjum boðið að sitja fundinn.

Sigurður Gunnarsson var settur fundarstjóri og Jóhannes Kristinsson fundarritari.

1. Sigurður Gunnarsson setti fundinn og bauð fulltrúanna velkomna og kynnti þá Eyjólf Ísfeld, Kristján Ragnarsson, Jón Reynir Magnússon, Ingólf Ingólfsson og Ingólf Stefánsson.

2. Eyjólfur Ísfeld tók fyrstur til máls og þakkaði boðið og sagði þetta í fyrsta sinn, sem Verðlagsráð færi út á meðal sjómanna og vonaðist hann til að það gæfist vel og þetta yrði til góðs fyrir alla aðila.

Skýrði hann vinnutilhögun og skipan Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Kom margt fram í máli Eyjólfsson um verðlagsmál og vandkvæði fyrir Verðlagsráð til starfa, kom hann einnig inn á verðlagsmál nágrannaþjóðanna, markaði og fleira

Taldi hann opinn markað hér á landi ekki geta gengið vegna dreifbýlisins.

3. Kristján Ragnarsson talaði næstur og gerði hann grein fyrir gagnasöfnun Verðlagsráðs, sem byggist á gögnum frá Þjóðhagsstofnun, skrifstofum sjávarútvegsins og fiskvinnslustöðvunum.

Kom fram að Verðlagsráð byggir á skýrslum frá árinu 1973 og ekki verði til skýrslur fyrir 1974 fyrr en um áramót 1975.

Taldi Kristján Verðlagsráð mjög samrýmdan hóp og kvað hann að ekki væri neinn ágreiningur né tortryggni í garð hvers annars.

Kom Kristján inn á sjóðakerfið illræmda og skýrði hlut þeirra í stórum dráttum, kom fram hjá Kristjáni að, ef sjóðakerfið yrði lagt niður, yrði hlutur þeirra, sem duglegastir væru, mun meiri en þeirra sem byggðu útgerð sína á sjóðakerfinu.

4. Jón Reynir Magnússon talaði næstur og kvað hann sig þann aðila sem einna sérhæfðastur væri í þessum hóp, en hann starfar eingöngu fyrir bræðslufisk.

Jón talaði um auknar framleiðsluaðferðir í landi svo og aukinn kostnað við sjávarútveginn, einnig kom hann inná þurran verðjöfnunarsjóð.

5. Ingólfur Ingólfsson tók næstur til máls. Kom fram hjá honum að nauðsynlegt væri að endurskoða samhjálpartækin þ.e. sjóðina og kvað hann að það hlyti að koma að því bráðlega. Einnig kom fram að Verðlagsráð er nú að reyna nýtt kerfi í verðlagningu og kemur ekki í ljós fyrr en um áramót hvernig reynst hefur.

Var nú orðið gefið laust.

6. Eyjólfur Ísfeld tók til máls og sagði að þessir fjórir sem mættir væru, væru höfuðpaurar Verðlagsráðs og mönnum því óhætt að koma með sín áhugamál.

Talaði Eyjólfur um fiskverð í nágrannalöndunum og bað menn hafa það hugfast er talað væri um fiskverð í öðrum löndum, hvað fiskverð væri í raun og veru?

Bar hann síðan saman verð í Færeyjum og á Íslandi

Ísland
þorskur

Færeyjar
þorskur

75 cm og yfir 70 cm og yfir
Skiptaverð 40,81 kr. 60,81 kr.

og síðan hvað fiskkaupendur þyrftu að greiða fyrir fiskinn, á Íslandi 65,19 kr, í Færeyjum 68,74 kr. Síðan tók hann dæmi um ýsu, ufsa og löngu og var útkoman mjög svipuð og á þorskinum nema ufsinn væri lægstur.

7. Björn Guðmundsson tók næstur til máls. Kom fram hjá honum að hann er sammála fundarboðendum um að fiskverðið væri of lágt og gagnrýndi hann sjóðakerfið og skýrði frá því að útgerðarmenn voru skikkaðir til að gefa skýrslur, sem ekki væri unnið úr fyrr en eftir dúk og disk.

Einnig kom fram hjá Birni að ef útvegnum yrði ekki tryggður öruggur rekstrargrundvöllur yrði ekki róíð frá Vestmannaeyjum næstu vetrarvertíð.

8. Logi S. Jónsson talaði næstur og gagnrýndi Björn fyrir að tala um erfiðleika í útgerð og sagði að þeir blómstruðu best, sem hefðu skip sín bundin við bryggju meiripart árs.

9. Ingólfur Stefánsson var næstur á mælendaskrá og sagði frá því að í athugun væri að ganga frá sjóðakerfinu dauðu en það hirti 60 % af heildaraflaverðmætinu.

Síðan kom hann inn á bræðslufiskverð og sagði frá dæmi um að í Þorlákshöfn hefðu verið boðnar 4 kr. fyrir kílóíð af spærlingi en verð frá Verðlagsráði væri 1 kr.

10. Ingólfur Matthíasson gerði fyrirspurn um verðlagningu sem væri ákveðin en síðan yfirborguð víðast nema í Vestmannaeyjum.

11. Eyjólfur Ísfeld svaraði Ingólfunum og kom fram hjá honum að yfirborganir væru illa séðar af Verðlagsráði, en þeir réðu ekki við þær, þó reyndi hann að útskýra fyrir fundarmönnum að betra væri að reka frystihús með tapi en að loka þeim.

12. Jón Reynir tók til máls og svaraði Ingólfi Stefánssyni um Norglobal og S.R.

Skýrði hann frá því hvernig þeir ynnu í smærri atriðum og sagði að sér væri ekki kunnugt um bræðsluverð Norglobal utan allra sjóðsgjalda, en taldi ekki óeðlilegt að greiddar væru 3,30 kr.

13. Kristján Ragnarsson lýsti sig sammála Eyjólf í verðlagningu og þeir yrðu að hafa þessi mál í föstum skorðum.

14. Ingólfur Matthíasson spurði hvort yfirborganir kæmu ekki fram við næstu verðákvörðun, sem lýsti sér í lægra fiskverði.

15. Kristján Ragnarsson svaraði að þetta væru ekki vinnubrögð að þeirra skapi og þeir réðu ekki við.

16. Sigmar Þór Sveinbjörnsson spyr hvort nokkuð sé að marka skýrslur fiskvinnslustöðvanna.

17. Kristján R. svaraði og lýsti hvernig gagnasöfnun færi fram.

Sagði hann þá félagana í Verðlagsráði vera komna langt í því að setja sig í spor fiskvinnslustöðvanna og einnig útvegsbænda.

18. Halldór bankastjóri svaraði Birni Guðmundssyni um að ekki væri allt "kerfinu" að kenna. Útvegsbændur ættu stóran þátt í því sjálfir.

Síðan spurði hann Verðlagsráð hvort þeir hygðust nú taka af skarið og sjá um að gert yrði út á mannsæmandi hátt, með raunverulegu fiskverði.

19. Eyjólfur Ísfeld tók næstur til máls. Kvað hann skýrslur þær, sem þeir ynnu eftir hjá fiskiðnaðinum og sjávarútveginum hlytu að haldast í hendur og því auðvelt að vinna eftir þeim.
20. Ingólfur Stefánsson tók til máls og gerði vinnulaun á Íslandi og Færeyjum að umtalsefni sínu, þar sem á Íslandi væru greiddar tæpar 300 kr. á klst. en í Færeyjum kr. 600, en þó væri fiskverð mjög svipað.
21. Eyjólfur svaraði og sagði að erfitt væri að tala um vinnulaun því launagreiðslur og launagjöld væru hlutir sem hann þekkti ekki, en dróg mjög í efa að svo væri sem útlit væri á.
22. Sigurður Gunnarsson talaði og þakkaði gott hljóð og óskaði gestunum góðrar heimkomu og talaði um í fararnesti að þeir færu að huga að aðalvandamálinu sem væri sjóðakerfið.

Fundi slitið kl. 16:45.

Steingrímur Sigurðsson
formaður

Fundarritari
Jóhannes Kristinsson

Friðrik Már Sigurðsson færði inn.

Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði S.s. Verðandi mánudaginn 27. október 1975.

Formaður setti fundinn og talaði um viðleguþláss nýju ferjunnar, sem ætti að vera staðsett austan á Básaskersbryggju og var hann ekki ánægður með það.

Sigurgeir Ólafsson staðfesti þetta og lýsti einnig óánægju sinni með það fyrirkomulag, þar sem það sliti í sundur löndunarþláss smábátana.

Einnig upplýsti hann að nýjar hugmyndir væru komnar upp um það að breyta löndunarfyrirkomulagi, þannig að landað væri eingöngu á tveim stöðum í höfninni annar yrði í austur og hinn í vesturhöfninni og stöðvarnar sæju algjörlega um löndun og einnig ísun og annan undirbúning til veiða.

Jóhannes Kristinsson lýsti einnig óánægju sinni og benti á mikið hagkvæmari stað sem væri vestan við Básaskersbryggju og þar yrði samnað upp í vestur og þar fengist þá um leið nýtt viðleguþláss fyrir Lóðsinn og einnig nýtt löndunarþláss þar sem Lóðsinn er nú staðsettur.

Formaður las upp bréf sem hann hafði samið í sambandi við staðsetningu ferjunnar og senda skyldi hafnarnefnd og bæjarstjórn.

Allir sem fundinn sátu skrifuðu nöfn sín undir bréfið og það var síðan póstlagt daginn eftir.

Jóhannes Kristinsson ræddi um ráðningu hafnarstjóra og kvað það ótækt að enginn virtist hafa yfirstjórn með vinnu við höfnina og þar af leiðandi tæki enginn ábyrgð á mistökum sem kunna að koma upp, samanber Lóðsinn í sumar.

Formaður ræddi samningamálin en menn voru sammála um að ekki væri hægt að móta kröfur fyrr en séð yrði hver yrðu örlög sjóðakerfisins illræmda.

Fundi slitið kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Hilmar Rósmundsson	Einar Ólafsson
Stefán Friðriksson	Andrés Þórarinsson
Bogi Finnbogasson	Einar Guðmundsson
Sigurgeir Ólafsson	Sigurður Guðnason
Jóhannes Kristinsson	Rafn Sigurðsson
Matthías Guðjónsson	
Steingrímur Sigurðsson	Friðrik Már Sigurðsson

**Fundur var haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.S. Verðandi
Þriðjudaginn 25/11/1975 í Stýrimannaskólanum við Heiðarveg.**

Formaður setti fundinn og kvað til hans boðað vegna húsnæðismála félagsins og gaf hann síðan Friðrik Ásmundssyni orðið.

Friðrik sagði að um þessar mundir væri verið að skipuleggja húsnæði Iðnskólans fyrir stýrimannaskóla, vélskóla og iðnskóla, sem yrðu þá allir þrír í sama húsnæðinu.

Einnig kom fram að hugmynd væri uppi um að Verðandi fengi skrifstofu fyrir starfsemi sína sérstaklega og afnot af fundarsal eða kennslustofu fyrir fjölmennari fundi. Gegn þessu ætti Verðandi að leggja fram eitthvað fé, sem taka ætti úr hússjóði.

Í gjafabréfi sem fylgdi Heiði var það tekið fram að hvorki mætti gefa né selja Heiði, en heimild er nú fengin fyrir því frá gefanda að, ef nýr Stýrimannaskóli yrði reistur, þá mætti leggja það fé sem út úr Heiði kæmi í hann.

Almennt voru menn sammála um þörfina á því að félagið eignaðist einhvern samastað fyrir starfsemi sína og var það einnig talið mjög aðgengilegt að allt viðhald og kostnaður yrði greitt úr ríkissjóði, þar sem ákveðið er að ríkissjóður kaupi Iðnskólahúsið af bænum.

Engar ákvarðanir voru teknar um málið en húsnæfnd falið að kanna málið nánar.

Einar Guðmundsson tók til máls og kom inn á tryggingarmálin, tjáði hann ráðinu að Tryggingamiðstöðin neitaði að greiða dánarbætur fyrir Benóný Friðriksson.

Samþykkt var að fela Einari Guðmundssyni, Óskari Matthíassyni og Hilmarí Rósmundssyni að starfa að því að fá bæturnar greiddar, svo og að setja málið fyrir dómstóla ef á þyrfti að halda.

Fundi slitið kl. 19:00.

Friðrik Már Sigurðsson
Hilmar Rósmundsson
Bogi Finnbogason
Einar Guðmundsson
Þórður Rafn Sigurðsson
Guðni Grímsson
Steingrímur Sigurðsson
Sigmar Þ. Sveinbjörnsson
Óskar Ólafsson
Sigurður Guðnason
Friðrik Ásmundsson

196. Fundur var haldinn í
S.s. Verðandi
sunnudaginn 14/12/1975 í Iðnskólanum og hófst kl. 14:00.

1. Formaður setti fundinn og kvað til hans boðað til að fá fréttir af þingi F.F.S.Í. svo og til að ræða tillögu sem fram væri komin um úrsögn S.s. Verðandi úr F.F.S.Í.
2. Sigurður Gunnarsson tók til máls og kom með fréttir af þinginu.
Síðan las hann skýrslu stjórnar F.F.S.Í. en hún var mikil langrolla og ekki hægt að rita hana upp.
Sigurður varð að gera hlé á lestrinum vegna þess að mönnum var mikið niðri fyrir og lá á að koma skoðunum sínum á framfæri.
3. Adólf Magnússon tók til máls og gerði úrsögn félagsins að umtalsefni sínu og mælti mjög á móti þeirri hugmynd og kvað hana veikja félagið mjög.
4. Síðan var lestri skýrslunnar framhaldið.
5. Óskar Þórarinsson gerði grein fyrir störfum landhelgisnefndar Útvegsbændafélagsins og Verðandi, vegna fyrirspurn frá Guðjónu Pálssyni. Las Óskar síðan bréf frá nefndinni til landhelgislaganefndar. Þá gerði Óskar grein fyrir fundi nefndarinnar með þingmönnum Garðari og Guðlaugi Gíslasyni.
6. Sigurður Gunnarsson gerði grein fyrir því að hann hefði hitt nokkra nefndarmenn og fulltrúa útgerðarmanna á aðalfundi L.Í.Ú. og voru þeir að vinna að landhelgismálinu með Guðlaugi Pálssyni.
7. Guðjón Pálsson ræddi þá hættu, sem fiskistofnar væru í og kom hann inn á flotvörpuveiðar. Mælti Guðjón á móti flotvörpunni, sem er í fullu samræmi við vilja landhelgisnefndar VE, bæði vegna gífurlegs kostnaðar við að setja slík tæki í skip, svo og friðunarsjónarmið.
8. Næst á dagskrá væru umræður um úrsögn félagsins úr F.F.S.Í.

Már Sigurðsson gerði grein fyrir tillögunni og kom með nokkra punkta sem mæltu mjög á móti aðild.
9. Guðjón Pálsson varaði menn við að taka svo stórar ákvaðranir sem úrsögn væri en lýsti því yfir að hann væri ekki fylgjandi aðild að sambandinu en var hræddur um að fara að semja í héraði.
10. Sigurður Gunnarsson kvað þetta ekki nýjar hugmyndir um að segja sig úr sambandinu, en varaði við úrsögn vegna þess að fyrr á árum átti sér stað ýmisskonar skítkast milli manna og menn hefðu orðið hatursmenn á því að deila um samninga en kvað ekki ólíklegt að menn væru liprari í samningagjörðum í dag.
11. Óskar Þórarinsson sagði að það sem um væri að ræða væri það hvort leyfa ætti hinum almenna félagi að greiða atkvæði um málið. Mælti hann mjög með úrsögninni og gerði grein fyrir skoðun sinni á málinu.
12. Jóhannes Kristinsson lýsti ánægju sinni yfir framkominni tillögu og þeim úlfabyt sem hún olli á fundinum, en lýsti því yfir að fara bæri varlega þar sem að í ýmis horn væri að líta og þyrfti að

undirbúa jarðveginn betur og þá helst að kjósa 3-4 manna nefnd til umræðna um það á breiðum grundvelli.

13. Óskar Þórarinsson ræddi veruna í sambandinu og það að félögin þyrftu að greiða stórfé í samningagjörðir en lítið kæmi til baka frá sambandinu þar sem verið væri að móða úr tillögum og þær samræmdar þannig að ýmsum ágætistillögum væri ýtt til hliðar og aðrar miður góðar settar í slaginn.

14. Steingrímur Sigurðsson lýsti andstöðu við það að segja sig úr sambandinu og kvað hann félagið yrði að hafa mann á launum hjá félaginu ef úr yrði. Einnig kom fram hjá honum að allir samningar væru fastir hjá F.F.S.Í. Þó þeir síðustu væru aldrei samþykktir en þeim var aldrei mótmælt.

15. Formaður bar síðan upp framkomnar tillögur en þær hljóðuðu svo:

1. (Flutningsmenn: Már Sigurðsson, Óskar Þórarinsson) "Fundur í S.s. Verðandi haldinn sunnudaginn 14/12/1975 samþykkir að fyrir næstkomandi aðalfund fari fram allsherjarkvæðagreiðsla um úrsögn félagsins úr Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands."

Samþykkt með 13 atkv. gegn 2. 7 sátu hjá.

2. (Jóhannes Kristinsson) "Legg til að kosin verði nefnd skipuð 3 mönnum til að athuga með úrsögn úr F.F.S.Í. Starfssvið nefndarinnar: ræða við önnur sjómannafélög í Vestmannaeyjum og leggja síðan fram nefndarálit."

Samþykkt 13 með, 2 móti. 7 sátu hjá.

3. (Sigmar Þór) "Fundur haldin í S.s. Verðandi 14/12/1975 beinir þeim tilmælum til stjórnar F.F.S.Í. að vinna að því í landhelgisnefnd að banna veiðar á bolfiski með flotvörpu og stöðva í tíma þá fjárfestingu sem því er samfara."

Samþykkt 21 - 1.

4. (Sigurður Gunnarsson) "Fundur haldinn í S.s. Verðandi 14/12/1975 fer þess á leit við stjórn F.F.S.Í. að hafnar verði nú þegar viðræður við viðkomandi ráðuneyti um tollfríðindi fiskimanna, líkleg viðmiðun eru tollamál farmanna og flugáhafna."

Samþykkt 21 - 1.

5. (Guðjón Pálsson) "Fundur haldinn í S.s. Verðandi lýsir stuðningi við Íþróttamiðstöðina.

Legg til að það verði fjármagnað með aukagjaldi kr. 5000,00 á starfandi og kr. 1000,00 á aukameðlimi. Verði féð afhent í nafni félagsins."

Samþykkt einróma.

16. Guðjón Pálsson gaf væntanlegum samningamönnum Verðandi það veganesti að fara fram á að áhafnir fiskiskipa fái laun sín greidd í erlendum gjaldeyri til jafns við farmenn og flugmenn.

17. Formaður las upp bréf frá stjórn Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja þar sem farið var fram á fjárstuðning við hana.

Þetta bréf á að lesast á undan tillögu No. 5.

18. Stungið var upp á 3 mönnum í nefnd, þá sem athuga á úrsögn úr F.F.S.Í. Þeir Jóhannes Kristinsson, Már Sigurðsson og Sigmar Þór Sveinbjörnsson.
19. Formaður las upp eftirfarandi ályktun.

Fundur í S.s. Verðandi samþykkir eftirfarandi ályktun.

"Með tilliti til hins slæma ástands fiskistofna, sem fram kemur í skýrslu Hafrannsóknarstofnunnar og síðustu atburða á miðunum er þeir breskir dráttarbátar réðust á eitt af varðskipum okkar, mótmælir fundurinn harðlega öllum samningum við Breta og telur þá ekki koma til greina, þar sem ljóst virðist að leggja verði hluta Íslenska fiskiflotans á næsta ári, telur fundurinn auðsætt að afli sá, sem veiða má við Ísland sé, ekki til skiptanna. Enda er sá umþóttunartími sem Bretar fengu með fyrri samningum fyrir löngu orðin nægur.

Einnig átelur fundurinn seinagang þeim sem gleggst kemur fram nú með útkomu svörtu skýrslunnar svonefndu, að tuttugu árum eftir að félag okkar benti fyrst á nauðsyn friðunar hrygningarstöðva og verndun smáfisks kemur stofnunin fram með ákveðnar tillögur, sem ekki einungis teljast til friðunar, heldur enning stórkostlegrar sóknarminnkunar sem ekki getur endað með öðru en skertun launum sjómanna, sem þegar eru þau lægstu sem þekkjast við N-Atlandshaf, þó aflamagn sé sjö sinnum meira á mann en annarsstaðar þekkest.

Telur fundurinn að slíka útkomu hefði mátt varast ef stofnunin hefði ekki sofið þyrnirósarsvefni og flotið sofandi að feigðarósi.

Með tilliti til þess sem að framan segir mótmælir félagið þeirri aðferð sem verið hefur viðhöfð að gera samninga án samráðs við samtök sjómanna og útgerða sem þekkja best til á miðunum.

Einnig heitir félagið fullum stuðningi við stjórnvöld ef ekki verður samið við Breta."

Samþykkt einróma.

Fundinn sátu 22 félagar.

Fundi slitið kl. 17:30.

Friðrik Már Sigurðsson
Ritari.

Steingrímur Sigurðsson
formaður.

Viðauki

Aðalfundur S.s. Verðandi haldinn sunnudaginn 22. janúar samþykkir að gera tvo af félögum S.s. Verðandi að heiðursfélögum, þá Einar Guðmundsson, Hrauntúni 11 og Gísli Eyjólfsson Hraunbraut 47 Kópavogi.

Gísli Eyjólfsson var virkur félagi í S.s. Verðandi, í áratugi, og var ritari og vararitari í 21 ár.

Einar Guðmundsson gjaldkeri félagsins hefur verið mjög virkur félagi allt frá stofnun félagsins fyrir fjórtíu árum og er ennþá í fullu fjöri.

Við flutningsmenn teljum að með störfum sínum í þágu félagsins hafi þessir tveir menn sýnt fágætan félagsþroska. Megi störf þeirra vera okkur hinum fyrirreynd til eflingar S.s. Verðandi.

Þórður Rafn Sigurðsson
Sigurgeir Hilmarsson
Stefán Sigurðsson
Hjörtur Hermannsson
Matthías Guðjónsson
Sigurður Guðmansson
Richard Sighvatsson
Bogi Finnbogason
Logi S. Jónsson

Guðjón Pálsson
Logi Snædal Jónsson
Óskar Þórarinsson
Jóhannes Kristinsson
Kristján Óskarsson
Haraldur Benediktsson
Leó Óskarsson
Jóel Andersen

Fundur í stjórn og trúnaðarráði S.s. Verðandi 4. febrúar 1976.

Steingrímur Sigurðsson skýrði frá því sem fram kom á fundi með Ingólfum og Jónasi Þorsteinssyni 2. febrúar 1976. Enn fremur að L.Í.Ú. væri orðið til umræðu um prósentu með þaki og hafi boðið uppá að samningar yrðu lausir. Sigmar lagði fram dæmið sitt og lýsti sig mótfallinn framkomnum tillögum sjóðanefndar.

Steingrímur las upp álitserð til F.F.S.Í. um tillögur sjóðanefndar, var hún rædd nokkuð og bætt. Samstaða varð um meðfylgjandi álitserð, og var ritara falið að senda hana til F.F.S.Í.

Fundinn sátu eftirtaldir:

Steingrímur Sigurðsson, Einar Ólafsson, Sigurður Guðnasson, Kristján Adólfsson, Gísli Einarsson, Stefán Friðsteinsson, Gunnlaugur Ólafsson, Sigmar Sveinbjörnsson, Hannes Haraldsson, Bogi Finnbogasson.

Sameiginlegur fundur vélstjóra og stýrimanna í Kiwanishúsinu 2. febrúar 1976.

Mættir voru: Ingólfur Stefánsson, Ingólfur Valsson og Jónas Þorsteinsson til að kynna tillögur sjóðanefndarinnar um uppstokkun sjóðakerfisins (grein skýrslu).

1. Ingólfur Stefánsson ræddi skipun sjóðanefndar.
2. Ingólfur Valsson ræddi áhrif sjóðanna á sjávarútveg.
3. Ingólfur Stefánsson skýrði tillögur sjóðanefndar.
4. Sigmar Þór skýrði þessar tillögur sjóðanefndar frá sínum sjónarhóli.
6. Jónas Þorsteinsson ræddi viðhorfin á breiðum grundvelli.
7. Léttar umræður urðu um tillögurnar vegna tímaskorts.
8. Fundi slitið kl. 24:00. 24 mættir.

Gunnlaugur Ólafsson
vararitari

Farmanna og fiskisamband Íslands,
c/o Ingólfur Stefánsson,
Bárugötu 11,
Reykjavík.

Vegna endurskoðunar þeirrar sem nú fer fram á sjóðakerfi sjávarútvegs, var eftirfarandi samþykkt á fundi í stjórn og trúnaðarráði S.s. Verðandi miðvikudag 4/2 1976.

I. Það er öllum ljóst að sú mikla samhjálp sem nú er orðin í sjávarútvegi er ekki til neins annars en hjálpa þeim sem ekki gera út eins og vera ber, en hegna svo hinum sem hafa vilja til að bjarga sér. Með þessu erum við þó ekki að fordæma alla sjóði sjávarútvegs því sumir þeirra hafa sýnt að þeir eiga rétt á sér svo sem verðjöfnunarsjóður. Að framan sögðu er ljóst að við æskjum niðurfellingar sjóðanna tafarlaust, eða svo fljótt sem auðið er. Nú er meðal annars svo komið að verðlagning á bræðslufiski er vegna sjóðakerfisins orðin næstum óhugsandi. Þó svo að öllum sé ljóst að sækja verður nú á næstu árum mun meiri afla í þá stofna fiskjar sem gefa eingöngu af sér bræðsluafurði vegna hins slæma ástands fiskistofnanna sem við höfum nýtt til þessa.

II. Tillögur og ábendingar sjóðanefndar teljum við með öllu óaðgengilegar. Við teljum ekki koma til mála að sett verði í samninga hlutdeild áhafnar í útgerðakostnaði í hvaða mynd sem er, enda er það aðeins afturhvarf til þess gamla kerfis sem fyrir löngu gekk sér til húðar, og allir voru fegnir að losna við.

III. Við teljum að nú þegar verði að losa samninga og hefja undirbúning og samningaviðræður um nýtt greiðslukerfi sem fæli í sér fast ákveðið mánaðarkaup og aflaprósentu (premía) og verði hún miðuð við eða sem næst f.o.b. verð fiskjar til útflutnings.

IV. Einnig getum við hugsað okkur niðurfellingu sjóðanna að því marki sem lýst er í skýrslunni og 24 % hækkun fiskverðs án nokkurra kvaða um hlutdeild í útgerðakostnaði og án nokkurra breytinga á skiptaprósentu.

V. Þessar tillögur sjóðanefndar teljum við ekki kjarabót heldur kjararýrnun og því óaðgengilegar.

Virðingarfyllst.

Bogi Finnbogason
Gísli Einarsson
Sigurður Guðnason
Kristján Adólfsson
Stefán Friðriksson
Sigmar Þór Sveinbjörnsson
Hallgrímur Sigurðsson
Hannes Haraldsson
Einar Ólafsson
Gunnlaugur Ólafsson

197. Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi
var haldinn 8/2/1976 í Kiwanishúsinu og hófst kl. 14:00.

1. Formaður setti fundinn og minntist látinna félaga.
2. Fundarritari las fundargerð síðasta fundar og voru gerðar athugasemdir við 2 tillögur. Önnur tillagan var vitlaust lesin, en hin var um gjafafé sem Guðjón Pálsson hafði stungið upp á og var það rætt, síðan var hún dæmd ógild þar sem hún braut í bága við lög félagsins, að öðru leyti var fundargerðin samþykkt.
3. Formaður bað gjaldkera að lesa reikninga félagsins:
 1. Félagssjóður:
Eign til næsta árs 464.696,00
 2. Styrktarsjóður:
Eign til næsta árs 633.433,00
 3. Hússjóður:
Eign til næsta árs 2.369.538,00
af því eru 2.016.624,00 bætur fyrir Heiði.Reikningarnir samþykktir einróma.
4. Hjörtur Hermannsson skýrði reikninga Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Talsverðar umræður urðu um þá og svaraði Hjörtur öllum spurningum vel og skilmerkilega. Eignir sjóðsins í árslok 1974 voru 118.947.424,00.
5. Bogi Finnbogasson gerði grein fyrir reikningum sjúkrasjóðs og voru þeir samþykktir einróma.
6. Formaður ræddi komu manna úr Reykjavík í sambandi við sjóðakerfið og endurskoðun þess. Síðan las hann ályktun frá stjórnar- og trúnaðarráðsfundi sem haldinn var 2 dögum eftir komu þeirra.
Síðan las hann upp tillögu um uppsögn samninga með tveggja mánaða fyrirvara og bað hann menn ræða hana.
Tillagan var samþykkt með 11 atkv. gegn 0, en 13 sátu hjá.
7. Friðrik Ásmundsson tók til máls og talaði fyrir hönd húsnefndar og gerði grein fyrir störfum hennar og las upp gjafabréf sem fylgdi Heiði. Einnig gerði hann grein fyrir hugsanlegu húsnæði, sem félagið ætti að fá í Stýrimannaskólanum nýja, síðan ræddi hann um að Verðandi gæfi fé til Íþróttamiðstöðvarinnar.
8. Einar Guðmundsson skýrði þá hugsun sína að hússjóður rynni í styrktarsjóð og gerði einnig fyrirspurn um hvað gera ætti við það fé sem inn kæmi við undanþágumeðmæli og stakk upp á að það rynni í styrktarsjóð. Uppástungan samþykkt einróma.
9. Fundur í S.s. Verðandi samþykkir að fela hússtjórn að vinna áfram að húsmálinu eins og lýst hefur verið af hússtjórn.
Samþykkt einróma.

10. Fundur í S.s. Verðandi skorar á skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum að hún hlutist til um að Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum verði ekki verr búinn tækjum en skólinn í Reykjavík.

Samþykkt einróma.

11. Fundur í S.s. Verðandi samþykkir að fela stjórn félagsins að ákveða peningagjöf til væntanlegrar Íþróttamiðstöðvar.

Samþykkt einróma.

12. Samþykkt inntökubeiðni frá Jónatan Jóhannssyni Vallargötu 4 f. 21/8/1928 og Björgvin Ármannssyni Strandvegi 43.

Samþykkt með lófaklappi.

13. Formaður tók til máls og gerði grein fyrir því af hverju tillaga sú sem borin var upp og samþykkt á fundi um allsherjaratkvæðagreiðslu um úrsögn úr F.F.S.Í., hefði verið hunsuð eða ekki tekin til greina.

14. Már Sigurðsson gerði grein fyrir tillögu sinni og ræddi síðan störf sín í stjórn Verðandi.

15. Sigurður Gunnarsson tók til máls og gerði grein fyrir sínu álit á úrsögninni og deildi á flutningsmenn tillögunnar, þá Má Sigurðsson og Óskar Þórarinsson.

16. Már Sigurðsson og ítrekaði þá skoðun sína að félagið ætti ekkert að gera í F.F.S.Í. og lýsti furðu sinni á hunsun tillögunnar þ.e. að ekki skyldi koma til atkvæðagreiðslu um málið.

17. Formaður tók til máls og ræddi málin vítt og breytt og tók eindregna afstöðu á móti úrsögn.

18. Gengið til stjórnarkjörs.

Stungið var upp á Gunnlaugi Ólafssyni, Gísla Kristjánssyni og Stefáni Friðrikssyni til formannsstarfa.

Atkvæði féllu þannig.

Gunnlaugur	14 atkv.
Stefán	7 atkv.
Gísli	3 atkv.

Rétt kjörinn formaður er því Gunnlaugur Ólafsson og varaformaður Stefán Friðriksson.

Fundarritarar voru kjörnir:

Sigmar Þór Sveinbjörnsson	13 atkv.
Gísli Kristjánsson	11 atkv.

Gjaldkerar

Einar Guðmundsson

Hannes Haraldsson

Einar bað um að bókað yrði að hann segði af sér gjaldkerastörfum ef tillaga um úrsögn úr F.F.S.Í. yrði samþykkt.

Sjómannadagsráð

Aðalráð

Vararáð

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1968 - 1980

Jóhannes Kristinsson	Willum Andersen
Kristján Óskarsson	Leó Óskarsson
Sigurður Gunnarsson	Björgvin Ármannsson
Gunnar Árnason	
Matthías Guðjónsson	

Björgunaræfinganefnd

Kristinn Sigurðsson og Kristinn Pálsson	Einar Sveinn Jóhannesson
--	--------------------------

Fánaberar

Ágúst Bergsson	Einar Ólafsson
----------------	----------------

Til vara: Már Sigurðsson

Skemmtinefnd

Bergvin Oddsson	Sigmar Þ. Sveinbjörnsson
Stefán Friðriksson	Andrés Þórarinnsson
Bogi Finnbogasson	
Varamenn:	
Óskar Þórarinnsson	og Rafn Sigurðsson

Húsnefnd

Guðni Grímsson	formaður
Einar Guðmundsson	gjaldkeri
Friðrik Ásmundsson	ritari
Angantýr Elíasson	varamaður

Styrkveitinganefnd

Sigfús Guðmundsson
Kristinn Pálsson
Einar Guðmundsson

Sjúkrasjóðsnefnd

Bogi Finnbogason	og Gísli Einarsson
Endurskoðandi:	Ágúst Bergsson

Gæslunefnd

Emil Andersen	Hilmar Rósmundsson
Sigfús Guðmundsson	Jóel Andersen
Sveinn Valdimarsson	

Veiðarfæranefnd

Hörður Jónsson	Jóhann Halldórsson
Kristján Óskarsson	

Endurskoðandi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.
Ágúst Bergsson

Í stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.
Hjörtur Hermansson og til vara Óskar Þórarinnsson.

Fulltrúaráð

Aðalráð

Óskar Þórarinsson
Hilmar Rósmundsson
Bogi Finnbogason
Einar Ólafsson
Gísli Einarsson
Rafn Sigurðsson
Matthías Guðjónsson
Kristján Adólfsson

Vararáð

Andrés Þórarinsson
Sigurður Guðnason
Guðfinnur Þorgeirsson
Sigurður Gunnarsson
Leó Óskarsson

19. Fráfarandi formaður þakkaði síðan fyrir samstarfið á árinu og síðan tók nýkjörinn varaformaður við fundarstjórn í fjarveru formanns Gunnlaugs Ólafssonar og gaf hann orðið laust.
20. Sigurður Gunnarsson tók til máls og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum vel unnin störf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.
21. Hinn nýi varaformaður gerði fundarsókn að umtalsefni sínu og ræddi hvernig hægt væri að auka hana og sagði síðan fundi slitið.

Fundi slitið kl. 17.
24 félagar sátu fundinn.

Friðrik Már Sigurðsson

13/2 1976.
Fundur haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
heima hjá formanni.

Á dagskrá var: Hvort senda ætti mann til Reykjavíkur til samningagerðar.

Töldu menn að ekki tæki því að senda mann eins og málin standa. Virtust fundarmenn vera sammála að minnsta kosti þeir sem létu til sín heyra. Þó var Sigmar Þ. ósammála fundarmönnum og taldi að senda ætti mann strax til Reykjavíkur til samningagerðar.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt og send F.F.S.Í.

"Með bréfi dagsett 5/21976 til F.F.S.Í. kemur fram ákveðinn vilji félags okkar varðandi sjóðakerfi og breytta samninga þar að leitandi, þar sem okkur eru ekki kunnugt um nein nýmæli í samningagerð teljum við ekki ástæðu að félagið sendi mann til samningaumræðu að svo komnu máli, en felum F.F.S.Í. umboð fyrir félagið fyrst um sinn, þar til frekari upplýsingar liggja fyrir."

Sigmar Þ. Sveinbjörnsson, ritari.

Fundur haldinn í S.s. Verðandi í Akógeshúsinu 1/3/1976 kl. 16:00.

Formaður setti fundinn og tilnefndi sem fundarstjóra Sigurð Gunnarsson.

Til umræðu voru væntanlegir bátakjarasamningar milli F.F.S.Í. og L.Í.Ú.

Fyrstur tók til máls **v.r.** Gísli Kristjánsson og reifaði hann samningana í stórum dráttum enda hafði hann verið á samningafundum í Reykjavík fyrir S.s. Verðandi.

Einnig tók til máls Gunnlaugur Ólafsson og upplýsti hann fundarmenn um helstu breytingar, sem þessir samningar gerðu ráð fyrir gagnvart fyrri samningum.

Mælti hann með að samningarnir yrðu samþykktir.

Næst tóku til máls þeir Guðmundur Sveinbjörnsson, Jón Pálsson og Sigmar Þ. Sveinbjörnsson, töluðu þeir mjög gegn því, að þessir samningar yrðu samþykktir og færðu fram margt máli sínu til stuðnings.

Ýmsir fleiri tóku til máls, og voru skoðanir manna nokkuð skiptar um ágæti þessara samninga.

Tillaga kom fram frá sáttarsemjara svohljóðandi:

"Talning fari fram úr einum potti og kjörstaður verði opinn 2 tíma á dag til laugardags 6. febrúar."

Tillagan var samþykkt.

Fimmtíu menn sátu fundinn, fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Sigmar Þór Sveinbjörnsson
Ritari

Gunnlaugur Ólafsson
formaður

Aðalfundur S.s. Verðanda var haldinn í Básum við Baskersbryggju 6/2 1977 og hófst hann kl. 14.

1. Formaður setti fundinn og bað ritara að lesa síðustu fundargerð.
2. Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt einróma.
3. Gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum síðasta árs.

Eignir 13/1 1977.

Styrktarsjóður	kr.	783.778 .-
Félagssjóður	kr.	691.245 .-
??	kr.	996.581 .-

Úthlutun (6 aðilar) 145.000 .-

Reikningarnir samþykktir einróma.

4. Jóhannes Kristinsson talaði um hið nýja hús Bása, sem félagið hefur keypt af Halkionsútgerðinni á 12.000.000 .-, ásamt Björgunarfélagi Vestmannaeyja sem á 25 %.

Sjómannadagsráð VM	sem á	25 %
Vélstjórafélag VM	sem á	20 %
Slysavarnafélagið Eykyndill	sem á	10 %
og Verðandi	sem á	20 %

Ræddi Jóhannes hvernig kaupin hefðu farið fram og sagði að Óli Gränz væri að teikna og skipuleggja húsið.

Voru menn margs vísari eftir að hann hafði lokið máli sínu.

5. Hjörtur Hermannsson skýrði reikninga Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Talsverðar umræður urðu um þá og svaraði Hjörtur öllum spurningum sem komu frá fundarmönnum um Lífeyrissjóðinn.

Bogi Finnbogason gerði grein fyrir reikningum sjúkrasjóða, og voru þeir samþykktir einróma.

7. Næst talaði formaður og sagði að Jónas Þorsteinsson hefði haft samband við sig, og beðið um að ef félagið hefði einhverjar kröfur fyrir næstu samninga, þá ættum við að senda þær til F.F.S.Í. Sagði Jónas að, Sjómannasambandið og F.F.S.Í. ætluðu að gera sameiginlegar kröfur.

8. Tillaga kom fram um hækkun á ársgjaldi félagsgjald yrði kr. 10000,-, aukameðlimir kr. 2000,-

9. Næst var gengið til stjórnarkjörs og stungið var upp á tveimur mönnum í formannssætið. Atkvæðagreiðsla var leynileg. Mennirnir voru Logi Snædal og Gísli Einarsson.

Atkvæðagreiðslan fór þannig, að

Logi S. Jónsson fékk 15 atkvæði

Gísli Einarsson, Gísli Kristjánsson og Sigmar Sveinbjörnsson fengu 1 atkv.

1 seðill var auður.

Var því Logi S. Jónsson, réttkjörinn formaður.

Næst var stungið upp á varaformanni.

Gísli Einarsson	fékk	9 atkvæði
Gísli Kristjánsson	fékk	7 atkvæði
Bergvin Oddsson	fékk	1 atkvæði

Auður seðill var 1.

Gísli Einarsson var því kjörinn varaformaður.

Næst var stungið upp á ritara.

Gísli Kristjánsson	hlaut	13 atkvæði
Jóel Andersen	hlaut	5 atkvæði

Gísli Kristjánsson var því kjörinn ritari og Jóel Andersen, vararitari.

Gjaldkerar voru endurkosnir.

Einar Guðmundsson gjaldkeri
Hannes Haraldsson varagjaldkeri.

Sjómannadagsráð.

Aðalráð:

Jóhannes Kristinsson
Kristján Óskarsson
Willum Andersen
Leó Óskarsson
Björgvin Ármannsson

Vararáð:

Atli Sigurðsson
Ólafur Guðjónsson

Björgunaræfinganefnd.

Kristinn Sigurðsson, Einar Sveinn Jóhannesson og Kristinn Pálsson.

Fánaberar.

Ágúst Bergsson, Einar Ólafsson
Til vara, Bergvin Oddsson.

Skemmtinefnd.

Rafn Sigurðsson, Óskar Þórarinsson, Árni Magnússon, Gunnlaugur Ólafsson, Stefán Sigurðsson. Til vara, Ragnar Guðnason, Willum Andersen.

Húsnefnd.

Guðni Grímsson	formaður
Einar Guðmundsson	gjaldkeri
Friðrik Ásmundsson	ritari
Angantýr Elíasson	varaformaður

Styrkveitinganefnd.

Sigfús Guðmundsson
Kristinn Pálsson
Einar Guðmundsson

Sjúkrasjóðsnefnd.

Bogi Finnbogason og Gísli Einarsson
Endurskoðandi: Ágúst Bergsson.

Gæslunefnd.

Emil Andersen, Hilmar Rósmundsson, Sigfús Guðmundsson, Jól Andersen, Sveinn
Valdimarsson.

Veiðarfæranefnd.

Hörður Jónsson, Jóhann Halldórsson, Kristján Óskarsson.

Endurskoðandi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.
Ágúst Bergsson.

Í stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.
Hjörtur Hermannsson, til vara, Óskar Þórarinsson.

Fulltrúaráð.

Aðalráð:

Hilmar Rósmundsson
Guðfinnur Þorgeirsson
Sigmar Þór Sveinbjörnsson
Andrés Þórarinsson
Einar Ólafsson
Bogi Finnbogason
Matthías Guðjónsson
Kristján Adólfsson.

Vararáð:

Sigurður Guðnason
Sigurður Gunnarsson
Leó Óskarsson
Sigmar Guðnason
Atli Sigurðsson

10. Jóhannes Kristinsson bað um orðið, og las yfirlit reikninga Sjómannadagsráðs og útkomu Sjómannadagsblaðsins. Einnig var hann með teikningu af Vestmannaeyjahöfn, sem er tillaga.

11. Guðjón Pálsson talaði næstur um loðnuveiðar og tæki til að hirða hrogn út á sjó. Var hann alveg á móti því að það yrði farið að fjárfesta í tækjum um borð í bátum, til að hirða loðnuhrogn.

Hann kom með eftirfarandi tillögu:

"S.s. Verðandi Vestmannaeyjum beinir þeim eindregnu tilmælum til Sjávarútvegsráðuneytis, að algjörlega verði bannað að setja tæki til hrognstöku um borð í

loðnuveiðiskip, þar sem sannað hefur verið að klak á sér stað í skolvatni frá dælingu, og stuðlar því að viðhaldi loðnustofnsins."

Tillagan samþykkt einróma.

12. Tveir menn sóttu um inngöngu í félagið, Símon Sverrisson fæddur 26/3 1951 og Friðrik Benónýsson fæddur 14/11 1941, voru þeir samþykktir með lófaklappi.

19 menn sátu fundinn, fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:10.

Sigmar Þór Sveinbjörnsson
Ritari.

Logi S. Jónsson

Básam 1/2 1977.
Fundur haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
Þriðjudaginn 1. mars 1977.

Mættir voru:

Logi Snædal Jónsson, formaður
Gísli Kristjánsson, ritari
og úr fulltrúaráði, Sigmar Þ. Sveinbjörnsson
Ragnar Guðnason
Kristján Adólfsson
Atli Sigurðsson

Til umræðu voru væntanlegir kjarasamningar og breytingar á þeim.

Ákveðið var að draga saman á fundinum það sem mönnum fannst brýnast og bera það síðan fram á almennum fundi.

Það sem menn voru sammála um er:

1. Fjölgun tryggingaumbóta.
2. Frítt fæði.
3. Að löndunarpeningar verði greiddir til sjómanna í samræmi við landmenn í ákvæðisvinnu.

4. Hækkun á skiptaprósentu.
5. Hækkun á kauptryggingu.
6. Að helgarfrí á togveiðum miðist við 15. maí, í stað sjómannadags.

Einnig var ákveðið að taka fyrir á hinum almenna fundi fyrirhugaða breytingu á skattalögum.

Brýnt væri að frá félaginu kæmi aðvörun til yfirvalda um þær uggvænlegu afleiðingar sem skerðing skattfríðinda til handa sjómönnum, hefði í för með sér.

Einnig fannst mönnum að taka þyrfti fyrir hafnarmálin.

Samþykkt einróma.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Gísli Kristjánsson

Ritari

Logi S. Jónsson

Básam 2/3 1977.
Fundur haldinn í
S.s. Verðandi
í Básam 2/3 1977.

Formaður setti fundinn kl. 20:45 og voru mættir 6 félagsmenn.

Til umræðu voru kjaramálin.

Vegna fólksfæðar komu ekki fram margar skoðanir en þó reynt að megni.

Fundurinn samþykkir að segja upp samningum.

Kröfur voru eftirfarandi:

1. Fjölgun tryggingatímabils: Mönnum þótti sanngjarnt að fá mánaðarlegt uppgjör. Þessu til stuðnings má nefna að lög um innhemtu opinbera gjalda stangast á við gild tryggingartímabil og eiga menn því örðugra með að standa við greiðslur en ella.

2. Frítt fæði: Fundarmönnum fannst réttlátt að sjómenn á bátum undir 500 tonnum hefðu frítt fæði. Til viðmiðunar má benda á fyrirkomulag hjá landfólki.

3. Að löndunarpeningar verði greiddir í samræmi við landmenn í ákvæðisvinnu. Töldu menn að með þeirri tillögu, sem er að borga mönnum úr landi meira pr. hr. en sjómönnum, væri verið að lýsa yfir að sjómaðurinn væri ekki verðugur sömu launa og aðrar stéttir.

4. Hækkun skiptaprósentu: Menn voru sammála um að hækkun fiskverðs gæfi tilefni til endurskoðunar á skiptaprósentu.

5. Hækkun kauptryggingu: Fundarmönnum þótti að ef ekki yrði komið til móts við áðurgreindar kröfur að þá yrði skilyrðislaust að hækka kauptryggingu verulega.

6. Að helgarfrí á togveiðum miðist við 15. maí og verði fyrst fyrstu helgi eftir 15. maí.

Það sem hér hefur verið talið var síðan sent F.F.S.Í. um leið og umboð fyrir hönd félagsins í væntanlegum kjarasamningum.

Á fundinum voru einnig ræddar fyrirhugaðar breytingar á skattalögum og samþykkt einróma að senda hlutað eigandi aðiljum svohljóðandi:

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi í Vestmannaeyjum vill vara hið háa Alþingi við að ef til skerðingar kemur á þeim skattfríðindum, sem sjómenn hafa í dag að þá sé ekki hægt að segja til um hverjar afleiðingar það gæti haft á atvinnuveginum. Einnig taldi fundurinn að eins og málinu er komið í dag með mannskap á bátafлотanum að þá mættu þau ekki við því, að versna, en skerðing á skattfríðindum hefði það óhjákvæmilega í för með sér."

Einnig var sent svohljóðandi bréf til bæjarstjórnar:

"S.s. Verðandi vill vekja athygli bæjarstjórnarinnar á því óviðunandi ástandi sem ríkir í þrífnaðarmálum.

Félagið beinir því eindregnu til ráðamanna að hafist verði handa tafarlaust við að koma leiðslum norður fyrir Eiði."

Fundi slitið kl. 22:15.

Gísli Kristjánsson
ritari.

Logi S. Jónsson.

Fundur haldinn í S.s. Verðandi 15. maí 1977.

1. Formaður setti fundinn kl. 14:15.
Mættir voru 14 meðlimir.
2. Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt einróma.
3. Steingrímur Sigurðsson bað um orðið og talaði um eftirlaunaaldur sjómanna.
Taldi hann að 67 ára aldur væri allt of hár, þegar til sjómanna væri höfðað. Taldi hann ekki ósanngjarnt að eftirlaunaaldur sjómanna lækkaði niður í 50 ár. Taldi hann brýnt að þessu væri hrint í framkvæmd strax þar sem fyrir dyrum stæði sameining lífeyrissjóðanna, og þegar hún væri orðin að veruleika væri ekki hægt að fá þetta í gegn.
Steingrímur óskaði þess að þetta yrði tekið niður sem tillaga frá sér og kom hann með skriflega tillögu.
Talaði Steingrímur um að frá sínu sjónarmiði, þá ættu sjómenn að sameinast um þetta mál, og að það yrði sett á oddinn, jafnvel að sleppa öllum öðrum kröfum til framgangs þess máls.
Fannst Steingrími að samninganefnd sú sem síðar færi hefði þetta sem aðalmál, og þá sem sérkröfu.
Þetta var rætt manna á milli og voru menn sammála um mikilvægi þessa máls.
Tillaga sú sem borin var fram, af Steingrími var samþykkt einróma og hljóðar svo:

(Tillaga frá Steingrími Sigurðssyni) "Fundur S.s. Verðandi 15/5 1977, samþykkir að setja á oddinn í komandi samningum, að eftirlaunaaldur sjómanna verði lækkaður í 50 ár.
Og hafi sjómaður starfað við sjómennsku í 25 ár eigi hann rétt til eftirlauna að hálfu, sé hann búinn að starfa til sjós í 30 ár eigi hann rétt til fullra eftirlauna." (Samþykkt einróma.)
4. Miklar umræður urðu um félagslegu hliðina og hvað ætti til bragðs að taka í eflingu félagsins.
Fram kom einhugur um að félagið sé komið svo neðarlega, að ekki væri vanþörf á að fá mann og þá lögfræðing til að vinna fyrir félagið.
Tillaga kom frá Steingrími Sigurðssyni þessu lútandi, og er hún svohljóðandi:

"Fundur í S.s. Verðandi samþykkir að ráða í hlutastarf lögfræðing eða mann með þekkingu á félagsmálum, til að gæta hagsmuna félagsins í samningum.
Einnig væri þessi maður ráðgefandi varðandi félagsleg réttindi félagsmanna, sé þetta ekki fjárhagslega ofviða félaginu.
Skal hann koma á fundi félagsins og hafa tillögurétt."
5. Næst lá fyrir að fá heimild fyrir stjórn og trúnaðarráð á að boða verkfall og var það samþykkt einróma.
6. Kosin var samninganefnd og voru kosnir:
Logi S. Jónsson, Steingrímur Sigurðsson
Til vara: Leifur Gunnarsson og Óskar Ólafsson.

Fleira lá ekki fyrir.
Fundi slitið kl. 16:30.

Jóel Andersen

Logi S. Jónsson

vararitari færði inn.

Fundur haldinn í
S.s. Verðandi
Básum laugardaginn 8/10 1977 og hófst kl. 14:00.

1. Fyrsta mál sem tekið var fyrir var hvort halda ætti árshátíð, var málið reifað frá öllum hliðum. Voru skiptar skoðanir hvort halda ætti í Samkomuhúsinu eða að fá minna hús. Niðurstaðan var sú að skemmtinefnd var falið málið til athugunar. Samþykkt var að halda árshátíð.
2. Þá lá fyrir að kjósa á þing F.F.S.Í.
Kosnir voru 2 menn:
Logi S. Jónsson
Gísli Kristjánsson

Fleira ekki gert, fundi slitið.
8 menn sátu fundinn.

Logi S. Jónsson

Jóel Þ. Andersen
vararitari færði inn

206. Aðalfundur

Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi
var haldinn í Básum 22. janúar 1978 og hófst kl. 14:25.

1. Formaður setti fundinn og minntist látinna félaga, þeirra:
Sveinbjörns Hjartarsonar f. 4.11.1913
og Guðlaugs Halldórssonar f. 20.5.1895
Risu menn úr sætum í virðingarskyni við hina látnu.

2. Ritari las fundargerðir síðustu 2ja funda.
Samþykkt einróma.

3. Gjaldkeri Einar Guðmundsson las reikninga félagsins.

Tekjur	1.528.672,-
Tekjur umfram gjöld	488.104,-
Eign 4/1 1978	1.147.783,-
	Samþykkt einróma.

Hússjóður:

Eign 4/1/1978	kr.	1.301.389,-
		Samþykkt einróma.

Styrktarsjóður:

Tekjur	444.392,-
Tekjur umfram gjöld	219.392,-
Eign 4/1 1978	1.003.170,-

Reikningurinn samþykktur einróma.

4. Jóhannes Kristinsson talaði um framkvæmdir við húseignina Bása. Kom fram að S.s. Verðandi stendur tiltölulega vel gagnvart framkvæmdum við húsið.
Rætt var um framhald framkvæmda og voru menn sammála um að verkið yrði klárað á árinu.

5. Hjörtur Hermannsson las upp reikninga Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.
Margar fyrirspurnir komu um sjóðinn og svaraði Hjörtur þeim öllum mjög greinilega.
Taldi Hjörtur að engin fyrirstaða væri fyrir félögin að fá lán hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja til framkvæmda við húseignina Bása.

6. Bogi Finnbogason las upp reikninga sjúkrasjóðs.

Tekjur	322.381,-
Gjöld	14.477,-
Eignir	1.450.073,-

Engin beiðni um styrk úr sjóðnum kom 1977.

Tillaga kom fram að setja peninga úr ársbók á vaxtaaukareikning kr. 899.213,- og var það samþykkt einróma.

7. Þórður Rafn Sigurðsson las reikninga árshátíðar, hagnaður varð: ??

8. Óskar Þórarinsson tók til máls og þakkaði Rafni fyrir góð störf í skemmtinefnd, og taldi Óskar að Rafn hafi orðið til þess að árshátíð var haldin.

9. Stjórnar- og nefndarkjör.
Formaður var endurkjörinn Logi Snædal Jónsson.
Varaformaður: Gísli Einarsson
Ritari: Jól Andersen
Vararitari: Jóhannes Kristinsson

Gjaldkeri var endurkosinn með lófaklappi.
Gjaldkeri: Einar Guðmundsson
Varagjaldkeri: Hannes Haraldsson

Sjómannadagsráð skipa nú:
Aðalráð: Vararáð:
Willum Andersen Sigurbjörn Hilmarsson
Leó Óskarsson Haraldur Benediktsson
Björgvin Ármannsson
Atli Sigurðsson
Ólafur Guðjónsson

Björgunaræfinganefnd:
Kristinn Sigurðsson, Einar Sveinn Jóhannesson
og Kristinn Pálsson

Fánaberar:
Ágúst Bergsson, Einar Ólafsson
Til vara: Bergvin Oddsson

Skemmtinefnd:
Óskar Þórarinsson, Árni Magnússon, Gunnlaugur Ólafsson, Stefán Sigurðsson, Kristján Óskarsson
Til vara: Ragnar Guðnason, Willum Andersen

Húsnefnd:
Guðni Grímsson formaður
Einar Guðmundsson gjaldkeri
Friðrik Ásmundsson ritari
Angantýr Elíasson varaformaður

Styrkveitinganefnd:
Sigfús Guðmundsson, Kristinn Pálsson, Einar Guðmundsson.
Til vara: Sigurgeir Ólafsson

Sjúkrasjóðsnefnd:
Bogi Finnbogason og Gísli Einarsson
Endurskoðandi: Ágúst Bergsson

Gæslunefnd:
Óskar Þórarinsson, Gísli Sigmarsson, Daniel W. F. Traustason

Veiðarfæranefnd:
Hörður Jónsson, Jóhann Halldórsson, Kristján Óskarsson.

Endurskoðandi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja:
Hjörtur Hermannsson
Til vara: Óskar Þórarinnsson

Fulltrúaráð:

Aðalráð:

Hilmar Rósmundsson, Guðfinnur Þorgeirsson, Sigmar Þór Sveinbjörnsson, Andrés Þórarinnsson, Einar Ólafsson, Bogi Finnbogason, Matthías Guðjónsson, Kristján Adólfsson, Steingrímur Sigurðsson.

Vararáð:

Sigurður Guðmundsson, Sigurður Gunnarsson, Leó Óskarsson, Ragnar Guðnason, Atli Sigurðsson.

Kosnir til að sitja þing F.F.S.Í. næstu 2 ár:

Logi Snædal Jónsson, Steingrímur Sigurðsson, Ólafur Kristinsson

Til vara: Rafn Sigurðsson

Haraldur Benediktsson

10. Formaður bar upp beiðni um inngöngu fyrir:

Sveinn R. Valgeirsson

Benóný Færseth

Helgi Ágústsson

Eyjólfur Pétursson

Reimir S. Jóhannesson

Samþykktir einróma.

11. Óskar Þórarinnsson las upp tillögu frá fjölmörgum félögum þess efnis að gera tvo félagi að heiðursfélögum.

Tillagan er svohljóðandi:

"Aðalfundur S.s. Verðandi, haldinn sunnudaginn 22. janúar 1978 samþykkir að gera tvo af félögum S.s. Verðandi að heiðursfélögum, þá Einar Guðmundsson Hrauntúni 11 og Gísli Eyjólfsson Hraunbraut 47 Kópavogi.

Gísli Eyjólfsson var virkur félagi í S.s. Verðandi í áratugi og ritari og vararitari í 21 ár.

Einar Guðmundsson gjaldkeri félagsins hefur verið mjög virkur félagi, allt frá stofnun félagsins fyrir fjórtíu árum og er ennþá í fullu fjöri.

Við flutningsmenn teljum að með störfum sínum í þágu félagsins hafi þessir tveir menn sýnt fágætan félagsþroska.

Megi störf þeirra vera okkur hinum fyrirmynd til eflingar S.s. Verðandi."

Þórður Rafn Sigurðsson sign.

Sigurbjörn Hilmarsson sign.

Stefán Sigurðsson sign.

Hjörtur Hermannsson sign.

Matthías Guðjónsson sign.

Sigurður Guðnason sign.

Richard Sighvatsson sign.

Bogi Finnbogason sign.

Logi S. Jónsson sign.

Guðjón Pálsson sign.

Óskar Þórarinnsson sign.

Jóhannes Kristinsson sign.

Kristján Óskarsson sign.

Haraldur Benediktsson sign.

Leó Óskarsson sign.

Jóel Andersen sign.

12. Samþykkt var að ítreka við Sjávarútvegsráðuneyti tillögu Guðjóns Pálssonar um bann við hrognatöku um borð í loðnuveiðskipum, tillagan er á bls. 265.

13. Rætt var um klak þorsksins og hvort blöndun í fötu gæti kveikt líf.
Rafn Sigurðsson talaði um tilraunir sem gerðar voru af Rannsóknarstofnun fiskiðnarins. Kom fram að egginn lifðu þar til kviðpokinn var ??, en stæði til að ná svifi til að reyna að fæða egginn.
14. Samþykkt að stjórn sæti fund fiskinefndar kl. 17:00 sama dag.
15. Jóhannes Kristinsson talaði um höfnina og framkvæmdir við hana. Kom fram að í athugun er að koma upp spili með mæli til að mæla togvira, og rædd staðsetning þess.
16. Samþykkt var að hækka félagsgjöld úr 10.000,- í 20.000,-.

Fleira ekki gert.
18 menn sátu fundinn.
Fundi slitið kl. 16:40.

Formaður:

Ritari
Jóel Andersen

Sameiginlegur fundur Vélstjórafélags Vestmannaeyja, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og S.s. Verðandi var haldinn mánudaginn 1. maí 1978 í Básun.

Tilfni fundarins var tilhögun fiskimats í Vestmannaeyjum.

1. Rædd voru vinnubrögð Sigurjóns ??, og var eftirfarandi tillaga samþykkt.

"Sameiginlegur fundur sjómanna og útvegsmanna, Vestmannaeyjum haldinn mánudaginn 1/5/1978 vítir þau vinnubrögð sem Sigurjón hefur haft með höndum þegar hann hefur komið hingað til Eyja á vegum fiskimatsins. Hefur hann ekki haft samband við menn nema þá helst fiskkaupendur, og ennfremur er hann flýtir opnun matstöðvar, sem ekki er tilbúin né lögleg að neinu leyti."

Samþykkt var að senda þessar vítur til Jóhannesar Guðmundssonar, Sjávaraftirlit sjávarafurða.

2. Samþykkt var að senda ?? eftirfarandi ályktun fundarins.

"Sameiginlegur fundur Útvegsbændafélags Vestmannaeyja – Vélstjórafélags Vestmannaeyja - S.s. Verðandi, vill benda á að í reglugerð um fiskmat skal vera samkomulag milli kaupenda og seljanda um framkvæmd á fiskmati og krefst þess að samráð verði haft við viðkomandi um framkvæmdir og vinnutilhögun við matsstöð."

207. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 9. apríl 1978 í Básunum.

Tilfni fundarins var uppsögn samninga.

1. Formaður bar upp tillögu um uppsögn samninga, og var samþykkt einróma að segja samningum lausum.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Jóel Andersen

Ritari

Formaður

**208. Þriðjudaginn 21. nóvember 1978 var haldinn fundur í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
Vestmannaeyjum og hófst kl. 16:20 í Básun.**

1. Formaður setti fundinn.
2. Ritari las síðustu fundargerð.
Samþykkt einróma
3. Formaður tók til máls og sagði að bréf frá Pósti og Síma hefði borist félaginu, varðandi staðsetningu á sæstreng, næst þegar þarf að lagfæra hann, töldu menn að best væri að forðast strenginn með því að hafa hann eftir ?? línu þar sem hann liggur suður með Eyjum.
4. Formaður las upp bréf frá framkvæmdanefnd minnisvarða Þórs, þar sem nefndinni fannst félagið sýna málinu lítinn áhuga, samþykkt var að gefa 100 þúsund krónur úr félagssjóði.
5. Formaður bað um tillögur til að fara með á formannaráðstefnu í Reykjavík.
Steingrímur Sigurðsson bar upp tillögu um að greiðslur úr lífeyrissjóði til sjómanna yrðu miðaðar við 55 ára aldur; áður borinn fram á 204. fundi félagsins.
Samþykkt var að senda tillögu Steingríms sem samþykkt var á 204. fundi 15/5 1977 óbreytta að öðru leyti en því að í stað 50 ára kæmi 55 ár.
6. Formaður stakk upp á að senda mótmæli í fjölmiðla vegna síðustu fiskverðsákvörðunnar, tillagan er svohljóðandi:
"Fundur S.s. Verðandi haldinn 21/11 1978 mótmælir harðlega þeirri fiskverðsákvörðun sem tók gildi 1. október síðastliðinn.
Krefur fundurinn sjómenn almennt til þess, að fylgjast vel með framvindu þessara mála, og standur fast á því að laun sjómanna hækki alls ekki minna en annarra launastétta í landinu."

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Logi S. Jónsson

**209. Fundur haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
23. desember 1978.**

Tilfni fundarins var að fá samþykki til að bjóða stofnendum félagsins á árs hátíð félagsins í tilefni 40 ára afmælis félagsins.

Samþykkt var að fela skemmtinefnd að bjóða stofnendum á árs hátíðina.

Logi S. Jónsson

210. Aðalfundur

S.s. Verðandi

haldinn 11/3/1979 og hófst hann kl. 14:20 í Básun.

1. Formaður setti fundinn og minntist 3ja félagi sem látist hafa frá síðasta aðalfundi, þeirra: Hjálmars Jónssonar, Sveinbjörns Hjartarsonar og Birgis Bernharðssonar.
Fundarmenn risu úr sætum í virðingarskyni við hina látnu.
2. Ritari las upp síðustu fundargerðir.
Samþykkt einróma.
3. Formaður tók til máls og sagði að tillaga frá félaginu um lífeyrissjóð yrði sett á oddinn í næstu samningagerð.
4. Formaður las upp inntökubeiðni fyrir Brynjólf Oddsson Vestmannabraut 53 b. s: 2349.
Samþykktur einróma.
5. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins.

Félagssjóður: Eign til næsta árs 1.619.183,-
Reikningar félagssjóðs samþykktir einróma.

Styrktarsjóður: Eign til næsta árs 1.643.943,-
Reikningar styrktarsjóðs samþykktir einróma.

Hússjóður: Eign til næsta árs 916.958,-
Reikningar hússjóðs samþykktir einróma.
6. Bogi Finnbogason las upp reikninga sjúkrasjóðs: Niðurstöðutölur 539.214,-
Reikningarnir samþykktir einróma.
7. Jóhannes Kristinsson las upp úr reikningum hússins og sagði frá því að ákveðið væri að fela Ólafi Gränz að sjá um framkvæmdir. Til voru 1200 þúsund til að vinna úr og er meiningin að ljúka við miðhæðina á þessu ári og hefur Ólafur fullan hug á því að reisa þakið í vor.
8. Umræður urðu um að aðalfundir í félaginu yrðu haldnir fyrr en verið hefur og var talað um að reikningar félagsins yrðu miðaðir við 1. desember og aðalfundir þá haldnir í desember, milli jóla og nýárs.
Formaður las upp tillögu um þetta og var tillagan samþykkt einróma svohljóðandi:
"Aðalfundur haldinn 11/3 1979, samþykkir að framvegis verði aðalfundur félagsins haldinn í desember ár hvert fyrir viðkomandi ár. Reikningar félagsins miðist við 1. desember ár hvert."
9. Stjórnar- og nefndarkjör.
Allar stjórnir og nefndir endurkosnar með lófaklappi.
10. Formaður sagði að á formannaráðstefnu F.F.S.Í. hefðu komið fram tillaga um að félagsgjöld yrðu innheimt í gegnum Lífeyrissjóð og sæi F.F.S.Í. um innheimtu og endurgreiddu síðan félagsgjöld til félaganna. Kom fram að tveir formenn á ráðstefnunni hefðu verið á móti þ.e. frá félögum sem eru með lægstu félagsgjöldin þ.e. S.s. Verðandi og félagið í Kelfavík.

Voru fundarmenn eindregið á móti þessari tillögu á innheimtu félagsgjalda.

11. Til umræðu kom spærlingsveiðar í Hafadýpi og N.V. Surtseyjar.
Tillaga kom fram um að senda Sjávarútvegsráðuneyti eftirfarandi:

"Aðalfundur S.s. Verðandi Vestmannaeyjum, skorar á hið háa ráðuneyti, að það sjái svo um að fela Hafrannsóknarstofnuninni mjög ítarlegar rannsóknir á Hafadýpi og svæði innan 70 faðma dýptarlínu vestur úr Surtsey, áður en veitt verða spærlings- og humarveiðileyfi í ár.

Ef spærlings- og humarveiðar verða leyfðar í ár, á áðurtöldu svæði bendir fundurinn á að stórauka þurfi eftirlit og jafnvel endurskoða fjölda smáfiska miðað við spærlingstonn."

Fleira ekki gert, fundi slitið.

10 menn sátu fundinn.

formaður
Logi S. Jónsson

ritari
Jóel Andersen

211. Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
hinn 14/4 1979 og hófst hann kl. 14:20 í Básun.

Tilfni fundarins er fiskfriðunarmál.

1. Formaður setti fundinn og bað ritara lesa síðustu fundargerð. Ritari las síðustu fundargerð og var hún samþykkt einróma

2. Formaður tók til máls og sagði tilfni fundarins fiskfriðunarmál, og taldi hann nauðsynlegt fyrir félagið að senda eitthvað frá sér um þessi mál.

Töldu menn að mótmæla þyrfti þeim áróðri sem rekinn hefur verið fyrir því að hráefnið sem berst á land hér í Eyjum sé mjög lélegt.

Hörður Jónsson stakk upp á að kjósa 2 menn til að svara áróðrinum og voru Hörður Jónsson og Gústi ?? tilnefndir og ættu þeir að fara fram á að önnur félög tilnefndu 2-3 menn hvert.

Umræður urðu um spærtingveiðar á Hafadýpi og voru mjög skiptar skoðanir þar á.

Töldu menn að góður árangur hefði orðið af áskorun sem send var Sjávarútvegsráðuneyti fyrir í vetur.

Þá kom til tals hvort ekki væri heppilegra að hafa kvótaskiptingu á þorskveiðum eins og síldinni.

Guðmundur K. Jónsson tók til máls og taldi það vera besta leiðin til að tryggja okkar hagsmuni hér sunnanlands.

Rætt var um matið og að kannski væri erfitt að koma kvótakerfi á, en töldu menn að þá yrði að taka mið af aflatölum svo sem 10 ár aftur í tímann.

Þá var rætt um síldarkvóta hringnótabáta og hvort ekki væri hagkvæmara að fara eftir tillögu Sigmars Gísla, um aflaverðmætakvóta á síldina.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

32 menn sátu fundinn.

Logi S. Jónsson
formaður

Jóel Andersen
ritari

Fundur haldinn í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
29. apríl 1979.

Tilfni fundarins er afstaða til stöðvunar m/s Herjólfsvæðis vegna verkfalla.

1. Miklar umræður urðu um málið og var fundurinn almennt á móti stöðvun á skipinu. Þar sem mönnum fannst að við Vestmannaeyingar eigum rétt á að nota vegakerfi landsins eins og aðrir landsmenn.

Töldu menn það mjög alvarlegt að stöðva og mjólkurflutninga, og ekki síst þar sem nú er barnaár.

Til umræðu kom að veitt hafi verið undanþága fyrir áburðarflutninga og fannst fundarmönnum skýtið að verkfallsnefnd telji áburðarflutninga nauðsynlegri en mjólkurflutninga.

Töldu menn að ef F.F.S.Í. ætlaði að halda fast við þá ákvörðun sína um stöðvun og vörum til Eyja, án þess að hafa samráð við viðkomandi félag, og töldu menn að ef F.F.S.Í. ætlaði að stjórna félögunum án samráðs, hefðum við enga ástæðu til að vera í F.F.S.Í. og var ákveðið að senda skeyti um að félagið segði sig úr F.F.S.Í. ef ekki fengist undanþága fyrir Herjólf til að sigla í þessu verkfalli.

2. Einnig var tekið fyrir afstaða til 1. maí.

Athugun var í samningum með þetta atriði, og fundu menn það út að ekki má róa 1. maí í bátum undir 160 rúmllestum.

Fannst mönnum það súrt að bátar úr öðrum verstöðum geta verið úti þennan dag, þar sem opnun veiðisvæða við Ingólfshöfða fer fram einmitt 1. maí.

Fleira ekki gert.

formaður

Ritari
Jóel Andersen

212. Fundur haldinn í S.s. Verðandi 1/3/1979 og hófst í Básunum kl.

1. Formaður setti fundinn.
Ritari las upp síðustu fundargerð sem var samþykkt.
2. Formaður las upp svarskeyti frá F.F.S.Í. sem barst í dag og Jóhannes Kristinsson las upp reglur verkfallsnefndar um undanþágur.
Miklar umræður urðu um innihald skeytisins, þar sem leyfðar eru 2 ferðir í viku fyrir Herjólf, án takmarkana.
Fyrirspurn frá Gísla Jónassyni um hvort stjórn félagsins sé hlynnt úrsögn úr F.F.S.Í. svaraði formaður að það væri síður en svo.
Sigurður Gunnarsson tók til máls og sagði að ef F.F.S.Í. ætlaði ekki að láta af stjórn í þessu máli ætti félagið að sýna stjórn F.F.S.Í. að alvara er í málinu, en sagði að menn yrðu að gera sér grein fyrir því að ef úr úrsögn yrði, fengjum við samningana heim.
Gunnar Árnason tók til máls og sagðist halda það til heilla fyrir félagsmenn.
Mjög skiptar skoðanir virðast vera í málinu.
Samþykkt var að senda eftirfarandi skeyti til F.F.S.Í.:
"Svar við síðasta tilboði F.F.S.Í.
Fjöldmennur fundur í S.s. Verðandi Vestmannaeyjum haldinn 1. maí 1979, samþykkir að fela stjórn S.s. Verðandi að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum F.F.S.Í. um úrsögn úr F.F.S.Í., hafi Herjólfur ekki hafið daglegar hömlulausar ferðir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja 3. maí 1979."
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Sævaldur Elíasson tók til máls og sagði að í samningum við yfirmenn á Herjólfu séu ákvæði um að heimahafnarsvæði skipsins sé Faxaflóasvæðið.

Til umræðu kom hvort yfirmenn á Herjólfu ættu ekki að vera í S.s. Verðandi því það virtist að þeir í F.F.S.Í. finnst að okkur í Verðandi komi málið ekkert við. Telja menn að Herjólfur eigi að hafa sérstöðu í svona tilfalli og telja menn ekki að við séum útilokaðir frá vegakerfi landsins, sér í lagi þar sem ekkert annað byggðarlag er útilokað vegakerfið.
Hilmar Rósmundsson tók til máls og sagðist vilja fara fram á fulla undanþágu fyrir Herjólf.
Töldu menn að það þyrfti að fá til þess að fá fordæmi sem miðað yrði við þegar undanþágur yrðu veittar.
Sævaldur sagði að það hefðu ekki verið til neindir aðrir samningar til að fara eftir og þess vegna hefðu þeir gengið í Stýrimannafélag Íslands.
Raddir voru uppi um að senda skeyti til F.F.S.Í. þess efnis að ef Herjólfur yrði ekki farinn að ganga eðlilega ákveðinn dag myndi fara fram atkvæðagreiðsla um úrsögn úr F.F.S.Í.
Tillaga um að senda F.F.S.Í. skrif sem er hér á móti samþykkt einróma.
- III. Þá kom til taks 1. maí-málið í sambandi við báta sem róa 1. maí og einnig um helgarfrí og þá aðkomubáta sem stunda miðin í helgarfríum okkar.
- IV. Gísli Jónasson kom með fyrirspurn um hvað liði hafnarmálin.
Taldi hann aðstaða fyrir stóra báta væri engin, fyrir litla báta engin og fyrir millibáta slæm.
Rætt var um skipulag á uppröðun báta og löndunarpláss.
Boggi á Skuldinni sagði að hafnarsjóður skaffaði bátunum ekki neitt nema þá helst skít og grút.

Gísli kom með tillögu um að senda hafnarstjórn vitar og hafnarverði.

Tillagan er svohljóðandi:

"Fjölmennur fundur í S.s. Verðandi haldinn 1. maí 1979 vítir hafnarverði fyrir stjórnleysi í höfninni.

Stjórnun á niðurröðun báta til löndunnar og legu, sé alls ófullnægjandi og óskar fundurinn eftir lagfæringu þar á, hins vegar þakkar fundurinn hafnarvörðinn góð störf við hreinsun bryggjana."

Samþykkt einróma.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ritari Jóel Andersen

213. Fundur haldinn í
S.s. Verðandi
í Básum sunnudaginn 7. október 1979.

Tilfni fundarins er að kjósa nefnd til að fjalla um friðunaraðgerðir.

- I. Formaður setti fundinn og sagði síðustu fundargerð ekki tilbúna til upplestrar.
- II. Hilmar Rósmundsson tók til máls og sagði Þorstein á Blátind ætti frumkvæðið að þessu máli. Voru menn hræddir við að stjórnun á fiskveiðum frá stjórnvöldum og jafnvel væru settar reglur af mönnum sem ekki hefðu hundsvit eða ekki neina þekkingu á þeim svæðum sem um er að ræða.
Talað var um að nefnd þessi fjallaði um tillögur um fiskfriðun og opnun svæða.
Til umræðu komu vinnubrögð um borð í hafrannsóknarskipum, til dæmis það að ef rannsóknir á ákveðnu svæði færu eingöngu fram að degi til, þar sem mjög misjöfn hegðan fiskis er að nóttu og degi.
- III. Hörður Jónsson tók til máls um þróun útgerðar hér í bæ og sagði að unnið væri markvisst að því að fækka bátum í plássum, og sagði eftir bankastjóranum að færri bátar þýddi minna vandamál.
- IV. Formaður kom með tillögu að nefnd:
Friðrik Rósmundsson
Hilmar Rósmundsson
Sigurgeir Ólafsson
Óskar Þórarinsson
Steingrímur Sigurðsson
og voru þessir menn samþykktir í nefndina einróma.

Töldu menn að nefnd þessi þyrfti að fjalla um fiskfriðunarmál á breiðum grundvelli.
2. Þá kom til umræðu verkfallsmálið og úrsögn úr F.F.S.Í.
Formaður tók til máls og sagði að félagssamþykki þyrfti til að hætta við atkvæðagreiðslu. Jóhannes Kristinsson lagði til að beðið yrði með samþykki að hætta við atkvæðagreiðslu og var það samþykkt einróma.
3. Óskar Þórarinsson gerði fyrirspurn um árshátíð og hvort ætti að halda hana.
Fundurinn samþykkti að halda yrði árshátíð í haust.
4. Kosnir voru 4 menn til að sitja þing F.F.S.Í.
Þessir menn voru kosnir:
Logi S. Jónsson
Steingrímur Sigurðsson
Jóhannes Kristinsson
Jóel Andersen

Fleira ekki gert, fundi slitið.
9 menn sátu fundinn.

Ritari, Jóel Andersen

214. Fundur haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
22. nóvember 1979 að Básun.

Formaður stýrði fundi.

- I. Fyrir var tekið mál sem ætluð voru fulltrúum á F.F.S.Í.-þing, sem byrjar 27. nóvember. Ekkert sérstakt nýtt kom fram en áréttað var að reyna að fylgja eftir gömlum málum og nýjum sem til kæmi.
- II. Samningarnir: Ákveðið að segja upp samningum frá og með næstkomandi áramótum.
- III. Tillaga um félagsgjöld. Eftirfarandi tillaga barst frá Steingrími Sigurðssyni:
"Fundur haldinn í S.s. Verðandi 22. nóvember 1979 samþykkir að breyta innheimtu félagsgjalda þannig að útgerðaraðili innheimti og kalli eftir 200,- kr. fyrir hvern dag sem stýrimenn og skipstjórar eru skráðir á skip þeirra.
Einnig samþykkir fundurinn að hafa þak á gjöldunum þannig að borgi einhver meira en 40.000,- fái hann endurgreitt hjá félaginu það sem umfram er."

Tillagan samþykkt óbreytt.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

formaður

vararitari

Ritari, Jól Andersen færði inn.

215. Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi

Vestmannaeyjum haldinn að Básum og hófst kl. 13:30 27. desember
1979.

1. Formaður Logi Snædal Jónsson setti fundinn, og minntist 3ja látinna félaga.
Oddur Sigurðsson frá Dal
Guðjón Tómasson frá Gerði
Finnbogi Finnbogason frá ??
Fundarmenn risu úr sætum í virðingarskyni við hina látnu.
2. Ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt einróma.
3. Gjaldkeri las reikninga félagssjóðs fyrir árið 1979.
Niðurstöðutölur eru:
Gjöld tekjur eign
1.944.794,- Samþykkt einróma.

Niðurstöðutölur styrktarsjóðs.
Tekjur eign gjöld
1.815.983,- Samþykkt einróma.

Niðurstöðutölur hússjóðs.
Eign 245.592,-
357.433,-
samtals 603.025,-
4. Reikningar fyrir hússjóð og sjúkrasjóð verða ekki til fyrir en eftir áramót.
5. Steingrímur Sigurðsson las upp tillögu sem rædd var á síðasta fundi um félagsgjöld, sjá III. bls. 290.
Tillagan samþykkt að hækka ekki gjöld á óstarfandi félagsmenn þar sem menn töldu að félaginu væri styrkur af þessum mönnum.
6. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir 3 nýja félaga:
Guðmundur Sveinbjörnsson
Ingólfur Grétarsson
Sigurjón Ragnar Grétarsson
Voru þeir samþykktir einróma.
7. Kosning í stjórnar- og nefndarkjör.
Stjórn og varastjórn endurkosin með lófaklappi, það eru:
Logi S. Jónsson formaður
Gísli Einarsson varaformaður
Jóel Andersen ritari
Jóhannes Kristinsson vararitari
Einar Guðmundsson gjaldkeri
Hannes Haraldsson varagjaldkeri

Sjómannadagsráð.

Úr ráðinu gengu: Willum Andersen, Leó Óskarsson og Björgvin Ármannsson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Atli Sigurðsson Ólafur Guðjónsson
Sigurbjörn Hilmarsson Haraldur Benediktsson

Til vara:

Guðmundur Sveinbjörnsson Ragnar Guðnason
Lýður Ægisson

Björgunaræfinganefnd.

Endurkosin.

Kristinn Sigurðsson, Einar Sveinn Jóhannesson og Kristinn Pálsson.

Fánaberar.

Ágúst Bergsson, Einar Ólafsson

Til vara: Bergvin Oddsson, Eiríkur Sigurgeirsson og Leifur Gunnarsson.

Skemmtinefnd.

Ragnar Guðnason, Willum Andersen
Árni Magnússon, Kristján Óskarsson

Bergvin Oddsson

Til vara: Lýður Ægisson, Jól Andersen.

Húsnefnd.

Guðni Grímsson, formaður

Einar Guðmundsson, gjaldkeri

Friðrik Ásmundsson, ritari

Angantýr Elíasson, varaformaður

Allir endurkosnir.

Styrkveitinganefnd.

Sigfús Guðmundsson, Einar Guðmundsson

Kristinn Pálsson

Til vara: Sigurgeir Ólafsson

Allir endurkosnir.

Sjúkrasjóðsnefnd.

Ágúst Bergsson, Gísli Einarsson

Endurskoðandi: Óskar Matthíasson.

Gæslunefnd.

Rafn Sigurðsson,

Hallgrímur Garðarsson

Daniel W. F. Traustason,

Hörður Jónsson

Gunnar Árnason,

Jóhann Kristinsson

Veiðarfæranefnd.

Hörður Jónsson, Jóhann Halldórsson

Kristján Óskarsson.

Endurskoðandi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja:

Ágúst Bergsson.

Í stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.

Óskar Þórarinsson, Daniel W. F. Traustason.

Fulltrúaráð.

Aðalráð: Hilmar Rósmundsson,

Guðfinnur Þorgeirsson, Guðmundur Sveinbjörnsson

Andrés Þórarinsson, Einar Ólafsson

Bogi Finnbogason, Matthías Guðjónsson

Kristján Adólfsson, Steingrímur Sigurðsson

Vararáð: Sigurður Guðmundsson

Sigurður Gunnarsson, Leó Óskarsson

Ragnar Guðnason, Atli Sigurðsson

8. Steingrímur Sigurðsson skýrði frá störfum fiskfriðunarnefndar sem kosin var í haust og sagði að þeir hafi ætlað að skipta með sér störfum þannig að hver fyrir sig skrifaði niður greinargerð (hver á sínu veiðisviði) og gerðu síðan tillögur út frá því.

Las hann síðan greinargerð frá sér viðkomandi síldveiðar í haust, og síðan tillögu.

Guðjón Pálsson tók til máls, sagði hann að síldarstofninn væri sem betur fer á uppleið og sagði að sennilega verða reknetaveiðar ekki bannaðar úr því sem komið er, þó að hráefni úr reknetum nái aldrei þeim gæðum sem nótasíldin sé.

Taldi hann að leyfa ætti bátum að sigla með fersksíld á markaði við Norðursjó, og taldi að með því móti getum við haldið fersksíldarmarkaði í Norðursjó þegar veiðar þar yrðu leyfðar.

Sagði hann frá því að hann hefði komið með samning frá danskri niðurlagningarverksmiðju uppá 10 kr. danskar fyrir hvert kíló. Hafi hann haft hann með sér í ráðuneytið og næstum verið kastað þaðan út.

Villi F. tók til máls og sagðist vera á móti báðum síðustu ræðumönnum og taldi að ekki ætti að auka síldaraflan of fljótt eða fara úti að selja hana óunnina út en aftur á móti að vinna að bættri nýtingu hér heima og verðflokka síld eftir vinnsluaðferðum en ekki eftir úreltum aðferðum sem lítið væru notaðar.

Einnig sagðist Villi vera á móti hverskonar kvótaskiptingu.

Formaður tók til máls og sagðist einnig vera á móti kvótafyrirkomulagi. Gaf síðan orðið laust.

Fjörugar umræður urðu um málið og þá aðallega milli Guðjóns Pálssonar og Villa F.

Sagði Guðjón meðal annars að ef skip fengju að sigla með fersksíld og fengju 10 kr. danskar fyrir kg. lágmark, mundi það verða til þess að koma hreyfingu á verðlagsmál hér heima.

Villi taldi vera búið að reyna slíkt og þá með þorsk, ýsu og ufsa og vildi hann að bera ætti tillögu nefndarinnar undir fiskfræðinga áður en hún færi lengra.

Steingrímur Sigurðsson sagðist ekki hafa það álit á fiskfræðingum, eftir að þeir hafi étið ofan í sig svörtu skýrsluna.

Tillaga frá Villa þess efnis að tillaga frá fiskfriðunarnefnd verði frestað til næsta fundar var samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3. 13 sátu hjá.

9. Þá kom til umræðu hugsanlegar lokanir á fjarskiptastöðvum Landssímans.

Tillaga frá Guðjóni Pálssyni:

"Aðalfundur S.s. Verðandi, Vestmannaeyjum mótmælir harðlega öllum hugsanlegum uppástungum um minni þjónustu loftskeytastöðva Landssíma Íslands, hvar sem er á landinu."

Tillagan samþykkt einróma.

Þá kom til umræðu hafnarmál svo sem dýpi í höfninni, fríholt á kantana, grúturinn og ljós á Klettsnef.

Fleira ekki gert fundi slitið.

Jóel Andersen, ritari.

Fundur í stjórn og fulltrúaráði
S.s. Verðandi
haldinn 7. apríl 1980 að Básun.

Tilfni fundarins er að láta eitthvað frá okkur heyra um þorskveiðimál á yfirstandandi vertíð. Mikið var rætt um málið og voru menn sammála um að frekari hömlur á þorskveiðum á yfirstandandi vertíð kæmi ekki til greina af okkar hálfu þar sem þetta er okkar aðalveiðitími.

Þessi tillaga kom fram:

"Fundur í S.s. Verðandi haldinn 7/4 1980 mótmælir öllum frekari takmörkunum á þorskveiðum á yfirstandandi vertíð, enda er á vetrarvertíð hér okkar mestu tekjumöguleikar í apríl, dæmi eru til um það hér að menn hafi haft hálf árslaun sín í apríl.

Einnig mótmælum við togveiðibanni frá 1. - 7. maí, enda hefur afli togbáta á þessum tíma verið aðallega ýsa. Þessi afstaða okkar er tekin vegna þess álits okkar að mun meira sé af fiski í sjónum en fiskfræðingar vilja vera láta.

Mótmælum við því harðlega að Norðmenn og Færeyingar séu hér að veiðum á meðan veiðar okkar eru takmarkaðar."

Þá var rætt um ferskfiskmat og kom fram það álit meðal annars að svo virðist sem að fiskur sem slægður er um borð í bátunum sé lélegri vara heldur en óslægður.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Jóel Andersen
ritari

216. Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
þann 3. nóvember 1980 að Básun.

1. Formaður setti fundinn og sagði tilefni fundarins vera að ræða málin fyrir Fiskiping, og kjósa mann í nefnd sem fjalla á um tillögur fyrir Fiskiping.
2. Rætt var um kvótaskiptingu sem talið er að verði sett á. Heyrst hefur að ákveðið sé að skipta afla á milli landshluta eða á báta.
3. Þá var rædd kvótaskipting á milli reknetabáta og voru menn sammála um að það væri réttara að hafa ákveðinn kvóta á hvern bát.
4. Þá var stungið upp á Jóhannesi Kristinssyni í nefnd sem fjalla á um tillögur að fiskfriðun og kvótaskiptingu til að senda á Fiskiping.

Fundi slitið, fleira ekki gert.

Jóel Andersen
ritari.

Viðaukar

Skipstjóra- og stýrimannafélagið

Verðandi

Vestmannaeyjum

Vestmannaeyjum 10. maí 1979.

Til framkvæmdastjóra F.F.S.Í.

Skeyti ykkar frá 3. maí síðastliðinn var tekið til umfjöllunar á stjórnar- og trúnaðarráðsfundi 6. maí síðastliðinn. Einnig lá frammi viðtal úr Tímanum frá 3. maí síðastliðinn við framkvæmdastjóra, forseta og formann verkfallsnefndar F.F.S.Í. 29. apríl síðastliðinn. Í þeim viðræðum kom fram að okkar félagi kæmi ekki við hvað verkfallsnefnd aðhefðist í farmannaverkfalli, ef félagi innan F.F.S.Í. kemur ekki við hvað gert er á félagssvæði þess, þá er það þar, sem s/s Verðandi sér ekki tilgang með setu innan F.F.S.Í.

Það er skoðun okkar að Herjólfur sé okkar þjóðvegur og því megi hann alls ekki stöðvast. Minnum við á að gamli Herjólfur sigldi ætíð í öllum verkföllum og þótti sjálfsagt. Nú var um nýja stefnu að ræða sem s/s Verðandi og aðrir Vestmannaeyingar geta ekki sætt sig við.

Við höfum aldrei gengið í lið með atvinnurekendum eða knúið féлага okkar til undanhalds, (í þessu tilfelli áréttum við kröfur okkar um) skilyrðislaust samband við land, sjóleiðina.

Hinsvegar finnst okkur illa að okkur vegið í fjölmiðlum og er það sanngirniskrafa að rétt sé með farið. Fyrir tæpum fjórum árum var F.F.S.Í. vítt fyrir léleg vinnubrögð, varðandi verðlagningu á ufsa, fylgdu þeim vítum engar hótanir um úrsögn úr F.F.S.Í. Úrsögn úr F.F.S.Í. var aftur á móti til umræðu eftir þingið 1975, voru þá fjármál aðaldeiluefnið.

S/s Verðandi hefur skipt sér af ýmsum málum og látið heyra frá sér, og mun gera framvegis. Það er engin stjórn félags svo fullkomin að hún geri öllum til hæfis, það á heldur engin stjórn að sitja, sem ekki þolir gagnrýni.

Almennur fundur verður haldinn á næstunni, um úrsögn úr F.F.S.Í. og verður hann tilkynntur F.F.S.Í. síðar.

Með sambandskveðju

Jóhannes Kristinsson, vararitari.

PS. Sambandsfélögum verður sent afrit af þessu bréfi, ásamt skeytum.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1968 - 1980

(Símskeyti, afrit 1979 W 29 16:47)

Vm 47/1489

Vestmannaeyjar 106/101 29 1616

Til F.F.S.Í.

Félagsmiðstöð Borgartúni 18

Reykjavík

S.s. Verðandi Vestmannaeyjum áskilur sér rétt til að sambandið endurskoði undanþágubeiðni frá stjórn Herjólfss H/F, sér í lagi þar sem ekki var haft samband við S.s. Verðanda að Herjólfur fái að sigla milli lands og Eyja og Vestmannaeyingar verði í eðlilegu sambandi við vegarkerfi landsins og flytji mjólk, fólk og annan varning sem fluttur er um vegarkerfið.

Verði um áframhaldandi stöðvun á M/S Herjólfur áskilur S.s. Verðandi sér rétt til að endurskoða aðild sína að sambandinu.

Svar óskast fyrir kl. 24:00 30. apríl 1979.

Formaður Logi S. Jónsson

col ffsi 18 2400 30. 1979

2291 vestm is

(Símskeyti 1979 V 1 15:43)

15.41+

2291 vestm is

2310 rvik a is

r6/12258

Reykjavík 59/52 1 1526

hrad

Logi S. Jónsson

Boðaslóð 16

Vestmannaeyjum

Undanþága fyrir M/S Herjólf hefur verið tekin til umfjöllunar.

Veitt er leyfi til tveggja ferða í viku án takmarkanna á flutningi að öðru leyti en því að farið verði eftir vinnureglum fyrir verkfallsnefnd og reglur verkfallsnefndar F.F.S.Í. Dags. 17. apríl 1979.

Verkfallsnefnd F.F.S.Í.

Porkell Pálsson

col hrad s. 16 ffsi. 17. 1979 ffsi.

(Símskeyti)

ga 2310

19.44

2310 rvik d is

2291 vestm is

vm1/1830

Vestmannaeyjar 71/65 1 1936

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

Borgartúni 18

Reykjavík

Svar við síðasta tilboði frá F.F.S.Í.

Fjöldmennur fundur í S.s. Verðandi Vestmannaeyjum haldinn 1. maí 1979 samþykkir að fela stjórn S.s. Verðandi að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum F.F.S.Í. um úrsögn úr F.F.S.Í. hafi Herjólfur ekki hafið daglegar hömlulausar ferðir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja 3. maí. 1979.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Logi Snædal Jónsson formaður

coll 18 1 1979 3 1979

2291 vestm is

+

2310 rvik d is

! Tillaga !

"Fundur í S.s. Verðandi haldinn sunnudaginn 14/12/1975. Samþykkir að fyrir næstkomandi aðalfund fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla um úrsögn félagsins úr Formanna- og fiskimannasambandi Íslands."

Hrafnistu Reykjavík 2/11 1986.

Kæru Verðandifélagar

Hjartans þakkir fyrir jólakveðjuna og rausnarlega peningasendingu ykkar.
Ég óska ykkur öllum heilla og farsældar á þessu nýbyrjaða ári og þakka allt gamalt og gott á liðnum árum.

Mér líður vel og sendi ykkur öllum bestu kveðjur.

Eyjólfur Gíslason frá Bessastöðum.

318 C-gangi Hrafnistu
104 Reykjavík

Til Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi
Vestmannaeyjum

Hrafnistu Reykjavík 5/1 1987.

Kæru Verðandifélagar!

Hjartans bestu þakkir fyrir jólakveðjuna og rausnarlega peningasendingu ykkar til mín.
Ég óska ykkur heilla og farsældar á þessu ári og alla tíð.
Þakka allt gamalt og gott á liðnum árum.
Mér líður vel og sendi ykkur öllum mínar bestu kveðjur.

Eyjólfur Gíslason frá Bessastöðum.

20/1/1985.

Kæru Verðandifélagar!

Ég þakka ykkur mikið vel fyrir jólakveðjuna og peningasendinguna.

Ég óska ykkur heilla og farsældar á sjó og landi á þessu nýja ári!

Mér líður vel .

Með bestu kveðju.

Eyjólfur Gíslason Hrafnistu Reykjavík.

Gísli Kristjánsson
f.d. 10-8-1948
Hásteinsvegi 7
Vestmannaeyjum
Sími: 2137

Hrafn Óskar Oddsson
fæddur 2/11 1945
Heima Fjólugötu 1
Vestmannaeyjum
Sími 2481